Stjórnartíðindi
2001 - B-deild - 2. hluti

Útgáfa 2.1 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundi skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu

Minniháttar galli á bls. 764.
Meiriháttar galli á bls. 1241.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

21. mars 2001 629 Nr. 281

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 507/1994 um holræsagjöld í Hafnarfirði, með síðari breytingum.

1. gr.

Lokamálsgrein 1. gr. fellur brott.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt X. kafla vatnalaga nr. 15/1923 til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 21. mars 2001.

F. h. r.
Sigríður Lillý Baldursdóttir.

Guðjón Bragason.

16. mars 2001 Nr. 282

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 593/1993 um málsmeðferð og valdsvið eftirlitsstofnunar EFTA á sviði samkeppni samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með síðari breytingum.

1. gr.

Á eftir 1. gr. f. bætist við ný grein, 1. gr. g., sem orðast svo:

Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 44/2000 frá 12. maí 2000 skal eftirtalin EB-gerð öðlast gildi hér á landi, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af bókun 21 um framkvæmd samkeppnisreglna sem gilda um fyrirtæki, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum samningsins:

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1216/1999 frá 10. júní 1999 um breytingu á reglugerð nr. 17, fyrstu reglugerð til framkvæmdar á ákvæðum 81. og 82. gr. sáttmálans.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 48. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, öðlast þegar gildi.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar og EB-gerðin, sem fela í sér breytingu á bókun 21 með EES-samningnum, eru birtar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB. EB-gerðin er jafnframt birt sem fylgiskjal með reglugerð þessari.

Viðskiptaráðuneytinu, 16. mars 2001.

Valgerður Sverrisdóttir.

Jón Ögmundur Þormóðsson.

Fylgiskjal.

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 1216/1999

frá 10. júní 1999

um breytingu á reglugerð nr. 17, fyrstu reglugerð til framkvæmdar á ákvæðum 81. og 82. gr. sáttmálans (*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 83. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti Evrópuþingsins ([2]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 2. mgr. 4. gr reglugerðar nr. 17 ([4]) eru allmargir samningar, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir undanþegin þeirri tilkynningarskyldu sem um getur í 1. mgr. 4. gr. og fullnægja verður áður en unnt er að veita undanþágu.

2) Þessi undanþága á einkum og sér í lagi við um samninga, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir þegar einungis aðilar frá einu aðildarríki eiga í hlut og samningarnir, ákvarðanirnar eða samstilltu aðgerðirnar lúta ekki að innflutningi eða útflutningi milli aðildarríkja, eða þar sem ekki fleiri en tvö fyrirtæki eiga aðild að þeim og þeir samningar sem um ræðir takmarka aðeins rétt annars samningsaðilans til að ákvarða verð eða viðskiptaskilmála vöru sem hann hefur fengið til endursölu frá hinum samningsaðilanum. Þessi undanþága tekur ekki til flestra samninga, sem falla undir 1. mgr. 81. gr. sáttmálans, sem tvö eða fleiri fyrirtæki standa að sem eru, að því er samninginn varðar, starfrækt á mismunandi stigum framleiðslu- eða dreifingarferlisins, og varða þau skilyrði sem gilda um kaup, sölu og endursölu aðilanna á tilteknum vörum eða þjónustu („lóðréttir samningar").

3) Hinn 22. janúar 1997 gaf framkvæmdastjórnin út grænbók um lóðréttar hömlur í samkeppnisstefnu EB sem leiddi til víðtækrar almennrar umræðu um beitingu 1. og 3. mgr. 81. gr. sáttmálans um lóðrétta samninga. Aðildarríkin, Evrópuþingið, efnahags- og félagsmálanefndin, svæðanefndin og hagsmunaaðilar hafa almennt sýnt jákvæð viðbrögð gagnvart umbótum á samkeppnisstefnu bandalagsins á þessu sviði.

4) Slíkar umbætur verða að standast skilyrðin tvö um að tryggja skilvirka vernd samkeppni og að veita fyrirtækjum nægilegt réttaröryggi. Til að ná þessum markmiðum hefur ráðið veitt framkvæmdastjórninni umboð til að lýsa því yfir, með reglugerð og í samræmi við 3. mgr. 81. gr. sáttmálans, að 1. mgr. 81. gr. gildi ekki um tiltekna flokka lóðréttra samninga.

5) Við umbætur á rammaákvæðum, sem gilda um lóðrétta samninga, skal auk þess tekið tillit til þess að nauðsynlegt er að einfalda stjórnsýslueftirlit sem aftur myndi leiða til fækkunar á fjölda tilkynninga um lóðrétta samninga. Þeim tilvikum ætti að fækka þar sem hvati er fyrir hendi til að tilkynna lóðrétta samninga sem eru í samræmi við stefnu framkvæmdastjórnarinnar og fordæmi Evrópudómstólsins og dómstóls á fyrsta dómstigi. Til að ná þessu markmiði skal veita framkvæmdastjórninni umboð til að veita einstakar undanþágur frá lóðréttum samningum, sem falla undir 1. mgr. 81. gr. sáttmálans, frá þeim degi sem þeir voru gerðir.

6) Tilkynningarskylda áður en undanþága fæst leggur óþarfa stjórnunarbyrði á herðar fyrirtækjum sem eru aðilar að lóðréttum samningum.

7) Samningarnir, sem um getur í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 17, eru undanþegnir þeirri tilkynningarskyldu sem fullnægja verður áður en unnt er að veita undanþágu. Tilgangurinn með þessari undanþágu er að fækka tilkynningum, sem gerir framkvæmdastjórninni kleift að leggja áherslu á eftirlit með þeim samningum sem hamla samkeppni mest. Þessi breyting hefur ekki í för með sér tilslakanir á eftirliti því sem framkvæmdastjórninni ber skylda til að viðhafa samkvæmt 1. mgr. 81. gr.

([1]) Stjtíð. EB C 365, 26.11.1998, bls. 30.
([2]) Áliti var skilað 15. apríl 1999 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).
([3]) Stjtíð. EB C 116, 28.4.1999.
([4]) Stjtíð. EB 13, 21.2.1962, bls. 204/62. Reglugerðinni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994.

8) Því skal rýmka gildissvið 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 17 og undanþiggja alla lóðrétta samninga frá þeirri tilkynningaskyldu sem fullnægja verður áður en undanþága fæst.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað 2. liðar í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 17 komi eftirfarandi:

„2. a) þegar tvö eða fleiri fyrirtæki standa að samningnum eða samstilltu aðgerðunum og hvert þeirra er starfrækt, að því er samninginn varðar, á mismunandi stigum framleiðslu- eða dreifingarferlisins og varða þau skilyrði sem gilda um kaup, sölu og endursölu aðilanna á tiltekinni vöru eða þjónustu;

b) ekki fleiri en tvö fyrirtæki eiga aðild að þeim og samningar þeir sem um ræðir setja einungis skorður við rétti framsalshafa eða leyfishafa einkaréttar í iðnaði, einkum þess er hefur einkaleyfi, rétt til nytjamynsturs, hönnunar eða vörumerkja, eða aðila er öðlast hefur rétt samkvæmt samningi eða úthlutun til að beita ákveðinni aðferð eða þekkingu í iðnaðarframleiðslu."

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Lúxemborg 10. júní 1999.

Fyrir hönd ráðsins,

K.-H. FUNKE

forseti.

16. mars 2001 Nr. 283

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um efnislegar samkeppnisreglur í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 594/1993, með síðari breytingum.

1. gr.

Á eftir 2. gr. i. bætist við ný grein, 2. gr. j., sem orðast svo:

Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/2000 frá 28. janúar 2000 skal eftirtalin EB-gerð öðlast gildi hér á landi, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIV. viðauka við EES-samninginn um samkeppni, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum samningsins:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2790/1999 frá 22. desember 1999 um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart flokkum lóðréttra samninga og samstilltra aðgerða.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 48. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, öðlast þegar gildi.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar og EB-gerðin, sem fela í sér breytingu á XIV. viðauka við EES-samninginn og snerta beitingu 3. mgr. 53. gr. samningsins, eru birtar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB. EB-gerðin er jafnframt birt sem fylgiskjal með reglugerð þessari.

Viðskiptaráðuneytinu, 16. mars 2001.

Valgerður Sverrisdóttir.

Jón Ögmundur Þormóðsson.

Fylgiskjal.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 2790/1999

frá 22. desember 1999

um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart flokkum lóðréttra samninga og samstilltra aðgerða

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins nr. 19/65/EBE frá 2. mars 1965 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga og samstilltra aðgerða [1], eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1215/1999 [2], einkum 1. gr.,

að birtum drögum þessarar reglugerðar [3],

að höfðu samráði við ráðgjafarnefnd um samkeppnishömlur og markaðsráðandi stöðu,

og að teknu tilliti til eftirfarandi,

1) Reglugerð nr. 19/65/EBE veitir framkvæmdastjórninni umboð til að beita, með reglugerð, 3. mgr. 81. gr. sáttmálans (áður 3. mgr. 85. gr.) gagnvart tilteknum flokkum lóðréttra samninga og samsvarandi samstilltra aðgerða sem falla undir gildissvið 1. mgr. 81. gr.

2) Í ljósi fenginnar reynslu er hægt að skilgreina flokk lóðréttra samninga sem telja má að uppfylli yfirleitt þau skilyrði sem sett eru í 3. mgr. 81. gr.

3) Þessi flokkur nær yfir lóðrétta samninga um kaup eða sölu vöru eða þjónustu þar sem þessir samningar eru gerðir milli fyrirtækja sem ekki eiga í samkeppni, milli tiltekinna samkeppnisaðila eða milli samtaka vörusmásala. Hann tekur einnig til lóðréttra samninga sem innihalda fylgiákvæði um framsal eða notkun hugverkaréttar. Í þessari reglugerð nær hugtakið „lóðréttir samningar" til samsvarandi samstilltra aðgerða.

4) Við beitingu 3. mgr. 81. gr. með reglugerð er ekki nauðsynlegt að skilgreina þá lóðréttu samninga sem gætu fallið undir 1. mgr. 81. gr. Við mat á einstökum samningum, sem falla undir 1. mgr. 81. gr., ber að taka tillit til ýmissa þátta, einkum gerðar markaðarins með tilliti til framboðs og kaupa.

5) Sá ávinningur, sem hópundanþága felur í sér, ætti að takmarkast við lóðrétta samninga sem telja má nokkuð víst að fullnægi skilyrðum 3. mgr. 81. gr.

6) Lóðréttir samningar í þeim flokki, sem er skilgreindur í þessari reglugerð, geta bætt efnahagslega skilvirkni innan framleiðslu- eða dreifingarferlis með því að greiða fyrir samræmingu milli hlutaðeigandi fyrirtækja, einkum geta þeir leitt til lækkunar á viðskipta- og dreifingarkostnaði aðilanna og til hámörkunar á sölu þeirra og fjárfestingum.

7) Líkurnar á að slík áhrif er leiða til aukinnar hagkvæmni vegi þyngra en hvers konar samkeppnishamlandi áhrif vegna takmarkana í lóðréttum samningum ráðast af markaðsstyrk hlutaðeigandi fyrirtækja og því hve mikla samkeppni aðrir vöru- og þjónustubirgjar veita, sem kaupandi myndi álíta jafngilda eða hliðstæða út frá einkennum vörunnar, verði og fyrirhuguðum notum.

8) Hægt er að líta svo á að ef markaðshlutdeild birgisins fer ekki yfir 30% leiði lóðréttir samningar, sem fela ekki í sér tilteknar strangar samkeppnishömlur, almennt til bættrar framleiðslu og dreifingar og til þess að neytendum sé veitt sanngjörn hlutdeild í þeim ávinningi sem af þeim hlýst. Ef í lóðréttum samningum er að finna skuldbindingu um einkasölu er það markaðshlutdeild kaupandans sem skiptir máli við að ákvarða heildaráhrif slíkra lóðréttra samninga á markaðinn.

9) Þegar viðmiðunarmörk fyrir markaðshlutdeild eru yfir 30% er ekki hægt að reikna með að lóðréttir samningar, sem falla undir 1. mgr. 81. gr., muni að jafnaði hafa í för með sér þess konar ávinning og svo mikinn að hann vegi upp ókostina sem hann skapar fyrir samkeppnina.

10) Lóðréttir samningar, sem í eru takmarkanir sem eru ekki óhjákvæmilegar til að ná þeim jákvæðu áhrifum sem nefnd eru hér að framan, ættu ekki að vera undanþegnir samkvæmt þessari reglugerð. Einkum ættu lóðréttir samningar, sem í eru tilteknar strangar samkeppnishömlur á borð við lágmarksverð og fast endursöluverð ásamt ákveðnum tegundum svæðisverndar, ekki að njóta ávinnings af hópundanþágunni, sem komið er á með þessari reglugerð, burtséð frá markaðshlutdeild viðkomandi fyrirtækja.

---

[1] Stjtíð. EB 36, 6.3.1965, bls. 533/65.
[2] Stjtíð. EB L 148, 15.6.1999, bls. 1.
[3] Stjtíð. EB C 270, 24.9.1999, bls. 7.

11) Til að tryggja aðgengi að, eða til að hindra leynilegt samráð á, viðkomandi markaði skal setja ákveðin skilyrði fyrir hópundanþágunni. Í þessu skyni ber að takmarka undanþágur frá skuldbindingum um að taka ekki þátt í samkeppni við skuldbindingar sem miðast við tiltekinn tíma. Af sömu ástæðu ber að undanskilja frá ávinningi, sem fæst með þessari reglugerð, sérhverja beina eða óbeina skuldbindingu sem verður til þess að aðilar í sérhæfðu dreifikerfi selji ekki vörumerki ákveðinna birgja í samkeppni.

12) Takmörkun á markaðshlutdeild, sú ákvörðun að undanþiggja ekki tiltekna lóðrétta samninga og skilyrðin sem sett eru í þessari reglugerð tryggja, að öðru jöfnu, að samningar þeir, sem hópundanþágan á við, geri þátttökufyrirtækjunum ekki kleift að útrýma samkeppni að því er varðar umtalsverðan hluta þeirra vörutegunda sem um ræðir.

13) Í ákveðnum tilvikum þar sem samningar, sem falla undir þessa reglugerð, hafa engu að síður áhrif, sem eru ósamrýmanleg 3. mgr. 81. gr., getur framkvæmdastjórnin dregið til baka hópundanþágu. Þetta getur einkum gerst ef kaupandinn hefur umtalsverðan markaðsstyrk á þeim markaði þar sem hann endurselur vörur eða veitir þjónustu eða þar sem samhliða net lóðréttra samninga hafa svipuð áhrif sem torvelda verulega aðgang að eða samkeppni á viðkomandi markaði. Slík samlegðaráhrif geta til dæmis komið upp í tilvikum þar sem um sérhæfða dreifingu eða skuldbindingu um að taka ekki þátt í samkeppni er að ræða.

14) Reglugerð nr. 19/65/EBE veitir lögbærum yfirvöldum í aðildarríkjunum umboð til að afturkalla hópundanþágu að því er varðar lóðrétta samninga, sem hafa áhrif sem eru ósamrýmanleg ákvæðunum í 3. mgr. 81. gr., þar sem slíkra áhrifa verður vart á yfirráðasvæðum þeirra, eða á hluta þeirra, og þar sem slíkt svæði hefur til að bera einkenni sérstaks landfræðilegs markaðar. Aðildarríkjunum ber að tryggja að meðferð þessa valds til afturköllunar stofni ekki í hættu samræmdri beitingu samkeppnisreglna bandalagsins á sameiginlega markaðinum eða fullum áhrifum þeirra aðgerða sem samþykktar hafa verið í tengslum við framkvæmd þessara reglna.

15) Til að styrkja eftirlit með samhliða netum lóðréttra samninga, sem hafa hliðstæð áhrif til takmörkunar og ná yfir meira en 50% tiltekins markaðar, getur framkvæmdastjórnin lýst því yfir að þessi reglugerð gildi ekki um lóðrétta samninga sem í eru tilteknar takmarkanir sem tengjast viðkomandi markaði og þar með sé ákvæði 81. gr. beitt að fullu á ný gagnvart slíkum samningum.

16) Þessi reglugerð er með fyrirvara um beitingu 82. gr.

17) Í samræmi við meginregluna um forgang bandalagslaga skal engin ráðstöfun, sem gerð er samkvæmt innlendum lögum, skaða samræmda beitingu samkeppnisreglna á innri markaðinum eða koma í veg fyrir að hverjar þær ráðstafanir, sem eru samþykktar til framkvæmdar þessum reglum, þar með talin þessi reglugerð, hafi full áhrif.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA :

1. gr.

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „fyrirtæki í samkeppni“: raunverulegir eða hugsanlegir birgjar á sama vörumarkaði. Vörumarkaðurinn nær meðal annars yfir vörur eða þjónustu sem kaupandi telur jafngildar samningsvörum eða –þjónustu eða að geti komið í stað þeirra sakir eiginleika varanna, verðs og fyrirhugaðrar notkunar;

b) „skuldbinding um að taka ekki þátt í samkeppni“: sérhver bein eða óbein skuldbinding sem verður til þess að kaupandi framleiðir ekki, kaupir ekki, selur ekki eða endurselur ekki vörur eða þjónustu sem keppir við samningsvörur eða -þjónustu, eða bein eða óbein skuldbinding á hendur kaupanda um að meira en 80% af heildarinnkaupum hans á samningsvörum eða -þjónustu eða hliðstæðum vörum og þjónustu á viðkomandi markaði séu gerð hjá birgi eða öðru fyrirtæki sem tilgreint er af birginum og skal miðað við verðmæti innkaupa kaupandans næstliðið almanaksár;

c) „skuldbinding um einkasölu“: sérhver bein eða óbein skuldbinding sem veldur því að birgirinn má aðeins selja einum aðila innan bandalagsins vörur eða þjónustu sem tiltekin er í samningnum, með tiltekin not í huga eða til endursölu;

d) „sérhæft dreifikerfi“: dreifikerfi þar sem birgir skuldbindur sig til að selja samningsvörur eða -þjónustu, beint eða óbeint, eingöngu til dreifingaraðila sem valdir eru á grundvelli tiltekinna viðmiðana og þar sem dreifingaraðilar skuldbinda sig til að selja ekki slíkar vörur eða þjónustu til dreifingaraðila sem eru ekki viðurkenndir;

e) „hugverkaréttur“: tekur til hugverkaréttar á sviði iðnaðar, höfundarréttar og skylds réttar;

f) „verkkunnátta“: safn hagnýtra upplýsinga sem einkaleyfi ná ekki yfir og eru afrakstur reynslu og tilrauna birgisins og sem eru leynilegar, umtalsverðar og auðkenndar; í þessu samhengi ber að skilja „leynilegar“ á þann veg að verkkunnáttan sem heild, eða í samskipan og samsetningu einstakra hluta hennar, sé ekki almennt þekkt eða auðveldlega aðgengileg; „umtalsverðar“ merkir að í verkkunnáttunni felist vitneskja sem er ómissandi fyrir kaupandann til að nota, selja eða endurselja samningsvörurnar eða –þjónustuna; „auðkenndar“ merkir að verkkunnáttunni verði að vera lýst á nægilega skiljanlegan hátt til að gera kleift að sannprófa að hún uppfylli skilyrðin um að hún sé leynileg og umtalsverð;

g) „kaupandi“: nær yfir fyrirtæki sem selur vörur eða þjónustu fyrir hönd annars fyrirtækis samkvæmt samningi sem fellur undir 1. mgr. 81. gr. sáttmálans.

2. gr.

1. Samkvæmt 3. mgr. 81. gr. sáttmálans og með fyrirvara um ákvæði þessarar reglugerðar er því hér með lýst yfir að 1. mgr. 81. gr. gildir ekki um samninga eða samstilltar aðgerðir sem eru á milli tveggja eða fleiri fyrirtækja, sem hvert fyrir sig starfar, að því er varðar samninginn, á mismunandi framleiðslu- eða dreifingarstigi, og varða þau skilyrði sem þessir aðilar skulu uppfylla við kaup, sölu eða endursölu ákveðinnar vöru eða þjónustu („lóðréttir samningar").

Þessi undanþága skal gilda að því marki sem í slíkum samningum er að finna samkeppnishömlur sem falla undir 1. mgr. 81. gr. („lóðréttar hömlur").

2. Undanþágan, sem kveðið er á um í 1. mgr., skal aðeins gilda um lóðrétta samninga, sem gerðir eru milli samtaka fyrirtækja og meðlima samtakanna eða milli slíkra samtaka og birgja þeirra, ef allir meðlimirnir eru vörusmásalar og ef enginn einstakur meðlimur samtakanna, ásamt tengdum fyrirtækjum, hefur heildarveltu á ári sem er yfir 50 milljónir evra; reglugerð þessi gildir um lóðrétta samninga sem slík samtök gera, með fyrirvara um beitingu 81. gr., gagnvart láréttum samningum sem meðlimir samtakanna gera sín á milli.

3. Undanþágan, sem kveðið er á um í 1. mgr., gildir um lóðrétta samninga sem innihalda ákvæði er varða framsal til kaupanda og not kaupanda á hugverkarétti, að því tilskildu að þessi ákvæði séu ekki meginatriði slíkra samninga og séu beinlínis tengd notkun, sölu eða endursölu kaupanda eða viðskiptavina hans á vöru eða þjónustu. Undanþágan gildir að því tilskildu, hvað varðar umsamda vöru eða þjónustu, að í þessum ákvæðum sé ekki að finna samkeppnishömlur sem hafa þannig sömu áhrif eða virkni og lóðréttar hömlur sem eru ekki undanþegnar samkvæmt þessari reglugerð.

4. Undanþágan, sem kveðið er á um í 1. mgr., gildir ekki um lóðrétta samninga sem eru gerðir milli samkeppnisfyrirtækja. Þó skal hún gilda þegar fyrirtæki í samkeppni gera lóðréttan samning sem ekki er gagnkvæmur og:

a) kaupandinn hefur heildarveltu á ári sem er undir 100 milljónum evra, eða

b) birgirinn er framleiðandi og dreifingaraðili vöru en kaupandinn er dreifingaraðili sem framleiðir ekki vöru í samkeppni við samningsvöruna, eða

c) birgirinn útvegar þjónustu á mismunandi stigum viðskipta en kaupandi býður ekki upp á samkeppnisþjónustu á því stigi þar sem hann kaupir samningsþjónustuna.

5. Þessi reglugerð gildir ekki um lóðrétta samninga þegar viðfangsefni þeirra fellur undir gildissvið annarar reglugerðar um hópundanþágur.

3. gr.

1. Með fyrirvara um 2. mgr. þessarar greinar skal undanþágan, sem kveðið er á um í 2. gr., eiga við með því skilyrði að markaðshlutdeild birgisins fari ekki yfir 30% af viðkomandi markaði þar sem hann selur samningsvöruna eða -þjónustuna.

2. Sé um að ræða lóðrétta samninga, sem í eru skuldbindingar um einkasölu, skal undanþágan, sem kveðið er á um í 2. gr., gilda með því skilyrði að markaðshlutdeild kaupandans fari ekki yfir 30% á viðkomandi markaði þar sem hann kaupir samningsvöruna eða -þjónustuna.

4. gr.

Undanþágan, sem kveðið er á um í 2. gr., gildir ekki um lóðrétta samninga sem, beint eða óbeint, einir sér eða ásamt öðrum þáttum sem eru undir stjórn aðilanna, hafa að markmiði:

a) að takmarka svigrúm kaupandans til að ákveða söluverð sitt, með fyrirvara um svigrúm birgisins til að ákveða hámarkssöluverð eða leiðbeinandi söluverð, að því tilskildu að það jafngildi ekki föstu verði eða lágmarkssöluverði vegna þrýstings eða hvatningar frá öðrum hvorum aðilanna;

b) að takmarka það landsvæði eða þann hóp viðskiptavina sem eða þar sem kaupanda er heimilt að selja samningsvörurnar eða -þjónustuna, nema:

   — að takmarka virka sölu inn á afmarkað svæði eða til hóps einkaviðskiptavina sem er frátekinn fyrir birginn eða birgirinn hefur úthlutað til annars kaupanda, þar sem slík takmörkun hamlar ekki sölu á vegum viðskiptavina kaupanda,

   — að takmarka sölu á vegum kaupanda, sem starfar á heildsölustigi verslunar, til notenda,

   — að takmarka sölu á vegum aðila að sérhæfðu dreifikerfi til dreifingaraðila sem eru ekki viðurkenndir, og

   — að takmarka svigrúm kaupandans til að selja íhluti, sem afhentir hafa verið til ísetningar, til viðskiptavina sem hyggjast nota þá til framleiðslu á sömu tegund vöru og birgirinn framleiðir;

c) að takmarka virka eða óvirka sölu aðila sérhæfðs dreifikerfis á smásölustigi verslunar til notenda, með fyrirvara um möguleikann á að banna aðila að kerfinu að reka starfsemi sína frá starfsstöð sem hefur ekki fengið viðurkenningu,

d) að takmarka innbyrðis viðskipti dreifingaraðila innan sérhæfðs dreifikerfis, þar með talið milli dreifingaraðila sem starfa á öðru viðskiptastigi,

e) takmörkun sem samþykkt hefur verið milli íhlutabirgis og kaupanda sem annast ísetningu þessara íhluta en það hindrar birginn í að selja íhlutana sem varahluti til notenda eða til viðgerðarverkstæða eða annarra þjónustuveitenda sem kaupandinn hefur ekki falið að gera við vörur sínar eða veita þjónustu sem tengist þeim.

5. gr.

Undanþágan, sem gert er ráð fyrir í 2. gr., gildir ekki um neina af eftirfarandi skuldbindingum sem felast í lóðréttum samningum:

a) sérhverja beina eða óbeina skuldbindingu um að taka ekki þátt í samkeppni, sem gildir um óákveðinn tíma eða lengur en í fimm ár. Skuldbinding um að taka ekki þátt í samkeppni, sem er með þegjandi samkomulagi endurnýjanleg lengur en til fimm ára, skal álitin vera til óákveðins tíma. Þó skulu fimm ára tímamörkin ekki eiga við ef kaupandinn selur samningsvörurnar eða -þjónustuna frá athafnasvæði og landsvæði sem er í eigu birgisins eða birgirinn leigir af þriðja aðila, sem hefur ekki nein tengsl við kaupanda, að því tilskildu að gildistími skuldbindingar um að taka ekki þátt í samkeppni sé ekki lengri en afnotatími kaupandans að athafnasvæði og landsvæði birgisins,

b) sérhverja beina eða óbeina skuldbindingu sem skuldbindur kaupandann, eftir lok samningstímans, til þess að framleiða ekki, kaupa ekki, selja ekki eða endurselja ekki vörur og þjónustu, nema slík skuldbinding:

   - varði vörur og þjónustu sem keppa við samningsvörurnar eða -þjónustuna, og
   - sé takmörkuð við athafnasvæði og landsvæði þar sem kaupandi hefur rekið starfsemi sína á samningstímanum, og
   - sé ómissandi til að varðveita verkkunnáttu sem birgir hefur veitt kaupanda,

   og að því tilskildu að gildistími slíkra skuldbindinga um að taka ekki þátt í samkeppni takmarkist við eitt ár eftir að samningurinn rennur út. Þessi skuldbinding er með fyrirvara um að möguleiki sé til að leggja ótímabundnar hömlur á not og uppljóstrun verkkunnáttu sem er enn ekki orðin almenningseign;

c) sérhverja beina eða óbeina skuldbindingu sem skuldbindur aðila að sérhæfðu dreifikerfi til að selja ekki vörumerki tiltekinna birgja í samkeppni.

6. gr.

Framkvæmdastjórninni er heimilt að afturkalla þann ávinning, sem hlýst af þessari reglugerð, í samræmi við 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 19/65/EBE þegar hún telur að í einhverju tilteknu tilviki hafi lóðréttir samningar, sem þessi reglugerð gildir um, engu að síður áhrif sem eru í ósamræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 81. gr. sáttmálans, einkum þar sem aðgengi að viðkomandi markaði eða samkeppni á honum er verulega heft með samlegðaráhrifum samhliða neta svipaðra lóðréttra hamla sem birgjar eða kaupendur hafa innleitt í samkeppni.

7. gr.

Ef lóðréttir samningar, sem undanþáguákvæðið í 2. gr. gildir um, hafa í einhverju tilteknu tilviki áhrif, sem eru í ósamræmi við skilyrðin í 3. mgr. 81. gr. sáttmálans, á yfirráðasvæði aðildarríkis eða hluta þess sem hefur öll einkenni sérstaks landfræðilegs markaðar er lögbæra yfirvaldinu heimilt að afturkalla þann ávinning sem fæst með beitingu þessarar reglugerðar á því yfirráðasvæði, samkvæmt sömu skilyrðum og í 6. gr.

8. gr.

1. Samkvæmt 1. gr. a í reglugerð nr. 19/65/EBE getur framkvæmdastjórnin ákveðið með reglugerð að þar sem samhliða netkerfi svipaðra lóðréttra hamla ná yfir meira en 50% af viðkomandi markaði skuli reglugerð þessi ekki gilda um lóðrétta samninga sem í eru tilteknar hömlur sem varða þann markað.

2. Reglugerð samkvæmt 1. mgr. skal ekki koma til framkvæmdar fyrr en sex mánuðum eftir samþykkt hennar.

9. gr.

1. Reikna skal 30% markaðshlutdeild, sem kveðið er á um í 1. mgr. 3. gr., á grundvelli söluandvirðis samningsvörunnar eða -þjónustunnar og annarra vara eða þjónustu sem seld er af birgi og sem kaupandi telur jafngildar eða að geti komið í stað samningsvara eða -þjónustu, sakir eiginleika vörunnar, verðs og fyrirhugaðrar notkunar. Ef upplýsingar um söluandvirði liggja ekki fyrir má nota mat byggt á öðrum áreiðanlegum markaðsupplýsingum, þar með talið sölumagn á markaði til að ákvarða markaðshlutdeild hlutaðeigandi fyrirtækis. Að því er varðar 2. mgr. 3. gr. skal nota annaðhvort andvirði kaupa á markaði eða mat þar á til að reikna út markaðshlutdeild.

2. Að því er varðar beitingu viðmiðunarmarka markaðshlutdeildarinnar, sem kveðið er á um í 3. gr., skulu eftirfarandi reglur gilda:

a) markaðshlutdeildin skal reiknuð út á grundvelli gagna frá næstliðnu almanaksári,

b) markaðshlutdeildin skal ná til allrar vöru eða þjónustu sem látnar hafa verið sameinuðum dreifingaraðilum í té með sölu að markmiði,

c) ef upphaflega markaðshlutdeildin var ekki hærri en 30% en eykst eftir það án þess þó að fara yfir 35% skal undanþágan, sem kveðið er á um í 2. gr., gilda áfram í allt að tvö almanaksár samfellt eftir árið þegar fyrst var farið yfir 30% markaðshlutdeild,

d) ef upphaflega markaðshlutdeildin er ekki meiri en 30% en vex síðan yfir 35% skal undanþágan, sem kveðið er á um í 2. gr., gilda áfram í eitt almanaksár eftir árið þegar fyrst var farið yfir 35% markaðshlutdeild,

e) óheimilt er að sameina ávinning, sem fæst á grundvelli c- og d-liðar, þannig að tímabilið verði lengra en tvö almanaksár.

10. gr.

1. Að því er varðar útreikninga á árlegri heildarveltu í skilningi 2. og 4. mgr. 2. gr. skal leggja saman veltu hlutaðeigandi aðila að lóðrétta samningnum á næstliðnu fjárhagsári og veltu sem tengd fyrirtæki hans mynda í tengslum við allar vörur og þjónustu, að undanskildum öllum sköttum og skyldum. Ekki skal taka tillit til viðskipta milli aðila að lóðréttum samningi og fyrirtækja tengdum honum eða milli tengdu fyrirtækjanna.

2. Undanþágan, sem kveðið er á um í 2. gr., skal gilda áfram þar sem heildarársvelta sérhverra tveggja, samfelldra fjárhagsára fer ekki meira en 10% fram úr heildarársveltu.

11. gr.

1. Í þessari reglugerð skal merking hugtakanna „fyrirtæki", „birgir" og „kaupandi" ná til viðkomandi tengdra fyrirtækja þeirra.

2. „Tengd fyrirtæki" eru:

a) fyrirtæki þar sem samningsaðili, beint eða óbeint:
   — ræður yfir meira en helmingi atkvæða, eða
   — getur skipað meira en helming fulltrúa í yfirstjórn, framkvæmdastjórn eða stofnanir sem koma fram fyrir hönd fyrirtækisins, eða
   — á rétt á að stýra rekstri fyrirtækisins,

b) fyrirtæki sem hafa, beint eða óbeint, einhver þau réttindi eða völd, sem um getur í a-lið, í fyrirtæki sem á aðild að samningnum,

c) fyrirtæki þar sem fyrirtæki sem um getur í b-lið hefur, beint eða óbeint, þau réttindi eða völd sem talin eru upp í a-lið,

d) fyrirtæki, þar sem samningsaðili ásamt einu eða fleiri fyrirtækjum, sem eru talin upp í a-, b- eða c-lið, eða þar sem tvö eða fleiri af síðastnefndu fyrirtækjunum hafa sameiginlega þau réttindi eða völd sem tilgreind eru í a-lið,

e) fyrirtæki þar sem þau réttindi og völd, sem eru talin upp í a-lið, eru sameiginlega í höndum:
   — samningsaðila eða viðkomandi fyrirtækja tengdra þeim sem um getur í a- til d-lið, eða
   — eins eða fleiri samningsaðila eða eins eða fleiri af tengdum fyrirtækjum þeirra sem um getur í a- til d-lið og eins eða fleiri þriðju aðila.

3. Að því er varðar 3. gr. skal markaðshlutdeild fyrirtækjanna, sem um getur í e-lið 2. mgr. í þessari grein, skipt jafnt milli þeirra fyrirtækja sem hafa þau réttindi eða völd sem tilgreind eru í a-lið 2. mgr.

12. gr.

1. Undanþágurnar, sem kveðið er á um í reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1983/83 ([1]), nr. 1984/83 ([2]) og nr. 4087/88 ([3]) skulu gilda áfram til 31. maí 2000.

2. Bann það, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 81. gr. sáttmála EB, skal ekki gilda á tímabilinu frá 1. júní 2000 til 31. desember 2001 að því er varðar samninga sem hafa öðlast gildi 31. maí 2000 og uppfylla ekki skilyrði fyrir undanþágu sem kveðið er á um í þessari reglugerð en sem uppfylla skilyrðin fyrir undanþágu sem kveðið er á um í reglugerðum (EBE) nr. 1983/83, nr. 1984/83 eða nr. 4087/88.

13. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 2000.

Hún kemur til framkvæmda 1. júní 2000, nema 1. mgr. 12. gr. sem kemur til framkvæmda 1. janúar 2000.

Þessi reglugerð falli úr gildi 31. maí 2010.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. desember 1999.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Mario MONTI

framkvæmdastjóri.

([1]) Stjtíð. EB L 173, 30.6.1983, bls. 1.
([2]) Stjtíð. EB L 173, 30.6.1983, bls. 5.
([3]) Stjtíð. EB L 359, 28.12.1988, bls. 46.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um efnislegar samkeppnisreglur í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 594/1993, með síðari breytingum.

1. gr.

Á eftir 2. gr. j. bætist við ný grein, 2. gr. k., sem orðast svo:

Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/2000 frá 31. maí 2000 skal eftirtalin EB-gerð öðlast gildi hér á landi, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIV. viðauka við EES-samninginn um samkeppni, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum samningsins:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 823/2000 frá 19. apríl 2000 um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða milli áætlunarskipafélaga (skipafélagasamtaka).

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 48. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, öðlast þegar gildi.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar og EB-gerðin, sem fela í sér breytingu á XIV. viðauka við EES-samninginn og snerta beitingu 3. mgr. 53. gr. samningsins, eru birtar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB. EB-gerðin er jafnframt birt sem fylgiskjal með reglugerð þessari.

Skv. 30. tölul. inngangsákvæða EB-gerðarinnar kemur gerð 823/2000 í stað gerðar 870/95 sem tekin var upp í íslenskan rétt með reglugerð nr. 226/1996, sbr. EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 22/1996, bls. 54-62, þar sem viðkomandi ákvörðun og gerð voru birtar.

Viðskiptaráðuneytinu, 16. mars 2001.

Valgerður Sverrisdóttir.

Jón Ögmundur Þormóðsson.

Fylgiskjal.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) Nr. 823/2000

frá 19. apríl 2000

um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða milli áætlunarskipafélaga (skipafélagasamtaka)

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 479/92 frá 25. febrúar 1992 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða milli áætlunarskipafélaga (skipafélagasamtaka) ([1]), eins og henni var breytt með lögum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar, einkum 1. gr.,

að birtum drögum að þessari reglugerð ([2]),

að höfðu samráði við ráðgjafarnefndina um samkeppnishömlur og yfirburðastöðu í sjóflutningum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Reglugerð (EBE) nr. 479/92 veitir framkvæmdastjórninni umboð til að beita 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða milli skipafélaga (skipafélagasamtaka), að því er varðar sameiginlegan rekstur flutningaþjónustu með áætlunarskipum, ef þeir geta, með því samstarfi sem þeir skapa milli skipafélaga sem eiga aðild að þeim, takmarkað samkeppni á hinum sameiginlega markaði og haft áhrif á viðskipti milli aðildarríkjanna og því fallið undir bannið samkvæmt 1. mgr. 81. gr. sáttmálans.

2) Framkvæmdastjórnin hefur notfært sér þetta umboð með því að samþykkja reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 870/95 ([3]). Í ljósi fenginnar reynslu er unnt að skilgreina flokk skipafélagasamtaka sem geta fallið undir gildissvið 1. mgr. 81. gr. en sem venjulega má gera ráð fyrir að uppfylli skilyrði 3. mgr. 81. gr.

3) Framkvæmdastjórnin hefur tekið fullt tillit til sérstakra aðstæðna sem ríkja í sjóflutningum. Þær munu einnig hafa efnislega þýðingu við mat framkvæmdastjórnarinnar á skipafélagasamtökum sem falla ekki undir hópundanþáguna samkvæmt þessari reglugerð.

4) Skipafélagasamtök, eins og þau eru skilgreind í þessari reglugerð, stuðla almennt að aukinni framleiðni og bættri flutningaþjónustu með áætlunarskipum með þeirri hagræðingu sem þau skapa í starfsemi aðildarfélaganna og þeirri stærðarhagkvæmni sem þau leiða til í rekstri skipa og nýtingu á hafnaraðstöðu. Þau stuðla og að tæknilegum og efnahagslegum framförum með því að auðvelda og hvetja til betri nýtingar á gámum og flutningsgetu skipa.

5) Þeir sem nýta sér skipaflutningaþjónustu skipafélagasamtaka njóta oftast í ríkum mæli þess ávinnings sem hlýst af aukinni framleiðni og bættri þjónustu með tilkomu samtakanna. Ávinningurinn getur og komið fram í tíðari skipaferðum og viðkomu í höfnum eða sem bætt tímaáætlun og betri og persónulegri þjónusta með notkun fullkomnari skipa og annars búnaðar, þar á meðal hafnaraðstöðu. Flutningsþegar geta því aðeins haft raunverulegan ávinning af skipafélagasamtökum að næg samkeppni ríki í flutningum sem slík samtök stunda.

6) Því ætti hópundanþága að gilda um þessa samninga, að því tilskildu að þeir gefi ekki viðkomandi fyrirtækjum færi á að útrýma að mestu samkeppni í þeim flutningum sem um er að ræða. Tilgangur þessarar reglugerðar er að skýra þau skilyrði sem skipafélagasamtök verða að uppfylla til að hafa hag af þeirri hópundanþágu sem hún veitir svo að unnt sé að taka tillit til stöðugra breytinga á sjóflutningamarkaðinum og örra breytinga sem aðilar gera á ákvæðum samninga um skipafélagasamtök eða á þeirri starfsemi sem samningarnir taka til.

7) Eitt af helstu einkennum skipafélagasamtaka, að því er varðar að stofna til og reka þjónustu í sameiningu, er sveigjanleg flutningsgeta. Um slíkt er þó ekki að ræða ef tiltekinn hundraðshluti flutningsgetu skipa, á vegum skipafélagasamtaka, er ekki nýttur.

8) Hópundanþágan samkvæmt þessari reglugerð ætti bæði að gilda um skipafélagasamtök, sem tilheyra samsiglingakerfi, og skipafélagasamtök sem eru starfrækt utan slíks kerfis, að því undanskildu að hún fjalli ekki um samráð um farmgjöld.

([1]) Stjtíð. EB L 55, 29.2.1992, bls. 3.
([2]) Stjtíð. EB C 379, 31.12.1999, bls. 13.
([3]) Stjtíð. EB L 89, 21.4.1995, bls. 7.

9) Í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4056/86 frá 22. desember 1986 sem setur nákvæmar reglur um beitingu 85. og 86. gr. sáttmálans gagnvart flutningum á sjó [1], eins og henni var breytt með lögum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar, er fjallað um gjaldskrárákvarðanir. Aðilar að skipafélagasamtökum, sem vilja hafa samráð um gjaldskrár og uppfylla ekki skilyrði reglugerðar (EBE) nr. 4056/86, verða að sækja um einstakar undanþágur.

10) Fyrsta skilyrðið fyrir hópundanþágunni ætti að vera að flutningsþegar fái sanngjarnan hlut í þeim ávinningi, sem fæst með aukinni skilvirkni, og öðrum ávinningi sem tengist skipafélagasamtökum.

11) Líta skal svo á að þessari kröfu í 3. mgr. 81. gr. sé fullnægt þegar skipafélagasamtök eru starfrækt við einhverjar þær aðstæður sem er lýst hér á eftir:

— virk verðsamkeppni er milli aðila að samsiglingakerfinu, sem samtökin tilheyra, er rekja má til sjálfstæðra gjaldskrárákvarðana,

— nægileg virk samkeppni ríkir, að því er varðar flutningaþjónustu innan samsiglingakerfisins sem samtökin tilheyra, milli aðila að samtökunum og annarra aðila að samsiglingakerfinu sem eru ekki aðilar að samtökunum þar eð samningurinn um samsiglingakerfið heimilar skipafélagasamtökum ótvírætt að bjóða sína eigin þjónustuskilmála, t.d. að skipafélagasamtök bjóði ein og sér tímastillta afhendingarþjónustu (just in time delivery) eða þróuð „rafræn gagnaskipti" (Electronic Data Interchange — EDI), sem gerir flutningsþegum ávallt kleift að vita hvar vörur þeirra eru hverju sinni, eða að fjölga ferðum að miklum mun eða hafa oftar viðkomu í tengslum við þá þjónustu sem skipafélagasamtök veita samanborið við þá sem samsiglingakerfið veitir,

— aðilar að samtökunum mæta virkri, raunverulegri eða hugsanlegri samkeppni frá flutningafyrirtækjum sem eru ekki aðilar að samtökunum hvort sem samsiglingakerfi er starfrækt í viðkomandi flutningum eða ekki.

12) Til þess að unnt verði að uppfylla þessa sömu kröfu í 3. mgr. 81. gr. þarf að setja ákvæði um frekari skilyrði sem er ætlað að stuðla að samkeppni um betri þjónustu milli aðila að samtökunum sem og milli þeirra og annarra skipafélaga sem stunda sams konar flutninga.

13) Setja ætti þau skilyrði að skipafélagasamtök og aðilar að þeim hafi ekki mismunandi gjaldskrár og flutningsskilmála á tiltekinni flutningaleið, einvörðungu með vísan til upprunalands farms eða þess lands sem er ákvörðunarstaður hans og orsaki þannig misræmi í viðskiptum innan bandalagsins sem skaðað getur tilteknar hafnir, farmsendendur, flytjendur eða þá sem veita þjónustu í tengslum við flutninga, nema unnt sé að réttlæta þess konar gjaldskrár og flutningsskilmála á efnahagslegum forsendum.

14) Skilyrðin ættu og að miða að því að koma í veg fyrir að skipafélagasamtök geti komið á samkeppnishömlum sem ekki er þörf á til að ná þeim markmiðum sem eru forsenda þess að undanþágan sé veitt. Í þessu skyni ættu að vera ákvæði í samningum um skipafélagasamtök sem gera öllum skipafélögum, sem eru aðilar að slíkum samningum, kleift að draga sig út úr samtökunum með eðlilegum fyrirvara. Samt sem áður ber, í tilvikum þegar um mjög samþætt skipafélagasamtök er að ræða og/eða samtök með miklar fjárfestingar, að kveða á um lengri fyrirvara til að taka megi tillit til mikilla fjárfestinga, sem lagt hefur verið út í til að koma samtökunum á fót, og umfangsmikillar endurskipulagningar samfara því að samningsaðili yfirgefur samtökin. Einnig ber að tilskilja að þar sem skipafélagasamtök starfa með sameiginlegu markaðsfyrirkomulagi ætti hver samningsaðili að hafa rétt til að taka þátt í óháðu markaðsstarfi, að því tilskildu að hann tilkynni það með eðlilegum fyrirvara.

15) Undanþága skal einungis veitt skipafélagasamtökum sem eiga þess ekki kost að útrýma samkeppni að verulegum hluta á því þjónustusviði sem um er að ræða.

16) Til að unnt sé að ákvarða, að því er varðar undanþágu, hvort um virka samkeppni sé að ræða á hverjum markaði sem skipafélagasamtökin starfa á ber ekki aðeins að taka tillit til beinna viðskipta milli hafna, sem skipafélagasamtök þjóna, heldur einnig til samkeppni frá öðrum áætlunarskipafélögum sem sigla frá höfnum sem gætu komið í stað þeirra sem skipafélagasamtökin þjóna og einnig, þar sem við á, til annars konar flutningsmáta.

17) Sú hópundanþága, sem er veitt samkvæmt þessari reglugerð, gildir af þessum ástæðum einungis með því skilyrði að á hverjum markaði, sem skipafélagasamtökin starfa á, fari markaðshlutur skipafélagasamtaka ekki yfir gefið mark.

18) Markaðshlutur skipafélagasamtaka innan samsiglingakerfis ætti að vera minni með tilliti til þess að þeir samningar, sem um er að ræða, eru viðbót við samkeppnishamlandi samning sem í gildi er.

19) Samt sem áður er við hæfi að bjóða skipafélagasamtökum, sem fara yfir þau mörk, sem eru sett fram í þessari reglugerð, um tiltekinn hundraðshluta, en sem taka áfram þátt í virkri samkeppni í þeim flutningum sem þau stunda, einfaldaða málsmeðferð til þess að þau geti notið góðs af því réttaröryggi sem tengist hópundanþágum. Slík málsmeðferð ætti einnig að gera framkvæmdastjórninni kleift að halda uppi virku eftirliti og einfalda eftirlit stjórnsýslunnar með samningum.

20) Skipafélagasamtök, sem fara yfir mörkin, ættu að geta fengið undanþágu í einstaka tilvikum, að því tilskildu að þau uppfylli skilyrði 3. mgr. 81. gr., með hliðsjón af þeim sérstöku aðstæðum sem ríkja innan sjóflutninga.

[1] Stjtíð. EB L 378, 31.12.1986, bls. 4.

21) Þessi reglugerð ætti aðeins að gilda um samninga sem gerðir eru milli aðila að skipafélagasamtökum. Því ætti hópundanþágan ekki að gilda um samkeppnishamlandi samninga sem eru gerðir annars vegar milli skipafélagasamtaka eða eins eða fleiri aðila að þeim og hins vegar milli annarra skipafélaga. Hún ætti heldur ekki að gilda um samkeppnishamlandi samninga milli ólíkra skipafélagasamtaka sem stunda sams konar flutninga eða milli aðila að slíkum samtökum.

22) Ákveðnar skyldur ættu einnig að fylgja hópundanþágum. Flutningsþegar ættu í þessu tilliti ávallt að vera í aðstöðu til að kynna sér þau skilyrði sem gilda um flutningaþjónustu á sjó sem aðilar að skipafélagasamtökum reka sameiginlega. Kveða ber á um raunverulegt og skilvirkt samráð milli skipafélagasamtaka og flutningsþega um þá starfsemi sem samningarnir fjalla um. Í þessari reglugerð er og tilgreint við hvað er átt með raunverulegu og skilvirku samráði og hvernig framvinda slíks samráðs skuli vera í meginatriðum. Kveðið er á um fyrrnefnt lögboðið samráð sem takmarkast við eiginlega starfsemi samtakanna.

23) Fyrrnefnt samráð er líklegt til að tryggja skilvirkari flutningaþjónustu á sjó sem tekur mið af kröfum flutningsþega. Því ber að undanþiggja vissar samkeppnishömlur sem kynnu að fylgja í kjölfar slíks samráðs.

24) Í þessari reglugerð hefur hugtakið „óviðráðanlegar aðstæður" („force majeure") sömu merkingu og fram kemur í fordæmisrétti dómstóls Evrópubandalaganna.

25) Kveða ber á um að tilkynna beri framkvæmdastjórninni án tafar um úrskurði gerðardóms og tillögur sáttasemjara sem málsaðilar samþykkja til þess að hún geti gengið úr skugga um að skipafélagasamtök séu ekki með því undanþegin skilyrðum og skyldum sem kveðið er á um í reglugerðinni og brjóti þannig ekki í bága við ákvæði 81. og 82. gr.

26) Nauðsynlegt er að tilgreina, í samræmi við 6. gr. reglugerðar (EBE) nr. 479/92, þau tilvik þar sem framkvæmdastjórninni er heimilt að svipta fyrirtæki ávinningi að hópundanþágu.

27) Ellefu skipafélagasamtök nutu ávinnings að hópundanþágu samkvæmt reglugerð (EB) nr. 870/95, með því að beita málsmeðferð samkvæmt henni þar sem leitað er eftir andmælum, en það gerði framkvæmdastjórninni einkum kleift að sannreyna að þau ættu í virkri samkeppni. Ekkert bendir til þess að aðstæður hafi breyst á þann veg að þessi skipafélagasamtök eigi ekki lengur í virkri samkeppni. Því skulu þessi skipafélagasamtök njóta áfram undanþágu með þeim skilmálum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

28) Óþarft ætti að vera að senda inn umsókn samkvæmt 12. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4056/86 vegna samninga sem eru sjálfkrafa undanþegnir samkvæmt þessari reglugerð. Þegar fyrirtæki eru í verulegum vafa er þeim heimilt að óska þess að framkvæmdastjórnin lýsi yfir hvort samningar þeirra samræmist ákvæðum þessarar reglugerðar.

29) Reglugerð þessi er með fyrirvara um beitingu 82. gr. sáttmálans.

30) Þar eð reglugerð (EB) nr. 870/95 fellur úr gildi er við hæfi að samþykkja nýja reglugerð sem endurnýjar hópundanþáguna.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

GILDISSVIÐ OG SKILGREININGAR

1. gr.

Gildissvið

Þessi reglugerð gildir einvörðungu um skipafélagasamtök að því marki sem þau veita alþjóðlega flutningaþjónustu með áætlunarskipum til eða frá einni eða fleiri höfnum innan bandalagsins.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „skipafélagasamtök (consortium)": samningur milli tveggja eða fleiri flutningsaðila í skiparekstri, sem veita alþjóðlega flutningaþjónustu með áætlunarskipum, einvörðungu í vöruflutningum og aðallega með gámum, sem tengist einni eða fleiri grein, sem miðar að því að koma á samstarfi um sameiginlegan rekstur í sjóflutningum og bæta þá þjónustu sem hver og einn samningsaðili myndi annars veita ef um samtök væri ekki að ræða og að hagræða starfsemi þeirra með ráðstöfunum á sviði tækni, reksturs og/eða viðskipta, að verðákvörðunum undanskildum;

2. „flutningar með áætlunarskipum": reglubundnir vöruflutningar á tiltekinni leið eða leiðum milli hafna í samræmi við tímaáætlanir og fyrirfram auglýsta siglingadaga og sem öllum flutningsþegum stendur til boða gegn greiðslu, jafnvel þó að um stopula flutninga sé að ræða;

3. „þjónustufyrirkomulag": samningsbundið fyrirkomulag, staðfest af einum eða fleiri flutningsþegum og einum aðila að skipafélagasamtökum eða samtökunum sjálfum, þar sem gert er ráð fyrir því að flutningsþegi skuldbindi sig til að láta flytja fyrir sig vörur í tilteknu magni í tiltekinn tíma gegn því að fá staðfestingu þess efnis að aðilinn að skipafélagasamtökunum eða samtökin veiti honum þjónustu sem er í ákveðnum gæðaflokki og sérsniðin að þörfum hans;

4. „flutningsþegi“: fyrirtæki (t.d. farmsendandi, viðtakandi, miðlari o.s.frv.), sem gert hefur eða látið í ljós vilja til að gera bindandi samning við skipafélagasamtök (eða einn aðila að þeim) um vöruflutninga, eða samband farmsendenda;
5. „sjálfstæð gjaldskrárákvörðun“: réttur aðila að samsiglingakerfi til að bjóða, í stökum tilvikum og þegar um vörur er að ræða, farmgjöld sem víkja frá gjöldum sem mælt er fyrir um innan samsiglingakerfisins, að því tilskildu að öðrum aðilum innan þess sé tilkynnt um það.

II. KAFLI

UNDANÞÁGUR

3. gr.

Undanþegnir samningar

1. Því er hér með lýst yfir, samkvæmt 3. mgr. 81. gr. sáttmálans og með fyrirvara um skilyrði og skyldur sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, að 1. mgr. 81. gr. sáttmálans gildir ekki um starfsemi sem er talin upp í 2. mgr. þessarar greinar ef hún fer fram samkvæmt samningum um skipafélagasamtök eins og skilgreint er í 1. og 2. gr. þessarar reglugerðar.

2. Yfirlýsingin um að 1. mgr. 81. gr. sáttmálans gildi ekki á einungis við um eftirfarandi starfsemi:

a) starfsemi í tengslum við sameiginlegan rekstur flutningaþjónustu með áætlunarskipum sem felst einvörðungu í eftirfarandi:

   i) samræmingu og/eða sameiginlegri ákvörðun um ferðaáætlanir og viðkomuhafnir,
   ii) skiptum, sölu eða víxlleigu á rými eða hólfum um borð í skipum,
   iii) samnýtingu skipa og/eða hafnarmannvirkja,
   iv) rekstri einnar eða fleiri skrifstofa fyrir sameiginlegan rekstur,
   v) útvegun gáma, undirvagna og annars búnaðar og/eða leigu, kaupleigu eða kaupum á slíkum tækjabúnaði,
   vi) notkun tölvuvæddrar upplýsingamiðlunar og/eða sameiginlegs skráningarkerfis;

b) tímabundna breytingu á flutningsgetu;

c) sameiginlegan rekstur eða notkun hafnarmiðstöðva og tengdrar þjónustu (t.d. lektuþjónustu eða lestunar- og losunarþjónustu);

d) þátttöku í einu eða fleiri af eftirfarandi samlögum: samlagi um farm, tekjur eða nettótekjur;

e) sameiginlega nýtingu atkvæðisréttar skipafélagasamtaka innan samsiglingakerfisins þar sem aðilar að samtökunum starfa, að því marki sem sameiginlegu atkvæðin varða eiginlega starfsemi samtakanna;

f) sameiginlegt fyrirkomulag markaðssetningar og/eða útgáfu sameiginlegs farmskírteinis;

g) aðra starfsemi sem er stoðstarfsemi við þá sem um getur hér að framan í a- til f-lið og er nauðsynleg fyrir alla starfsemina.

3. Eftirfarandi skal einkum teljast stoðstarfsemi í skilningi g-liðar 2. mgr.:

a) skylda aðila að skipafélagasamtökunum til að nota þau skip, sem skipafélagasamtökin hafa fengið til ráðstöfunar, í viðkomandi flutningi eða flutningum og forðast að taka á leigu rými í skipum sem tilheyra þriðju aðilum;

b) skylda aðila að skipafélagasamtökunum til að úthluta ekki eða leigja öðrum flutningsaðilum í skiparekstri rými í viðkomandi flutningi eða flutningum nema að fengnu samþykki annarra aðila að samtökunum.

4. gr.

Ónýtt flutningsgeta

Undanþágan, sem kveðið er á um í 3. gr., gildir ekki um skipafélagasamtök þegar slík samtök standa fyrir ráðstöfunum þess efnis að nýta ekki flutningsgetu sem er fyrir hendi þannig að áætlunarskipafélög, sem eru aðilar að skipafélagasamtökunum, láti ónotaðan tiltekinn hundraðshluta af flutningsgetu skipa sem starfrækt eru innan vébanda samtakanna.

III. KAFLI

SKILYRÐI FYRIR UNDANÞÁGU

5. gr.

Grunnskilyrði fyrir veitingu undanþágu

Undanþágan, sem kveðið er á um í 3. gr., gildir því aðeins að eitt eða fleiri skilyrðanna hér á eftir séu uppfyllt:

a) virk verðsamkeppni sé milli aðila að samsiglingakerfinu, sem skipafélagasamtökin tilheyra, af þeirri ástæðu að samningurinn um samsiglingakerfið heimilar fyrrnefndum aðilum með skýrum hætti, annaðhvort samkvæmt lagaskyldu eða með öðrum hætti, að ákvarða sjálfstætt öll farmgjöld sem kveðið er á um í gjaldskrá samsiglingakerfisins, eða

b) innan samsiglingakerfisins, sem skipafélagasamtökin tilheyra, sé nægilega virk samkeppni milli þeirra sem eiga aðild að kerfinu að því er varðar þá þjónustu sem í boði er, af þeirri ástæðu að í samningnum um samsiglingakerfið sé skýr heimild til handa samtökunum til að bjóða fram sitt eigið þjónustufyrirkomulag, í hvaða mynd sem er, að því er varðar tíðni og gæði þeirrar flutningaþjónustu sem veitt er og einnig að laga þá þjónustu, sem það veitir, hvenær sem er að sérstökum óskum flutningsþega, eða

c) aðilar að skipafélagasamtökunum eigi í virkri samkeppni, raunverulegri eða hugsanlegri, við áætlunarskipafélög sem eru ekki aðilar að samtökunum, hvort sem samsiglingakerfi er starfrækt í viðkomandi flutningi eða flutningum eða ekki.

6. gr.

Skilyrði með tilliti til markaðshlutar

1. Ef undanþágan samkvæmt 3. gr. á að ná til skipafélagasamtaka þarf markaðshlutur þeirra á hverjum markaði, sem þau starfa á, að vera undir 30%, reiknað út sem vörumagn sem flutt er (farmtonn eða tuttugu feta gámaeining) ef þau tilheyra samsiglingakerfi og undir 35% ef þau starfa utan slíks kerfis.

2. Undanþágan, sem kveðið er á um í 3. gr., gildir áfram ef sá markaðshlutur, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, vex ekki umfram einn tíunda tvö almanaksár í röð.

3. Ef farið er yfir annað þeirra leyfilegu hámarka sem tilgreind eru í 1. og 2. mgr. gildir undanþágan, sem kveðið er á um í 3. gr., í sex mánuði eftir lok þess almanaksárs þegar það gerðist. Lengja skal tímabilið í 12 mánuði ef ástæða þess að farið er yfir markið er sú að flutningsaðili, sem ekki er aðili að samtökunum, hefur dregið sig út af markaðinum.

7. gr.

Andmælum hreyft

1. Undanþágan, sem kveðið er á um í 3. og 10. gr., gildir einnig um skipafélagasamtök sem eiga markaðshlut á einhverjum markaði, sem þau starfa á, sem fer yfir þau mörk sem mælt er fyrir um í 6. gr., en fer samt sem áður ekki yfir 50% á neinum markaði, með þeim skilyrðum að framkvæmdastjórninni sé tilkynnt um þá samninga sem um ræðir í samræmi við ákvæði reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2843/98 [1] og að framkvæmdastjórnin andmæli ekki slíkri undanþágu innan sex mánaða.

Sex mánaða tímabilið telst hefjast á þeim degi sem tilkynningin öðlast gildi í samræmi við 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 2843/98.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda aðeins ef vísað er með skýrum hætti til þessarar greinar í tilkynningunni eða orðsendingu með henni.

3. Framkvæmdastjórninni er heimilt að andmæla undanþágunni.

Hún skal andmæla undanþágunni berist henni beiðni um slíkt frá aðildarríki innan þriggja mánaða frá því að aðildarríkinu var send tilkynningin sem um getur í 1. mgr. Beiðnin skal rökstudd á grundvelli samkeppnisreglna sáttmálans.

4. Framkvæmdastjórninni er heimilt að draga andmæli sín gegn undanþágunni til baka hvenær sem er. Hafi andmælin komið fram að beiðni aðildarríkis og beiðninni verið haldið til streitu skulu þau einungis dregin til baka að undangengnu samráði innan ráðgjafarnefndarinnar um samkeppnishömlur og yfirburðastöðu í sjóflutningum.

5. Séu andmælin dregin til baka af þeirri ástæðu að viðkomandi fyrirtæki hafi sýnt fram á að skilyrðum 3. mgr. 81. gr. hafi verið fullnægt skal undanþágan gilda frá tilkynningardegi.

6. Séu andmælin dregin til baka af þeirri ástæðu að viðkomandi fyrirtæki hafi breytt samningnum þannig að skilyrðum 3. mgr. 81. gr. sé fullnægt gildir undanþágan frá þeim degi sem breytingarnar öðlast gildi.

7. Andmæli framkvæmdastjórnin undanþágu og dragi ekki andmælin til baka hefur tilkynningin þau áhrif sem kveðið er á um í II. þætti reglugerðar (EBE) nr. 4056/86.

8. gr.

Önnur skilyrði

Réttur til undanþágu, sem kveðið er á um í 3. og 10. gr., er háður eftirfarandi skilyrðum:

a) Skipafélagasamtökin skulu heimila öllum aðilum sínum að bjóða fram sitt eigið þjónustufyrirkomulag á grundvelli einstaks samnings.

b) Fyrirtækjum, sem eiga aðild að samningi um skipafélagasamtök, skal með slíkum samningi tryggður réttur til að draga sig út úr samtökunum án þess að til komi fjársektir eða önnur viðurlög, t.d., einkum og sér í lagi, skuldbinding þess efnis að hætta öllum flutningum á því sviði eða sviðum sem um ræðir, hvort sem það skilyrði fylgir eða ekki að heimilt sé að hefja slíka starfsemi á ný að tilteknum tíma liðnum. Fyrrnefndur réttur er háður lengst sex mánaða uppsagnarfresti, þó með þeim hætti að um uppsögn getur fyrst verið að ræða 18 mánuðum eftir að samningurinn gengur í gildi.

   Þegar um er að ræða mjög samþætt skipafélagasamtök með samlag um nettóhagnað og/eða umfangsmiklar fjárfestingar, sem rekja má til kaupa eða leigu aðila að því á skipum, sérstaklega vegna stofnunar samtakanna, skal uppsagnarfrestur vera lengst sex mánuðir sem heimilt er að nýta 30 mánuðum eftir að samningurinn gengur í gildi.

c) Starfi skipafélagasamtök að sameiginlegri markaðssetningu skal aðilum að þeim engu að síður frjálst að stunda sjálfstæða markaðssetningu án þess að viðurlögum sé beitt, að því tilskildu að þeir tilkynni um það með sex mánaða fyrirvara.

d) Hvorki skipafélagasamtök né aðilar að þeim skulu valda tilteknum höfnum, flutningsþegum eða flutningsaðilum innan hins sameiginlega markaðar tjóni með því að beita ólíkum gjöldum og flutningsskilmálum gagnvart mismunandi uppruna- eða móttökulöndum eða lestunar- eða losunarhöfnum, að því er varðar flutning á sams konar vörum og innan þess svæðis sem samningurinn nær til, nema unnt sé að færa efnahagsleg rök fyrir slíkum gjöldum eða skilmálum.

IV. KAFLI

SKYLDUR

9. gr.

Skyldur sem fylgja undanþágu

1. Skyldurnar, sem kveðið er á um í 2. mgr. þessarar greinar, skulu fylgja undanþágunni sem kveðið er á um í 3. gr. og 1. mgr. 13. gr.

2. Fara skal fram raunverulegt og skilvirkt samráð milli flutningsþega, eða samtaka sem koma fram fyrir þeirra hönd, annars vegar og skipafélagasamtaka hins vegar sem miðar að því að leysa öll helstu mál önnur en minni háttar rekstrarmálefni sem varða skilyrði og eðli áætlunarflutninga á sjó sem samtökin eða aðilar að þeim bjóða.

Samráð skal fara fram ef annar fyrrnefndra aðila fer fram á það.

Samráð skal fara fram, nema þegar um óviðráðanlegar aðstæður er að ræða, áður en gripið er til ráðstafana sem eru tilefni þess. Ef aðilar að skipafélagasamtökunum eru tilneyddir, vegna óviðráðanlegra aðstæðna, að hrinda ákvörðun í framkvæmd áður en samráð hefur farið fram skal samráð sem óskað hefur verið eftir fara fram innan 10 virkra daga frá því að beiðni var lögð fram. Ekki ber að tilkynna um aðgerðir opinberlega áður en samráð fer fram, nema þegar um fyrrnefndar óviðráðanlegar aðstæður er að ræða sem vísa ber til í tilkynningu um ráðstafanir.

Samráðið skal fara þannig fram stig af stigi:

a) skipafélagasamtökin skulu tilkynna hinum aðilanum skriflega um efni samráðsins áður en það fer fram;

b) aðilar skiptast á skoðunum annaðhvort með skriflegum hætti eða á fundum, eða hvort tveggja, þar sem fulltrúar skipafélagasamtakanna og farmsendendanna, sem taka þátt í samráðinu, skulu hafa umboð til að komast að sameiginlegri niðurstöðu og skulu aðilar leggja sig fram um að ná því marki;

c) komist aðilar ekki að sameiginlegri niðurstöðu, þrátt fyrir viðleitni beggja, skal viðurkennt að um ósamkomulag sé að ræða og það tilkynnt opinberlega. Hvor aðli um sig getur vakið athygli framkvæmdastjórnarinnar á því;

d) ákveða má sanngjarnan frest til að ljúka samráðinu, með samkomulagi aðila ef unnt er. Fresturinn skal ekki vera skemmri en einn mánuður, nema í undantekningartilvikum eða þegar aðilar koma sér saman um annað.

3. Skilmálar varðandi flutningaþjónustu á sjó, sem skipafélagasamtök og aðilar að þeim veita, meðal annars skilmálar um eðli slíkrar þjónustu og allar breytingar á þeim, skulu aðgengilegir flutningsþegum gegn sanngjörnu gjaldi, ef þeir óska, og liggja frammi til skoðunar þeim að kostnaðarlausu á skrifstofum aðila að samtökunum og hjá umboðsmönnum þeirra eða hjá samtökunum sjálfum.

4. Skipafélagasamtök skulu tilkynna framkvæmdastjórninni án tafar um úrskurði gerðardóms og tillögur sáttasemjara sem aðilar hafa samþykkt og setja niður deilur um starfshætti skipafélagasamtaka sem falla undir þessa reglugerð.

5. Skipafélagasamtök, sem vilja hafa ávinning af þessari reglugerð, skulu, að fengnum fresti sem framkvæmdastjórnin ákveður í hverju tilviki um sig og ekki er skemmri en einn mánuður, geta sýnt fram á ef framkvæmdastjórnin óskar þess að skilyrði og skyldur sem felast í 5. til 8. gr. og 2. og 3. mgr. þessarar greinar séu uppfyllt og senda henni þann samning um skipafélagasamtök, sem um ræðir, innan fyrrnefnds frests.

10. gr.

Undanþága vegna samninga milli flutningsþega og skipafélagasamtaka um nýtingu áætlunarflutningaþjónustu á sjó

Samningar, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir milli annars vegar flutningsþega, eða samtaka sem koma fram fyrir þeirra hönd, og hins vegar skipafélagasamtaka með undanþágu samkvæmt 3. gr., varðandi skilyrði og gæði þeirra áætlunarskipaflutninga sem samtökin annast og öll almenn atriði sem tengjast slíkum flutningum, að því marki sem þau má rekja til samráðsins sem kveðið er á um í 2. mgr. 9. gr., eru hér með undanþegin banninu sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 81. gr. sáttmálans.

V. VIÐAUKI

ÝMIS ÁKVÆÐI

11. gr.

Þagnarskylda

1. Vitneskju, sem aflað er samkvæmt 7. gr. og 5. mgr. 9. gr., skal einungis nota í málum er falla undir þessa reglugerð.

2. Framkvæmdastjórninni og lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna, embættismönnum þeirra og öðrum opinberum starfsmönnum, er óheimilt að láta öðrum í té vitneskju, sem þeir öðlast við það að beita ákvæðum þessarar reglugerðar og er þess eðlis að hún falli undir þagnarskyldu embættismanna.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu ekki koma í veg fyrir birtingu almennra upplýsinga eða kannana sem fela ekki í sér upplýsingar um einstök fyrirtæki eða samtök fyrirtækja.

12. gr.

Afturköllun hópundanþágu

Í samræmi við 6. gr. reglugerðar (EBE) nr. 479/92 getur framkvæmdastjórnin afturkallað hópundanþágu í ákveðnum tilvikum ef hún kemst að raun um að samningur, ákvörðun og samstilltar aðgerðir, sem njóta undanþágu samkvæmt 3. gr. eða 1. mgr. 13. gr. þessarar reglugerðar, hafi samt sem áður tiltekin áhrif sem eru í ósamræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um 3. mgr. 81. gr. eða eru óheimil samkvæmt 82. gr. sáttmálans, einkum þegar:

a) í tilteknum flutningum er ekki fyrir hendi virk samkeppni utan samsiglingakerfisins, sem skipafélagasamtökin tilheyra, eða utan tiltekinna skipafélagasamtaka;

b) hvað eftir annað bregst að skipafélagasamtök uppfylli þær skyldur sem kveðið er á um í 9. gr.;

c) framferði skipafélagasamtaka hefur áhrif sem stangast á við ákvæði 82. gr. sáttmálans;

d) slík áhrif eru afleiðing úrskurðar gerðardóms.

13. gr.

Bráðabirgðaákvæði

1. Ákvæði 1. mgr. 81 gr. sáttmálans skulu ekki gilda um samninga sem eru í gildi 25. apríl 2000 og sem fullnægja, á þeim degi, kröfum í reglugerð (EBE) nr. 870/95 vegna undanþágu og sem voru meðhöndlaðir samkvæmt málsmeðferð þar sem andmælum var hreyft eins og kveðið var á um í 7. gr. þeirrar reglugerðar.

2. Tilkynning, sem er lögð fram samkvæmt 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 870/95 áður en þessi reglugerð gengur í gildi, telst lögð fram samkvæmt 7. gr. þessarar reglugerðar verði sex mánaða fresturinn ekki útrunninn 25. apríl 2000.

14. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi 26. apríl 2000.

Hún gildir til 25. apríl 2005.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. apríl 2000.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Mario MONTI

framkvæmdastjóri.

Nr. 285 22. mars 2001

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 359/1993 um þjóðgarðinn í Jökulsárgljúfrum.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Náttúruvernd ríkisins til ráðgjafar starfar sérstök ráðgjafarnefnd skipuð af ráðherra til 4 ára í senn. Í nefndinni eiga sæti forstjóri Náttúruverndar ríkisins sem er formaður, einn fulltrúi tilnefndur af Kelduneshreppi og einn tilnefndur af ferðamálasamtökum í viðkomandi landshluta. Þjóðgarðsvörður situr fundi nefndarinnar og hefur málfrelsi og tillögurétt. Nefndin skal halda fundi eigi sjaldnar en tvisvar á ári.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett í samræmi við ákvæði 52. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 22. mars 2001.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi við Urðarás 12 í Hraunsholti, Ásum í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti 1. mars 2001 óverulega breytingu á deiliskipulagi við Urðarás 12 í Hraunsholti, Ásum í Garðabæ.

Í breytingunni felst að hús fer út fyrir byggingarreit u.þ.b. 4 m^2 á austurhlið og u.þ.b. 0,5 m^2 á suðurhlið.

Með deiliskipulagsbreytinguna hefur verið farið í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

F. h. Garðabæjar, 26. mars 2001.

Bergljót S. Einarsdóttir skipulagsfulltrúi.

15. janúar 2001 Nr. 287

GJALDSKRÁ

fyrir sorphreinsun í Skaftárhreppi 2001.

1. gr.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps er heimilt að leggja á árlegt sorphreinsunargjald (sorphirðu- og sorpeyðingargjald) í Skaftárhreppi samkvæmt 8. gr. samþykktar um sorphreinsun í Skaftárhreppi nr. 275/2000.

2. gr.

Innheimta skal sorphreinsunargjald að lágmarki kr. 10.488 af hverri íbúð.

Gjöld vegna sumarhúsa skulu vera að lágmarki kr. 5.244 af hverju húsi þar sem regluleg sorphreinsun fer fram. Gjöld vegna annarra sumarhúsa skulu vera að lágmarki kr. 2.622.

Fyrirtæki skulu greiða sorphreinsunargjöld að lágmarki kr. 10.488 fyrir hvert fyrirtæki. Til fyrirtækja teljast þeir lögaðilar sem stunda sjálfstæðan atvinnurekstur og þeir sem stunda búrekstur á jörðum í sveitarfélaginu.

Sorphreinsunargjöld skulu að jafnaði innheimt með fasteignagjöldum eða með sérstökum reikningi þar sem það á við.

3. gr.

Sorphreinsunargjaldið er sem hér segir:

	kr.
a. Íbúðir	10.488
b. Sumarhús	5.244
c. Önnur sumarhús	2.622
d. Fyrirtæki	
Flokkur A	10.488
Flokkur B	20.976
Flokkur C	41.925
Flokkur D	83.904
Flokkur E	104.880
Flokkur F	125.856

Sveitarstjórn skipar fyrirtækjum í flokka eftir magni eða rúmmáli úrgangs.

4. gr.

Fyrirtæki geta farið fram á endurskoðun á ákvörðun um flokkun samkvæmt d-lið 3. greinar. Sveitarstjórn er einnig heimilt að endurákvarða flokkun vegna breytinga á rekstri fyrirtækja eða vegna nýrra fyrirtækja sem hefja rekstur á árinu.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er sett af sveitarstjórn Skaftárhrepps að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar Suðurlands samkvæmt samþykkt um sorphreinsun í Skaftárhreppi nr. 275/2000 og 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum.

Kirkjubæjarklaustri, 15. janúar 2001.

Ólafía Jakobsdóttir sveitarstjóri.

Nr. 288 12. febrúar 2001

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Skaftárhreppi 2000.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund í Skaftárhreppi, sbr. staflið e, 1. gr. samþykktar frá 29. maí 1995, með síðari breytingum; um takmörkun hundahalds í Skaftárhreppi skal vera kr. 2.500 árið 2000.

Gjaldið skiptist sem hér segir:

Grunngjald kr. 500, sem innifelur akstur, skráningu og eftirlit.

Hundahreinsunargjald, kr. 2.000 á hvern hund sem innifelur lyf og kostnað við hundahreinsun.

Haldi sami aðili fleiri en einn hund greiðist eitt grunngjald kr. 500 og kr. 2000 á hvern hund umfram einn.

Allur kostnaður vegna förgunar og vörslu hunda sem teknir eru lausir, s.s. útkallskostnaður og bifreiðakostnaður skal greiddur af hlutaðeigandi umráðamanni hunds, sbr. 2. og 3. gr. samþykktar um takmörkun hundahalds í Skaftárhreppi frá 29. maí 1995, með síðari breytingum.

2. gr.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Skaftárhrepps, skv. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar Suðurlands, gildir vegna eftir á innheimtu fyrir árið 2000.

Kirkjubæjarklaustri, 12. febrúar 2001.

F.h. sveitarstjórnar,

Ólafía Jakobsdóttir sveitarstjóri.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi athafnasvæðis við Meltún fyrir lóðina Völuteig 17-19, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti minniháttar breytingu á deiliskipulagi athafnasvæðis við Meltún, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 28. febrúar 2001.

Breytingin felst í því að byggingarreitur er stækkaður um 5,75 m til suðurs og 13,9 m til austurs.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu skipulagsins. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi og við gildistöku þess fellur úr gildi eldra deiliskipulag fyrir lóðirnar frá 11. júní 2000.

Mosfellsbæ, 22. mars 2001.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar,

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.

20. mars 2001 Nr. 290

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Aðaldælahreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn Aðaldælahrepps er heimilt skv. 8. gr. samþykktar um sorphirðu í sveitarfélaga á Norðurlandi eystra, nr. 541/2000, að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpförgunargjald).

2. gr.

Sorphirðugjaldið er árlegt sem hér greinir:

	kr.
A) Á íbúð	6.000
B) Sumarbústaðir, hvert hús	2.000
C) Fyrirtæki samkvæmt eftirfarandi flokkun:	
Flokkur a)	20.000
Flokkur b)	30.000
Flokkur c)	40.000
Flokkur d)	50.000

Sveitarstjórn raðar fyrirtækjum í gjaldflokka m.a. eftir umfangi og áætluðu magni úrgangs.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af sveitarstjórn Aðaldælahrepps, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra, með heimild í 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000, og 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi fyrri gjaldskrá nr. 197/1999.

Iðjugerði 1, 20. mars 2001.

F.h. Aðaldælahrepps,

Dagur Jóhannesson oddviti.

REGLUR

um takmörkun á fjölda þeirra sem hefja nám í hjúkrunarfræði við heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri, á vormisseri 2002.

Fjöldatakmörkun á 1. ári í hjúkrunarfræði við heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri verður beitt ef fjöldi innritaðra nemenda er 42 eða fleiri á haustmisseri árið 2001. Fjöldi þeirra nemenda sem öðlast rétt til náms á vormisseri 1. námsárs í hjúkrunarfræði við heilbrigðisdeild miðast við grunntöluna 32 nemendur.

Þannig samþykkt af háskólaráði þann 5. mars 2001.

Háskólanum á Akureyri, 5. mars 2001.

Þorsteinn Gunnarsson rektor.

Jóhann Örlygsson
ritari háskólaráðs.

Nr. 292 22. mars 2001

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 319/1984 um þjóðgarðinn í Skaftafelli.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Náttúruvernd ríkisins til ráðgjafar starfar sérstök ráðgjafarnefnd skipuð af ráðherra til 4 ára í senn. Í nefndinni eiga sæti forstjóri Náttúruverndar ríkisins sem er formaður, einn fulltrúi tilnefndur af Hornafirði og einn tilnefndur af ferðamálasamtökum í viðkomandi landshluta. Þjóðgarðsvörður situr fundi nefndarinnar og hefur málfrelsi og tillögurétt. Nefndin skal halda fundi eigi sjaldnar en tvisvar á ári.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett í samræmi við ákvæði 52. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 22. mars 2001.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 293 28. mars 2001

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Bjargslandi (Súluklettur 1 og 2), Borgarnesi.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt ofangreinda breytingu á skipulagi sem felst í því að íbúðahúsalóðir við Súluklett 1 og 2 breytast úr einbýlishúsalóðum í tvíbýlishúsalóðir.

Breyting á deiliskipulaginu hefur fengið meðferð samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga. Breyting á skipulaginu hefur verið yfirfarin af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997.

Ofangreind breyting á deiliskipulaginu öðlast þegar gildi.

Borgarnesi, 28. mars 2001.

Bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar,

Sigurður P. Harðarson.

5. mars 2001 Nr. 294

REGLUR

um val á nemendum til náms í hjúkrunarfræði við heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri skólaárið 2001–2002.

Fjöldi þeirra nemenda, sem öðlast rétt til náms á vormisseri 1. námsárs í hjúkrunarfræði við heilbrigðisdeild, miðast við grunntöluna 32.

Við val á þessum nemendum verður beitt eftirfarandi reglum:

1. Prófað verður úr öllum þeim námskeiðum sem kennd eru á haustmisseri 1. námsárs. Nemendur verða að taka öll prófin á sama námsári og valið fer fram. Ekki er hægt að fá viðurkennd eldri próf.

2. Prófað verður úr fimm námsleiðum. Vægi þeirra er sem hér segir:

Hjúkrunarfræði I (3 ein.)	20%
Líffærafræði I (2 ein.)	15%
Vefja- og frumulíffræði (4 ein.)	25%
Heimspeki (3 ein.)	20%
Sálfræði (3 ein.)	20%

Heildareinkunn úr hverju námskeiði skal reiknuð í heilum tölum frá 1-10. Þær einkunnir eru síðan aðlagaðar ofangreindu vægi. Heildareinkunn í *numerus clausus* er vegið meðaltal úr einstökum námskeiðum og skal hún gefin upp með tveimur aukastöfum. Þessi einkunn er lögð til grundvallar við niðurröðun nemenda varðandi áframhaldandi nám.

3. Skipa skal prófdómara skv. reglum sem um þá gilda (sbr. 18. gr. reglugerðar fyrir Háskólann á Akureyri frá 3. desember 1999) fyrir allar prófgreinar samkeppnisprófsins. Heildareinkunn í námskeiði er gefin í heilum tölum og er meðaltal einkunna kennarans og prófdómarans. Einkunnir kennara og prófdómara skulu gefnar upp með einum aukastaf.

4. Að einkunnum kunngerðum, skv. lið 3, fer engin endurskoðun fram á þeim á vegum heilbrigðisdeildar.

5. Nemandi sem ekki mætir til prófs vegna veikinda, skal tilkynna forföll áður en próf hefst. Læknisvottorði skal skilað til skrifstofu skólans við fyrstu hentugleika og eigi síðar en fimm dögum eftir að próf var haldið, annars telst hann hafa þreytt prófið.

6. Þeim nemendum, sem ná prófum í öllum námsgreinum haustmisseris 1. námsárs, er raðað eftir lækkandi heildareinkunn. Nemandi telst ekki hafa staðist próf nema hann hljóti einkunnina 5 minnst. Ef tveir eða fleiri nemendur eru jafnir í síðasta sæti skulu þeir báðir/allir eiga rétt til setu á vormisseri 1. námsárs.

7. Verði niðurstaða úr prófum slík, að ekki nái 32 nemendur lágmarkseinkunn í öllum námskeiðum, skal þeim sem þess óska gefinn kostur á að þreyta endurtökupróf í þeim námskeiðum þar sem lágmarkseinkunn náðist ekki. Endurtökupróf þessi skulu fara fram svo fljótt sem allar einkunnir samkeppnisprófa liggja fyrir. Þeim nemendum sem standast endurtökupróf er síðan raðað eftir lækkandi heildareinkunn.

8. Segi nemandi, sem öðlast hefur rétt til setu á vormisseri 1. námárs, sæti sínu lausu innan tveggja vikna frá upphafi vormisseris, skal þeim sem hæsta meðaleinkunn hefur meðal brottfallinna nemenda boðið sætið, svo fremi að viðkomandi nemandi hafi staðist öll próf.

9. Nemandi sem ekki hefur aflað sér réttar til setu á vormisseri skv. ofangreindum reglum telst ekki skrásettur nemandi í deildinni (sbr. 16. gr. reglugerðar fyrir Háskólann á Akureyri frá 3. desember 1999).

10. Háskólaráði er heimilt, í sérstökum tilvikum, að veita undanþágur frá reglum þessum að fengnum tillögum deildarfundar heilbrigðisdeildar.

Þannig samþykkt af háskólaráði þann 5. mars 2001.

Háskólanum á Akureyri, 5. mars 2001.

Þorsteinn Gunnarsson rektor.

Jóhann Örlygsson
ritari háskólaráðs.

Nr. 295 5. mars 2001

REGLUR

um val á nemendum til náms í iðjuþjálfun við heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri skólaárið 2001–2002.

Fjöldi þeirra nemenda, sem öðlast rétt til náms á vormisseri 1. námsárs í iðjuþjálfun við heilbrigðisdeild, miðast við grunntöluna 18.

Við val á þessum nemendum verður beitt eftirfarandi reglum:

1. Prófað verður úr öllum þeim námskeiðum sem kennd eru á haustmisseri 1. námsárs. Nemendur verða að taka öll prófin á sama námsári og valið fer fram. Ekki er hægt að fá viðurkennd eldri próf.

2. Prófað verður úr fimm námsleiðum. Vægi þeirra er sem hér segir:

Inngangur að iðjuþjálfun (2 ein.)	15%
Líffærafræði I (3 ein.)	20%
Vefja- og frumulíffræði (4 ein.)	25%
Heimspeki (3 ein.)	20%
Sálfræði (3 ein.)	20%

Heildareinkunn úr hverju námskeiði skal reiknuð í heilum tölum frá 1-10. Þær einkunnir eru síðan aðlagaðar ofangreindu vægi. Heildareinkunn í *numerus clausus* er vegið meðaltal úr einstökum námskeiðum og skal hún gefin upp með tveimur aukastöfum. Þessi einkunn er lögð til grundvallar við niðurröðun nemenda varðandi áframhaldandi nám.

3. Skipa skal prófdómara skv. reglum sem um þá gilda (sbr. 18. gr. reglugerðar fyrir Háskólann á Akureyri frá 3. desember 1999) fyrir allar prófgreinar samkeppnisprófsins. Heildareinkunn í námskeiði er gefin í heilum tölum og er meðaltal einkunna kennarans og prófdómarans. Einkunnir kennara og prófdómara skulu gefnar upp með einum aukastaf.

4. Að einkunnum kunngerðum, skv. lið 3, fer engin endurskoðun fram á þeim á vegum heilbrigðisdeildar.

5. Nemandi sem ekki mætir til prófs vegna veikinda, skal tilkynna forföll áður en próf hefst. Læknisvottorði skal skilað til skrifstofu skólans við fyrstu hentugleika og eigi síðar en fimm dögum eftir að próf var haldið, annars telst hann hafa þreytt prófið.

6. Þeim nemendum, sem ná prófum í öllum námsgreinum haustmisseris 1. námsárs, er raðað eftir lækkandi heildareinkunn. Nemandi telst ekki hafa staðist próf nema hann hljóti einkunnina 5 minnst. Ef tveir eða fleiri nemendur eru jafnir í síðasta sæti skulu þeir báðir/allir eiga rétt til setu á vormisseri 1. námsárs.

7. Verði niðurstaða úr prófum slík, að ekki nái 18 nemendur lágmarkseinkunn í öllum námskeiðum, skal þeim sem þess óska gefinn kostur á að þreyta endurtökupróf í þeim námskeiðum þar sem lágmarkseinkunn náðist ekki. Endurtökupróf þessi skulu fara fram svo fljótt sem allar einkunnir samkeppnisprófa liggja fyrir. Þeim nemendum sem standast endurtökupróf er síðan raðað eftir lækkandi heildareinkunn.

8. Segi nemandi, sem öðlast hefur rétt til setu á vormisseri 1. námárs, sæti sínu lausu innan tveggja vikna frá upphafi vormisseris, skal þeim sem hæsta meðaleinkunn hefur meðal brottfallinna nemenda boðið sætið, svo fremi að viðkomandi nemandi hafi staðist öll próf.

9. Nemandi sem ekki hefur aflað sér réttar til setu á vormisseri skv. ofangreindum reglum telst ekki skrásettur nemandi í deildinni (sbr. 16. gr. reglugerðar fyrir Háskólann á Akureyri frá 3. desember 1999).

10. Háskólaráði er heimilt, í sérstökum tilvikum, að veita undanþágur frá reglum þessum að fengnum tillögum deildarfundar heilbrigðisdeildar.

Þannig samþykkt af háskólaráði þann 5. mars 2001.

Háskólanum á Akureyri, 5. mars 2001.

Þorsteinn Gunnarsson rektor.

Jóhann Örlygsson
ritari háskólaráðs.

22. mars 2001 Nr. 296

REGLUR

um Háskólaútgáfuna.

1. gr.

Háskólaútgáfan er starfrækt af Háskóla Íslands og heyrir beint undir háskólaráð.

2. gr.

Markmið Háskólaútgáfunnar er að gefa út rit um málefni sem tengjast starfsemi Háskóla Íslands. Skal að því stefnt að nafn og merki Háskólaútgáfunnar auðkenni einkum viðurkennd rit sem ætlað er að miðla þekkingu og dreifa niðurstöðum rannsókna. Útgáfuverkefni af öðrum toga sem Háskólaútgáfan annast sjálf eða fyrir aðra skulu að öllu jöfnu auðkennd með öðrum hætti.

3. gr.

Hlutverk Háskólaútgáfunnar er:

a. að veita aðilum innan Háskóla Íslands fjölbreytta þjónustu á sviði útgáfumála,
b. að annast prentumsjón og framleiðslu á ritum sem tekin eru til útgáfu undir nafni og merki Háskólaútgáfunnar,
c. að vera milligönguaðili um hagkvæma samninga við aðila utan háskólans um einstaka framleiðsluþætti í útgáfuferlinu,

d. að annast sölu og dreifingu á ritum háskólamanna og standa fyrir kynningu á þeim,
e. að veita háskólamönnum ráðgjöf á sviði útgáfumála,
f. að efla samstarf við rannsóknarstofnarnir og háskóla um dreifingu rannsóknaefnis,
g. að leita eftir styrkjum og stuðningi opinberra aðila við útgáfuverkefni.

4. gr

Háskólaráð skipar Háskólaútgáfunni þriggja manna stjórn til þriggja ára í senn. Stjórnin skiptir með sér verkum.

5. gr.

Formaður stjórnar boðar stjórnarfundi bréflega, eða í tölvupósti, og með hæfilegum fyrirvara. Fundarboð skal greina dagskrá fundar.

Skylt er að boða stjórnarfund óski tveir eða fleiri stjórnarmenn þess. Sama gildir ef rektor ber fram slíka ósk og hefur þá hann, eða sá sem sækir fundinn í umboði hans, málfrelsi og tillögurétt á fundinum.

Falli atkvæði jöfn á stjórnarfundi ræður atkvæði formanns eða þess sem gegnir formannsstörfum.

Halda skal gerðarbók stjórnar og skulu staðfestar fundargerðir færðar í hana. Afrit fundargerða skulu send rektor.

Forstöðumaður situr stjórnarfundi með málfrelsi og tillögurétt en án atkvæðisréttar.

6. gr.

Stjórnin tekur allar stefnumarkandi ákvarðanir fyrir Háskólaútgáfuna, markar henni stefnu um útgáfu og rekstur og ber ábyrgð á starfsemi hennar gagnvart yfirstjórn háskólans. Meðal verkefna stjórnar er að staðfesta ráðningu starfsliðs, samþykkja rekstraráætlanir og verðskrá auk þess sem stjórnin tekur afstöðu til allra tillagna um stærri útgáfuverkefni sem ráðist er í undir nafni Háskólaútgáfunnar.

7. gr.

Rektor ræður forstöðumann útgáfunnar að fengnum tillögum stjórnar og setur honum erindisbréf. Forstöðumaður stjórnar daglegum rekstri útgáfunnar, gerir tillögur til stjórnar um ráðningu starfsliðs og sér um framkvæmd á þeim málum, sem stjórnin felur honum. Forstöðumaður gerir samninga um framleiðslu á útgefnum ritum og er heimilt að fela verktökum að annast heildarprentumsjón.

Forstöðumaður er í starfi sínu ábyrgur gagnvart stjórn og rektor.

8. gr.

Tekjur Háskólaútgáfunnar eru:
a. andvirði rita sem seld eru fyrir reikning útgáfunnar sjálfrar,
b. þóknun af sölu rita fyrir reikning annarra,
c. greiðslur vegna verka sem útgáfan tekur að sér,
d. umsýslu-, þjónustu- og lagergjöld vegna útgefinna rita,
e. styrkir og aðrar tekjur.

9. gr.

Reikningshald útgáfunnar er hluti af reikningshaldi háskólans. Árlega skal leggja fyrir háskólaráð sjálfstætt og endurskoðað reikningsuppgjör útgáfunnar.

Gætt skal að því að opinberu fé sé varið í samræmi við ákvæði samkeppnislaga.

10. gr.

Formlegt mat á rekstri og starfsemi Háskólaútgáfunnar skal fara fram með reglulegu millibili, samkvæmt nánari ákvörðun háskólaráðs.

11. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli heimildar í 2. mgr. 19. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, sbr. 26. gr. reglugerðar nr. 458/2000 fyrir Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 22. mars 2001.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.

22. mars 2001 Nr. 297

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Lögreglusjóð Reykjavíkur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Lögreglusjóður Reykjavíkur.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af andvirði fundinna fjármuna, sem eigandi hefir ekki gefið sig fram að, samkvæmt opnu kansellibréfi dags. 8. júní 1811.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru þessar:

1. Andvirði fundinna fjármuna, samkvæmt áðurnefndu kansellibréfi.
2. Tillög lögregluþjóna, eins og þau verða ákveðin hverju sinni á aðalfundi LR.
3. Vextir.
4. Gjafir og aðrar tekjur sem sjóðnum kunna að áskotnast.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styðja allskonar menningarstarfsemi, íþróttastarfsemi og almennt félagslíf innan lögreglunnar í Reykjavík með fjárstyrkjum.

Meðal þess sem ætlast er til að sjóðurinn styrki skal þetta sérstaklega talið:

1. Íþróttastarfsemi innan lögreglunnar.
2. Hljómlistarlíf og söngstarfsemi innan lögreglunnar.
3. Hópferðir og útilíf innan lögreglunnar
4. Samstarfsverkefni til eflingar skilnings og samvinnu milli lögreglu og almennings
5. Árshátíð og skemmtanir.

5. gr.

Lögreglustjórinn í Reykjavík skal hafa vörslu sjóðsins, annast ávöxtun hans, reikningshald og innheimtur hans vegna. Ber honum að færa bók yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld og færa í hana ársreikninga sjóðsins.

6. gr.

Aðalfundur Lögreglufélags Reykjavíkur kýs þriggja manna sjóðstjórn og jafnmarga til vara, til eins árs, er ákveður fjárveitingar úr sjóðnum og vinnur að því að afla honum tekna. Stjórnin telst löglega kosin ef þess hefur verið getið í fundarboði til aðalfundar LR að kosning stjórnarinnar eigi að fara fram.

Umsóknir um styrkveitingar úr sjóðnum skulu hafa borist stjórn sjóðsins fyrir 1. febrúar ár hvert og vera skriflegar. Stjórn sjóðsins skal hafa lokið við úthlutanir úr sjóðnum í septembermánuði.

Stjórnin skal halda gjörðabók og færa í hana skipulagsskrána, breytingar á henni, umsóknir um styrki, styrkveitingar og ástæður fyrir þeim, samþykktir stjórnarinnar og annað er varðar hag og rekstur sjóðsins.

7. gr.

Einn þriðji (1/3) hluti tekna sjóðsins skal renna í Slysa- og sjúkrasjóð Lögreglufélags Reykjavíkur enda sé ekki öðru vísi fyrir mælt af gefendum.

8. gr.

Tveir þriðju (2/3) hlutar tekna sjóðsins er starfsfé hans, sem úthluta má árlega í samræmi við 4. gr. Nú er árlegu starfsfé sjóðsins ekki öllu eytt á því ári og skal þá það sem umfram er lagt við starfsfé næsta árs.

9. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta á sem tryggilegastan hátt hverju sinni og miða við það að sem hæst ávöxtun fáist.

10. gr.

Reikninga sjóðsins skal gera árlega og skulu þeir lagðir fram skoðaðir á aðalfundi LR. Skulu þeir bornir undir atkvæði til samþykktar. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

11. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi er sett í samráði við stjórn Lögreglufélags Reykjavíkur og stjórn Lögreglusjóðs Reykjavíkur.

Skipulagsskráin kemur í stað skipulagsskrár fyrir samnefndan sjóð, sem staðfest var skipulagsskrá fyrir 26. október 1938, nr. 116 í B-deild Stjórnartíðinda 1938.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 22. mars 2001.

F. h. r.
Björn Friðfinnsson.

Fanney Óskarsdóttir.

REGLUGERÐ

um fráveitu í Stykkishólmi.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um fráveitu í Stykkishólmi.

I. KAFLI

Um fráveituna.

2. gr.

Stykkishólmsbær starfrækir fráveitu í bæjarfélaginu. Bæjarsjóður kostar rekstur hennar og framkvæmdir við hana. Bæjarstjórn ákveður framkvæmdir við fráveitu og veitir árlega fé á fjárhagsáætlun bæjarsjóðs til reksturs og framkvæmda við hana.

Tæknideild bæjarfélagsins fer með umsjón, hönnun, framkvæmdir og rekstur fráveitunnar í umboði bæjarstjórnar.

3. gr.

Fráveitan veitir fráveituvatni sem getur verið húsaskólp, iðnaðarskólp, ofanvatn, frárennslisvatn hitaveitu, kælivatn og ræsisvatn um fráveitulagnir frá byggð til viðtaka.

Einföld fráveita veitir skólpi og ofanvatni saman í einni fráveitulögn en tvöföld fráveita veitir skólpi og ofanvatni í tveimur aðskildum samliggjandi fráveitulögnum.

Bæjarsjóður á allar holræsalagnir fráveitu, útrásir, stofnræsi, götuholræsi, ofanvatnsræsi í götum og opnum svæðum og götufráræsi að fráræsum húseigna við lóðamörk. Enn fremur allan fráveitubúnað, brunna, niðurföll, hverfisrotþrær, dælustöðvar og hreinsistöðvar.

4. gr.

Þar sem fráveita bæjarfélagsins nær til skal húseigendum séð fyrir götufráræsi frá götuholræsi að lóðarmörkum húseigna. Þar sem fráveitan liggur um lóðir skal séð fyrir tengigrein á holræsalögn. Tæknideild bæjarfélagsins ákveður legu götuholræsa og tengigreina.

5. gr.

Húseigendum sem eiga húseignir við vegi eða opin svæði þar sem fráveita bæjarfélagsins liggur er skylt að leggja á sinn kostnað fráræsi frá húseignum sínum og tengja þau við fráveituna. Þegar lögð er tvöföld fráveita skulu húseigendur halda skólpi aðskildu frá ofanvatni og bakrennslisvatni hitaveitu. Að öðru leyti er bent á ákvæði reglugerðar um fráveitur og skólp nr. 798/1999.

6. gr.

Þegar ekki er unnt að ná nægilegum halla á fráræsi húseignar að fráveitu bæjarfélagsins skal húseigandi leiða fráveituvatn frá húseigninni að safnbrunni þannig staðsettum að hægt sé að veita fráveituvatni frá honum í fráveitu bæjarfélagsins.

7. gr.

Þar sem fráveita bæjarfélagsins nær ekki til skulu húseigendur leiða fráveituvatn frá fráræsum húseigna um rotþrær og siturleiðslur. Húseigandi kostar niðursetningu og annan frágang rotþróa og lagna. Rotþró skal samþykkt af byggingarfulltrúa og hafa hlotið viðurkenningu Hollustuverndar. Húseigandi kostar allt viðhald.

Þegar fráveita bæjarins hefur verið lögð skulu húseigendur kosta og tengja fráræsi húseigna við hana.

8. gr.

Þegar tengja skal fráræsi húseigna við fráveitu bæjarfélagsins eða veita fráveituvatni frá þeim um rotþró, sé þess ekki kostur að tengja fráræsislögn frá húseign við fráveitu, skal sækja um það til byggingarfulltrúa bæjarins á þar til gerðum eyðublöðum sem bærinn lætur í té. Umsóknir skulu undirritaðar af húseigendum eða fullgildum umboðsmönnum þeirra ásamt pípulagningameistara þeim sem verkið á að vinna. Umsóknum skulu fylgja teikningar af fráveitulögnum húsa og lóða og fráræsum frá húseignum sem tengja fráveitu bæjarfélagsins.

Umsóknum um rotþrær skulu fylgja teikningar sem sýni gerð þeirra og staðsetningu og siturleiðslur að viðtaka auk teikninga af fráveitulögnum húsa og lóða. Rotþró skal valinn þannig staður að auðvelt sé að komast að henni með tæki til hreinsunar, sbr. 12. gr.

9. gr.

Teikningar skulu fylgja almennum reglum um hönnun fráveitulagna í húsum, sbr. byggingarreglugerð og byggingarskilmála. Allt efni skal standast kröfur um efni og vinnu sem gerðar eru á hverjum tíma.

10. gr.

Byggingarfulltrúi bæjarins skal hafa eftirlit með því að fráveitulagnir frá húseignum séu lagðar samkvæmt samþykktum teikningum. Áður en lagnir eru huldar skal einnig taka út og viðurkenna fráræsi frá húseignum og tengingar þeirra við fráveitu bæjarins eða rotþrær.

11. gr.

Eigendum fasteigna er skylt að hlíta því að lagnir fráveitu bæjarfélagsins séu lagðar um lóðir þeirra og lönd og fram fari á þeim nauðsynlegt viðhald enda sé haft um það samráð við lóðarhafa. Stykkishólmsbæ er skylt að halda raski í lágmarki og ganga snyrtilega um og færa allt til fyrra horfs eins og við verður komið.

12. gr.

Húseigendum er skylt að halda vel við fráveitulögnum húseigna sinna og sjá um hreinsun á fráræsum og gæta þess að þau stíflist ekki.

Óheimilt er að láta í fráveitu bæjarfélagsins hvers kyns olíur, bensín, lífræn leysiefni eða annað það sem skemmt getur eða truflað rekstur fráveitukerfisins. Um mengunarvarnir fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, og reglugerða, með síðari breytingum.

13. gr.

Þar sem hætta er á að fráveituvatn frá fráveitu bæjarfélagsins flæði til baka um fráræslagnir frá húseignum vegna vatnsborðsriss af völdum ofanvatns eða hárrar sjávarstöðu skulu húseigendur koma fyrir sjálfvirkum flóðlokum við gólfniðurföll.

II. KAFLI

Um fráveitugjald.

14. gr.

Af öllum fasteignum í Stykkishólmi sem liggja við vegi, götur eða opin svæði þar sem holræsalagnir fráveitu bæjarfélagsins liggja skal greiða árlega fráveitugjald og skal því varið til þess að standa straum af kostnaði við fráveitu bæjarins.

15. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna, nr. 94/1976, með síðari breytingum.

Fráveitugjald skal nema 0,20% af álagningarstofni. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald.

Gjalddagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og bæjarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

16. gr.

Fráveitugjald greiðist af skráðum eiganda fasteignar ef um eignarlóð er að ræða en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Fráveitugjald má innheimta með fjárnámi og má gera fjárnám í hinni skattskyldu eign. Nýtur fráveitugjaldið fjárnámsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

17. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Mál varðandi brot á reglugerð þessari skal farið með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Stykkishólms, staðfestist hér með skv. X. kafla vatnalaga nr. 15/1923 til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um holræsi og holræsagjöld í Stykkishólmi nr. 173/1974.

Félagsmálaráðuneytinu, 23. mars 2001.

F. h. r.
Sigríður Lillý Baldursdóttir.

Guðjón Bragason.

20. mars 2001 Nr. 299

REGLUR

um öryggi persónuupplýsinga.

I. KAFLI
Markmið og gildissvið.

1. gr.

Markmið.

Markmið reglna þessara er að tryggja öryggi við vinnslu persónuupplýsinga. Í því felst að tryggja eðlilega leynd upplýsinganna, lögmætan aðgang að þeim, gæði þeirra og áreiðanleika.

Að öðru leyti en kemur fram í reglum þessum má til hliðsjónar og leiðbeiningar styðjast við staðalinn ÍST BS 7799 Stjórnun upplýsingaverndar.

2. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um vinnslu persónuupplýsinga sem lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, taka til.

Persónuvernd getur veitt undanþágu frá fyrirmælum reglna þessara ef um er að ræða

vinnslu persónuupplýsinga sem ekki telst hafa í för með sér hættu fyrir friðhelgi einkalífs, t.d. þegar litið er til umfangs vinnslunnar, áhættu af vinnslunni og eðlis þeirra gagna sem verja á.

II. KAFLI
Öryggiskerfi.

3. gr.

Ábyrgðaraðila ber að útbúa öryggiskerfi til að tryggja vernd persónuupplýsinga. Undirbúningur öryggiskerfis fer fram í þessum áföngum:

1. Ábyrgðaraðili setur sér skriflega *öryggisstefnu*. Í henni skal m.a. koma fram almenn lýsing á afstöðu æðsta stjórnanda ábyrgðaraðila til öryggismála. Við mótun öryggisstefnu skal taka mið af því hvaða persónuupplýsingar skuli vernda, hvernig skuli vernda þær og þeirri aðferð sem viðhöfð verður við vinnslu þeirra.
2. Ábyrgðaraðili gerir skriflegt *áhættumat*. Áhættumat er mat á hættunni á því að óviðkomandi fái aðgang að persónuupplýsingum, geti breytt upplýsingunum eða skert öryggi þeirra að öðru leyti. Áhættumat tekur einnig til athugunar á umfangi og afleiðingum hættunnar m.t.t. eðlis þeirra persónuupplýsinga sem unnið er með. Markmið áhættumats er að skapa forsendur fyrir vali á öryggisráðstöfunum, sbr. III. kafla reglna þessara. Þá skal tilgreina hvað geti farið úrskeiðis, hvaða áhrif slíkt geti haft á öryggi upplýsinganna og hvaða líkur séu á slíku. Áhættumat skal endurskoðað reglulega.
3. Ábyrgðaraðili velur hvaða *öryggisráðstafanir* skulu viðhafðar í samræmi við III. kafla reglna þessara og setja fram skriflega lýsingu á þeim. Í lýsingunni skal m.a. koma fram afstaða ábyrgðaraðilans til þess hvað sé ásættanleg áhætta við vinnsluna. Þá skal rakið hvaða öryggisráðstöfunum verði beitt og hvernig þær verði útfærðar, þ.á m. við hönnun, þróun, rekstur, prófun og viðhald þess kerfis, þ.m.t. hugbúnaðar, sem notað verður við vinnslu upplýsinganna. Þar skal og tekið fram hvernig brugðist verði við áföllum í rekstri vinnslukerfisins, hvernig flutningi persónuupplýsinga milli vinnslukerfa verði hagað, þ. á m. mögulegum flutningi gagna milli ábyrgðar- og vinnsluaðila. Öryggisráðstafanir skal endurskoða reglulega.

Persónuvernd skal hvenær sem hún óskar hafa aðgang að öryggisstefnu ábyrgðaraðila, áhættumati og lýsingu á viðkomandi öryggisráðstöfunum.

III. KAFLI
Öryggisráðstafanir.

4. gr.

Almennt.

Ábyrgðaraðili skal gera viðeigandi öryggisráðstafanir og ber ábyrgð á því að vinnsla persónuupplýsinga séu í samræmi við lög, reglur og fyrirmæli Persónuverndar um hvernig tryggja skuli öryggi upplýsinga, þ.m.t. þá staðla sem hún ákveður. Markmið skipulags- og tæknilegra öryggisráðstafana er til að tryggja nægilegt öryggi og vernda persónuupplýsingar gegn ólöglegri eyðileggingu, gegn því að þær glatist eða breytist fyrir slysni, gegn óleyfilegum aðgangi og gegn allri annarri ólögmætri vinnslu.

Við val öryggisráðstafana skal taka mið af áhættu af vinnslunni og eðli þeirra gagna sem verja á. Skulu þær tryggja nægilegt öryggi með hliðsjón af nýjustu tækni og kostnaði við framkvæmd þeirra. Sé persónuupplýsingum miðlað um netið skal taka mið af þeirri auknu áhættu sem sú aðferð hefur í för með sér.

5. gr.

Öryggisráðstafanir varðandi starfsmannamál.

Í þeim tilgangi að fyrirbyggja og takmarka tjón af völdum mannlegra mistaka, þjófnaðar, svika og annarrar misnotkunar, skal ábyrgðaraðili grípa til þeirra öryggisráðstafana sem við eiga hverju sinni, t.d.:

1. Kanna feril umsækjenda um störf.
2. Fá skjalfestar þagnaryfirlýsingar starfsmanna.
3. Skilgreina með skýrum hætti hlutverk og skyldur hvers starfsmanns sem hefur aðgang að persónuupplýsingum, þ.á m. hverjir beri ábyrgð á einstökum skráasöfnum.
4. Gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að starfsmönnum sé með reglubundnum hætti gerð grein fyrir starfsskyldum sínum og þeim afleiðingum sem það getur haft í för með sér að brjóta þær.

6. gr.

Ytra öryggi.

Í þeim tilgangi að fyrirbyggja og takmarka tjón af völdum óheimils aðgangs, skal ábyrgðaraðili grípa til þeirra öryggisráðstafana sem við eiga hverju sinni, t.d.:

1. Stýra aðgangi að húsnæði með úthlutun lykla, aðgangskorta o.þ.h.
2. Viðhafa öryggisvörslu, t.d. með öryggisvörðum, viðvörunarkerfum eða rafrænni vöktun.

7. gr.

Skipulagslegar og tæknilegar öryggisráðstafanir.

Í þeim tilgangi að fyrirbyggja og takmarka tjón af völdum bilana og óheimils aðgangs að vinnslubúnaði, skal ábyrgðaraðili grípa til þeirra öryggisráðstafana sem við eiga hverju sinni, t.d.:

1. Stýra aðgangi að búnaði með úthlutun aðgangs- og lykilorða.
2. Dulkóða eða eyða persónuauðkennum, eða að setja númer í stað persónuauðkenna og varðveita greiningarlykil með tryggum hætti.
3. Tryggja rekjanleika uppflettinga og vinnsluaðgerða.
4. Varðveita persónuupplýsingar á ónettengdri tölvu.
5. Takmarka aðgang að persónuupplýsingum við lesaðgang (uppflettiaðgang), svo sem í þeim tilgangi að hindra óheimila eyðingu, afritun eða samkeyrslu.
6. Viðhafa sívirkar veiruvarnir.

IV. KAFLI
Innra eftirlit.

8. gr.

Ábyrgðaraðili skal viðhafa innra eftirlit með vinnslu persónuupplýsinga til að ganga úr skugga um að unnið sé í samræmi við gildandi lög og reglur, þ. á m. þá skilmála sem Persónuvernd hefur sett um viðkomandi vinnslu.

Innra eftirlit skal m.a. beinast að:

1. Athugun á því hvort vinnslan sé heimil skv. lögum nr. 77/2000.
2. Hvort fullnægt hafi verið tilkynningar- eða leyfisskyldu þeirri sem kveðið er á um í lögunum.
3. Hvort uppfylltar séu reglur 7. gr. laganna um lögmæti vinnslu, þ. á m. ákvæði 5. tl. um eyðingu persónuupplýsinga sem ekki þarf að varðveita lengur, miðað við upphaflegan tilgang með söfnun þeirra.
4. Hvort virt séu í framkvæmd ákvæði um rétt hins skráða samkvæmt lögunum.
5. Hvort fylgt sé þeim öryggisráðstöfunum sem valdar hafa verið skv. c-lið 1. mgr. 3. gr.

og III. kafla reglna þessara.

6. Innra eftirlit skal viðhaft með reglubundnum hætti. Tíðni eftirlitsins og umfang þess skal ákveðið með hliðsjón af áhættunni sem er samfara vinnslunni, eðli þeirra gagna sem unnið er með, þeirri tækni sem notuð er til að tryggja öryggi upplýsinganna og kostnaði af eftirlitinu. Það skal þó eigi fara fram sjaldnar en árlega.

Að jafnaði skal viðhafa innra eftirlit samkvæmt fyrirfram skilgreindu kerfi.

Ábyrgðaraðili skal sjá til þess að gerð sé skýrsla um hverja aðgerð sem er liður í innra eftirliti. Í slíkri skýrslu skal lýsa niðurstöðu hvers þáttar eftirlitsins. Skýrslur um innra eftirlit skal varðveita tryggilega og hefur Persónuvernd rétt til aðgangs að þeim hvenær sem þess er óskað.

V. KAFLI
Vinnsluaðili.

9. gr.

Ábyrgðaraðila er heimilt að semja við tiltekinn aðila um að annast, í heild eða að hluta til, þá vinnslu persónuupplýsinga sem hann ber ábyrgð á. Slíkt er þó háð því skilyrði að ábyrgðaraðili hafi áður sannreynt að umræddur vinnsluaðili geti viðhaft þær öryggisráðstafanir sem um vinnsluna gilda og framkvæmt innra eftirlit með vinnslunni.

Samningur skv. 1. mgr. skal vera skriflegur og í að minnsta kosti tveimur eintökum. Þar skal m.a. koma fram að vinnsluaðili skuli starfa í samræmi við fyrirmæli ábyrgðaraðila og að ákvæði reglna þessara um skyldur ábyrgðaraðila gildi einnig um þá vinnslu sem vinnsluaðili framkvæmir. Ábyrgðaraðili og vinnsluaðili skulu hvor varðveita sitt eintak af samningnum.

Hafi vinnsluaðili staðfestu í öðru EES ríki en ábyrgðaraðili, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 77/2000, þá skal jafnframt geta þess í samningi að lög og reglur þess ríkis þar sem vinnsluaðili hefur staðfestu, gildi um öryggisráðstafanir við vinnslu persónuupplýsinga.

Hverjum þeim er starfar í umboði ábyrgðaraðila eða vinnsluaðila er aðeins heimilt að vinna með persónuupplýsingar í samræmi við fyrirmæli ábyrgðaraðila, nema lög mæli fyrir á annan veg.

VI. KAFLI
Gildistaka o.fl.

10. gr.

Tilkynning til Persónuverndar um öryggisráðstafanir.

Í tilkynningu til Persónuverndar skv. 31. gr. laga nr. 77/2000 skal koma fram með hvaða hætti ábyrgðaraðili fullnægir ákvæðum reglna þessara.

11. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 11. og 12. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, öðlast þegar gildi.

Persónuvernd, 20. mars 2001.

Páll Hreinsson.

Sigrún Jóhannesdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit Heilbrigðiseftirlits Norðurlandssvæðis eystra.

1. gr.

2.6. Mælingar á skammtastærðum skal framkvæma með kvörðuðum geislamælingabúnaði og niðurstöður skal byggja á samanburði við viðurkennda frumstaðla.

2.7. Á meðan á geislun stendur skal vera hægt að stýra ákveðnum breytum í geislunarstöð og þær skulu skráðar að staðaldri. Þegar notaðar eru geislavirkar samsætur skulu m.a. eftirfarandi breytur skráðar: ferðahraði matvælanna, tími í geislasviði og staðfesting á réttri staðsetningu geislalindar.
Þegar notaðar eru rafeindir eða röntgengeislar skulu m.a. eftirfarandi breytur skráðar: ferðahraði matvælanna, orka geislunar, rafstraumur og vídd skanna.

VIÐAUKI 2
Matvæli sem meðhöndla má með jónandi geislum og hámarks leyfilegir geislaskammtar.

Matvæli	Hámarks leyfilegur geislaskammtur (kGy)
Þurrkaðar kryddjurtir, krydd og grænmetiskrydd	10

STJÓRNARTÍÐINDI B 46 – 2001

30. apríl 2001 887 Nr. 342

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 244/1994, um staðfestingu starfsleyfa nokkurra heilbrigðisstétta o.fl. skv. ákvæðum EES-samningsins.

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 3. gr.:

Í stað orðanna „3. gr. tilskipunar 75/362/EBE sbr. 1. gr. tilskipunar 75/363/EB“ komi orðin „tilskipun 93/16/EBE með síðari breytingum.“

2. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 2. tölulið 4. gr.:

Í stað orðanna „5. gr. og 7. gr. tilskipunar 75/362 sbr. 2.-5. gr. og 8. gr. tilskipunar 75/363/EBE,“ komi orðin „tilskipun 93/16/EBE með síðari breytingum,“

3. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á „Fylgiskjal 1: Læknar“ með reglugerðinni sem orðast svo:

1. 393L0016: Tilskipun ráðsins 93/16/EBE frá 5. apríl 1993 um að greiða fyrir frjálsum flutningum lækna og um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum þeirra, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi, eins og henni er breytt með:
- 398L0021: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/21/EB frá 8. apríl 1998.
- 398L0063: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/63/EB frá 3. september 1998.
- 399L0046: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/46/EB frá 21. maí 1999.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 1. - 5. gr. laga nr. 116/1993 um breytingar á laga-ákvæðum á sviði heilbrigðis- og tryggingamála vegna aðildar að samningi um Evrópskt efnahagssvæði og 4. gr. laga um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum nr. 83/1993, og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 30. apríl 2001

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

Fylgiskjal.

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 98/21/EB

frá 8. apríl 1998

um breytingu á tilskipun ráðsins 93/16/EBE um að greiða fyrir frjálsum flutningum lækna og um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum þeirra, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 49. gr., 57. gr. (fyrsta og þriðja málslið 1. og 2. mgr.) og 66. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 93/16/EBE frá 5. apríl 1993 um að greiða fyrir frjálsum flutningum lækna og um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum þeirra, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi ([1]), eins og henni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/50/EB ([2]), einkum 44. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Holland hefur lagt fram rökstudda beiðni um að heitinu yfir atvinnusjúkdómalækningar verði breytt, að því er varðar það aðildarríki, í skránni yfir sérgreinar læknisfræðinnar sem stundaðar eru í tveimur eða fleiri aðildarríkjum.

Belgía og Lúxemborg hafa lagt fram rökstudda beiðni um að atvinnusjúkdómalækningum verði, að því er varðar þau aðildarríki, bætt við skrána yfir sérgreinar læknisfræðinnar sem stundaðar eru í tveimur eða fleiri aðildarríkjum.

Svíþjóð hefur lagt fram rökstudda beiðni um að félagslækningum verði, að því er varðar það aðildarríki, bætt við skrána yfir sérgreinar læknisfræðinnar sem stundaðar eru í tveimur eða fleiri aðildarríkjum.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndar háttsettra embættismanna um almannaheilbrigði sem kveðið var á um í ákvörðun ráðsins 75/365/EBE ([3]).

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á 2. mgr. 7. gr. tilskipunar 93/16/EBE:

a) Eftirfarandi bætist við undir „atvinnusjúkdómalækningar":

„Belgía: médecine du travail/arbeidsgeneeskunde,

Lúxemborg: médecine du travail".

b) Undir „atvinnusjúkdómalækningar" komi heitið „arbeid en gezondheid" í stað „arbeids- en bedrijfsgeneeskunde" að því er varðar Holland.

c) Eftirfarandi bætist við undir „félagslækningar":

„Svíþjóð: Socialmedicin".

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 31. desember 1998. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni þau ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni er tilskipun þessi tekur til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.*

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 8. apríl 1998.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Mario MONTI

framkvæmdastjóri.

([1]) Stjtíð. EB L 165, 7. 7. 1993, bls. 1.
([2]) Stjtíð. EB L 291, 24. 10. 1997, bls. 35.
([3]) Stjtíð. EB L 167, 30. 6. 1975, bls. 19.

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 98/63/EB

frá 3. september 1998

um breytingu á tilskipun ráðsins 93/16/EBE um að greiða fyrir frjálsum flutningum lækna og um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum þeirra, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 49. gr., 57. gr. (fyrsta og þriðja málslið 1. og 2. mgr.) og 66. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 93/16/EBE frá 5. apríl 1993 um að greiða fyrir frjálsum flutningum lækna og um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum þeirra, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi ([1]), eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/21/EB ([2]), einkum 44 gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Breska konungsríkið hefur lagt fram rökstudda beiðni um að heitunum yfir taugaskurðlækningar, lyflækningar, bæklunarskurðlækningar, líffærameinafræði og geðlækningar verði breytt, að því er varðar það aðildarríki, í skránni yfir sérgreinar læknisfræðinnar sem eru sameiginlegar öllum aðildarríkjunum.

Lúxemborg hefur lagt fram rökstudda beiðni um að heitunum yfir klíníska líffræði, meltingarfæraskurðlækningar, geislalæknisfræði, kjálkaskurðlækningar og tann-, munn- og kjálkaaðgerðir verði, að því er varðar það aðildarríki, bætt við skrána yfir sérgreinar læknisfræðinnar sem stundaðar eru í tveimur eða fleiri aðildarríkjum.

Grikkland hefur lagt fram rökstudda beiðni um að heitinu yfir geislameðferð verði breytt, að því er varðar það aðildarríki, í skránni yfir sérgreinar læknisfræðinnar sem stundaðar eru í tveimur eða fleiri aðildarríkjum.

Breska konungsríkið hefur lagt fram rökstudda beiðni um að heitunum yfir örveru- og gerlafræði [e: sýklafræði], brjóstholsskurðlækningar, hjartalækningar, kynsjúkdómafræði, geislagreiningu, geislameðferð, öldrunarlækningar, nýrnalækningar, smitsjúkdóma og félagslækningar verði breytt, að því er varðar það aðildarríki, í skránni yfir sérgreinar læknisfræðinnar sem stundaðar eru í tveimur eða fleiri aðildarríkjum.

Grikkland hefur lagt fram rökstudda beiðni um að heitunum á æðaskurðlækningum og félagslækningum verði, að því er varðar það aðildarríki, bætt við skrána yfir sérgreinar læknisfræðinnar sem stundaðar eru í tveimur eða fleiri aðildarríkjum.

Belgía, Írland og Breska konungsríkið hafa lagt fram rökstudda beiðni um að slysa- og bráðalækningum verði, að því er varðar þau aðildarríki, bætt við skrána yfir sérgreinar læknisfræðinnar sem stundaðar eru í tveimur eða fleiri aðildarríkjum.

Danmörk, Spánn, Ítalía, Írland, Finnland, Svíþjóð og Breska konungsríkið hafa lagt fram rökstudda beiðni um að klínískri taugalífeðlisfræði verði, að því er varðar þau aðildarríki, bætt við skrána yfir sérgreinar læknisfræðinnar sem stundaðar eru í tveimur eða fleiri aðildarríkjum.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndar háttsettra opinberra embættismanna um almannaheilbrigði sem komið var á fót með ákvörðun ráðsins 75/365/EBE ([3]).

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á 3. mgr. 5. gr. tilskipunar 93/16/EBE:

a) undir „taugaskurðlækningar" komi heitið „neurosurgery" í stað heitisins „neurological surgery" að því er varðar Breska konungsríkið,

b) undir „lyflækningar" komi heitið „general (internal) medicine" í stað heitisins „general medicine" að því er varðar Breska konungsríkið,

c) undir „bæklunarskurðlækningar" komi heitið „trauma and orthopaedic surgery" í stað heitisins „orthopaedic surgery" að því er varðar Breska konungsríkið,

d) undir „líffærameinafræði" komi heitið „histopathology" í stað heitisins „morbid anatomy and histopathology" að því er varðar Breska konungsríkið,

e) undir „geðlækningar" komi heitið „general psychiatry" í stað heitisins „psychiatry" að því er varðar Breska konungsríkið.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á 2. mgr. 7. gr. tilskipunar 93/16/EBE:

a) eftirfarandi bætist við undir „klínísk líffræði":

„Lúxemborg: biologie clinique",

([1]) Stjtíð. EB L 165, 7. 7. 1993, bls. 1.
([2]) Stjtíð. EB L 119, 22. 4. 1998, bls. 15.
([3]) Stjtíð. EB L 167, 30. 6. 1975, bls. 19.

b) undir „örveru- og gerlafræði" komi heitið „medical microbiology and virology" í stað heitisins „medical microbiology" að því er varðar Breska konungsríkið,

c) undir „brjóstholsskurðlækningar" komi heitið „cardio-thoracic surgery" í stað heitisins „thoracic surgery" að því er varðar Breska konungsríkið,

d) eftirfarandi bætist við undir „æðaskurðlækningar":

„Grikkland: Αγγειοχειρουργικής",

e) undir „hjartalækningar" komi heitið „cardiology" í stað heitisins „cardio-vascular diseases" að því er varðar Breska konungsríkið,

f) undir „kynsjúkdómalækningar" komi heitið „genito-urinary medicine" í stað heitisins „venereology" að því er varðar Breska konungsríkið,

g) undir „geislagreining" komi heitið „clinical radiology" í stað heitisins „diagnostic radiology" að því er varðar Breska konungsríkið,

h) undir „geislameðferð" komi heitið „Ακτινοθεραπευτική — Ογκολογία" í stað heitisins „Ακτινοθεραπευτική" að því er varðar Grikkland og heitið „clinical oncology" í stað heitisins „radiotherapy" að því er varðar Breska konungsríkið,

i) undir „öldrunarlækningar" komi heitið „geriatric medicine" í stað heitisins „geriatrics" að því er varðar Breska konungsríkið,

j) undir „nýrnalækningar" komi heitið „renal medicine" í stað heitisins „renal disease" að því er varðar Breska konungsríkið,

k) undir „smitsjúkdómar" komi heitið „infectious diseases" í stað heitisins „communicable diseases" að því er varðar Breska konungsríkið,

l) undir „félagslækningar" bætist „Κοινωνική Ιατρική" við að því er varðar Grikkland og „public health medicine" komi í stað „community medicine" að því er varðar Breska konungsríkið,

m) eftirfarandi bætist við undir „meltingarfæraskurðlækningar":

„Lúxemborg: chirurgie gastro-entérologique",

n) eftirfarandi bætist við undir „geislalækningar":

„Lúxemborg: médecine nucléaire",

o) eftirfarandi bætist við undir „kjálkaskurðlækningar (undirstöðunám í læknisfræði)":

„Lúxemborg: chirurgie maxillo-faciale",

p) eftirfarandi bætist við undir „tann-, munn- og kjálkaaðgerðir (undirstöðunám í læknisfræði og tannlækningum)":

„Lúxemborg: chirurgie dentaire, orale maxillo-faciale",

q) eftirfarandi tveir liðir bætist við:

„— *slysa- og bráðalækningar*

Ireland:	accident and emergency medicine,
United Kingdom:	accident and emergency medicine,

— *klínisk taugalífeðlisfræði*

Danmörk:	klinisk neurofysiologi
Spánn:	neurofisiologia clinica
Írland:	neurophysiology
Svíþjóð:	klinisk neurofysiologi
Breska konungsríkið:	clinical neurophysiology".

6. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 3. september 1998.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á 27. gr. tilskipunar 93/16/EBE:

a) eftirfarandi bætist við undir „Fyrsti flokkur (fimm ár)":

„— slysa- og bráðalækningar";

b) eftirfarandi bætist við undir „Annar flokkur (fjögur ár)":

„— klínísk taugalífeðlisfræði".

4. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 30. júní 1999. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni þau ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni er tilskipun þessi tekur til.

5. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.*

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Mario MONTI

framkvæmdastjóri.

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 1999/46/EB

frá 21. maí 1999

um breytingu á tilskipun ráðsins 93/16/EBE um að greiða fyrir frjálsum flutningum lækna og um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum þeirra, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 40. gr., 47. gr. (fyrsta og þriðja málslið 1. og 2. mgr.) og 55. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 93/16/EBE frá 5. apríl 1993 um að greiða fyrir frjálsum flutningum lækna og um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum þeirra, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi [1], eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/63/EB [2], einkum 44 gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Ítalía hefur lagt fram rökstudda beiðni um að heitunum yfir kvenlækningar, augnlækningar og lungnalækningar verði breytt, að því er varðar það aðildarríki, í skránni yfir sérgreinar læknisfræðinnar sem eru sameiginlegar öllum aðildarríkjunum og að heitunum yfir klíníska líffræði, örveru- og gerlafræði [ɔ: sýklafræði], lýtalækningar, meltingafæralækningar, efnaskipta- og innkirtlalækningar og orku- og endurhæfingarlækningar verði breytt, að því er varðar það aðildarríki, í skránni yfir sérgreinar læknisfræðinnar sem stundaðar eru í tveimur eða fleiri aðildarríkjum.

2) Ítalía hefur lagt fram rökstudda beiðni um að heitunum yfir lífefnafræði, geislagreiningu, geislameðferð og öldrunarlækningar verði, að því er varðar það aðildarríki, bætt við skrána yfir sérgreinar læknisfræðinnar sem stundaðar eru í tveimur eða fleiri aðildarríkjum. Því er rétt, að því er varðar geislagreiningu og geislameðferð, að breyta skránni yfir sérgreinar læknisfræðinnar sem eru sameiginlegar öllum aðildarríkjunum.

3) Spánn og Ítalía hafa lagt fram rökstudda beiðni um að félagslækningum verði, að því er varðar þau aðildarríki, bætt við skrána yfir sérgreinar læknisfræðinnar sem stundaðar eru í tveimur eða fleiri aðildarríkjum.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndar háttsettra embættismanna um almannaheilbrigði sem komið var á fót með ákvörðun ráðsins 75/365/EBE [3].

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á 3. mgr. 5. gr. tilskipunar 93/16/EBE:

a) undir „kvenlækningar" komi heitið „ginecologia e ostetricia" í stað heitisins „ostetricia e ginecologia" að því er varðar Ítalíu,

b) undir „augnlækningar" komi heitið „oftalmologia" í stað heitisins „oculistica" að því er varðar Ítalíu,

c) undir „lungnalækningar" komi heitið „malattie dell'apparato respiratorio" í stað heitisins „tisiologia e malattie dell'apparato respiratorio" að því er varðar Ítalíu,

d) eftirfarandi tveir liðir bætist við:

„— *geislagreining*

Belgía:	radiodiagnostic/röntgendiagnose,
Danmörk:	diagnostisk radiologi eller røntgenundersøgelse,
Þýskaland:	Radiologische Diagnostik,
Grikkland:	ακτινοδιαγνωστική,
Spánn:	radiodiagnóstico,
Frakkland:	radiodiagnostic et imagerie médicale,
Írland:	diagnostic radiology,
Ítalía:	radiodiagnostica,
Lúxemborg:	radiodiagnostic,
Holland:	radiodiagnostiek,
Austurríki:	Medizinische Radiologie-Diagnostik,
Portúgal:	radiodiagnóstico,
Finnland:	radiologia/radiologi,
Svíþjóð:	medicinsk radiologi,
Breska konungsríkið:	diagnostic radiology.

[1] Stjtíð. EB L 165, 7.7.1993, bls. 1.
[2] Stjtíð. EB L 253, 15.9.1998, bls. 24.
[3] Stjtíð. EB L 167, 30.6.1975, bls. 19.

— *geislameðferð*

Belgía:	radio- et radiumthérapie/radoen radiumtherapie,
Danmörk:	terapeutisk radiologi eller strålebehandling,
Þýskaland:	Strahlentherapie,
Grikkland:	ακτινοθεραπευτική,
Spánn:	oncologia radioterápica,
Frakkland:	oncologie, option radiothérapie,
Írland:	radiotherapy,
Ítalía:	radioterapia,
Lúxemborg:	radiothérapie,
Holland:	radiotherapie,
Austurríki:	Strahlentherapie-Radioonkologie,
Portúgal:	radiotherapy radiodiagnóstico,
Finnland:	syöpätaudit ja sädehoito-cancersjukdomar och radioterapi,
Svíþjóð:	onkology,
Breska konungsríkið:	radiotherapy.“

2. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á 2. mgr. 7. gr. tilskipunar 93/16/EBE:

a) undir „klínísk líffræði“ komi heitið „patologia clinica“ í stað heitisins „patologia diagnostica di laboratorio“ að því er varðar Ítalíu,

b) undir „örveru- og gerlafræði“ komi heitið „microbiologia e virologia“ í stað heitisins „microbiologia“ að því er varðar Ítalíu,

c) eftirfarandi bætist við undir „lífefnafræði“:

„Ítalía: biochimica clinica“,

d) undir „lýtalækningar“ komi heitið „chirurgia plastica e ricostruttiva“ í stað heitisins „chirurgia plastica“ að því er varðar Ítalíu,

e) undir meltingarfæralækningar“ komi heitið „gastroenterologia“ í stað heitisins „malattie dell'apparato digerente, della nutrizione e del ricambio“ að því er varðar Ítalíu,

f) undir „efnaskipta- og innkirtlalækningar“ komi heitið „endocrionologia e malattie del ricambio“ í stað heitisins „endocrinologia“ að því er varðar Ítalíu,

g) undir „orku- og endurhæfingarlækningar“ komi heitið „medicina fisica e riabilitazione“ í stað heitisins „fisioterapia“ að því er varðar Ítalíu,

h) eftirfarandi bætist við undir „öldrunarlækningar“:

„Ítalía: geriatria“,

i) eftirfarandi bætist við undir „félagslækningar“:

„Spánn: medicina preventiva y salud pública
Ítalía: igiene e medicina sociale“,

j) liðirnir „geislagreining“ og „geislameðferð“ falli brott.

3. gr.

Eftirfarandi bætist við annan flokk (fjögur ár) í 26. gr. tilskipunar 93/16/EBE:

„— geislagreining
— geislameðferð“.

4. gr.

Eftirfarandi falli brott í öðrum flokki (fjögur ár) í 27. gr. tilskipunar 93/16/EBE:

„— geislagreining
— geislameðferð“.

5. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. desember 1999. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni þau ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni er tilskipun þessi tekur til.

6. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.*

7. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 21. maí 1999.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Mario MONTI

framkvæmdastjóri.

REGLUGERÐ

um holræsagjald í Garðabæ.

1. gr.

Af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Garðabæjar, sem liggja við vegi eða opin svæði þar sem holræsalagnir liggja, skal greiða árlegt holræsagjald til bæjarsjóðs Garðabæjar.

2. gr.

Fjárhæð holræsagjalds skv. 1. gr. skal vera 0,07% af fasteignamati allra húsa og lóða samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki holræsagjald.

3. gr.

Heimilt er að lækka eða fella niður holræsagjald, sem tekjulitlum elli- og örorkulífeyrisþegum er gert að greiða samkvæmt reglugerð þessari, í samræmi við nánari ákvörðun þar um.

4. gr.

Holræsagjald hvers árs fellur í gjalddaga 15. janúar og skal innheimta með sama hætti og fasteignaskatt.

5. gr.

Húseigandi og lóðarhafi, lóðareigandi ef um eignarlóð er að ræða, bera ábyrgð á greiðslu holræsagjalds og er gjaldið tryggt með lögveði í lóð og mannvirkjum.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Garðabæjar, staðfestist hér með skv. X. kafla vatnalaga nr. 15, 20. júní 1923, til að öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um holræsagjald í Garðabæ nr. 159/1993, sbr. reglugerð nr. 154/1995.

Félagsmálaráðuneytinu, 27. apríl 2001.

F. h. r.
Berglind Ásgeirsdóttir.

Guðjón Bragason.

23. apríl 2001 Nr. 344

REGLUGERÐ

um holræsagjald í Vogum í Vatnsleysustrandarhreppi.

1. gr.

Hverjum þeim sem á hús eða húshluta í Vogum eða leigir lóð í sveitarfélaginu við götu eða opið svæði sem holræsi hefur verið lagt í ber að greiða árlegt holræsagjald til sveitarsjóðs.

Upphæð holræsagjalds skal vera 0,15% af fasteignamati allra húsa og lóða samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki holræsagjald.

2. gr.

Holræsagjald greiðist af hús- og íbúðareiganda, lóðareiganda, ef um eignarlóð er að ræða, en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Holræsagjaldið má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Nýtur holræsagjaldið lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

3. gr.

Gjalddagar holræsagjaldsins eru þeir sömu og gjalddagar fasteignaskatts og greiðist holræsagjaldið með fasteignaskatti.

4. gr.

Holræsagjald tekjulítilla elli- og örorkulífeyrisþega er heimilt að lækka eða fella niður samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar hverju sinni.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Vatnsleysustrandarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt X. kafla vatnalaga nr. 15/1923 til að öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um holræsi í Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi, nr. 48/1970, sbr. reglugerð nr. 43/1976.

Félagsmálaráðuneytinu, 23. apríl 2001.

F. h. r.
Húnbogi Þorsteinsson.

Guðjón Bragason.

Nr. 345 20. apríl 2001

GJALDSKRÁ

fyrir Vatnsveitu Stykkishólms.

Gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Stykkishólms er byggð á lögum nr. 81/1991 ásamt síðari breytingum og reglugerð fyrir vatnsveitur sveitarfélaga nr. 421/1992 ásamt síðari breytingum.

1. gr.

Vatnsgjald er 0,27 hundraðshlutar af fasteignamati, sbr. A-flokk.
Vatnsgjald er 0,44 hundraðshlutar af fasteignamati af öðru húsnæði.

2. gr.

Aukavatnsskattur skal vera 18 krónur fyrir neysluvatn á hvern mældan eða áætlaðan rúmmetra vatns.

3. gr.

Leigugjald vatnsmæla er kr. 11.804 á ári.
Gjalddagar leigugjalds eru þeir sömu og við innheimtu aukavatnsskattsins sjálfs, nú fjórum sinnum á ári. Leigugjaldið er bundið byggingavísitölu, sem er 249,0 stig í febrúar 2001.

4. gr.

Stofngjald vatnsveitu kr. 36,78 greiðist fyrir hvern samþykktan rúmmetra húsnæðis. Gjaldið er bundið byggingavísitölu, sem er 249,0 stig í febrúar 2001.

5. gr.

Gjaldskráin öðlast þegar gildi.

Þannig staðfest á fundi bæjarstjórnar Stykkishólms, 11. apríl 2001.

Stykkishólmi, 20. apríl 2001.

Óli Jón Gunnarsson bæjarstjóri.

26. apríl 2001 Nr. 346

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Mosfellsbæ.

Reykjavegur 36.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti óverulega breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 36 við Reykjaveg, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 13. október 2000.

Breytingarnar felast í því að húsið er stækkað úr 789 m^2 í 1480 m^2. Byggingin er stækkuð til vesturs, norður og austurs.

Uppdráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 með síðari breytingum mæla fyrir um.

Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu í samræmi við ákvæði sömu laga.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi við birtingu auglýsingar þessarar.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 26. apríl 2001.

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.

26. apríl 2001 Nr. 347

AUGLÝSING

um deiliskipulag hafnarsvæðis í Fjarðabyggð.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Fjarðabyggðar þann 1. mars 2001 samþykkt eftirfarandi deiliskipulag:

Höfn 1 á Eskifirði.

Deiliskipulagið tekur til svæðis neðan Strandgötu og innan við smábátahöfn að áður samþykktu deiliskipulagi Leiru 1.

Uppdrættir og skilmálar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulag þetta öðlast þegar gildi.

Fjarðabyggð, 26. apríl 2001.

F.h. bæjarstjórnar Fjarðabyggðar,

Guðmundur Bjarnason bæjarstjóri.

AUGLÝSING

um sérstakt svæðisskipulag fyrir Fljótsdalslínur 3 og 4, Fljótsdalur - Reyðarfjörður.

Samkvæmt 5. mgr. 15. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 24. apríl 2001 staðfest sérstakt svæðisskipulag fyrir Fljótsdalslínur 3 og 4, Fljótsdalur - Reyðarfjörður.

Svæðisskipulagið gerir ráð fyrir tveimur 400 kV háspennulínum, Fljótsdalslínu 3 og 4, frá virkjun í Fljótsdal að Hrauni í Reyðarfirði. Línunum er ætlað að flytja raforku til fyrirhugaðrar stóriðju í Reyðarfirði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Umhverfisráðuneytinu, 24. apríl 2001.

Siv Friðleifsdóttir.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Nr. 349 24. apríl 2001

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi sunnan Skarðsheiðar 1992-2012, Stóri-Lambhagi 2, Skilmannahreppi.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 24. apríl 2001 staðfest breytingu á svæðisskipulagi sunnan Skarðsheiðar 1992-2012 frá 26. apríl 1994.

Breytingin felst í því að 1,5 ha landbúnaðarsvæði er breytt í athafna- og iðnaðarsvæði í landi Stóra-Lambhaga 2, Skilmannahreppi.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Skilmannahrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 24. apríl 2001.

Siv Friðleifsdóttir.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Nr. 350 24. apríl 2001

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi Þingvalla-, Grímsnes- og Grafningshrepps 1995-2015, frístundabyggð í landi Minni-Borgar.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 24. apríl 2001 staðfest breytingu á svæðisskipulagi Þingvalla-, Grímsnes- og Grafningshrepps 1995-2015 frá 17. desember 1996.

Breytingin felst í því að 10 ha landbúnaðarsvæði í landi Minni-Borgar, Grímsnes- og Grafningshreppi, verður svæði fyrir frístundabyggð.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 24. apríl 2001.

Siv Friðleifsdóttir.

Sigríður Auður Arnardóttir.

26. apríl 2001 Nr. 351

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi „Athafnasvæðis Hellnahrauns 1. áfanga", Hafnarfirði.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 23. janúar 2001 breytingu á deiliskipulagi „Athafnasvæðis Hellnahrauns 1. áfanga".

Breytingin felst í því að lóðum sunnanmegin við Íshellu og lóð við Hringhellu er breytt í lóðir með fljótandi lóðarmörkum og lóðum á milli Rauðhellu og Móhellu er breytt.

Breytingin var í auglýsingu 31. janúar - 2. mars 2001, og athugasemdafrestur til 16. mars sl., samkvæmt 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. Hafnarfjarðarbæjar, 26. apríl 2001.

F.h. Hafdísar Hafliðadóttur skipulagsstjóra,

Guðlaug Þorsteinsdóttir.

26. apríl 2001 Nr. 352

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Vestmannaeyjum.

1. gr.

Bæjarstjórn Vestmannaeyja er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald).

2. gr.

Sorphirðugjald fyrir íbúðir er árlega sem hér greinir:

Sorphreinsunar- og sorppokagjald	kr. 2.500 á hverja íbúð
Sorpeyðingargjald	kr. 5.500 á hverja íbúð
Sorphirðugjald samtals	kr. 8.000 á hverja íbúð

Sorphirðugjald skal innheimt með fasteignagjöldum.

3. gr.

Sorpeyðingargjald fyrir fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök miðast við magn úrgangs og er árlega sem hér greinir:

1) Grunngjald kr. 15.000 á ári.
2) Magngjald (hámark) kr. 15.000 fyrir hverja 10 m^3 (10.000 lítra) sorps. Upphæð magngjaldsins fer eftir heildar sorpmagni sem til sorpeyðingarstöðvar berst.
3) Meðhöndlunargjald:

Hreint sorp:	Ekkert aukagjald
Yfirferð	18% álag á magngjald
Meðhöndlun	106% álag á magngjald

Gjalddagar eru þrír, 15. apríl, 15. júlí og 15. október ár hvert. Dráttarvextir reiknast 30 dögum eftir gjalddaga.

4. gr.

Önnur gjöld:	
Urðun	Gjaldfrítt
Bílflök:	
Fólksbifreiðar	5.000 kr./stk.
Stærri bifreiðar	7.500 kr./stk.
Brotamálmur:	
Aðrir málmar:	Flokkunargjald 106% á magngjald.
Önnur gjöld:	
Spilliefni	Gjaldfrítt

5. gr.

Breyting þessi á gjaldskrá, sem samþykkt var af bæjarstjórn Vestmannaeyja 11. nóvember 1999, 2. gr., og 21. apríl 1999, 3. og 4. gr., er hér með staðfest samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum, samþykkt heilbrigðisnefndar Suðurlands 27. febrúar 2001 og samkvæmt samþykkt um sorphirðu í Vestmannaeyjum nr. 22/1993, öðlast þegar gildi.

Vestmannaeyjum, 26. apríl 2001.

Guðjón Hjörleifsson bæjarstjóri.

Nr. 353 26. apríl 2001

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Bessastaðahreppi.

Lóðir innst við Miðskóga.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur hreppsnefnd Bessastaðahrepps þann 10. apríl 2001 samþykkt breytingu á deiliskipulagi innst við Miðskóga í Bessastaðahreppi. Breytingin nær til lóðar Tjarnarlands, lóðarinnar Miðskógar 22 og fjögurra óbyggðra lóða innst við götuna. Auk þess hefur austurmörkum skipulagssvæðisins verið breytt.

Skipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Bessastaðahreppi, 26. apríl 2001.

Gunnar Valur Gíslason sveitarstjóri.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gerð og búnað ökutækja, nr. 915 29. nóvember 2000.

1. gr.

7. gr. breytist þannig:

a. Liður 7.10 (1), 8. þankastrik, orðist svo:
- stefnuljósker; tvö framvísandi, tvö afturvísandi og eitt á hvorri hlið. Bifreið frá Bandaríkjum Norður-Ameríku og Kanada, sem ekki er meira en 6,0 m að lengd, má undanþiggja ákvæðum um stefnuljósker á hlið.

b. Liður 7.10 (1), 10. þankastrik, orðist svo:
- þokuafturljósker; eitt eða tvö. Bifreið frá Bandaríkjum Norður-Ameríku og Kanada, sem ekki er meira en 6,0 m að lengd, má undanþiggja ákvæðum um þokuafturljósker.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 60. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 24. apríl 2001.

F. h. r.
Björn Friðfinnsson.

Ólafur W. Stefánsson.

30. apríl 2001 Nr. 355

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu nr. 713, 6. október 2000, um öryggisráðstafanir vegna innflutnings á óslægðum laxfiski frá Færeyjum.

1. gr.

Í 1. gr. auglýsingarinnar breytist dagsetningin „1. apríl 2001“ í dagsetninguna: „1. febrúar 2002“.

2. gr.

Ákvörðun þessi er tekin á grundvelli laga nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða með síðari breytingum og tekur þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 30. apríl 2001.

F. h. r.
Arndís Á. Steinþórsdóttir.

Þórir Skarphéðinsson.

GJALDSKRÁ

fyrir undanþágu frá banni við hundahaldi í Borgarnesi fyrir árið 2001.

1. gr.

Skráningargjald, sbr. staflið c í 2. gr. samþykktar nr. 577/1995 um bann við hundahaldi í Borgarnesi, skal árið 2001 vera kr. 3.000 og greiðist við skráningu hundsins.

2. gr.

Árgjald fyrir að halda hund, sbr. staflið c í 2. grein framangreindrar samþykktar, skal vera kr. 7.000 fyrir allt árið eða hluta úr ári.

Gjalddagi er 1. mars og eindagi 1. júlí. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga verði gjaldið ekki greitt í síðasta lagi á eindaga.

3. gr.

Handsömunargjald samkvæmt 6. gr. framangreindrar samþykktar skal vera kr. 5.000, auk þess sem greiða skal kr. 700 í gjald fyrir hvern dag sem hundurinn er í haldi.

4. gr.

Framangreind gjaldskrá er samþykkt af bæjarstjórn Borgarbyggðar samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi.

Borgarnesi, 6. mars 2001.

F.h. Borgarbyggðar,

Eiríkur Ólafsson bæjarritari.

Nr. 357 9. apríl 2001

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfis fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir fiskeldisstöð Silfurstjörnunnar hf. á Núpsmýri, Öxarfjarðarhreppi, kt. 610788-1579. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. apríl 2005.

Hollustuvernd ríkisins, 9. apríl 2001.

Davíð Egilson forstjóri.

Helgi Jensson forstöðumaður.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í landi Teygingarlækjar í Skaftárhreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Skaftárhrepps, þann 13. nóvember 2000, samþykkt deiliskipulag fyrir fiskeldistöð í landi Teygingarlækjar í Skaftárhreppi.

Deiliskipulagið tekur til um 15 ha svæðis sunnan þjóðvegar nr. 1 við Teygingarlæk.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Kirkjubæjarklaustri, 30. apríl 2001.

F.h. Skaftárhrepps,

Benedikt Lárusson byggingarfulltrúi.

30. apríl 2001 Nr. 359

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu nr. 714, 6. október 2000, um öryggisráðstafanir vegna innflutnings á óslægðum laxfiski frá Noregi.

1. gr.

Í 2. gr. auglýsingarinnar breytist dagsetningin „1. apríl 2001“ í dagsetninguna: „1. febrúar 2002“.

2. gr.

Ákvörðun þessi er tekin á grundvelli laga nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða með síðari breytingum og tekur þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 30. apríl 2001.

F. h. r.
Arndís Á. Steinþórsdóttir.

Þórir Skarphéðinsson.

27. apríl 2001 Nr. 360

SAMÞYKKT

um hundahald á Akureyri.

1. gr.

Hundahald í lögsagnarumdæmi Akureyrar sætir þeim takmörkunum sem um greinir í samþykkt þessari.

2. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að veita mönnum búsettum í bænum leyfi til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

a. Leyfi skal bundið við nafn og heimili lögráða einstaklings og óheimilt að framselja það. Leyfi til hundahalds tekur aðeins til þess að halda hund á lögheimili leyfishafa. Í undantekningartilvikum er þó heimilt að víkja lögheimilisskilyrðinu, ef um er að ræða skamm-

an tíma og aðstæður leyfishafa eru þess valdandi. Við slíkar aðstæður þarf þó að gæta að öðrum ákvæðum samþykktar þessarar.

b. Umsókn um leyfi til hundahalds skal skilað á þar til gerðu eyðublaði. Þegar umsækjandi býr í fjöleignarhúsi skal umsókninni fylgja skriflegt leyfi annarra eigenda sem hafa sameiginlegan inngang, stigagang eða annað sameiginlegt húsrými og umsækjandi.

c. Greiða skal í bæjarsjóð leyfisgjald og setur bæjarstjórn árlega gjaldskrá að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Gjaldskráin skal birt í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld mega aldrei vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd. Gjaldið skal greitt um leið og lögboðin hundahreinsun fer fram, sbr. e-lið. Hundar, sem blindir menn eða sjónskertir þurfa á að halda vegna fötlunar sinnar, leitarhundar, svo og hundar, sem notaðir eru við búrekstur á lögbýlum í bænum, eru undanþegnir þessu gjaldi, en vegna þeirra skal þó greiddur kostnaður við hundahreinsun. Sé eftir því leitað, ber leyfishafa að færa sönnur fyrir því að honum beri ekki að greiða leyfisgjald, s.s. með vottorði frá viðurkenndri björgunarsveit, ella ber honum að greiða gjaldið.

d. Skylt er leyfishafa að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu tryggingarfélagi, þannig að tryggt sé að trygging nái til alls þess tjóns, sem dýrið kann að valda mönnum, dýrum, gróðri og munum. Vottorð um ábyrgðartryggingu skal liggja fyrir við útgáfu leyfis og kvittun vegna greiðslu iðgjalds þegar hreinsun fer fram árlega.

e. Hundar skulu færðir árlega til hreinsunar. Hundar skulu færðir fyrst til hreinsunar þegar þeir hafa náð 4 mánaða aldri.

f. Leyfisbréf skal útgefið af eftirlitsmanni með dýrum hjá Akureyrarbæ að fengnu leyfi bæjarstjórnar. Eigandi hundsins fær þá afhenta plötu sem greypt skal í skráningarnúmer hundsins og nafn og heimilisfang eiganda. Plata þessi skal jafnan vera fest við ól um háls hundsins. Leyfisveitandi skal senda lögreglustjóra afrit af leyfisbréfi.

g. Leyfishafi skal gæta þess vel, að hundur hans valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði né raski ró manna. Leyfishafa er skylt að fjarlægja saur eftir hundinn á tryggilegan hátt.

h. Hundur skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í fylgd með manni, sem hefur fullt vald yfir honum. Þegar hundur er í festi á húslóð, skal lengd festarinnar við það miðuð, að óhindrað megi ganga að aðaldyrum hússins.

i. Óleyfilegt er að hleypa hundum inn í almenningsfarartæki, leikvelli eða eftirtalda staði:
   1. Gistihús (gistiskálar, söluskálar, tjaldbúðir), matsölur og aðra veitingastaði.
   2. Skóla, kennslustaði, barnaheimili og dagvistir.
   3. Rakarastofur, hárgreiðslustofur og hvers konar aðrar snyrtistofur.
   4. Heilbrigðisstofnanir, hæli, íþróttastöðvar og baðstöðvar.
   5. Fangelsi og aðrar vistarverur handtekinna manna.
   6. Samkomuhús.
   7. Kirkjugarða, bálstofur, líkhús og líkgeymslur.
   8. Húsakynni, þar sem framleidd eru eða seld matvæli og aðrar neysluvörur.

3. gr.

Ef leyfishafi brýtur gegn ákvæðum samþykktar þessarar eða öðrum reglum, sem um hundahald gilda, getur bæjarstjórn afturkallað leyfið. Einnig getur bæjarstjórn afturkallað öll leyfi til hundahalds telji hún þess brýna þörf.

4. gr.

Eftirlitsmaður með dýrum á Akureyri annast framkvæmd og eftirlit með hundahaldi á Akureyri í umboði heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra og getur hann leitað aðstoðar lögregluyfirvalda, þegar þörf krefur.

Bæjarstjórn getur sett reglur um nánari framkvæmd reglna þessara, svo sem um eftirlit, hreinsun, hundageymslu o.fl.

5. gr.

Óleyfilega hunda og hunda sem ganga lausir utanhúss, skal eftirlitsmaður handsama og færa í sérstaka hundageymslu. Eftirlitsmaður með dýrum sér um geymslu, fóðrun og afhendingu hunds.

Kostnað við handsömun og geymslu hunds, s.s. vegna vinnu, aksturs og fóðrunar, greiðir eigandi við afhendingu. Kostnaður má ekki nema hærri fjárhæð en sem nemur raunverulegum kostnaði við handsömun og geymslu hunds.

Hættulegum hundum má lóga þegar í stað.

Öðrum hundum má lóga, sé þeirra ekki vitjað innan sjö sólarhringa frá handsömun þeirra, enda hafi framkvæmdin verið auglýst tryggilega áður.

6. gr.

Um brot gegn samþykkt þessari fer samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

7. gr.

Framangreind samþykkt bæjarstjórnar Akureyrar staðfestist hér með skv. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast gildi þegar við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt um hundahald á Akureyri nr. 295/1987.

Umhverfisráðuneytinu, 27. apríl 2001.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

9. apríl 2001 Nr. 361

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um hafnarríkiseftirlit, nr. 128/1997, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 1. tölulið 2. gr. bætist eftirfarandi:
1. júlí 1999.

2. gr.

2. töluliður 2. gr. orðist svo:
„MOU": Parísarsamkomulagið um hafnarríkiseftirlit undirritað í París 26. janúar 1982 eins og það hljóðar 1. júlí 1999.

3. gr.

Á eftir 9. gr. kemur ný grein, 9. gr. a, sem orðist svo:

9. gr. a

Gildandi málsmeðferð ef ISM-skírteini eru ekki til staðar.

1. Leiði skoðun í ljós að afrit af samræmisskjali eða öryggisstjórnunarskírteini, sem eru gefin út í samræmi við alþjóðakóða um öryggisstjórnun skipa og mengunarvarnir (ISM-kóð-

ann), er ekki að finna um borð í skipi sem heyrir undir ISM-kóðann á skoðunardegi skal Siglingastofnun Íslands sjá til þess að lagt sé farbann á skipið.
2. Siglingastofnun Íslands er heimilt að aflétta farbanninu, þrátt fyrir að skjölin, sem um getur í 1. mgr. vanti, til að komast hjá þrengslum í höfn ef skoðunin leiðir í ljós að ekki er um annan vanbúnað að ræða sem heimilar farbann. Þegar slík ákvörðun er tekin skal Siglingastofnun Íslands ætíð tilkynna lögbærum yfirvöldum hinna aðildarríkja MOU um það tafarlaust.
3. Siglingastofnun Íslands skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að öllum skipum, sem hafa heimild til að láta úr höfn í aðildarríki MOU undir þeim kringumstæðum sem um getur í 2. mgr., sé meinaður aðgangur að öllum höfnum á Íslandi, nema undir þeim kringumstæðum er um getur í 6. mgr. 11. gr., þangað til eigandi eða útgerð skipsins hefur sýnt lögbærum yfirvöldum aðildarríkisins, sem fyrirskipaði farbannið, fram á að skipið hafi gild skírteini sem eru gefin út í samræmi við ISM-kóðann. Komi í ljós við skoðun að um vanbúnað er að ræða, eins og um getur í 2. mgr. 9. gr., sem ekki er unnt að bæta úr í farbannshöfn skulu viðeigandi ákvæði 11. gr. einnig gilda.

4. gr.

Í stað 14. gr. kemur eftirfarandi:

14. gr.

Birting upplýsinga.

1. Siglingastofnun Íslands skal grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja að upplýsingar, sem fram koma í I. hluta VIII. viðauka um skip sem farbann hefur verið lagt á á Íslandi eða synjað um aðgang að höfnum þess næstliðinn mánuð, séu birtar a.m.k. einu sinni í mánuði.
2. Fyrirliggjandi upplýsingar í SIRENAC-kerfinu um skip, sem skoðuð hafa verið í höfnum á Íslandi, sem um getur í I. og II. hluta VIII. viðauka, skulu birtar með viðeigandi tæknilegri tilhögun, eins fljótt og hægt er eftir að skoðun lýkur eða farbanni hefur verið aflétt.

5. gr.

6. töluliður I. hluta í I. viðauka orðist svo:

6. Skip, sem af öryggisástæðum hefur verið vikið úr flokki eða það tekið úr flokki, næstu sex mánuði á undan.

6. gr.

II. hluti í I. viðauka orðist svo:

II. Heildarmarkþáttur.

Líta ber svo á að eftirtalin skip hafi forgang við skoðun:

1. Skip sem koma til hafnar í aðildarríki að Parísarsamkomulaginu um hafnarríkiseftirlit (MOU) í fyrsta sinn eða eftir tólf mánaða fjarveru eða lengri. Aðildarríkjunum ber og að taka mið af þeim skoðunum sem aðildarríki að MOU hafa framkvæmt þegar þessum viðmiðunum er beitt. Séu viðeigandi gögn þar að lútandi ekki fyrir hendi ber aðildarríkjum að styðjast við fáanleg SIRENAC-gögn og skoða þau skip sem hafa ekki verið skráð samkvæmt því kerfi eftir gildistöku þess 1. janúar 1993.
2. Skip sem ekki hafa verið skoðuð af neinu aðildarríki á næstliðnum sex mánuðum.
3. Skip með lögboðin skírteini um smíði og búnað, útgefin samkvæmt samningunum, og flokkunarskírteini gefin út af stofnunum sem eru ekki viðurkenndar samkvæmt skilmálum tilskipunar ráðsins 94/57/EB frá 22. nóvember 1994 um sameiginlegar reglur og staðla fyrir stofnanir, en þær sjá um skipaeftirlit og -skoðun og fyrir tilheyrandi starfsemi siglingamálayfirvalda.

4. Skip sem sigla undir fána ríkis sem er skráð í þriggja ára hlaupandi yfirliti, um farbann og tafir yfir meðaltali, sem er birt í ársskýrslu Parísarsamkomulagsins um hafnarríkiseftirlit (MOU).
5. Skip sem fengið hafa að láta úr höfn aðildarríkis með ákveðnum skilyrðum, svo sem:
   a) að ráðin verði bót á vanbúnaði fyrir brottför;
   b) að ráðin verði bót á vanbúnaði í næstu höfn;
   c) að ráðin verði bót á vanbúnaði innan 14 daga;
   d) að ráðin verði bót á vanbúnaði sem önnur skilyrði hafa verið tilgreind fyrir.
   Hafi ráðstafanir verið gerðar í tengslum við skipið og bætt úr öllum vanbúnaði er tekið tillit til þess.
6. Skip, þar sem vanbúnaður hefur verið skráður við fyrri skoðun, allt eftir fjölda ágalla sem finnast.
7. Skip sem farbann hefur verið lagt á í fyrri höfn.
8. Skip sem sigla undir fána ríkis sem hefur ekki fullgilt alla viðeigandi alþjóðlega samninga sem um getur í 2. gr. þessarar reglugerðar.
9. Skip sem sigla undir fána ríkis þar sem hlutfall vanbúnaðar er yfir meðallagi.
10. Skip í flokki þar sem vanbúnaður er yfir meðallagi.
11. Skip í flokki sem ákveðið hefur verið að víðtæk skoðun fari fram á (skv. 7. gr. þessarar reglugerðar).
12. Önnur skip eldri en 13 ára.

Við ákvörðun á forgangsröð skoðunar skipa, sem talin eru upp hér að framan, skal Siglingastofnun Íslands hafa hliðsjón af röðun samkvæmt heildarmarkþætti sem sjá má í SIREN-AC-upplýsingakerfinu samkvæmt 1. þætti í I. viðauka MOU. Hærri markþáttur merkir ofar í forgangsröð. Markþátturinn er summan af gildandi markþáttagildum eins og þau eru skilgreind innan ramma MOU. Ákvæði 5., 6. og 7. liðar gilda einungis um skoðanir á næstliðnum 12 mánuðum. Heildarmarkþáttur skal ekki vera lægri en summan af 3., 4., 8., 9., 10., 11. og 12. lið.

7. gr.

7. töluliður í II. viðauka orðist svo:

7. Alþjóðlega hleðslumerkjaskírteinið (1966).
   Undanþáguskírteini ásamt farmskrá, eftir því sem við á.

8. gr.

Á eftir 28. lið í II. viðauka bætast eftirfarandi töluliðir:

29. Áætlun um meðferð sorps og sorpdagbók.
30. Stoðkerfi fyrir ákvarðanir skipstjóra farþegaskipa.
31. SAR-samvinnuáætlun fyrir farþegaskip sem sigla á föstum siglingaleiðum.
32. Skrá yfir rekstrartakmarkanir fyrir farþegaskip.
33. Bæklingur fyrir búlkaskip.
34. Fermingar- og affermingaráætlun fyrir búlkaskip.

9. gr.

Nýr VIII. viðauki bætist við sem orðast svo:

VIII. VIÐAUKI

Birting upplýsinga sem varða farbann og skoðanir.

(eins og um getur í 14. gr.)

I. Þær upplýsingar, sem birtar eru í samræmi við 1. mgr. 14. gr., skulu innihalda eftirfarandi:

- nafn skips,
- IMO-númer,
- gerð skips,
- tonnatala (bt),
- smíðaár,
- nafn og heimilisfang eiganda skips eða útgerðar þess,
- fánaríki,
- flokkunarfélagið, eða flokkunarfélögin, þegar svo ber undir, sem hafa gefið út flokkunarskírteini þessa skips, ef einhver eru,
- flokkunarfélagið eða flokkunarfélögin og/eða sérhvern aðila sem gefið hefur út skírteini fyrir þetta skip, í samræmi við samningana fyrir hönd fánaríkisins, þar með skulu gefin upp þau skírteini sem hafa verið gefin út,
- fjölda farbanna á næstliðnum 24 mánuðum,
- farbannsland og -höfn,
- dagsetningu þegar farbanni var aflétt,
- gildistíma farbanns í dögum talið,
- fjölda ágalla sem finnast og ástæður farbanns, á skýran og skilmerkilegan hátt,
- þegar skipi er synjað um aðgang að höfn innan MOU-svæðisins ber að gefa upp ástæður slíkrar synjunar, á skýran og skilmerkilegan hátt,
- ábendingu um hvort flokkunarfélagið eða aðrir einkaaðilar, sem framkvæmdu viðkomandi eftirlit, hafi borið ábyrgð með tilliti til gallanna sem einir sér eða í sameiningu leiddu til farbanns,
- lýsingu á þeim ráðstöfunum sem gripið hefur verið til ef um er að ræða skip sem hefur fengið leyfi til siglingar til næstu viðeigandi skipaviðgerðastöðvar eða sem hefur verið synjað um aðgang að einhverri af höfnum MOU-svæðisins.

II. Þær upplýsingar um skoðuð skip, sem gerðar eru opinberar í samræmi við 2. mgr. 14. gr., skulu innihalda eftirfarandi:
- nafn skips,
- IMO-númer,
- gerð skips,
- tonnatala (bt),
- smíðaár,
- nafn og heimilisfang eiganda skips eða útgerðar þess,
- fánaríki,
- flokkunarfélagið, eða flokkunarfélögin, þegar svo ber undir, sem hafa gefið út flokkunarskírteini þessa skips, ef einhver eru,
- flokkunarfélagið eða flokkunarfélögin og/eða sérhvern aðila sem gefið hefur út skírteini fyrir þetta skip í samræmi við samningana, fyrir hönd fánaríkisins, þar með skulu gefin upp þau skírteini sem hafa verið gefin út,
- land, höfn og dagsetningu skoðunar,
- fjölda ágalla, eftir flokkun vanbúnaðar.

10. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 35/1993 um eftirlit með skipum, ásamt síðari breytingu og með hliðsjón af tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/25/EB frá 27. apríl 1998 og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/97/EB frá 13. desember 1999 um breytingu á tilskipun ráðsins 95/21/EB frá 19. júní 1995 um hvernig alþjóðlegum stöðlum um öryggi skipa, mengunarvarnir, aðbúnað og vinnuskilyrðum um borð í þeim er framfylgt (hafn-

arríkiseftirlit) að því er varðar skip sem nota hafnir innan bandalagsins og sigla á siglingaleiðum sem heyra undir lögsögu aðildarríkjanna, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 9. apríl 2001.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

24. apríl 2001 Nr. 362

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Borgarbyggðar.

I. KAFLI
Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Skipan bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar er skipuð 9 fulltrúum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

2. gr.

Starfstímabil bæjarstjórnar.

Starfstímabil bæjarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Valdsvið.

Bæjarstjórn fer með stjórn Borgarbyggðar samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer bæjarstjórnin með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum bæjarfélagsins að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Skyldur bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn skal gæta hagsmuna bæjarfélagsins og vera í fyrirsvari fyrir það og vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúa þess.

5. gr.

Verkefni bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur bæjarstjórn ákveðið að bæjarfélagið taki að sér verkefni sem varðar íbúa þess sérstaklega enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Helstu verkefni

Meðal verkefna bæjarstjórnar Borgarbyggðar er:

Í starfsgreinaráðum sitja að jafnaði 7 fulltrúar, 6 tilnefndir af samtökum atvinnurekenda og launafólks í viðkomandi greinum svo sem kveðið er á um í 5. gr. og einn tilnefndur af menntamálaráðherra. Varamenn skulu tilnefndir með sama hætti. Ráðherra getur skipað fleiri eða færri einstaklinga í starfsgreinaráð ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi. Formaður skal kjörinn úr hópi fulltrúa til tveggja ára í senn.

4. gr.

Við tilnefningu fulltrúa í starfsgreinaráð skal við það miðað að þar komi saman einstaklingar er hafa þekkingu á þeim störfum sem falla innan viðkomandi starfsgreinaflokks, hafa reynslu af fræðslustarfsemi á sínu sviði og þekkja þá stefnu sem mótuð hefur verið um þróun þess starfsnáms er undir ráðið heyrir.

5. gr.

Fulltrúar fyrir samtök vinnumarkaðarins í starfsgreinaráðum eru tilnefndir sem hér segir:

Starfsgreinaráð björgunar-, öryggis- og löggæslugreina: 2 fulltrúar tilnefndir af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, 1 fulltrúi tilnefndur sameiginlega af Sjómannasambandi Íslands og Starfsgreinasambandi Íslands og 2 fulltrúar tilnefndir af Samtökum atvinnulífsins. Auk þeirra tilnefnir dóms- og kirkjumálaráðuneytið 1 fulltrúa.

Starfsgreinaráð bygginga- og mannvirkjagreina: 2 fulltrúar tilnefndir af Samiðn, 1 fulltrúi tilnefndur af Starfsgreinasambandi Íslands, 1 fulltrúi tilnefndur sameiginlega af Múrarasambandi Íslands, Sveinafélagi pípulagningamanna og Veggfóðrarafélagi Reykjavíkur og 4 fulltrúar tilnefndir af Samtökum atvinnulífsins.

Starfsgreinaráð farartækja- og flutningsgreina: 2 fulltrúar tilnefndir af Samiðn, 1 fulltrúi tilnefndur af Starfsgreinasambandi Íslands, 1 fulltrúi tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins og 2 fulltrúar tilnefndir af Bílgreinasambandinu.

Starfsgreinaráð heilbrigðis- og félagsgreina: 2 fulltrúar tilnefndir af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, 1 fulltrúi tilnefndur af Starfsgreinasambandi Íslands og 1 fulltrúi tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Auk þeirra tilnefnir félagsmálaráðuneytið 1 fulltrúa og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 1 fulltrúa.

Starfsgreinaráð hönnunar- og handverksgreina: 1 fulltrúi tilnefndur af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, 1 fulltrúi tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands, 1 fulltrúi tilnefndur af Form Ísland og 3 fulltrúar tilnefndir af Samtökum atvinnulífsins.

Starfsgreinaráð matvæla- og veitingagreina: 2 fulltrúar tilnefndir af Matvís, 1 fulltrúi tilnefndur sameiginlega af Landssambandi ísl. verslunarmanna og Starfsgreinasambandi Íslands og 3 fulltrúar tilnefndir af Samtökum atvinnulífsins.

Starfsgreinaráð málm-, véltækni- og framleiðslugreina: 2 fulltrúar tilnefndir af Samiðn, 1 fulltrúi tilnefndur af Starfsgreinasambandi Íslands og 3 fulltrúar tilnefndir af Samtökum atvinnulífsins.

Starfsgreinaráð í náttúrunýtingu: 1 fulltrúi tilnefndur af Samiðn, 1 fulltrúi tilnefndur af Félagi leiðsögumanna, 1 fulltrúi tilnefndur af Landssambandi íslenskra verslunarmanna, 2 fulltrúar tilnefndir af Samtökum atvinnulífsins og 1 fulltrúi tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Starfsgreinaráð rafiðngreina: 3 fulltrúar tilnefndir sameiginlega af Rafiðnaðarsambandi Íslands og Samtökum atvinnurekenda í raf- og tölvuiðnaði.

Starfsgreinaráð sjávarútvegs- og siglingagreina: 1 fulltrúi tilnefndur af Farmanna- og fiskimannasambandinu, 1 fulltrúi tilnefndur af Sjómannasambandi Íslands, 1 fulltrúi tilnefndur af Starfsgreinasambandi Íslands, 1 fulltrúi tilnefndur af Vélstjórafélagi Íslands, 1 fulltrúi tilnefndur af Samtökum kaupskipaútgerða og 3 fulltrúar tilnefndir af Samtökum atvinnulífsins.

Starfsgreinaráð uppeldis- og tómstundagreina: 2 fulltrúar tilnefndir af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, 1 fulltrúi tilnefndur af Starfsgreinasambandi Íslands, 1 fulltrúi tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og 1 fulltrúi tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins. Að auki tilnefnir menntamálaráðherra 1 fulltrúa.

Starfsgreinaráð upplýsinga- og fjölmiðlagreina: 1 fulltrúi tilnefndur af Blaðamannafélagi Íslands, 1 fulltrúi tilnefndur af Félagi bókagerðarmanna, 1 fulltrúi tilnefndur af Félagi grafískra teiknara og 3 fulltrúar tilnefndir af Samtökum atvinnulífsins.

Starfsgreinaráð fjármála- og verslunargreina: 1 fulltrúi tilnefndur af Landssamband íslenskra verslunarmanna, 1 fulltrúi tilnefndur af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, 1 fulltrúi tilnefndur af Sambandi íslenskra bankamanna og 3 fulltrúar tilnefndir af Samtökum atvinnulífsins.

Starfsgreinaráð snyrtigreina: 1 fulltrúi tilnefndur af Samiðn, 2 fulltrúar tilnefndir af Félagi íslenskra snyrtifræðinga, þar af 1 meistari og 1 sveinn og 1 fulltrúi tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett á grundvelli 28. gr. laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 18. júní 2001.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.

Nr. 476 21. maí 2001

REGLUGERÐ

fyrir sjóð skv. 2. gr. laga nr. 80/1966 um kísilgúrverksmiðju við Mývatn.

1. gr.

Sjóðurinn starfar samkvæmt 2. gr. laga nr. 80/1996, sbr. 2. gr. laga nr. 15/2001 og eftir ákvæðum reglugerðar þessarar.

Iðnaðarráðherra skipar stjórn sjóðsins til tveggja ára í senn. Stjórn sjóðsins skal skipuð einum fulltrúa Skútustaðahrepps, einum fulltrúa Húsavíkurbæjar, einum fulltrúa samgönguráðherra, einum fulltrúa umhverfisráðherra og einum fulltrúa iðnaðarráðherra sem jafnframt skal vera formaður stjórnarinnar.

2. gr.

Stjórnin tekur ákvarðanir um málefni sjóðsins. Hver stjórnarmaður fer með eitt atkvæði. Til ákvörðunar þarf meirihluta atkvæða. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns stjórnar sjóðsins.

Stjórnin fer með vörslu fjármuna sjóðsins og skulu þeir ávaxtaðir á sem hagkvæmastan hátt hjá innlánsstofnunum eða í verðbréfum útgefnum af ríkinu eða lánastofnunum.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að kosta undirbúning aðgerða til þess að efla atvinnulíf í þeim sveitarfélögum sem nú eiga verulegra hagsmuna að gæta vegna starfsemi kísilgúrverksmiðjunnar.

Sjóðurinn skal einbeita sér að nýsköpun í atvinnulífi, einkum á sviði þekkingariðnaðar eða annarrar framsækinnar atvinnustarfsemi sem er til þess fallin að auka fjölbreytni atvinnulífsins. Í þessum tilgangi er stjórn sjóðsins heimilt:

a. að eiga minnihlutaaðild að sprotafyrirtækjum,
b. að veita styrki, m.a. til tækniaðstoðar, rannsókna, vöruþróunar og markaðsathugana á móti meirihluta framlagi annarra.

4. gr.

Ráðstöfunarfé sjóðsins er:

a. 20% af námagjaldi kísilgúrverksmiðjunnar árið 2001.
b. 68% af námagjaldi verksmiðjunnar frá og með árinu 2002 og þar til kísilgúrvinnslu er hætt.
c. Framlag á fjárlögum samkvæmt ákvörðun Alþingis hverju sinni.
d. Aðrar tekjur.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal semja ársreikning fyrir hvert reikningsár í samræmi við ákvæði laga. Ársreikningur skal hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar. Ennfremur skal semja ársskýrslu. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

Ársreikningur sjóðsins skal endurskoðaður af Ríkisendurskoðun.

Fyrir 1. júní hvert ár skal stjórnin afhenda iðnaðarráðherra ársskýrslu sjóðsins ásamt eintaki af ársreikningi hans, árituðum af endurskoðanda sjóðsins.

6. gr

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. gr. laga nr. 80/1966 um kísilgúrverksmiðju við Mývatn, sbr. 2. gr. laga nr. 15/2001, öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi eldri reglugerð sama efnis, nr. 205/1995.

Iðnaðarráðuneytinu, 21. maí 2001.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þorgeir Örlygsson.

19. júní 2001 Nr. 477

REGLUGERÐ

um útboð verðbréfa.

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Almennt útboð telst sala verðbréfa í sama verðbréfaflokki sem boðin eru almenningi til kaups með kynningu eða með öðrum hætti. Með verðbréfaflokki er átt við einsleit verðbréf þar sem réttindi og skilmálar bréfanna eru að öllu leyti hin sömu.

2. gr.

Almennt útboð verðbréfa, hvort heldur í upphaflegri sölu eða síðari sölu, er háð því að útboðslýsing hafi verið gefin út í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar, sbr. þó 6. gr.

3. gr.

Almennt útboð verðbréfa skal fara fram fyrir milligöngu verðbréfafyrirtækja eða annarra aðila sem til þess hafa heimild í lögum, hér eftir nefnd verðbréfafyrirtæki.

II. KAFLI
Fagfjárfestar.

4. gr.

Fagfjárfestar, sbr. þó 5. gr., eru:

1. Eftirtaldir opinberir aðilar:
   a. Ríkissjóður.
   b. Seðlabanki Íslands.
   c. Íbúðalánasjóður.
2. Eftirtaldir aðilar með starfsleyfi á fjármálamarkaði:
   a. Viðskiptabankar og sparisjóðir.
   b. Lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir.
   c. Verðbréfafyrirtæki.
   d. Verðbréfasjóðir.
   e. Vátryggingafélög.
   f. Lífeyrissjóðir.

5. gr.

Einstaklingar og lögaðilar geta einnig talist fagfjárfestar óski þeir skriflega eftir því við verðbréfafyrirtæki og uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1. Búa yfir faglegri þekkingu til að meta fjárfestingarkosti með tilliti til áhættu.
2. Eiga reglulega viðskipti á verðbréfamarkaði.
3. Búa yfir verulegum fjárhagslegum styrk.

Skilyrði 1. tölul. 1. mgr. telst uppfyllt ef einstaklingur eða þeir aðilar sem stýra verðbréfaviðskiptum lögaðila hafa hlotið menntun á sviði verðbréfaviðskipta eða sýna með öðrum hætti fram á að búa yfir faglegri þekkingu sem verðbréfafyrirtæki metur fullnægjandi.

Skilyrði 2. tölul. 1. mgr. telst uppfyllt ef einstaklingur eða lögaðili hefur átt fimm eða fleiri viðskipti á verðbréfamarkaði að meðaltali á hverjum ársfjórðungi á síðustu fjórum ársfjórðungum.

Skilyrði 3. tölul. 1. mgr. telst uppfyllt ef einstaklingar eða lögaðilar eiga verðbréf að áætluðu markaðsverðmæti að minnsta kosti 100 milljónir króna.

Verðbréfafyrirtæki skulu ganga úr skugga um að einstaklingar og lögaðilar skv. 1. mgr. uppfylli skilyrði greinarinnar.

III. KAFLI
Undanþágur frá almennu útboði.

6. gr.

Undanþegin 2. gr. eru:

1. Útboð þar sem eitt eða fleiri eftirtalinna tilvika eiga við:
   a. Hlutabréf eða samvinnuhlutabréf eru einungis boðin forgangsréttarhöfum í félagi og hömlur eru lagðar á viðskipti með bréfin.

b. Hlutabréf eða samvinnuhlutabréf eru einungis boðin eigendum í félagi, enda séu þeir færri en 50 og hlutafé eða stofnsjóður B-deildar samvinnufélags lægri en 50 milljónir króna.
c. Verðbréf eru boðin tilgreindum afmörkuðum hópi aðila, án auglýsingar eða kynningar, enda sé hópurinn ekki stærri en 25 aðilar.
d. Áætlað heildarsöluverð verðbréfanna nemur ekki meiru en fimm milljónum kr., sbr. þó 2. mgr.
e. Hver fjárfestir þarf að reiða af hendi að minnsta kosti fimm milljónir kr. til kaupa á verðbréfunum, sbr. þó 2. mgr.
f. Verðbréf eru boðin fagfjárfestum.

2. Verðbréf af eftirfarandi gerðum:
a. Verðbréf sem gefin eru út að áætluðu markaðsverði að minnsta fimm milljónir kr. hvert, sbr. þó 2. mgr.
b. Hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða með starfsleyfi innan Evrópska efnahagssvæðisins.
c. Verðbréf sem gefin eru út í tengslum við yfirtökutilboð.
d. Verðbréf sem gefin eru út í tengslum við samruna fyrirtækja.
e. Jöfnunarhlutabréf og önnur hlutabréf sem hluthafar fá afhent án endurgjalds.
f. Hlutabréf eða verðbréf sem eru ígildi hlutabréfa ef þau eru boðin í skiptum fyrir hlutabréf í sama félagi, ef boðið á hinum nýju verðbréfum hefur ekki í för með sér hækkun á hlutafé í félaginu.
g. Verðbréf sem vinnuveitandi eða fyrirtæki tengt honum býður eingöngu núverandi eða fyrrverandi fastráðnum starfsmönnum sínum, eða verðbréf sem boðin eru fram í þágu þeirra.
h. Verðbréf sem til eru komin vegna breytinga á breytanlegum skuldabréfum eða vegna þess að neytt er réttinda sem kaupréttur að hlut veitir, svo og hlutabréf sem boðin eru í skiptum fyrir skiptanleg skuldabréf enda hafi útboðslýsing á hinum breytilegu eða skiptanlegu skuldabréfum, eða þeim skuldabréfum sem kaupréttur að hlut fylgir, verið gefin út á Íslandi.
i. Verðbréf sem gefin eru út af lögaðilum sem ekki eru reknir í hagnaðarskyni í þeim tilgangi að afla fjár til framdráttar markmiðum sínum, sem ekki lúta að hag sjálfra lögaðilanna.
j. Framseljanleg verðbréf sem gefin eru út af ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu eða eru með ríkisábyrgð.

Fjárhæðir í 1. mgr. skulu aldrei nema lægri fjárhæð en 40 þúsund evrum miðað við opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) Seðlabanka Íslands eins og það er skráð á hverjum tíma.

IV. KAFLI
Aðdragandi útboðs, útboðslýsing og útboðstímabil.

7. gr.

Fjármálaeftirlitið skal hafa umsjón með athugun á útboðslýsingum. Þó skulu kauphallir annast athugun á skráningarlýsingum samkvæmt lögum um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða þegar óskað er eftir skráningu í viðkomandi kauphöll, enda sé hún tekin sem gild útboðslýsing. Fjármálaeftirlitið getur falið skipulegum verðbréfamörkuðum að annast athugun á útboðslýsingum öðrum en þeim sem kveðið er á um í 2. málsl.

Seðlabanki Íslands getur sett nánari reglur um fyrsta söludag einstakra almennra útboða í því skyni að draga úr sveiflum í framboði nýrra verðbréfa á verðbréfamarkaðinum.

Skipulegur verðbréfamarkaður skal senda Fjármálaeftirlitinu eintak af útboðslýsingum sem hann annast athugun á.

Þóknun fyrir athugun á útboðslýsingum er ákveðin af Fjármálaeftirlitinu eða skipulegum verðbréfamarkaði skv. 1. mgr.

8. gr.

Útboðstímabil er að hámarki einn mánuður, nema Fjármálaeftirlitið eða skipulegur verðbréfamarkaður sem annast athugun á útboðslýsingum heimili annað og skal tilgreint í útboðslýsingu.

9. gr.

Fjármálaeftirlitið eða skipulegur verðbréfamarkaður sem annast athugun á útboðslýsingu getur veitt undanþágu að hluta eða öllu leyti frá því að birta útboðslýsingu þegar svo háttar að verðbréfin, sem boðin eru í almennu útboði, eru skuldabréf eða ígildi þeirra og gefin út reglulega af lánastofnunum.

10. gr.

Hafi útboðslýsing verið birt í samræmi við 2. gr. er ekki þörf á að birta nýja útboðslýsingu í tengslum við almennt útboð nema liðnir séu meira en 12 mánuðir frá birtingu útboðslýsingar til fyrsta söludags í nýju útboði, eða orðið hafi breytingar á högum útgefanda, sem ætla má að hafi veruleg áhrif á markaðsverð verðbréfanna.

Ef útboðslýsing hefur birst á Íslandi á næstliðnum 12 mánuðum þarf aðeins að tilgreina í næstu útboðslýsingu, er varðar önnur verðbréf sama útgefanda, þær breytingar sem hafa orðið síðan útboðslýsingin var birt og áhrif gætu haft á verðmæti verðbréfanna, svo og upplýsingar um bréfin sem fram eru boðin. Útboðslýsingin skal þó fylgja með þegar hin nýja er birt eða vísað til hennar.

11. gr.

Almennt útboð verðbréfa getur ekki hafist fyrr en Fjármálaeftirlitið eða skipulegur verðbréfamarkaður sem annast athugun á útboðslýsingum hefur staðfest að athugun á útboðslýsingum, tilkynningum, veggspjöldum og öðrum gögnum sem tilkynna almennt útboð sé lokið.

12. gr.

Birta skal auglýsingu um almennt útboð í einu eða fleiri dagblöðum sem gefin eru út á Íslandi eigi síðar en fjórum dögum fyrir fyrsta söludag útboðsins, enda liggi fyrir samþykki Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands, hafi bankinn sett reglur um fyrsta söludag almennra útboða verðbréfa.

Í auglýsingu skv. 1. mgr. skal eftirfarandi koma fram:

1. Heiti útgefanda,
2. tegund útboðs,
3. útboðstímabil,
4. heildarfjárhæð sem boðin er út,
5. lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki sem annast sölu til almennings og
6. hvar nálgast má útboðslýsingu.

13. gr.

Birta skal útboðslýsingu eigi síðar en fjórum dögum fyrir fyrsta söludag útboðs.

Útboðslýsing skal birtast annaðhvort:

1. í einu eða fleiri dagblöðum sem gefin eru út á Íslandi eða
2. í ókeypis bæklingi sem aðgengilegur er almenningi á Íslandi eða með rafrænum hætti á netinu, og á skráðri skrifstofu þess sem sér um útboðið og á skrifstofum fjármálafyrirtækja sem sjá um greiðslur fyrir hann á Íslandi.

14. gr.

Þegar almennt útboð fer fram á verðbréfum skal útboðslýsingin geyma þær upplýsingar sem með hliðsjón af eðli útgefandans og verðbréfanna eru nauðsynlegar fjárfestum til þess að þeir geti á grundvelli þekkingar sinnar metið rétt eignir og skuldir, fjárhagsstöðu, afkomu og framtíðarhorfur útgefanda sem og þau réttindi sem fylgja verðbréfunum.

Til þess að fullnægja þeirri skyldu sem kveðið er á um í 1. mgr. skal útboðslýsingin, samanber þó undantekningarheimildir, tilgreina á skýran og skilmerkilegan hátt að minnsta kosti þau atriði sem fram koma í viðauka með reglugerð þessari.

15. gr.

Fjármálaeftirlitið eða skipulegur verðbréfamarkaður sem annast athugun á útboðslýsingu getur heimilað að tilteknum upplýsingum í viðauka með reglugerð þessari sé sleppt í útboðslýsingu:

1. ef þær hafa litla þýðingu og ólíklegt er að þær hafi áhrif á mat á eignum eða skuldum útgefanda, fjárhagsstöðu, afkomu eða framtíðarhorfum;
2. ef birting þeirra myndi skaða útgefandann verulega, að því tilskildu að undanþágan verði ekki til þess að almenningur fái rangar hugmyndir um staðreyndir og aðstæður sem eru nauðsynlegar til að meta hlutaðeigandi verðbréf, eða ef þessi birting stangast á við hagsmuni almennings.

16. gr.

Komi fram nýjar upplýsingar sem máli geta skipt um mat á útgefanda eða verðbréfum hans frá því að útboðslýsing var birt og þar til hinu almenna útboði er lokið skal útbúa viðauka við útboðslýsingu þar sem greint er frá hinum nýju upplýsingum. Þennan viðauka skal senda Fjármálaeftirlitinu eða skipulegum verðbréfamarkaði sem annast athugun á útboðslýsingum til samþykktar og birta án ástæðulauss dráttar með sama hætti og útboðslýsingu skv. 13. gr.

17. gr.

Fjármálaeftirlitið getur viðurkennt útboðslýsingar sem samþykktar hafa verið af lögbærum yfirvöldum á Evrópska efnahagssvæðinu.

Fjármálaeftirlitið getur ákveðið að í útboðslýsingum skv. 1. mgr. skuli veittar sérstakar upplýsingar um íslenska markaðinn, svo sem um skattamál, fjármálafyrirtæki sem annast greiðslur og fleira. Einnig skal vekja sérstaka athygli á atriðum sem varða réttindi eigenda bréfanna á grundvelli annarra réttarreglna en íslenskra og eru ekki í samræmi við íslenskar réttarreglur.

Fjármálaeftirlitið getur krafist að útboðslýsingar samkvæmt þessari grein séu þýddar á íslensku af löggiltum skjalaþýðanda.

18. gr.

Stjórn útgefanda ber að sjá til þess að í útboðslýsingu séu allar nauðsynlegar upplýsingar, þannig að gefin sé fullnægjandi mynd af útgefanda og verðbréfum hans í samræmi við reglugerð þessa og viðauka.

Stjórn útgefanda skal að viðlagðri bótaábyrgð, eða annarri ábyrgð að lögum, undirrita yfirlýsingu þess efnis að upplýsingar í útboðslýsingunni séu eftir bestu vitund hennar í samræmi við staðreyndir og að engu mikilvægu atriði sé sleppt sem áhrif getur haft á mat á útgefanda og verðbréfum hans.

Umsjónaraðili skal að viðlagðri bótaábyrgð, eða annarri ábyrgð að lögum, undirrita yfirlýsingu þess efnis að hann hafi aflað þeirra gagna sem að hans mati voru nauðsynleg til þess

að útboðslýsingin gæfi rétta mynd af útgefanda og verðbréfum hans og að hans mati sé engu atriði sleppt sem áhrif getur haft á mat á útgefanda og verðbréfum hans sem óskað er skráningar á.

Yfirlýsing endurskoðanda útgefanda skal jafnframt fylgja, þess efnis að hann hafi endurskoðað þá ársreikninga útgefanda, milliuppgjör og/eða forsendur rekstraráætlunar, ef við á, sem birt eru í útboðslýsingu og að upplýsingar í útboðslýsingunni er varða reikningsskil séu í samræmi við reikningana.

V. KAFLI
Viðvarandi upplýsingaskylda.
19 gr.

Félög, sem farið hafa í almennt útboð án skráningar í kauphöll samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, skulu senda Fjármálaeftirlitinu endurskoðaðan ársreikning og fréttatilkynningu vegna birtingar ársreiknings.

Félag skal leitast við að láta reikningsskil sín ávallt uppfylla ströngustu kröfur sem almennt eru gerðar til félaga í þeirri grein sem það starfar í. Reikningsskilin skulu vera í samræmi við gildandi lög og góða reikningsskilavenju. Endurskoðaðan ársreikning skal senda Fjármálaeftirlitinu um leið og hann er fullgerður og eigi síðar en fjórum mánuðum frá lokum þess reikningsárs sem hann nær til.

Í kjölfar þess stjórnarfundar þar sem ársreikningur félagsins er formlega samþykktur skal félagið birta fréttatilkynningu vegna hans. Í slíkri fréttatilkynningu skulu vera svo ítarlegar upplýsingar að ársreikningurinn feli ekki í sér að mati félagsins viðbótarupplýsingar sem gætu haft veruleg áhrif á verðmyndun viðkomandi félags.

VI. KAFLI
Viðurlög.
20 gr.

Fjármálaeftirlitið getur aflað upplýsinga um framkvæmd útboðs hjá aðila sem býður fram verðbréf í útboði. Telji Fjármálaeftirlitið að ekki hafi verið farið að reglum um almennt útboð verðbréfa getur það stöðvað útboðið og veitt frest til úrbóta, sé þess kostur. Fjármálaeftirlitið getur birt opinberlega yfirlýsingu um umrætt mál og lagt á aðila dagsektir samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjámálastarfsemi.

VII. KAFLI
Gildistaka o.fl.
21. gr.

Reglugerð þessi er sett í samræmi við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um að fella inn í EES-samninginn og taka upp í innlendan rétt ákvæði tilskipunar ráðsins 89/298/EBE um samræmingu á kröfum við gerð, athugun og dreifingu á útboðslýsingu sem birta skal við almennt útboð framseljanlegra verðbréfa.

22. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 28. gr. laga um verðbréfaviðskipti nr. 13/1996, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. júlí 2001. Viðvarandi upplýsingaskylda skv. 19. gr. gildir ekki um félög sem fóru í almennt útboð fyrir gildistöku reglugerðar þessarar.

Viðskiptaráðuneytinu, 19. júní 2001.

Valgerður Sverrisdóttir.

Benedikt Árnason.

VIÐAUKI

Efni útboðslýsingar fyrir verðbréf sem ekki er sótt um að tekin verði til opinberrar skráningar í kauphöll.

Þegar almennt útboð fer fram á verðbréfum skal útboðslýsingin geyma þær upplýsingar sem með hliðsjón af eðli útgefandans og verðbréfanna eru nauðsynlegar fjárfestum til að þeir geti á grundvelli þekkingar metið rétt eignir og skuldir, fjárhagsstöðu, afkomu og framtíðarhorfur útgefanda sem og þau réttindi sem fylgja verðbréfunum.

Til þess að fullnægja þeirri skyldu sem kveðið er á um í 1. mgr. skal útboðslýsingin, samanber þó undantekningarheimildir, tilgreina á skýran og skilmerkilegan hátt að minnsta kosti eftirfarandi:

1. Þá sem eru ábyrgir fyrir útboðslýsingunni:
   - 1.1. nöfn og kennitölur,
   - 1.2. starfsheiti og
   - 1.3. yfirlýsingu þeirra um að samkvæmt bestu vitund þeirra sé útboðslýsing rétt og í hana vanti ekkert sem áhrif geti haft á gildi hennar.
2. Hið almenna útboð og hver þau verðbréf eru sem fram eru boðin:
   - 2.1. eðli þeirra,
   - 2.2. fjárhæð og tilgang útgáfunnar,
   - 2.3. fjölda útgefinna bréfa og réttinda sem fylgja þeim,
   - 2.4. skatt sem haldið er eftir,
   - 2.5. útboðstímabilið,
   - 2.6. hvenær réttindi hefjast til arðs eða vaxta,
   - 2.7. þá sem tryggja eða ábyrgjast útboðið,
   - 2.8. takmörkun á sölu verðbréfa sem í boði eru og markaði sem hafa viðskipti með þau,
   - 2.9. stofnanir sem annast greiðslur,
   - 2.10. útboðsverð bréfanna ef þekkt er, eða
   - 2.11. hvernig og hvenær verðið skal ákveðið ef það er ekki vitað þegar útboðslýsing er gerð,
   - 2.12. greiðslufyrirkomulag,
   - 2.13. hvernig forkaupsréttar er neytt, sé hann fyrir hendi og
   - 2.14. hvernig og með hvaða fresti afhending bréfanna fer fram.
3. Útgefanda:
   - 3.1. nafn, kennitölu og skráða skrifstofu,
   - 3.2. stofndag,
   - 3.3. löggjöf sem um útgefandann gildir og rekstrarform hans,
   - 3.4. tilgang hans,
   - 3.5. hvar félagið er skráð,
   - 3.6. fjárhæð hlutafjár sem áskrift er fyrir,
   - 3.7. fjölda og helstu einkenni þeirra bréfa sem mynda hlutaféð og þá hluta hlutafjárins sem ógreiddir eru,
   - 3.8. fjölda allra breytanlegra skuldabréfa, skiptanlegra skuldabréfa sem kaupréttur að hlutunum fylgir og hvernig breyting, skipting eða áskrift fari fram og
   - 3.9. fyrirtækjasamstæðu sem útgefandi tilheyrir,
   - 3.10. ef við á þegar um er að ræða hlutabréf skal einnig tilgreina eftirfarandi: fjárhæð hlutafjár og hversu lengi heimild til hlutafjárútgáfu gildir og hluthafa þá sem beint eða óbeint fara með eða gætu farið með úrslitavald í rekstri útgefandans, svo fremi sem um þá er vitað.

4. Aðalstarfsemi útgefandans:
   4.1. lýsingu á helstu starfsemi hans og alla óvenjulega þætti sem áhrif hafa haft á starfsemi hans þar sem við á,
   4.2. öll einkaleyfi, leyfi eða samninga sem máli skipta,
   4.3. upplýsingar um yfirstandandi fjárfestingar sem eiga sér stað ef þær skipta máli og
   4.4. dómsmál sem kunna að standa yfir ef þau geta haft veruleg áhrif á fjárhagstöðuna.
5. Eignir og skuldir útgefandans, fjárhagsstöðu og afkomu:
   5.1. eigin ársreikninga undangengin tvö reikningsár og samstæðureikninga þar sem við á,
   5.2. ef útgefandi færir aðeins samstæðureikninga skulu þeir færðir inn í útboðslýsinguna,
   5.3. ef útgefandi færir bæði eigin ársreikninga og samstæðureikninga skal hann færa bæði uppgjörin inn í útboðslýsinguna en þó má hann færa inn annað uppgjörið eingöngu ef það sem ekki er fært inn felur ekki í sér viðbótarupplýsingar sem máli skipta,
   5.4. séu liðnir meira en 9 mánuðir frá lokum þess reikningsárs sem síðasti ársreikningur tilheyrir skal sýna hlutaársreikning sem nær til a.m.k. 6 mánaða þar á eftir. Sé hann ekki endurskoðaður skal þess getið,
   5.5. nafn og kennitölu þess sem ber ábyrgð á endurskoðun reikninga og
   5.6. hafi endurskoðandinn haft fyrirvara í áritun sinni eða synjað um hana verður að geta þess og tilgreina ástæður.
6. Stjórn útgefanda, framkvæmdastjórn og eftirlit:
   6.1. nöfn og kennitölur,
   6.2. heimilisföng og starfsheiti og
   6.3. sé um að ræða almennt útboð á hlutum í félagi með takmarkaða ábyrgð skal geta um laun þeirra sem annast stjórn, framkvæmdastjórn og skoðun reikninga.
7. Framvindu viðskipta útgefanda undanfarið og framtíðarhorfur að svo miklu leyti sem slíkar upplýsingar geta haft áhrif sem máli skipta við mat á honum:
   7.1. markverðustu nýjungar varðandi framvindu viðskipta útgefanda frá lokum næstliðins reikningsárs og
   7.2. framtíðarhorfur hans að minnsta kosti á yfirstandandi reikningsári og hafi endurskoðandi eða óháður matsmaður yfirfarið forsendur.

Þegar almennt útboð fer fram á skuldabréfum sem einn eða fleiri lögaðilar ábyrgjast skal einnig veita þær upplýsingar sem nefndar eru í liðum 3.-7. í 2. mgr. um ábyrgðaraðila.

Þegar almennt útboð fer fram á breytanlegum skuldabréfum eða skiptanlegum skuldabréfum eða skuldabréfum með kauprétti á hlut eða á kaupréttinum sjálfum, verður einnig að veita upplýsingar um eðli þeirra hlutabréfa eða skuldabréfa sem rétturinn beinist að og hvenær og hvernig breyting, skipti eða áskrift megi fara fram. Þegar útgefandi hlutabréfanna eða skuldabréfanna er ekki sá sami og gaf út hin upphaflegu skuldabréf eða veitti kaupréttinn, verða þær upplýsingar, sem tilgreindar eru í liðum 3.-7. í 2. mgr. um útgefandann, að koma fram.

Þegar tímabilið frá því að útgefandi hóf starfsemi sína er styttra en um er getið í 2. mgr., þarf aðeins að veita upplýsingar sem lúta að þeim tíma frá því starfsemi hófst.

Ef í ljós kemur að upplýsingar, sem tilgreindar eru í 2. mgr., eiga ekki við um starfssvið útgefanda eða rekstrarform hans vegna þeirra verðbréfa sem í boði eru, skal gera útboðslýsingu með jafngildar upplýsingar.

Ef hlutabréf eru boðin hluthöfum útgefanda á grundvelli forkaupsréttar þeirra við skráningu á skipulegum verðbréfamarkaði getur Fjármálaeftirlitið, eða skipulegur verðbréfamarkaður sem annast athugun á útboðslýsingum, heimilað að sumum upplýsingum sem tilgreind-

ar eru í liðum 4.-6. í 2. mgr., sé sleppt, svo fremi sem fjárfestar hafi yfir að ráða nýjustu upplýsingum um útgefandann, jafngildum þeim sem krafist er í þessum viðauka.

Þegar flokkur hlutabréfa er skráður á skipulegum verðbréfamarkaði getur Fjármálaeftirlitið, eða skipulegur verðbréfamarkaður sem annast athugun á útboðslýsingum, veitt undanþágu að öllu leyti eða að hluta frá því að birta útboðslýsingu. Skilyrði þess eru að áætlað markaðsverð, nafnverð eða, sé nafnverð ekki tilgreint, bókfært verð hinna útboðnu bréfa nemi minna en 10% af sambærilegu verðgildi hlutabréfa í sama flokki sem þegar eru hafin viðskipti með og að fjárfestar hafi yfir að ráða nýjustu upplýsingum um útgefandann, jafngildum þeim sem krafist er í þessum viðauka.

20. júní 2001 Nr. 478

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Orkuveitu Húsavíkur.

Samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá B-hluta Orkuveitu Húsavíkur, er taki gildi 1. júlí 2001.

Gjaldskrá Orkuveitu Húsavíkur, B-hluti, nr. 258, 21. mars 2001 breytist þannig:

7. gr.
Sérgjöld rafveitu.

Öll gjöld rafveitu hækka um 7%.

8. gr.
Sérgjöld hitaveitu.

Notkun á heitu vatni.
Almenn notkun:
vatnsgjald hækkar um 10%.

Iðnaðarráðuneytinu, 20. júní 2001.

F. h. r.
Guðjón Axel Guðjónsson

Katrín Jóhannsdóttir.

20. júní 2001 Nr. 479

AUGLÝSING

um deiliskipulagsáætlun í Reykjavík.

Grafarlækur, Stekkjarmóar, Djúpidalur, deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 27. mars 2001 deiliskipulag fyrir Grafarlæk, Stekkjarmóa og Djúpadal.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 20. júní 2001.

Þorvaldur S. Þorvaldsson skipulagsstjóri.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Ólafsfjarðar.

Samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Ólafsfjarðar er taki gildi 1. júlí 2001.

Gjaldskrá Hitaveitu Ólafsfjarðar, nr. 553, 2. ágúst 2000, breytist þannig:

Allir gjaldskrárliðir hækka um 5,56%.

Iðnaðarráðuneytinu, 20. júní 2001.

F. h. r.
Guðjón Axel Guðjónsson.

Katrín Jóhannsdóttir.

Nr. 481 14. júní 2001

REGLUGERÐ

um brottfellingu reglugerðar nr. 735/2000 um undanþágur frá lyfjahugtakinu og hver vítamín og steinefni teljist ekki lyf (náttúruvörur og fæðubótarefni).

1. gr.

Reglugerð nr. 735/2000 um undanþágur frá lyfjahugtakinu og hver vítamín og steinefni teljist ekki lyf (náttúruvörur og fæðubótarefni) fellur brott.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. júlí 2001. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 918/2000 um frestun gildistöku reglugerðar nr. 735/2000.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 14. júní 2001.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

Nr. 482 18. júní 2001

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi lóðar Flataskóla við Vífilsstaðaveg í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti 17. maí sl. breytingu á deiliskipulagi lóðar Flataskóla við Vífilsstaðaveg.

Í breytingunni felst að staðsettar eru tvær kennslustofur á norðvestur hluta lóðar Flataskóla. Fyrir eru þrjár lausar kennslustofur.

Deiliskipulagið öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Garðabæ, 18. júní 2001.

F.h. Garðabæjar,

Bergljót S. Einarsdóttir skipulagsfulltrúi Garðabæjar.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Reykjavík og Kópavogi.

Fossvogsdalur, deiliskipulag Fossvogsmýrar, Fossvogsdals í Reykjavík og Kópavogi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, með síðari breytingum, samþykkti bæjarráð Kópavogs þann 27. febrúar og borgarráð Reykjavíkur þann 10. apríl 2001, deiliskipulag sem tekur til hluta Fossvogsdals. Nánar tiltekið afmarkast deiliskipulagssvæðið af íbúðabyggð í Kópavogi og Reykjavík, Hermannsskógi í vestur og íþróttasvæði H.K. í austur.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 20. júní 2001.

Þorvaldur S. Þorvaldsson,
skipulagsstjóri Reykjavíkur.

Birgir Sigurðsson,
skipulagsstjóri Kópavogsbæjar.

14. júní 2001 Nr. 484

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð um innflutning og heildsöludreifingu lyfja nr. 699/1996.

1. gr.

Í öllum tilvikum, þar sem minnst er á „Lyfjaeftirlit ríkisins“ og „Lyfjanefnd“ í reglugerðinni, skal því breytt í „Lyfjastofnun“.

2. gr.

Ný mgr., sem verður 2. mgr. bætist við 34. gr.

Takmarkanir á sölu lyfja skv. ákvæðum 1) – 6) tl. þessarar greinar eiga ekki við um náttúrulyf og hómopatalyf (smáskammtalyf), nema Lyfjastofnun ákveði annað.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 44. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 14. júní 2001.

F. h. r.
Davíð Á. Gunnarsson.

Ingolf J. Petersen.

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 111/2001 um gerð lyfseðla og ávísun lyfja.

1. gr.

23. gr. orðist svo:

„Útgefandi lyfseðils skal tilgreina á lyfseðli hvernig, hvenær og við hverju nota á ávísað lyf á þann hátt, að auðskilið sé fyrir notanda þess. Í undantekningatilvikum má læknir sleppa að geta við hverju lyf er notað, telji hann það þjóna hagsmunum sjúklings. Ef unnt er skal greina bæði einstakan skammt og dagsskammt.“

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 12. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 14. júní 2001.

F. h. r.
Davíð Á. Gunnarsson.

Ingolf J. Petersen.

Nr. 486 11. júní 2001

REGLUGERÐ

um fylgiréttargjald.

1. gr.

Við sölu myndlistarverka og listmuna á listmunauppboðum og við endursölu þeirra í atvinnuskyni ber að greiða 10% fylgiréttargjald af andvirði hins selda er falli í hlut höfundar viðkomandi listaverks eða erfingja hans að honum látnum. Réttindi þessi eru ekki framseljanleg.

Myndhöfundasjóður Íslands - Myndstef annast innheimtu fylgiréttargjalds og skil þess til höfundar eða erfingja hans eftir þeim reglum sem nánar er kveðið á um í reglugerð þessari.

Ef höfundaréttur að listaverki, sem selt er á listmunauppboði er fallinn niður sbr. 43. gr. höfundalaga nr. 73/1972, íslenska ríkið á höfundarétt að listaverki, sem selt er á listmunauppboðum eða í atvinnuskyni eða þegar fylgiréttargjaldinu verður ekki ráðstafað til höfundar eða annarra rétthafa, rennur fylgiréttargjaldið til Myndhöfundasjóðs Íslands - Myndstefs.

2. gr.

Listaverk sem falla undir gjaldskyldu skv. 6. mgr. 23. gr. laga nr. 28/1998 um verslunaratvinnu eða 25. gr. b. höfundalaga nr. 73/1972, sbr. lög nr. 57/1992 og lög nr. 60/2000 eru:

a) Öll málverk, þ.e. frumverk, sem gerð eru með olíulitum, akryllitum, tempera, vatnslitum, gouache og pastellitum svo og myndverk, sem gerð eru með annarri tækni.

b) Höggmyndir, ef um er að ræða frummynd eða merkta afsteypu í bronze, gips, terrakotta, leir, stein, marmara, tré, járn eða sérhvert annað efni.

c) Merktar og ómerktar teikningar listamanna, þ.e. blýants-, blek-, tusch-, krítar- og kolateikningar svo og annars konar teikningar og hvers konar grafísk listaverk, svo sem lithografíur, koparstungur, ætingar, raderingar, tréþrykk, svo og hvers konar önnur grafíkverk, enda séu verkin merkt af viðkomandi listamanni.

d) Myndvefnaður, textilverk, gler- og mósaikmyndir svo og leir, keramik, postulíns-, silfur- og gullverk sem teljast til listiðnaðar, enda sé um frumverk að ræða og það merkt af viðkomandi listamanni.

3. gr.

Fylgiréttargjald ber að greiða af sölu allra listaverka sem getið er um í 2. gr. hafi listaverkið verið selt á listmunauppboði eða það endurselt í atvinnuskyni með öðrum hætti, enda sé höfundur þess íslenskur ríkisborgari eða ríkisborgari eins af aðildarríkjum alþjóðlegra sáttmála um höfundarétt sem Ísland er jafnframt aðili að og veitir íslenskum höfundum sams konar réttindi í því ríki.

4. gr.

Uppboðshaldarar listmunauppboða þ.e. þeir sem að lögum hafa fengið leyfi til að halda listmunauppboð og þeir sem annast endursölu listaverka í atvinnuskyni skulu inna af hendi greiðslu fylgiréttargjalds til Myndhöfundasjóðs Íslands - Myndstefs og eru þeir ábyrgir fyrir greiðslu fylgiréttargjaldsins.

Ásamt greiðslu fylgiréttargjalds skulu þeir jafnframt skila Myndhöfundasjóði Íslands - Myndstefi skilagrein um alla sölu listaverka ásamt nafni og auðkennum verks, stærð þess ásamt öðrum upplýsingum úr uppboðsskrá svo og um höfund verksins og söluverð þess.

Fylgiréttargjaldi og skilagrein skal skila í síðasta lagi 30 dögum eftir að listamunauppboð fór fram, ef um sölu á listmunauppboði er að ræða en ársfjórðungslega ef um endursölu í atvinnskyni er að ræða.

5. gr.

Um kröfurétt höfundar á fylgiréttargjaldi eða annarra rétthafa þess fer eftir ákvæðum höfundalaga nr. 73/1972, með síðari breytingum.

Stjórn Myndhöfundasjóðs Íslands - Myndstefs er heimilt að ákveða hæfilegt endurgjald vegna innheimtu og skila á fylgiréttargjaldi, en þó aldrei hærra en 25% af því fylgiréttargjaldi sem innheimt er.

Ef ekki er unnt að hafa upp á höfundi eða öðrum rétthöfum viðkomandi fylgiréttargjalds, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir þ.m.t. auglýsingu í dagblöðum og Lögbirtingablaði, skal fylgiréttargjaldið renna til Myndhöfundasjóðs Íslands - Myndstefs, enda séu liðin þrjú ár frá lokum þess árs er endursala fór fram.

Séu erfingjar látins höfundar, sem njóta skulu fylgiréttargjalds fleiri en einn, skulu þeir koma sér saman um að veita einum þeirra umboð til þess að taka við greiðslu úr sjóðnum.

6. gr.

Um refsingu vegna brota gegn ákvæðum reglugerðar þessarar fer eftir ákvæðum höfundalaga nr. 73/1972 með síðari breytingum.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 6. mgr. 23. gr. laga nr. 28/1998 um verslunaratvinnu og 25. gr. b. höfundalaga nr. 73/1972, sbr. lög nr. 57/1992 og lög nr. 60/2000 og öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 244/1993 um fylgiréttargjald og Myndlistarsjóð Íslands.

Menntamálaráðuneytinu, 11. júní 2001.

Björn Bjarnason.

Þórunn J. Hafstein.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Borgarness.

1. gr.

Hitaveitan selur heitt vatn úr veitukerfi sínu samkvæmt gjaldskrá þessari og reglugerð hitaveitunnar.

2. gr.

Fastagjald greiðist af öllu hituðu húsnæði. Heimilt er þó að veita undanþágu frá þessu ákvæði.

Fastagjaldið reiknast út frá flatarmáli (F) samkvæmt fasteignamati. Flatamál bílgeymslna er ekki tekið með flatarmáli íbúðarhúsnæðis, nema þær séu notaðar sem íbúðar- eða atvinnuhúsnæði.

Fastagjald á mánuði = F x 13,60 kr./m^2, ef F er minna en eða jafnt 130 m^2.

Fastagjald á mánuði = 1.766,00 kr. + (F-130) x 8,15 kr./m^2, ef F er stærra en 130 m^2.

3. gr.

Gjald fyrir afnot af heita vatninu er:

a) Þeir sem greiða fastagjald samkvæmt 2. gr. greiða 77,20 kr. fyrir hvern rúmmetra vatns.
b) Þeir sem ekki greiða fastagjald samkvæmt 2. gr. greiða 102,75 kr. fyrir hvern rúmmetra vatns.
c) Gjald vegna vatnsnotkunar íþróttamiðstöðvarinnar í Borgarnesi skal vera 50% af gjaldskrá a-lið.
d) Gjald vegna vatnsnotkunar á snjóbræðslukerfi skal vera 40% af gjaldskrá skv. b-lið.
e) Gjaldið leiðréttist miðað við reiknað hitastig við húsvegg sbr. 18. gr. reglugerðar hitaveitunnar.

4. gr.

Fyrir hvern mæli skal greiða gjald mánaðarlega.

Fyrir mæli með nafnrennsli allt að 6 m^3/klst.: 274 kr./mán.

Fyrir mæli með nafnrennsli yfir 6 m^3/ klst.: 488 kr./mán.

5. gr.

Komi til lokunaraðgerða, sbr. reglugerð Hitaveitu Borgarness, skal greiða gjald 3.522 kr.

Fyrir aukaálestur af mæli skal greiða 903 kr.

6. gr.

Stofngjöld skal greiða af öllu húsrými á lóð. Heimilt er að undanskilja sérstakar óupphitaðar byggingar aðrar en bifreiðageymslur. Innifalið í stofngjaldi er heimæð allt að 25 m innan lóðarmarka og mælagrind.

Stofngjald skal vera:

Stærð húss:	Stofngjald:		
allt að 250 m^3	77.545 kr.		
251 - 500 m^3	77.545 kr. +	185,00 kr./m^3	yfir 250 m^3
501 - 1500 m^3	123.800 kr. +	108,35 kr./m^3	yfir 500 m^3
1501 - 6000 m^3	232.167 kr. +	69,60 kr./m^3	yfir 1500 m^3
yfir 6000 m^3	545.289 kr. +	54,80 kr./m^3	yfir 6000 m^3

Lágmarksstofngjald fyrir íbúð í sambýlishúsi skal vera 58.438 kr. Sama gildir um annað húsnæði í slíkum byggingum.

Fyrir fleiri mælagrindur en eina skal greiða sérstakt mælagrindargjald. Mælagrindargjald er 17.710 kr./grind.

Gjald fyrir heimæðar, sem eru lengri en 25 m innan lóðarmarka, 3.537 kr./m umfram 25 m.

7. gr.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. júlí 2001 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 488, 5. júlí 2000.

Iðnaðaráðuneytinu, 20. júní 2001.

F. h. r.
Guðjón Axel Guðjónsson.

Katrín Jóhannsdóttir.

20. júní 2001 Nr. 488

LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Seltjarnarnes.

1. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir lögsagnarumdæmi Seltjarnarnesskaupstaðar.

2. gr.

Með almannafæri er í samþykktinni átt við götur og svæði, ætluð til almenningsnota. Ákvæðin um almannafæri gilda einnig eftir því sem við á um aðra staði sem opnir eru almenningi, s.s. verslanir, veitingastaði, bifreiðastöðvar, biðskýli söfn o.fl.

3. gr.

Uppþot, áflog, óspektir eða önnur háttsemi, sem raskar allsherjarreglu, má ekki eiga sér stað á almannafæri. Ekki mega menn þyrpast saman á almannafæri svo að til tálma sé fyrir umferð eða til óþæginda fyrir vegfarendur.

Enginn má sýna öðrum áreiti á almannafæri eða sýna þar af sér ósæmilega háttsemi.

4. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri, þar á meðal við dyr verslana, samkomuhúsa eða annars staðar, þar sem almenningur kemur saman, skal raða sér þannig, að þeir sem fyrstir koma fái fyrstir afgreiðslu. Við slík tækifæri skulu menn í öllu haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan eða umsjónarmaður setur til að varðveita góða reglu.

5. gr.

Bannað er að hafast nokkuð að, sem veldur ónæði eða raskar næturró manna.

6. gr.

Á götum bæjarins eða þar sem hætta getur stafað af, má ekki renna sér á sleðum, eða hafa um hönd aðrar skemmtanir eða leiki, sem hindra umferð. Sömuleiðis er bannað að hanga aftan í bifreiðum, sem eru á ferð um göturnar.

7. gr.

Eigi má skjóta af byssum eða öðrum skotvopnum í þéttbýli, nema á sérstökum æfingasvæðum, sem lögreglustjóri samþykkir. Í þéttbýli má ekki kveikja í eldfimum efnum eða sprengiefnum. Þó getur lögreglustjóri veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstaklega stendur á. Nauðsynlegar sprengingar vegna mannvirkjagerðar má aðeins framkvæma með sérstöku samþykki lögreglustjóra og bera bæði verkstjóri og sá sem mannvirkið er unnið fyrir, ábyrgð á, að allrar varúðar sé gætt.

8. gr.

Enginn má ganga dulklæddur á almannafæri eða í búningi, sem misbýður velsæmi eða getur raskað allsherjarreglu. Sömuleiðis er bannað að sýna af sér hneykslanlega hegðun, t.d. með því að ávarpa menn ókurteisum eða ósæmilegum orðum, vera áberandi ölvaður eða með því að sýna þar af sér ósæmilegt látbragð svo sem að fletta sig klæðum, gera þarfir sínar o.s.frv.

9. gr.

Enginn má taka vatn úr brunahönum bæjarins eða hreyfa við þeim að neinu leyti nema hann hafi til þess leyfi slökkvistjóra eða tæknideildar bæjarins.

10. gr.

Atvinnurekstur, sem valdið getur töfum á umferð er óheimill. Þó er heimilt að selja blöð og bæklinga á almannafæri. Með leyfi lögreglustjóra má selja á almannafæri aðgöngumiða að útisamkomum, dagskrár, merki og annað þessu skylt. Bannað er sölumönnum að gera vart við sig með ópum, köllum eða söng frá kl.17.00 síðdegis til kl. 9.00 árdegis.

11. gr.

Enginn má láta fyrir berast í húsum, á lóðum, í garðhliðum eða á stöðum þar sem inn er gengið í hús eða lóðir án leyfis hlutaðeigandi húsráðenda, né fara inn í híbýli í söluerindum.

12. gr.

Á almannafæri má ekki leggja eða setja neitt það, er hindrar umferð. Bannað er að leggja í íbúðahverfum stórum vinnuvélum eða bifreiðum, sem notaðar eru til fólks- eða vöruflutninga. Þó getur bæjarstjórn í samráði við lögreglustjóra veitt undanþágu frá þessari reglu, ef talið er, að slíkt leiði ekki til ónæðis eða óþæginda fyrir aðra bæjarbúa. Notkun vélsleða á götum bæjarins er bönnuð.

13. gr.

Eigi má hengja utan á hús vöruskápa, sjálfsala, auglýsingaspjöld eða annað þess háttar, ef það veldur óþægindum á almannafæri að dómi lögreglunnar. Leyfi bygginarnefndar þarf til að setja upp föst auglýsingarspjöld eða aðrar varanlegar auglýsingar.

14. gr.

Enginn má fleygja glerbrotum, steinum, nöglum, ávaxtahýði, pappírsrusli eða öðru þess konar á almannafæri né heldur skvetta þar vatni eða öðru sem haft getur í för með sér hættu eða óþægindi fyrir vegfarendur eða veldur óþrifnaði.

15. gr.

Um útivistartíma barna og ungmenna fer skv. lögum nr. 58/1992 um vernd barna og ungmenna.

16. gr.

Enginn má gera skurð í gangstéttir, götur eða torg bæjarins né raska þeim á neinn hátt, nema hann hafi til þess leyfi bæjaryfirvalda og samþykki lögreglustjóra enda setji hann aftur í samt lag það, sem raskað var. Slík verk skulu unnin þannig, að sem minnstur farartálmi sé að, og ætíð skal þess gætt, að vegfarendur séu varaðir við farartálmanum með nægilega greinilegum ljósum, þegar dimmt er. Að öðru leyti gerir lögreglustjóri þær ráðstafanir, er honum þykir þurfa til að afstýra hættu fyrir vegfarendur. Getur hann bannað umferð um götur að nokkru eða öllu leyti, meðan á verki stendur eða skipað fyrir um, hvernig umferðinni skuli hagað. Ef slíkt verk dregst úr hófi fram, eftir að byrjað er á því getur lögreglustjóri látið ljúka verkinu eða setja götuna í samt lag aftur á kostnað þess, sem verkið átti að framkvæma.

17. gr.

Þegar nýtt hús er byggt eða eldra hús rifið og byggt upp að nokkru leyti, er eiganda eða þeim, sem sér um verkið, skylt að skýra lögreglustjóra frá, áður en verkið hefst. Eigandi eða verktaki skal haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglustjóri setur til að forðast farartálma og hættu eða óþægindi fyrir vegfarendur. Verkfæri og efni má ekki leggja frá sér á almannafæri, nema þar sem lögreglustjóri leyfir, og eigi má það liggja þar lengur en nauðsyn krefur. Mold, möl, efnisleifar og annað, er af byggingunni stafar, skal eigandinn færa burt, þegar framkvæmdinni er svo langt komið, að því verði við komið. Girðingar, sem kunna að hafa verið reistar til að afstýra hættu eða farartálma, skal taka burt þegar í stað, þegar lögreglan krefst þess. Nú brennur hús eða annað mannvirki eða það er tekið burt án þess að annað sé gert í staðinn. Er eiganda þá skylt að ganga svo frá hússtæðinu, að ekki stafi hætta, óþrifnaður eða óprýði af.

18. gr.

Pallar, stoðir og annar umbúnaður, sem notaður er við húsasmíðar eða viðgerðir á húsum skal vera nægilega traustur. Lausir stigar, sem notaðir eru við viðgerðir á húsum, málun, gluggaþvott eða þess konar, skulu vera nægilega traustir og kjálkarnir búnir járngöddum að neðan, ef stiginn er meira en fjögurra (4) metra langur.

19. gr.

Nú er hús svo hrörlegt, að hætt er við, að það eða einhver hluti þess hrynji. Getur lögreglustjóri þá bannað afnot af húsinu og lagt fyrir eigandann að rífa það innan tiltekins tíma eða endurbæta það svo, sem þörf gerist til að afstýra hættu. Enn fremur getur lögreglustjóri á kostnað eigandans gert aðrar ráðstafanir, sem hann telur nauðsynlegar til að afstýra hættu fyrir vegfarendur og aðra. Ákvæði þetta nær einnig til þess, þegar steinvegg, trévegg eða annarri girðingu liggur við hruni eða falli.

20. gr.

Ekki má skemma eða færa úr stað, eigi heldur ata eða rispa, tjarga, mála eða teikna á mannvirki og hluti, hverju nafni sem nefnast, sem ætlaðir eru til almenningsnota, svo sem hús, minnisvarða, símaklefa, biðskýli, götuljósker, nafnspjöld og töluspjöld á götum og húsum, bekki, girðingar og annað þess háttar.

21. gr.

Enginn má skemma girðingar, né heldur klifra yfir þær eða upp um þær. Enginn má skemma eða troða ræktaða bletti, grasreiti eða trjágarða, hvort sem þeir eru girtir eða ógirtir.

22. gr.

Bæjarstjórn ákveður nöfn á götum og lætur festa upp nafnspjöld, þar sem þurfa þykir. Töluspjöldum, sem bæjarstjórnin hefur látið eða lætur festa á hús til að tákna húsaröð, skulu húseigendur halda við á sinn kostnað og endurnýja, ef á þarf að halda. Hús í bænum skulu vera merkt í númeraröð eða með heiti húss ef við á og númeri þess í röð húsa.

23. gr.

Bæjarstjórn ákveður, hvar festa skuli upp auglýsingar frá yfirvöldum og öðrum stjórnvöldum, og útvegar á kostnað bæjarsjóðs spjöld í því skyni svo mörg sem þurfa þykir. Auglýsingar um sýningar og skemmtanir, sem leyft er að halda, má festa upp hvar sem er með samþykki hlutaðeigandi húsráðanda. Aðrar auglýsingar má festa upp með leyfi húsráðanda.

24. gr.

Hlutaðeigendur skulu taka niður auglýsingar, þegar þær hafa náð tilgangi sínum og hreinsa vel staðinn, þar sem þær voru hafðar. Enginn má rífa niður löglega uppfestar auglýsingar eða gera þær ólæsilegar á annan hátt.

25. gr.

Allir staðir, þar sem rekin er almenn veitingasala og gististaðir fyrir almenning skulu háðir sérstöku eftirliti og skal lögreglunni heimill umgangur um húsakynni þau, sem notuð eru í sambandi við veitingarnar. Veitinga- og greiðasölu má aðeins hafa um hönd í húsnæði, sem að dómi heilbrigðisnefndar er til þess hæft og bæjarstjórnin hefur samþykkt. Þetta ákvæði nær einnig til þeirra veitinga- og greiðasöluhúsa, sem eru eldri en þessi samþykkt. Á öllum gistihúsum skal haldin nákvæm gestaskrá, sem skal vera aðgengileg eftirlitsmönnum.

26. gr.

Hverjum þeim, sem hefur á hendi veitingasölu eða selur gistingu, er skylt að gera það sem í hans valdi stendur til að afstýra því, að nokkuð það fari fram í veitingastofu hans eða gistihúsi, sem er á móti góðri reglu og velsæmi. Skal hann sjá um, að loftræsting og þrifnaður sé í góðu lagi. Verði misbrestur á að reglum þessum sé fylgt, er lögreglustjóra heimilt að banna veitingar á þessum stöðum um stundarsakir eða fyrir fullt og allt, ef ekki er bætt þegar úr ágöllum að gefinni viðvörun.

27. gr.

Enginn má halda sjónleiki fyrir borgun, nema hann fái til þess leyfi lögreglustjóra. Leyfi lögreglustjóra þarf einnig til að halda sjónleiki borgunarlaust eða í góðgerðarskyni eða til að styrkja fyrirtæki í almennar þarfir.

28. gr.

Hverjum þeim, sem samkvæmt framanskráðu hefur fengið leyfi til að halda sjónleik, dansleik, samsöng eða einhverja þá skemmtun eða sýningu, sem talin er hér að framan er skylt að sjá um að ekkert það fari fram, sem brýtur í bága við reglu eða velsæmi. Ef brestur verður á þessu, er lögreglunni heimilt að slíta samkomunni og skipa áhorfendum og öðrum, viðstöddum að fara í burtu.

29. gr.

Sérhverjum, sem hefur sjúkling á heimili sínu, eða ef aðrar gildar ástæður eru fyrir hendi, er heimilt að krefjast þess, að engar almennar skemmtanir þær sem háreysti er að, séu haldnar svo nærri húsi hans, að hætta eða tjón geti af því hlotist.

30. gr.

Um hunda- og kattahald á Seltjarnarnesi fer skv. „Samþykkt um hundahald á Seltjarnarnesi nr. 531/1999“ og „Samþykkt um kattahald á Seltjarnarnesi nr. 565/1996“.

31. gr.

Eigi má kasta á almannafæri né í fjörum, hræjum, dauðum fiski, matarleifum, fiskúrgangi né öðru slíku og ekki skilja neitt slíkt þar eftir. Eigi má heldur á þessum stöðum kasta né skilja eftir grjót, möl, sand, slor, ösku, járnarusl, víra, bréf, ávaxtahýði, úrgangssalt, eða yfirleitt nokkuð það, þótt eigi sé hér talið sérstaklega, sem valdið getur óheilnæmi, óþrifnaði, tálmunum eða óprýði. Óheimilt er að taka grjót eða sand í fjörum.

32. gr.

Þeir, sem flytja vörur um götur bæjarins, skulu gæta þess vandlega, að flutningstæki séu þannig gerð, að ekki valdi óþrifnaði. Ef eitthvað slæðist eða hrynur niður á almannafæri við flutninginn, fermingu eða affermingu, skal sá, er flytur eða flutningnum ræður, skyldur að hreinsa það upp þegar í stað.

33. gr.

Á húshliðar, gafla eða girðingar, sem vita að almannafæri, má eigi hengja eða festa á annan hátt neitt, sem óþrifnaður er af eða óþefur. Á tún eða garða, sem liggja að almannafæri, má ekki bera nokkurn þann áburð, sem megnan óþef leggur af.

34. gr.

Bannað er að setja upp girðingar, sem geta valdið vegfarendum hættu eða óþægindum, t.d. úr gaddavír eða öðrum slíkum efnum. Skylt er hús- og lóðareigendum að halda vel við girðingum umhverfis lóðir sínar og sjá um, að haldið sé hreinum portum og annarri óbyggðri lóð í kringum hús þeirra. Enginn má fleygja sorpi eða öðrum óhreinindum inn á lóð annars manns eða orsaka, að þetta berist inn á lóðina. Hver, sem gerist sekur um slíkt, skal flytja óhreinindin tafarlaust burt á sinn kostnað og gera ráðstafanir til að aftra því, að óhreinindi berist af lóð hans á lóð annars manns.

35. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem skylda hans er samkvæmt samþykktinni, má lögreglustjóri láta framkvæma það, eða gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra, að vanrækslan valdi tjóni. Kostnaður við þetta og kostnaður, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, er lögreglustjóri gerir til þess að hindra brot gegn því, sem bannað er í samþykktinni, greiðist af brotamanninum eða, ef hann er eigi fær um það úr ríkissjóði.

36. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, ef ekki liggur við þyngri refsing að lögum og skulu refsimál rekin að hætti opinberra mála.

Lögreglusamþykkt þessi, sem bæjarstjórn Seltjarnarness hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum um lögreglusamþykktir nr. 36, frá 18. maí 1988, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er numin úr gildi lögreglusamþykkt fyrir Seltjarnarnes nr. 175 4. apríl 1977, með áorðnum breytingum.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 20. júní 2001.

F. h. r.
Ólafur Walter Stefánsson.

Jón Þór Ólason.

Nr. 489 20. júní 2001

GJALDSKRÁ

fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á Suðurnesjasvæði.

1. gr.

Af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti Heilbrigðiseftirlits Suðurnesjasvæðis, samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerðum settum með stoð í þeim, er aðildarsveitarfélögum heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Tímagjald kr. 5.800. Gjald vegna rannsóknar pr. sýni skv. eftirlitsáætlun kr. 7.000.

3. gr.

Af starfsleyfisskyldri starfsemi, er aðildarsveitarfélögum heimilt að innheimta gjald fyrir starfsleyfi sem hér segir:

Endurnýjun starfsleyfis:
Starfsleyfisgjald hálft tímagjald og auglýsingakostnaður ef við á.

Ný starfsemi:
Starfsleyfisgjald eitt tímagjald og eftirlitsgjald viðkomandi fyrirtækjaflokks ásamt auglýsingakostnaði ef við á.

Önnur starfsleyfi sem ekki eru í eftirlitsáætlun:
Starfsleyfisgjald eitt tímagjald og gjald skv. reikningi vegna undirbúnings, ferðar, úttektar og frágangs ásamt auglýsingakostnaði ef við á.

4. gr.

Gjald skv. 3. gr. greiðist við afhendingu leyfisbréfs og reiknast dráttarvextir 30 dögum eftir útgáfudag leyfis.

5. gr.

Fyrir vottorð sem Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja gefur út samkvæmt fyrirliggjandi gögnum og fyrir eiturbeiðnir skal greiða hálft tímagjald. Gjald fyrir þjónustuverkefni greiðist skv. reikningi. Ef um aukin eftirlitsverkefni er að ræða, umfram reglubundið eftirlit og sýnatöku sem gert er ráð fyrir í eftirlitsáætlun Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að gera sérstakan reikning vegna þeirra, eins og um þjónustuverkefni sé að ræða.

6. gr.

Af starfsemi sem upp er talin í viðauka með lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja hefur eftirlit með samkvæmt samningi við Hollustuvernd ríkisins, skal greiða gjöld samkvæmt 2. gr.

7. gr.

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja innheimtir öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

8. gr

Gjalddagi gjalda samkvæmt 2. gr. er 1. júlí og eindagi 15. júlí ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar.

9. gr.

Þegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund starfsemi sem fellur undir gjaldskrá þessa á einum og sama stað, er heimilt að innheimta eitt árlegt gjald, þá í þeim flokki sem hærri er.

10. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til reksturs heilbrigðiseftirlitsins skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

11. gr.

Gjaldskrá þessi,sem samin er og samþykkt af aðildarsveitarfélögunum skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir,með síðari breytingum öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 751 /1999 fyrir heilbrigðis- og mengunareftirlit á Suðurnesjum með síðari breytingum.

Reykjanesbæ, 20. júní 2001.

F.h. heilbrigðisnefndar Suðurnesja,

Magnús H. Guðjónsson.

VIÐAUKI

Heiti atvinnugreinar	Eftirlits- og sýnakostnaður pr. fyrirtæki, kr.
Aðilar sem sérhæfa sig í flutningi og hreinsun á seyru.	12.325
Aðrar skólphreinsistöðvar	23.200
Aðrir farþegaflutningar á vegum	7.250
Alifuglarækt < 40.000 stæði	30.160
Alifuglarækt > 40.000 stæði	63.220
Apótek	14.500
Apótek, útibú frá apóteki með starfsleyfi á Suðurnesjum	5.075
Atvinnurekstur sem meðhöndlar asbest	75.400
Áfengismeðferð	5.438
Áfengisverslun	9.425
Áhaldahús sveitarfélags	10.875
Baðhús	9.425
Bakarí, lítið	36.000
Bakarí, miðlungs	40.600
Bakarí, stórt	67.900
Bensínstöðvar án matvæla	31.900
Bensínstöðvar með matvöru	89.900
Bensínstöðvar með veitingasölu	147.900
Bensínstöðvar, sjálfvirkar	20.300
Bið- og endastöðvar strætisvagna	3.625
Biðstöðvar leigubifreiða	3.625
Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, lítið	14.355
Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, miðlungs	15.805
Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, stórt	17.255
Bifreiða- og vélaverkstæði, lítið	9.570
Bifreiða- og vélaverkstæði, miðlungs	11.020
Bifreiða- og vélaverkstæði, stórt	12.470
Bifreiðaréttingar	5.003
Bifreiðasprautun	14.355
Bifreiðavarahlutaverslanir, lítið af efnavöru	16.820
Bifreiðavarahlutaverslanir, mikið af efnavöru	22.620
Bílapartasölur	15.950
Blikksmiði	5.800
Blómarækt	8.700
Blómaverslun	9.425
Bón- og bílaþvottur, handvirkur	8.700
Bón- og bílaþvottur, sjálfvirkur	10.150
Brauðstofur	31.900
Brauðverksmiðjur	87.000
Byggingavöruverslanir, litlar	45.240
Byggingavöruverslanir, stórar	69.600
Bændagisting, orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting án veitingasölu (ekki gisting á einkaheimili)	8.700
Bændagisting, orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting með veitingasölu (ekki gisting á einka-heimili)	13.050
Dagmæður með > 6 börn	5.075
Dansskólar	4.713
Deildskipt sjúkrahús, lítið/án mötuneytis	34.800
Deildskipt sjúkrahús, miðlungs/með móttökue ldhúsi	40.600
Deildskipt sjúkrahús, stórt/með fullbúnu eldhúsi	159.250
Dvalar- og hjúkrunarheimili, lítil/án mötuneytis	12.325
Dvalar- og hjúkrunarheimili, miðlungs/með móttökueldhúsi	33.350
Dvalar- og hjúkrunarheimili, stór/með fullbúnu eldhúsi	141.850
Dýralæknastofur án röntgen	4.350
Dýralæknastofur með röntgen	11.600
Dýraspítalar	13.050
Efnalaugar	10.875
Eldsmíði, önnur málmsmíði og viðgerðir sindurmótun	5.800
Endurhæfing	10.150
Endurvinnsla úrgangs	5.800
Engin starfsemi	3.625
Fangelsi, lítið	8.700
Fangelsi, miðlungs	34.800
Fangelsi, stórt	40.600
Farfuglaheimili og fjallaskálar, heilsársnotkun	12.325
Farfuglaheimili og fjallaskálar, sumarnotkun	4.350
Félagsaðstaða fyrir fullorðna með fullbúnu eldhúsi (ekki samfelld starfsemi)	34.800
Félagsaðstaða fyrir fullorðna með fullbúnu eldhúsi (samfelld starfsemi)	99.800
Félagsaðstaða fyrir fullorðna með móttökueldhúsi	27.550
Félagsmiðstöðvar og æskulýðsstarfsemi	12.325
Fiskbúðir án vinnslu, litlar	18.850
Fiskbúðir án vinnslu, miðlungs	21.750
Fiskbúðir án vinnslu, stórar	52.200
Fiskbúðir með vinnslu, litlar	23.200
Fiskbúðir með vinnslu, miðlungs	65.000
Fiskbúðir með vinnslu, stórar	102.700
Fiskmarkaðir	21.750
Fiskmjölsvinnsla	81.200
Fitu- og lýsisvinnsla og -hersla	31.900
Fótaaðgerðarstofur	11.600
Framköllun, t.d. á ljós, röntgen- og kvikmyndum	10.875
Framköllunarþjónusta, sérhæfð	10.875
Framleiðsla plastvöru fyrir sjávarútveg	4.350
Framleiðsla annarra matvara	14.500
Framleiðsla á byggingarefni úr steinsteypu	11.600
Framleiðsla á eggjamassa	199.800
Framleiðsla á glerplötum	5.800
Framleiðsla á iðnaðargasi	37.700
Framleiðsla á kartöflumjöli og sterkju	26.100
Framleiðsla á krossviði, spónaplötum o.þ.h.	11.600
Framleiðsla á mjöli og feiti úr sláturúrgangi < 10 tonn á dag	26.100
Framleiðsla á mjöli og feiti úr sláturúrgangi > 10 tonn á dag	52.200
Framleiðsla á umbúðaplasti	4.350
Framleiðsla á vörum sem koma í snertingu við matvæli	16.530
Framleiðsla fiskeldisfóðurs	17.400
Framleiðsla glerláta	3.988
Framleiðsla hreinsaðrar olíu og feiti	26.100
Framleiðsla húsdýrafóðurs	17.400

Heiti atvinnugreinar	Eftirlits- og sýnakostnaður pr. fyrirtæki, kr.
Framleiðsla vöru til heimilis- og hreinlætisnota úr pappír og pappa	5.075
Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - bóknám án mötuneytis	39.150
Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - bóknám með fullbúnu eldhúsi	163.600
Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - bóknám með móttökueldhúsi	92.800
Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - iðn- og verknám án mötuneytis	29.000
Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - iðn- og verknám með fullbúnu eldhúsi	159.250
Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - iðn- og verknám með móttökueldhúsi	84.100
Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi verknám í matvælavinnslu	46.400
Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi án mötuneytis	34.800
Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi með fullbúnu eldhúsi	174.000
Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi með móttökueldhúsi	81.200
Fúavörn á viði	10.150
Fyrirtæki sem geyma klórgas	15.950
Garðaúðun	13.050
Gasbirgðastöðvar með < 100 m^3 geymslurými (STP)	46.400
Gasbirgðastöðvar með > 100 m^3 geymslurými (STP)	58.000
Gámaflutningsaðilar og aðilar sem flytja spilliefni	12.325
Gámastöð	12.325
Gleriðnaður og speglagerð	4.350
Grunnskólar án mötuneytis	37.700
Grunnskólar með fullbúnu eldhúsi	159.250
Grunnskólar með móttökueldhúsi	87.000
Gúmmívinnsla	4.713
Gæludýraverslun	9.425
Gæsluvellir	13.775
Harðfiskverkun	10.005
Hárgreiðslu- og snyrtistofur	10.875
Hárgreiðslustofur	9.425
Háþrýstiþvottur	10.150
Heildverslun með ávexti og grænmeti, lítil	23.200
Heildverslun með ávexti og grænmeti, miðlungs	29.000
Heildverslun með ávexti og grænmeti, stór	37.700
Heildverslun með sykur, súkkulaði og sælgæti	26.100
Heildverslun með önnur matvæli, drykkjarvöru og tóbak, lítil	23.200
Heildverslun með önnur matvæli, drykkjarvöru og tóbak, miðlungs	46.400
Heildverslun með önnur matvæli, drykkjarvöru og tóbak, stór	52.200
Heildverslun veð hreinlætisefni	11.600
Heilsugæslustöðvar	21.750
Heimili fyrir börn og unglinga	4.713
Heitloftsþurrkun fiskafurða	10.005
Hestahald	3.988
Hitaveita	127.600
Hjólbarðaverkstæði	7.975
Hótel með veitingasölu, lítið (17-50 gestir)	75.400
Hótel með veitingasölu, miðlungs (50-100 gestir)	108.500
Hótel með veitingasölu, stórt (> 100 gestir)	198.400
Hótel og gistiheimili án veitingasölu, lítið (heimagisting <16 rúm og heimiliseldhús)	11.600
Hótel og gistiheimili án veitingasölu, miðlungs (17-50 gestir, t.d. verbúðir ekkert eldhús eða heimiliseldhús til afnota fyrir íbúa)	17.400
Hótel og gistiheimili án veitingasölu, stórt (> 100 gestir)	20.300
Hreinlætisvöruverksmiðjur	22.475
Hunda og kattahótel	4.350
Húðflúr-stofur	21.750
Húðgötun	21.750
Húsdýragarðar	5.148
Húsgagnaiðnaður með lökkun	17.400
Ísstöðvar	13.050
Íþróttahús, lítil	10.875
Íþróttahús, miðlungs	21.275
Íþróttahús, stór	31.400
Íþróttavellir	11.600
Járnvöruverslanir	23.200
Kaldhreinsun lýsis	26.100
Kanínurækt	6.815
Kappaksturs- og æfingabraut	9.425
Kartöfluvinnsla < 300 tonn á dag	26.100
Kartöfluvinnsla > 300 tonn á dag	52.200
Kartöfluvinnsla - pökkun	3.988
Kexverksmiðjur	75.400
Kirkjur	11.600
Kirkjur með safnaðarheimili m/ móttökueldhúsi	14.500
Kjötpökkunarstöð	69.600
Kjötvinnsla með reykingu, lítil	34.800
Kjötvinnsla með reykingu, miðlungs	92.800
Kjötvinnsla með reykingu, stór	198.680
Kjötvinnsla, lítil	24.360
Kjötvinnsla, miðlungs	71.920
Kjötvinnsla, stór	116.580
Krár, kaffihús með matsölu (lítil starfsemi < 50 gestir)	11.020
Krár, kaffihús með matsölu (lítil starfsemi < 50 gestir, kaffi og kleinur)	5.510
Krydd- og bragðefnaframleiðsla, stór	75.400
Kvikmyndahús	29.000
Kæli- og frystigeymslur	5.800
Kælitæki, viðgerðir og nýsmíði	15.225
Kökugerð, lítil	21.750
Kökugerð, miðlungs	26.100
Kökugerð, stór	42.960
Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarrétta lítil	26.100
Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarrétta, miðlungs	41.800
Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarrétta, stór	81.200
Lagning gólf- og veggefna	10.150
Land- og kvíaeldi	15.950
Leikhús án eldhúss eða eingöngu uppþvottur	11.600
Leikhús með fullbúnu eldhúsi	33.350
Leikhús með móttökueldhúsi	17.400

Heiti atvinnugreinar	Eftirlits- og sýnakostnaður pr. fyrirtæki, kr.
Leikskólar án eldhúss	11.600
Leikskólar með fullbúnu eldhúsi	111.400
Leikskólar með móttökueldhúsi	29.000
Leirmunaverkstæði afkastageta < 75 t/dag og/eða rúmtak ofns < 4 m^3	4.350
Líkamsræktarstöðvar, litlar	9.425
Líkamsræktarstöðvar, litlar með heitum pottum	25.850
Líkamsræktarstöðvar, miðlungs	21.750
Líkamsræktarstöðvar, miðlungs með heitum pottum	28.750
Líkamsræktarstöðvar, stórar	23.200
Líkamsræktarstöðvar, stórar með heitum pottum	37.200
Loðdýrabú	30.160
Læknahús með aðgerðastofum	17.400
Læknastofur	11.600
Malar- og sandnám; vikurnám	6.525
Markaðir	23.200
Matsölustaðir, litlir (17-50 gestir)	37.160
Matsölustaðir, miðlungs (51-100 gestir) eða litlir með útseldan mat	88.200
Matsölustaðir, stórir (> 100 gestir) eða miðlungs með útseldan mat	146.200
Matsöluvagnar	30.200
Matvöruverslun án vinnslu, lítil	23.200
Matvöruverslun án vinnslu, miðlungs	72.500
Matvöruverslun án vinnslu, stór	98.600
Matvöruverslun með vinnslu, lítil	72.000
Matvöruverslun með vinnslu, miðlungs (t.d. kjötsögun, grillun á kjúklingum)	153.200
Matvöruverslun með vinnslu, stór	188.400
Málmsteypa < 20 tonn á dag	11.600
Málningar- og veggfóðurverslun	23.200
Málningavöruverslanir	23.200
Meðferð og húðun málma	12.325
Mjölvinnsla úr sjávarafurðum	52.200
Móttaka á úrgangi til endurvinnslu	10.730
Móttaka brotamálms	113.100
Myndbandaleiga	7.250
Mörbræðsla og tólgarframleiðsla	26.100
Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, lítið allt að 50 gestir	36.000
Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, miðlungs (51-100 gestir)	76.600
Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, stórt (>100 gestir)	137.500
Mötuneyti með móttökueldhúsi, lítið (allt að 50 gestir)	21.750
Mötuneyti með móttökueldhúsi, miðlungs (51-100 gestir)	36.000
Mötuneyti með móttökueldhúsi, stórt (100 gestir)	65.000
Nám og vinnsla annarra ótalinna hráefna úr jörðu	14.500
Nám og vinnsla á steinefnum til efnaiðnaðar og áburðargerðar	6.525
Náttúrubaðstaðir fyrir fleiri en 500 manns	194.200
Niðurrif bifreiða	14.500
Nuddstofur	9.425
Offset- og hæðarprentun	26.100
Olíumalar- og malbikunarstöðvar með breytilega staðsetningu	40.600
Ótilgreind starfsemi	7.250
Pappírsvöru- og pappakassaframleiðsla	10.875
Plastiðnaður	10.875
Prentiðnaður með framköllun	15.080
Prentiðnaður, lítill	12.180
Prentiðnaður, miðlungs	15.080
Prentiðnaður, stór	43.210
Prentsmið	13.050
Prentun dagblaða	23.200
Pökkunarstarfsemi	20.300
Rafgeymaverksmiðjur og verkstæði	17.400
Rafvélaverkstæði	4.713
Rannsóknarstofur í læknisfræði	4.713
Rekstur hafna	14.500
Ryðvarnarverkstæði	20.445
Ræktun veiðivatna	5.800
Röntgenstofur	11.600
Sala á tilbúnum mat, lítil	30.200
Sala á tilbúnum mat, miðlungs	65.000
Sala á tilbúnum mat, stór	81.200
Sala eiturefna	56.550
Salatgerð	29.000
Saltfiskverkun	10.005
Saltvinnsla	26.100
Samkomusalir án eldhúss eða eingöngu uppþvottur	5.075
Samkomusalir með fullbúnu eldhúsi	34.800
Samkomusalir með móttökueldhúsi	14.500
Sáldprentun	26.100
Seiðaeldisstöðvar > 150 þús. seiði og afrennsli í ferskvatn	11.600
Seiðaeldisstöðvar > 350 þús. seiði og afrennsli í ferskvatn	31.900
Seiðaeldi annað en í 1 og 2 og ekki í tengslum við fiskeldi	5.800
Síldarssöltun	10.005
Sjúkrahús með takmarkaða sérfræðiþjónustu	15.950
Sjúkraþjálfun	11.600
Skemmtistaðir án matsölu	11.600
Skemmtistaðir með matsölu	62.100
Skotvellir	5.075
Skólphreinsistöðvar > 10.000 pe. og afrennsli til strandsjávar eða > 2.000 pe.	104.400
Skrúfuframleiðsla	5.800
Skyndibitastaðir, litlir (allt að 50 gestir)	34.260
Skyndibitastaðir, miðlungs (51-100 gestir)	44.700
Skyndibitastaðir, stórir (> 100 gestir)	53.400
Slátrun, vinnsla alifuglakjöts	15.080
Sláturhús < 50 t/dag	33.060
Sláturhús > 50 t/dag	77.720
Slökkvilið	5.800
Smásala á brauði, kökum og sætabrauði án vinnslu	18.850

Heiti atvinnugreinar	Eftirlits- og sýnakostnaður pr. fyrirtæki, kr.
Smásala á brauði, kökum og sætabrauði með vinnslu	65.000
Smásala á brauði, kökum og sætabrauði með vinnslu og veitingasölu	102.700
Smásala efna í flokkum X, A og B	44.950
Smásala með notaða muni í verslunum	22.475
Smjörlíkisgerð	26.100
Smurstöðvar	30.450
Snyrtistofur	9.425
Snyrtivöruframleiðsla	11.238
Snyrtivöruverslun	14.500
Sorpbrennslustöðvar	127.600
Sorpbrennslustöðvar með spilliefnamóttöku	174.000
Sorpeyðingastöð, sorphaugar, litlir	34.800
Sorpeyðingastöð, sorphaugar, stórir	81.200
Sorpflutningar og sorphirða	29.000
Sólbaðstofur án heitra potta	9.425
Sólbaðstofur með heitum pottum	27.300
Sólun hjólbarða	11.600
Spennaviðgerðir	26.100
Spennistöðvar	4.713
Stálsmíði og stálskipagerð	47.850
Steinmölun og framleiðsla á ofaníburði og fyllingarefnum	5.800
Steinsmíði	4.060
Steypustöðvar og steypueiningaverksmiðjur	11.600
Stórmarkaðir > 400 m^2, án matvælavinnslu	118.400
Stórmarkaðir > 400 m^2, með matvælavinnslu	206.600
Sultu- og ávaxtagrautargerð	29.000
Sundstaðir, litlir	49.750
Sundstaðir, miðlungs (eða litlir samtengt íþróttahúsum)	99.500
Sundstaðir, stórir (eða miðlungs tengt íþróttahúsi)	139.100
Súkkulaði- og sælgætisgerð	40.600
Svínarækt < 2000 stæði alisvín eða 750 stæði fyrir gyltur	35.960
Svínarækt > 2000 stæði alisvín eða 750 stæði fyrir gyltur	71.920
Söluturnar án óvarinna matvæla	14.500
Söluturnar með óvarin matvæli, litlir	23.200
Söluturnar með óvarin matvæli, miðlungs	65.000
Söluturnar með óvarin matvæli, stórir	76.600
Tannlæknastofur	11.600
Tannsmíðar	11.600
Te- og kaffiframleiðsla	15.950
Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, lítið	7.830
Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, miðlungs	8.700
Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, stórt	11.600
Tónlistarskólar	11.600
Trésmíðaverkstæði án lökkunar	10.875
Trésmíðaverkstæði með lökkun	12.325
Umboðsverslun með fisk	23.200
Varahlutaverslanir, ekki bifreiða	22.475
Vatnsveitur < 1.000 íbúa	51.200
Vatnsveitur 1.000 - 5.000 íbúa	223.200
Vatnsveitur 5.000 - 10.000 íbúa	265.200
Vatnsveitur 10.000 - 50.000 íbúa	1.130.400
Vatnsveitur, einka	5.075
Veiðarfæragerð, netaverkstæði	5.800
Véla- og tækjasölur	22.475
Vélsmíða - og vélaviðgerðaverkstæði	13.050
Viðhald og niðurrif skipa	40.600
Vinnsla á ferskum fiski, lítil	11.600
Vinnsla á ferskum fiski, miðlungs	26.100
Vinnsla á ferskum fiski, stór	34.800
Vinnsla á meltu úr sjávarfangi (meira en 1000 tonna ársframl.)	127.600
Vinnsla á meltu úr sjávarfangi (minna en 1000 tonna ársframl.)	46.400
Vinnsla með plast- og frauðefni	5.800
Vistheimili	10.875
Völsunar-, víra-, nagla- og stangaverksmiðjur	5.800
Vöruflutningamiðstöðvar	11.600
Vörugeymslur, litlar	20.300
Vörugeymslur, miðlungs	29.000
Vörugeymslur, stórar	34.800
Yoga-stofur, heilun ofl.	4.713
Þvottahús	5.800
Þvottahús og efnalaugar	10.875
Æfingasvæði slökkviliðs	11.600
Ökuskólar, flugskólar o.fl.	5.075
Önnur fullorðinsfræðsla og ótalin fræðsla	5.075
Önnur menningar- og afþreyingarstarfsemi	21.750
Önnur ótalin félagastarfssemi	5.438
Önnur ótalin fiskvinnsla	17.400
Önnur smásala á matvöru, drykkjarvöru og tóbaki í sérverslunum	29.000

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 233/2001 um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni.

1. gr.

Fylgiskjöl I og II við reglugerðina skulu vera sem hér segir:

Fylgiskjal I.

Skýringar:

B Efni sem bönnuð eru á íslensku yfirráðasvæði, sbr. 2. gr. laga um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974 með síðari breytingum og 2. gr. þessarar reglugerðar.

N I – IV Efni listuð á fylgiskjölum I-IV með alþjóðasamningi um ávana- og fíkniefni 1961 með síðari breytingum (Single Convention on Narcotic Drugs of 1961, and the Protocol of 25 March 1972 amending the Single Convention on Narcotic Drugs of 1961).

P I – IV Efni listuð á fylgiskjölum I-IV með alþjóðasamningi um ávana- og fíkniefni 1971 með síðari breytingum (Convention on Psychotropic Substances 1971).

Efni	Annað nafn	N I – IV og P I – P IV	B	Undanþágur og athugasemdir.
3-methylfentanyl		N I+IV		
3-methylthiofentanyl		N I+IV		
4-methylaminorex		P I	x	
Acetorphine		N I+IV	x	
Acetyl-alpha-methylfentanyl		N I+IV		
Acetyldihydrocodeine		N II+III		1)
Acetylmethadol		N I		
Alfentanil		N I		
Allobarbital		P IV	x	
Allylprodine		N I		
Alphacetylmethadol		N I		
Alphameprodine		N I		
Alphamethadol		N I		
Alpha-metylfentanyl		N I+IV		
Alpha-metylthiofentanyl		N I+IV		
Alphaprodine		N I		
Alprazolam		P IV		
Amfepramone	diethylpropion	P IV		
Amfetamine	amphetamine	P II		
Aminorex		P IV		

Efni	Annað nafn	N I – IV og P I – P IV	B	Undanþágur og athugasemdir.
Amobarbital		P III		
Anileridine		N I		
Barbital		P IV		
Benzethidine		N I		
Benzfetamine	benzphetamine	P IV		
Benzylmorphine		N I		
Betacetylmethadol		N I		
Beta-hydroxy-3-methylfentanyl		N I+IV		
Beta-hydroxyfentanyl		N I+IV		
Betameprodine		N I		
Betamethadol		N I		
Betaprodine		N I		
Bezitramide		N I		
Brolamfetamine	DOB	P I	x	
Bromazepam		P IV		
Brotizolam		P IV	x	
Buprenorphine		P III		
Butalbital		P III		
Butobarbital		P IV	x	
Camazepam		P IV		
Cannabis	Kannabis, hass, marihuana	N I+IV	x	
Cannabis-harpix	Kannabis harpix	N I+IV	x	
Cathine	norpseudoephedrine	P III	x	
Cathinone		P I	x	
Chlordiazepoxide	4-oxide	P IV		
Clobazam		P IV		
Clonazepam		P IV		
Clonitazene		N I		
Clorazepate		P IV		
Clotiazepam		P IV		
Cloxazolam		P IV		
Coca-blöð	Folium coca	N I		
Cocaine		N I+III	x	
Codeine		N II+III		1)
Codoxime		N I		
Cyclobarbital		P III		

Efni	Annað nafn	N I – IV og P I – P IV	B	Undanþágur og athugasemdir.
Delorazepam		P IV		
Desomorphine		N I+IV	x	
DET		P I	x	
Dexamfetamine	dexaphetamine	P II	x	
Dextromoramide		N I		
Dextropropoxyphene		N II+III		3)
Diampromide		N I		
Diazepam		P IV		
Diethylthiambutene		N I		
Difenoxin		N I+III		
Dihydrocodeine		N II+III		1)
Dihydroetorphine		N I	x	
Dihydromorphine		N I		
Dimenoxadol		N I		
Dimepheptanol		N I		
Dimethylthiambutene		N I		
Dioxaphetyl butyrate		N I		
Diphenoxylate		N I+III		2)
Dipipanone		N I		
DMA		P I	x	
DMHP		P I	x	
DMT		P I	x	
DOET		P I	x	
Dronabinol	delta-9-tetrahydrocannabinol og stereoafleiður	P II	x	
Drotebanol		N I		
Ecgonine	Ásamt estum og afbrigðum þeirra sem hægt er að breyta í ecgonin eða kókaín	N I		
Estazolam		P IV		
Ethchlorvynol		P IV		
Ethinamat		P IV		
Ethylloflazepate		P IV		
Ethylmethylthiambutene		N I		
Ethylmorphine		N II+III		1)
Eticyclidine	PCE	P I	x	
Etilamfetamine	N-ethylamphetamine	P IV	x	
Etonitazene		N I		

Efni	Annað nafn	N I – IV og P I – P IV	B	Undanþágur og athugasemdir.
Etorphine		N I+IV	x	
Etoxeridine		N I		
Etryptamine		P I	x	
Fencamfamin		P IV		
Fenetylline		P II	x	
Fenproporex		P IV		
Fentanyl		N I		
Fludiazepam		P IV		
Flunitrazepam		P III		
Flurazepam		P IV		
Folium coca	(sjá Coca-blöð)	N I		
Furethidine		N I		
Glutethimide		P III		
Halazepam		P IV		
Haloxazolam		P IV		
Heroin	diacetylmorphine	N I+IV	x	
Hydrocodone		N I		
Hydromorphinol		N I		
Hydromorphone		N I		
Hydroxypethidine		N I		
Isomethadone		N I		
Ketazolam		P IV		
Ketobemidone		N I+IV		
Lefetamine	SPA	P IV	x	
Levamfetamine	levamphetamine	P II	x	
Levomethamphetamine		P II	x	
Levomethorphan		N I		
Levomoramide		N I		
Levophenacylmorphan		N I		
Levorphanol		N I		
Loprazolam		P IV		
Lorazepam		P IV		
Lormetazepam		P IV		
Lysergide	LSD, LSD-25	P I	x	
Mazindol		P IV	x	
MDMA		P I	x	

Efni	Annað nafn	N I – IV og P I – P IV	B	Undanþágur og athugasemdir.
Mecloqualone		P II	x	
Medazepam		P IV		
Mefenorex		P IV		
Meprobamate		P IV		
Mescaline		P I	x	
Mesocarb		P IV		
Metazocine		N I		
Methadone		N I		
Methadone-intermediate	2,2-difenyl-4-dimetyl-aminopentan-nitril	N I		
Methamfetamine	methamphetamine	P II	x	
Methamfetamine racemate	methamphetamine racemate	P II	x	
Methaqualone		P II	x	
Methcathinone		P I	x	
Methyldesorphine		N I		
Methyldihydromorphine		N I		
Methylphenidate		P II		
Methylphenobarbital		P IV		
Methyprylon		P IV		
Metopon		N I		
Midazolam		P IV		
MMDA		P I	x	
Moramide-intermediate	2-methyl-3-morphlino-1,1-diphenylpropane carboxylic acid	N I		
Morpheridine		N I		
Morphine		N I		
Morphine methobromide	og önnur morfínúrefni með 5-gildu köfnunaefni	N I		
Morphine-N-oxide		N I		
MPPP	1-methyl-4-phenyl-4-piperidinol propionate	N I+IV		
Myrophine		N I		
N-ethyl-MDA		P I	x	
N-hydroxy-MDA		P I	x	
Nicocodine		N II+III		1)
Nicodicodine		N II+III		1)
Nicomorphine		N I		
Nimetazepam		P IV		

Efni	Annað nafn	N I – IV og P I – P IV	B	Undanþágur og athugasemdir.
Nitrazepam		P IV		
Noracymethadol		N I		
Norcodeine		N II+III		1)
Nordazepam		P IV		
Norlevorphanol		N I		
Normethadone		N I		
Normorphine		N I		
Norpipanone		N I		
Opium		N I+III		
Oxazepam		P IV		
Oxazolam		P IV		
Oxycodone		N I		
Oxymorphone		N I		
Para-fluorofentanyl		N I+IV		
Parahexyl		P I	x	
Pemoline		P IV		
Pentazocine		P III		
Pentobarbital		P III		
PEPAP	1-phenethyl-4-phenyl-4-piperidinol acetate	N I+IV		
Pethidine		N I		
Pethidine intermediate, A	4-fenyl-1-metylpiperidinkarbonitril-(4)	N I		
Pethidine intermediate, B	Etyl-4-fenylipiperidinkarboxylat-(4)	N I		
Pethidine intermediate, C	4-fenyl-1-metylpiperidinkarboxyl-sýra-(4)	N I		
Phenadoxone		N I		
Phenampromide		N I		
Phenazocine		N I		
Phencyclidine	PCP	P II	x	
Phendimetrazine		P IV	x	
Phenmetrazine		P II	x	
Phenobarbital		P IV		
Phenomorphan		N I		
Phenoperidine		N I		
Phentermine		P IV		
Pholcodine		N II+III		1)
Piminodine		N I		

Efni	Annað nafn	N I – IV og P I – P IV	B	Undanþágur og athugasemdir.
Pinazepam		P IV		
Pipradrol		P IV		
Piritramide		N I		
PMA		P I	x	
Poppy straw		N I		
Prazepam		P IV		
Proheptazine		N I		
Properidine		N I		
Propiram		N II+III		
Psilocine (Psilotsin)		P I	x	
Psilocybine		P I	x	
Pyrovalerone		P IV		
Racemethophan		N I		
Racemoramide		N I		
Racemorphan		N I		
Remifentanil		N I		
Rolicyclidine (PHP, PCPY)		P I	x	
Secbutabarbital		P IV		
Secobarbital		P II	x	
STP/DOM		P I	x	
Sufentanil		N I		
Temazepam		P IV		
Tenamfetamine	MDA	P I	x	
Tenocyclidine	TCP	P I	x	
Tetrahydrocannabinol og isomer		P I	x	
Tetrazepam		P IV		
Thebacon		N I		
Thebaine		N I		
Thiofentanyl		N I+IV		
Tilidine		N I		
TMA		P I	x	
Triazolam		P IV		
Trimeperidine		N I		
Vinylbital		P IV	x	
Zipeprol		P II	x	

Undanþágur og athugasemdir

1) Innflutnings-/útflutningsleyfi þarf ekki fyrir lyf sem innihalda minna en 100 mg í hverjum afmældum skammti eða minna en 2,5% efnisins.
2) Ekki þarf innflutnings-/útflutningsleyfi vegna taflna, sem innihalda allt að 2,5 mg difenoxýlats, ef þær innhalda einnig minnst 25 mcg af atrópínsúlfati í hverri töflu.
3) Ekki þarf innflutnings-/útflutningsleyfi sérstaklega vegna lyfja, sem innihalda minna en 135 mg dextróprópoxýfen í hverri afmældri einingu eða 2,5% efnisins í óskömmtuðu lyfjaformi. Lyfið má hins vegar ekki innihalda nein önnur ávana- og fíkniefni merkt P I — P IV í fylgiskjali I.

Fylgiskjal II.

Skýringar:

D I - II Efni listuð á fylgiskjölum I - II með Alþjóðasamningi gegn ólöglegri verslun með ávana- og fíkniefni 1988 (Convention against Illicit Traffic in Narcotic Drugs and Psychotropic Substances 1988).

Efni	Annað nafn	D I - II	Hámark án innflutningsleyfis
N-acetylanthranilic acid	N-asetylantranílsýra	D I	
Ephedrine	Efedrín	D I	
Ergometrine	Ergometrín, Ergónóvín	D I	
Ergotamine	Ergotamín	D I	
Isosafrole	Ísósafról	D I	
Lysergic acid	Lýsergsýra	D I	
3,4-methylenedioxyphenyl-2-propanone		D I	
Norephedrine		D I	
1-phenyl-2-propanone	Fenýlaseton, benzýlmetýlketón	D I	
Piperonal	Piperonal, helíótrópín	D I	
Pseudoephedrine	Pseudóefedrín	D I	
Safrole	Safról	D I	
Acetic anhydride	Ediksýruanhýdríð	D II	20 lítrar
Acetone	Asetón	D II	
Anthranilic acid	Antranílsýra	D II	1 kg
Ethyl ether	Etýleter, eter, díetýleter	D II	
Hydrochloric acid	Saltsýra, múríatínsýra	D II	
Methyl ethyl ketone	2-bútanón, MEK	D II	
Phenylacetic acid	Fenýlediksýra	D II	1 kg
Piperidine	Piperidín, hexahydropyridin	D II	0,5 kg
Potassium permanganate	Kalíumpermanganat	D II	
Sulphuric acid	Brennisteinssýra, vítríólolía	D II	
Toluene	Tólúen, metýlbensen	D II	

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 12. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 með síðari breytingum og 2. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65 frá 21. maí 1974 með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 14. júní 2001.

F. h. r.
Davíð Á. Gunnarsson.

Ingolf J. Petersen.

Nr. 491 22. júní 2001

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gjöld fyrir skoðun, skráningu, mælingu skipa o.fl., nr. 106/2001.

1. gr.

Á eftir 8. gr. kemur ný grein sem verður 9. gr. með fyrirsögninni „Skírteini vegna farþegaskipa og flutningaskipa“ og breytist greinatala til samræmis, svohljóðandi:

Útgáfa alþjóðlegs atvinnuskírteins (STCW) til starfa á farþegaskipum og flutningaskipum kr. 7.500. Hafi umsækjandi gilt íslenskt atvinnuskírteini skal greiða kr. 2.500.

Útgáfa áritunar vegna viðurkenningar á erlendu alþjóðlegu atvinnuskírteini (STCW) á farþegaskipum og flutningaskipum kr. 7.500.

Útgáfa undanþágu til starfa á farþegaskipum og flutningaskipum til allt að 6 mánaða kr. 7.500.

Útgáfa öryggismönnunarskírteinis fyrir farþegaskip og flutningaskip kr. 9.500.

Fyrir endurnýjun framantalinna leyfa og skírteina skal greiða kr. 1.500.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 14. gr. laga um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa nr. 76/2001, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. júlí og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytinu, 22. júní 2001.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Nr. 492 21. júní 2001

REGLUR

um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár.

I. Almenn ákvæði um verðtryggingu.

1. gr.

Verðtrygging sparifjár og lánsfjár miðað við innlenda verðvísitölu skal miðast við vísitölu neysluverðs eins og Hagstofa Íslands auglýsir hana mánaðarlega, sbr. ákvæði VI. kafla

laga nr. 38 frá 26. maí 2001 um vexti og verðtryggingu, nema lög kveði á um annað, sjá þó ákvæði 5. gr. hér á eftir.

II. Verðtryggðir innlánsreikningar.

2. gr.

Innlánsstofnunum er því aðeins heimilt að taka á móti sparifé gegn verðtryggingu miðað við vísitölu neysluverðs að innstæða sé bundin í 36 mánuði eða lengur.

Innlánsstofnunum er þó heimilt að verðtryggja innlánsfé í eftirtöldum tilvikum:

1. Sé í samningsskilmálum kveðið á um að innstæða losni að afloknum upphaflegum binditíma, að lágmarki 36 mánuðir skv. 1. mgr., í tiltekið tímabil, að hámarki 1 mánuð í senn, er heimilt að verðtryggja innstæðuna bindist hún á ný í 6 mánuði eða lengur.
2. Með samningi um reglulegan mánaðarlegan sparnað í minnst 36 mánuði, þar sem vísitölubinding nær til óhreyfðrar innstæðu í hverjum mánuði, en innstæða umfram það beri nafnvexti.
3. Á orlofsreikningum skv. ákvæðum laga um orlof, nr. 30 27. mars 1987.

3. gr.

Verðbætur innstæðna á verðtryggðum innlánsreikningum eru reiknaðar á þann hátt sem segir í næstu þremur málsgreinum.

Verðbætur eru reiknaðar á tvennan hátt, þ.e. lægsta innstæða í almanaksmánuði tekur breytingum skv. vísitölu neysluverðs, en inn- og útborganir eru verðbættar innan mánaðarins með sérstökum verðbótum í formi vaxta, sem innlánsstofnanir auglýsa.

Fyrsta dag hvers mánaðar skal höfuðstóll, sem staðið hefur óhreyfður sl. mánuð, hafa tekið sömu hlutfallslegu breytingu og verður þá á vísitölu neysluverðs, hvort sem breytingin er til hækkunar eða lækkunar.

Innborgað fé ber sérstakar verðbætur frá innborgunardegi til næstu mánaðarmóta, en þá leggjast þær við höfuðstólinn eftir vísitölufærslu. Útborgað fé ber á sama hátt sérstakar verðbætur frá síðustu mánaðamótum að útborgunardegi, sem leggjast við höfuðstól um næstu mánaðamót. Sérstakar verðbætur innan úttektarmánaðar greiðast þó út með höfuðstól og áunnum vöxtum sé reikningurinn eyðilagður.

III. Verðtryggð útlán.

4. gr.

Verðtrygging láns með ákvæði um að höfuðstóll þess miðist við vísitölu neysluverðs er því aðeins heimil að lánið sé til fimm ára hið minnsta.

Höfuðstóll láns breytist í hlutfalli við breytingar á vísitölu neysluverðs frá grunnvísitölu til fyrsta gjalddaga og síðan í hlutfalli við breytingar á vísitölunni milli gjalddaga. Skal höfuðstóll láns breytast á hverjum gjalddaga, áður en vextir og afborgun eru reiknuð út. Grunnvísitala skal vera vísitala sú, sem í gildi er þegar lán er veitt, nema samningur eða eðli máls leiði til annars.

Gjalddagar láns skulu allir vera á sama degi mánaðar, þannig að tímabilið milli gjalddaga teljist í heilum mánuðum. Sé gjalddagi láns á einhverjum öðrum degi mánaðar en lánveiting á sér stað, skal til leiðréttingar reikna dagvexti með sérstökum verðbótum, fyrir frávikið innan lánveitingarmánaðar (mest 29 dagar). Við útborgun láns greiðir lánþegi dagvextina, ef gjalddagi er síðar í mánuði en lánveiting, en lánveitandi greiðir, ef gjalddagi er fyrr.

Á kvittunum skal jafnan gera nákvæma grein fyrir útreikningi greiðslu og áföllnum verðbótum.

5. gr.

Í lánssamningum er þó heimilt að miða við hlutabréfavísitölu, innlenda eða erlenda, eða safn slíkra vísitalna, sem ekki mæla breytingar á almennu verðlagi. Um lánstíma gilda ákvæði 1. mgr. 4. gr. og tæknileg útfærsla í skuldaskjölum fer eftir 2., 3. og 4. mgr. 4. gr. eins og við getur átt.

IV. Gildistaka o.fl.

6. gr.

Reglur þessar eru settar með tilvísun til ákvæða VI. kafla laga nr. 38 frá 26. maí 2001, og öðlast gildi 1. júlí 2001, og falla þá jafnframt úr gildi reglur Seðlabanka Íslands um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár o.fl. nr. 879 frá 17. desember 1999.

7. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

Nú segir í lánssamningi, innlánsskilríki eða öðrum gerningi í íslenskum krónum, gerðum fyrir gildistöku reglna þessara, að fjárhæðir breytist með reikningsgengi SDR eða evru sem Seðlabanki Íslands reiknar út og birtir og skal þá í hverjum mánuði miðað við opinbert viðmiðunargengi evru eða SDR (kaupgengi) skv. 19. gr. laga nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands, á 21. degi undanfarandi mánaðar. Nú er gengi ekki skráð á 21. degi mánaðar og skal þá lagt til grundvallar það kaupgengi er skráð var næst á undan þeim degi. Óheimilt er að taka við innlánum á reikninga sem stofnaðir hafa verið með fyrrgreindum kjörum fyrir gildistöku reglna þessara.

Reykjavík, 21. júní 2001.

Seðlabanki Íslands,

Birgir Ísleifur Gunnarsson. **Eiríkur Guðnason.** **Finnur Ingólfsson.**

Nr. 493 10. júní 2001

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Húnaþingi vestra.

1. gr

Af hundum í Húnaþingi vestra skal greiða gjald samkvæmt gjaldskrá þessari, sbr. staflið b í 2. gr. samþykktar nr. 167/2000 um hundahald í Húnaþingi vestra.

2. gr.

Við skráningu hunda skal greiða leyfisgjald að upphæð kr. 3.000 á hvern hund og síðan árlega fyrirfram.

Gjalddagi skal vera 20. febrúar ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga verði gjaldið ekki greitt í síðasta lagi á eindaga.

Undanþegnir ofangreindu gjaldi eru þarfahundar á lögbýlum sem og hundar sem notaðir eru til leitar og björgunarstarfa og hundar sem að læknisráði eru notaðir til aðstoðar blindu fólki eða fötluðu.

3. gr.

Af þarfahundum á lögbýlum skal innheimta hundahreinsunargjald samkvæmt áföllnum kostnaði hverju sinni.

4. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt var af sveitarstjórn Húnaþings vestra þann 6. desember 2000, samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum, sbr. samþykkt heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra 2. maí 2001, öðlast þegar gildi.

Hvammstanga, 10. júní 2001.

Brynjólfur Gíslason sveitarstjóri.

11. júní 2001 Nr. 494

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Húnaþingi vestra.

1. gr.

Gjaldskrá fyrir sorphirðu í Húnaþingi vestra er samþykkt í sveitarstjórn Húnaþings vestra með vísan til samþykktar nr. 197/2000 um söfnun og förgun úrgangsefna í Húnaþingi vestra.

2. gr.

Sorphirðugjald fyrir árið 2001 er sem hér segir:

Sorphirðugjald á hvert íbúðarhús í þéttbýli kr. 7.500 á hverja sorptunnu.

Sorpeyðingargjald á hvert íbúðarhús/sumarbústað í dreifbýli kr. 2.300.

Sorphirðu/sorpeyðingargjald á fyrirtæki; hlutfallslegt, byggt á gjaldskrám fyrir heimilissorp miðað við fjölda sorptunna sem fyrirtækið þyrfti á að halda skv. reynslu og mati yfirmanns tæknideildar Húnaþings vestra.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt var af sveitarstjórn Húnaþings vestra þann 14. desember 2000, samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum, sbr. samþykkt heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra 2. maí 2001, öðlast þegar gildi.

Hvammstanga, 11. júní 2001.

Brynjólfur Gíslason sveitarstjóri.

REGLUGERÐ

um viðurkenningu á starfi og starfsþjálfun í iðnaði í öðru EES-ríki.

1. gr.

Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 88/2000 frá 27. október 2000 skal eftirtalin EB-gerð, að svo miklu leyti sem hún tekur til starfa í iðnaði, öðlast gildi hér á landi, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af VII. viðauka við EES-samninginn um gagnkvæma viðurkenningu á starfsmenntun og hæfi, bókun 1 um altæka aðlögun EFTA/EES-ríkja að samningnum og öðrum ákvæðum hans, sbr. lög nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið, með síðari breytingum:

> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/42/EB frá 7. júní 1999 um tilhögun viðurkenningar á menntun og hæfi með tilliti til atvinnustarfsemi sem fellur undir tilskipanir um afnám hafta og bráðabirgðaráðstafanir og um viðbót við almennu kerfin til viðurkenningar á menntun og hæfi.

Framangreind ákvörðun felur í sér að EB-gerðin er tekin upp sem nýr töluliður, liður 1b, í VII. viðauka við EES-samninginn. Ákvæði gerðarinnar ná á grundvelli bókunar 1 til allra EES-ríkjanna þó að orðalag gerðarinnar sem slíkrar sé þrengra.

2. gr.

Þrátt fyrir önnur ákvæði iðnaðarlaga en felast í 2. gr. laganna hafa ríkisborgarar eða lögaðilar aðildarríkja að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið rétt til að starfa í iðnaði hér á landi á grundvelli skuldbindinga Íslands samkvæmt framangreindri EB-gerð (EES-gerð) sem felur í sér viðurkenningu á starfi og starfsþjálfun í iðnaði í öðru EES-ríki. Ekki felst í starfsréttinum heimild til að kalla sig meistara eða svein án nánari tilgreiningar. Þá felst heldur ekki í réttinum sú heimild sem meistarar hafa til að veita löggiltri iðngrein forstöðu, taka nema eða vinna störf sem sérstaka löggildingu þarf til, nema slíkt felist í hverju einstöku tilviki í skuldbindingum Íslands samkvæmt EES-samningnum. Þar til bær stjórnvöld, m.a. menntamálaráðuneytið, geta kveðið upp úr um það hvort telja eigi að slíkar heimildir skuli vera fyrir hendi hér á landi með samanburði við heimildir aðila í viðkomandi EES-ríkjum en leita má úrskurðar dómstóla.

3. gr.

Færa skal fyrir lögreglustjóra hér á landi sönnur um starf og starfsþjálfun í öðru EES-ríki í samræmi við viðkomandi gerðir. Fara má fram á að gögn erlends stjórnvalds taki mið af viðurkenndri lýsingu á viðkomandi iðngrein hér á landi en þá lýsingu getur menntamálaráðuneytið gefið. Lögreglustjórar skulu staðfesta réttmæti gagna um starfið og starfsþjálfunina eftir að viðkomandi félagi iðnaðarmanna, þ.e. landsamtökum meistara og sveina í iðngrein og staðbundnu félagi, ef til er, hefur verið gefinn kostur á að segja álit sitt. Skal frestur til þess vera stuttur og að jafnaði eigi lengri en tvær vikur. Eftir atvikum má leita álits annarra aðila, t.d. iðnráðs Reykjavíkur.

Í staðfestingu komi a.m.k. fram: Viðurkenning samkvæmt 2. gr. iðnaðarlaga á rétti til starfa hér á landi í .....(iðngrein), nafn og kennitala rétthafa, útgáfustaður, útgáfudagur og nafn embættis. Binda má viðurkenningu skilyrðum, m.a. takmarka hana í tíma, ef þurfa þykir vegna nánari athugunar, eða gera fyrirvara um endurskoðun vegna nýrra upplýsinga.

Lögreglustjórar eða eftir atvikum önnur valdbær stjórnvöld skulu gefa þeim er leita starfsréttinda í öðru EES-ríki á grundvelli framangreindrar EB-gerðar tilskilin vottorð um það í hvaða iðngrein viðkomandi hafi starfað og hversu lengi. Er vottorð eru gefin skal leitast við að hafa hliðsjón af viðurkenndri lýsingu á viðkomandi iðngrein í EES-ríkinu sem ætlunin er að starfa í.

4. gr.

Lögreglustjórar hafa eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar. Ágreining um rétt má bera undir iðnaðarráðherra og enn fremur leita úrskurðar dómstóla.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 2. gr. iðnaðarlaga nr. 42/1978, eins og henni hefur verið breytt með lögum nr. 40/1997, öðlast þegar gildi.

Um leið og reglugerð þessi öðlast gildi falla úr gildi reglugerð nr. 367/1997 um viðurkenningu á starfi og starfsþjálfun í iðnaði í öðru EES-ríki og reglugerð nr. 302/1999 um breytingu á henni. Þar með falla úr gildi hér á landi sex tilskipanir sem nefndar eru í 31., 32., 35., 36., 46. og 47. tölul. VII. viðauka við EES-samninginn, þ.e. tilskipanir ráðsins 64/427/EBE, 64/429/EBE, 68/365/EBE, 68/366/EBE, 75/368/EBE og 82/489/EBE.

Ákvæði EB-gerðarinnar ná nú til fleiri iðngreina en samkvæmt eldri gerðum. Skilyrði fyrir einstakar greinar haldast óbreytt og miðast sem fyrr við 6-8 ára starf og starfsþjálfun. Varðandi skilyrðin er sérstaklega vísað í III. hluta gerðarinnar (Viðurkenning á starfsmenntun og hæfi á grundvelli starfsreynslu sem aflað hefur verið í öðru aðildarríki), og þá einkum í 1. tölul. 4. gr. um skrá I (iðngreinar almennt) og 3. tölul. greinarinnar um skrá III (hársnyrtiiðn), sbr. og upptalningu á iðngreinum í skrám I og III í viðauka við gerðina.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar og EB-gerðin, sem fela í sér breytingu á VII. viðauka við EES-samninginn og snerta gagnkvæma viðurkenningu á starfsmenntun og hæfi í iðnaði í öðru EES-ríki, birtast sem fylgiskjöl með reglugerð þessari. Ákvörðunin hefur áður verið birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, 2. tbl. 8. árgangs (11.1.2001), bls. 4-5.

Iðnaðarráðuneytinu, 6. júní 2001.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þorgeir Örlygsson.

Fylgiskjal I.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 88/2000 frá 27. október 2000 um breytingu á VII. viðauka (Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagaður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) VII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 190/1999 frá 17. desember 1999[1].

2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/42/EB frá 7. júní 1999 um tilhögun viðurkenningar á menntun og hæfi með tilliti til atvinnustarfsemi sem fellur undir tilskipanir um afnám hafta og bráðabirgðaráðstafanir og um viðbót við almennu kerfin til viðurkenningar á menntun og hæfi[2] skal felld inn í samninginn.

3) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/42/EB fellir úr gildi ýmsar gerðir sem eru hluti af samningnum og ber að fella brott úr honum.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður komi aftan við lið 1a (tilskipun ráðsins 92/51/EBE) í VII. viðauka við samninginn:

„1b. **399 L 0042**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/42/EB frá 7. júní 1999 um tilhögun viðurkenningar á menntun og hæfi með tilliti til atvinnustarfsemi sem fellur undir tilskipanir um afnám hafta og bráðabirgðaráðstafanir og um viðbót við almennu kerfin til viðurkenningar á menntun og hæfi (Stjtíð. EB L 210, 31.7.1999, bls. 77).“

2. gr.

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Í stað 1. mgr. 1. gr. komi eftirfarandi:

„Þessi tilskipun gildir um stofnun og rekstur þjónustustarfsemi á Evrópska efnahagssvæðinu á vegum eftirfarandi einstaklinga og félaga eða fyrirtækja (hér á eftir nefndir „rétthafar“) sem æskja að leggja stund á einhverja þá atvinnustarfsemi sem um getur í viðauka A:

Að því er varðar rekstur þjónustustarfsemi:

Ríkisborgarar aðildarríkja EB og EFTA-ríkjanna sem hafa staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu,

félög eða fyrirtæki sem eru stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis EB eða EFTA-ríkis og hafa aðsetur samkvæmt stofnsamþykktum, eða stjórnsýslumiðstöð, eða aðalfyrirtæki á Evrópska efnahagssvæðinu, að því tilskildu að þegar eingöngu þetta aðsetur er á Evrópska efnahagssvæðinu sé ljóst að starfsemi þeirra tengist raunverulega og að staðaldri atvinnulífi aðildarríkis EB eða EFTA-ríkis. Slík tengsl mega ekki grundvallast á ríkisfangi, hvorki meðlima fyrirtækisins eðafélagsins né einstaklinganna sem fara með stjórn þess eða gegna stöðum yfirmanna, né heldur fjármagnseiganda,

með því skilyrði að þjónustan sé annaðhvort persónulega í höndum þess einstaklings sem er samningsbundinn til að veita hana eða í höndum umboðsaðila eða útibúa hans með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu.

Að því er varðar stofnsetningu:

Ríkisborgarar aðildarríkja EB og EFTA-ríkjanna, og félög eða fyrirtæki sem eru stofnuð sam kvæmt lögum aðildarríkis EB eða EFTA-ríkis og hafa annaðhvort aðsetur samkvæmt stofnsamþykktum, eða stjórnsýslumiðstöð, eða aðalfyrirtæki á Evrópska efnahagssvæðinu, sem vilja öðlast staðfestu til þess að leggja stund á starfsemi sem sjálfstætt starfandi einstaklingar í aðildarríki EB eða EFTA-ríki; og

ríkisborgarar aðildarríkja EB og EFTA-ríkja sem eru með staðfestu í aðildarríki EB eða EFTA-ríki og félög eða fyrirtæki, sbr. hér að framan, að því til-

[1] Hefur enn ekki verið birt.

[2] Stjtíð. EB L 210, 31.7.1999, bls. 77.

skildu að þegar eingöngu aðsetrið sem mælt er fyrir um í stofnsamþykktum er á Evrópska efnahagssvæðinu sé ljóst að starfsemi þeirra tengist raunverulega og að staðaldri atvinnulífi aðildarríkis EB eða EFTA-ríkis. Slík tengsl mega ekki grundvallast á ríkisfangi, hvorki meðlima fyrirtækisins eða félagsins né einstaklinganna sem fara með stjórn þess eða gegna stöðum yfirmanna, né heldur fjármagnseiganda, sem vilja koma á fót umboðum, útibúum eða dótturfyrirtækjum í aðildarríki EB eða EFTA-ríki."

3. gr.

Texti og fyrirsagnir eftirfarandi liða í VII. viðauka við samninginn falli niður:

- 20. liður (tilskipun ráðsins 64/222/EBE),
- 21. liður (tilskipun ráðsins 64/223/EBE),
- 22. liður (tilskipun ráðsins 64/224/EBE),
- 23. liður (tilskipun ráðsins 68/363/EBE),
- 24. liður (tilskipun ráðsins 68/364/EBE),
- 25. liður (tilskipun ráðsins 70/522/EBE),
- 26. liður (tilskipun ráðsins 70/523/EBE),
- 29. liður (tilskipun ráðsins 75/369/EBE),
- 31. liður (tilskipun ráðsins 64/427/EBE),
- 32. liður (tilskipun ráðsins 64/429/EBE),
- 33. liður (tilskipun ráðsins 64/428/EBE),
- 34. liður (tilskipun ráðsins 66/162/EBE),
- 35. liður (tilskipun ráðsins 68/365/EBE),
- 36. liður (tilskipun ráðsins 68/366/EBE),
- 37. liður (tilskipun ráðsins 69/82/EBE),
- 38. liður (tilskipun ráðsins 82/470/EBE),
- 39. liður (tilskipun ráðsins 63/607/EBE),
- 40. liður (tilskipun ráðsins 65/264/EBE),
- 41. liður (tilskipun ráðsins 68/369/EBE),
- 42. liður (tilskipun ráðsins 70/451/EBE),
- 43. liður (tilskipun ráðsins 67/43/EBE),
- 44. liður (tilskipun ráðsins 68/367/EBE),
- 45. liður (tilskipun ráðsins 68/368/EBE),
- 46. liður (tilskipun ráðsins 75/368/EBE),
- 47. liður (tilskipun ráðsins 82/489/EBE),
- 48. liður (tilskipun ráðsins 63/261/EBE),
- 49. liður (tilskipun ráðsins 63/262/EBE),
- 50. liður (tilskipun ráðsins 65/1/EBE),
- 51. liður (tilskipun ráðsins 67/530/EBE),
- 52. liður (tilskipun ráðsins 67/531/EBE),
- 53. liður (tilskipun ráðsins 67/532/EBE),
- 54. liður (tilskipun ráðsins 67/654/EBE),
- 55. liður (tilskipun ráðsins 68/192/EBE),
- 56. liður (tilskipun ráðsins 68/415/EBE),
- 57. liður (tilskipun ráðsins 71/18/EBE),
- 72. liður (tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 65/77/EBE),
- 73. liður (tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 65/76/EBE),
- 74. liður (tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 69/174/EBE),

4. gr.

Texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 1999/42/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

5. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi þann 28. október 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni[*].

6. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 27. október 2000.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

G. S. Gunnarsson

Ritarar sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes E. Gerner

[*] Stjórnskipuleg skilyrði tilgreind.

Fylgiskjal II.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 1999/42/EB

frá 7. júní 1999

um tilhögun viðurkenningar á menntun og hæfi með tilliti til atvinnustarfsemi sem fellur undir tilskipanir um afnám hafta og bráðabirgðaráðstafanir og um viðbót við almennu kerfin til viðurkenningar á menntun og hæfi

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 40. gr. og 1. mgr. 47. gr., fyrstu og þriðju setningu 2. mgr. 47. gr. og 55. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar [1],

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar [2],

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans [3] og með hliðsjón af sameiginlega textanum sem samþykktur var 22. apríl 1999,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt sáttmálanum er lagt bann við hvers konar mismunun á grundvelli þjóðernis vegna staðfestu og þjónustustarfsemi frá og með lokum aðlögunartímabilsins. Af þeim sökum er tilteknum ákvæðum þeirra tilskipana sem gilda á þessu sviði ofaukið við beitingu reglunnar um innlenda meðferð þar sem sú regla er bundin í sáttmálanum og hefur bein áhrif.

2) Þrátt fyrir þetta ber að viðhalda þeim ákvæðum tilskipananna sem hafa það að markmiði að auðvelda að staðfesturéttar og frelsis til að veita þjónustu sé neytt, einkum í þeim tilvikum þar sem ákvæðin mæla fyrir um á gagnlegan hátt hvernig framkvæma skuli skuldbindingar samkvæmt sáttmálanum.

3) Í því skyni að auðvelda nýtingu staðfesturéttar og frelsis til að veita þjónustu í allmörgum atvinnugreinum hafa tilskipanir sem taka upp bráðabirgðaráðstafanir verið samþykktar á meðan beðið er gagnkvæmrar viðurkenningar á menntun og hæfi. Í þessum tilskipunum er viðurkennt að til þess að geta starfað við atvinnugreinarnar sem um getur í þeim aðildarríkjum sem hafa sett um þær reglur er það fullnægjandi skilyrði að hafa starfað við viðkomandi atvinnugrein í því aðildarríki þaðan sem hlutaðeigandi kemur, hæfilega lengi og nógu nýlega.

4) Helstu ákvæði téðra tilskipana skal endurnýja í samræmi við niðurstöður leiðtogaráðsins í Edinborg frá 11. og 12. desember 1992 um dreifræði, einföldun löggjafar bandalagsins og einkum og sér í lagi endurskoðun framkvæmdastjórnarinnar á tiltölulega gömlum tilskipunum um starfsmenntun og hæfi. Tilskipanirnar sem um ræðir falla því úr gildi.

5) Tilskipun ráðsins 89/48/EBE frá 21. desember 1988 um almennt kerfi til viðurkenningar á prófskírteinum sem veitt eru að lokinni sérfræðimenntun og starfsþjálfun á æðra skólastigi sem staðið hefur að minnsta kosti í þrjú ár [4] og tilskipun ráðsins 92/51/EBE frá 18. júní 1992 um annað almennt kerfi til viðurkenningar á starfsmenntun og starfsþjálfun til viðbótar tilskipun 89/48/EBE [5] gilda ekki um tiltekna atvinnustarfsemi sem fellur undir tilskipanirnar sem gilda um þetta viðfangsefni (fyrsti hluti viðauka A við þessa tilskipun). Af þeim sökum skal taka upp viðurkenningarkerfi um menntun og hæfi fyrir þá atvinnustarfsemi sem ekki fellur undir tilskipanir 89/48/EBE og 92/51/EBE. Sú atvinnustarfsemi sem skráð er í öðrum hluta viðauka A við þessa tilskipun fellur að mestu leyti innan gildissviðs tilskipunar 92/51/EBE að því er viðurkenningu prófskírteina varðar.

6) Ráðinu hefur verið send tillaga um breytingu á tilskipunum 89/48/EBE og 92/51/EBE að því er varðar vottorð sem sýnir fjárhagsstöðu og vottorð um vátryggingu gegn fjárhagslegri áhættu sem aðildarríki getur krafið rétthafa um. Ráðið áformar að fjalla um þessa tillögu síðar.

7) Ráðinu hefur verið send tillaga sem ætlað er að auðvelda frjálsa flutninga sérhæfðra hjúkrunarfræðinga sem ekki hafa skírteini um þá menntun og hæfi sem talin eru upp í 3. gr. tilskipunar 77/452/EBE [6]. Ráðið áformar að fjalla um þessa tillögu síðar.

8) Skýrslur um framkvæmd þessarar tilskipunar skulu samdar reglulega.

9) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á beitingu 4. mgr. 39. gr. og 45. gr. sáttmálans.

([1]) Stjtíð. EB C 115, 19.4.1996, bls. 16 og Stjtíð. EB C 264, 30.8.1997, bls. 5.

([2]) Stjtíð. EB C 295, 7.10.1996, bls. 43.

([3]) Álit Evrópuþingsins frá 20. febrúar 1997 (Stjtíð. EB C 85, 17.3.1997, bls. 114), sameiginleg afstaða ráðsins frá 29. júní 1998 (Stjtíð. EB C 262, 19.8.1998, bls. 12), ákvörðun Evrópuþingsins frá 8. október 1998 (Stjtíð. EB C 328, 26.10.1998, bls. 156). ákvörðun Evrópuþingsins frá 7. maí 1999 og ákvörðun ráðsins frá 11. maí 1999.

([4]) Stjtíð. EB L 19, 24.1.1989, bls. 16.

([5]) Stjtíð. EB L 209, 24.7.1992, bls. 25. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/38/EB (Stjtíð. EB L 184, 12.7.1997, bls. 31).

([6]) Tilskipun ráðsins 77/452/EBE frá 27. júní 1977 um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun, að meðtöldum ráðstöfunum er auðvelda að staðfesturéttar og réttar til að veita þjónustu sé neytt (Stjtíð. EB L 176, 15.7.1977, bls. 1). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 90/658/EB (Stjtíð. EB L 353, 17.12.1990, bls. 73).

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. HLUTI

Gildissvið

1. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja að því er varðar þær atvinnugreinar sem taldar eru upp í viðauka A ráðstafanirnar sem skilgreindar eru í þessari tilskipun varðandi einstaklinga og félög eða fyrirtæki (hér á eftir nefndir „rétthafar"), sem falla undir I. hluta almennu áætlananna um afnám hafta á staðfesturétti, sem hyggjast setja á stofn og hefja þjónustustarfsemi á yfirráðasvæðum þeirra ([1]) og um staðfesturétt ([2]).

2. Þessi tilskipun skal gilda um þær atvinnugreinar, sem taldar eru upp í viðauka A, sem ríkisborgarar í aðildarríkjunum vilja stunda í gistiríki annaðhvort sem sjálfstæðir atvinnurekendur eða sem launamenn.

2. gr.

Þau aðildarríki þar sem tiltekinnar menntunar og hæfis er krafist áður en hægt er að hefja og stunda einhverja þá atvinnugrein sem talin er upp í viðauka A skulu tryggja að öllum rétthöfum sem sækja um slíkt séu látnar í té upplýsingar um þær reglur sem gilda um starfsgreinina sem þeir hyggjast stunda áður en þeir setja á stofn eða hefja þjónustustarfsemi.

II. HLUTI

Viðurkenning á vitnisburði um formlega menntun og hæfi sem veittur hefur verið af öðru aðildarríki

3. gr.

1. Með fyrirvara um 4. gr. getur aðildarríki ekki neitað ríkisborgara annars aðildarríkis, um heimild til að hefja eða stunda einhverja þá starfsemi sem talin er upp í fyrsta hluta viðauka A með sömu skilyrðum og ríkisborgarar þess og borið við vanhæfni hans án þess að hafa fyrst borið saman þá þekkingu og færni sem staðfest er í þeim prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi, sem rétthafinn hefur aflað sér með það fyrir augum að stunda sömu atvinnugrein annars staðar í bandalaginu, við þá þekkingu og færni sem krafist er samkvæmt innlendum reglum. Ef samanburðarathugun sýnir að sú þekking og færni sem prófskírteini, vottorð og annar vitnisburður um formlega menntun og hæfi sem gefinn er út af öðru aðildarríki er samsvarandi þeim sem krafist er samkvæmt innlendum reglum getur aðildarríkið ekki neitað rétthafanum um að stunda viðkomandi atvinnugrein. Ef samanburðarathugunin sýnir að verulegur munur er þar á skal gistiríkið veita réttahafanum tækifæri til að sýna fram á að hann hafi aflað sér þeirrar þekkingar og færni sem á vantaði. Í slíkum tilfellum skal gistiríkið veita umsækjandanum rétt til að velja milli aðlögunartíma og hæfnisprófs í samræmi við tilskipanir 89/48/EBE og 92/51/EBE.

Þrátt fyrir þessa reglu getur aðildarríkið krafist þess að viðkomandi fái aðlögunartíma eða gangist undir hæfnispróf ef hann hyggst stunda sjálfstæða atvinnustarfsemi eða starfa sem stjórnandi fyrirtækis sem fellur undir fyrsta hluta viðauka A og slík starfsemi krefst þekkingar á sértækum innlendum reglum sem í gildi eru, að því tilskildu að þegar lögbær yfirvöld gistiríkis veita eigin ríkisborgurum aðgang að slíkri atvinnustarfsemi sé krafist þekkingar á og beitingu þessara reglna.

Aðildarríkin skulu leitast við að taka tillit til þess hvorn kostinn rétthafinn kýs fremur.

2. Fjallað skal um umsóknir um viðurkenningu í skilningi 1. mgr. eins fljótt og auðið er og lögbært yfirvald gistiríkisins skal komast að rökstuddri niðurstöðu eigi síðar en fjórum mánuðum frá afhendingu umsóknar og ítarlegra fylgiskjala. Málskotsréttur vegna ákvarðana eða skorts á þeim skal vera til staðar samkvæmt innlendum lögum.

III. HLUTI

Viðurkenning á starfsmenntun og hæfi á grundvelli starfsreynslu sem aflað hefur verið í öðru aðildarríki

4. gr.

Ef aðildarríki gerir almenna viðskipta- eða fagþekkingu og hæfni að skilyrði fyrir aðgangi að eða rekstri í þeim atvinnugreinum sem taldar eru upp í viðauka A skal viðkomandi aðildarríki viðurkenna sem nægilega sönnun fyrir slíkri þekkingu og hæfni að atvinnugreinin sem um ræðir hafi verið stunduð í öðru aðildarríki . Ef atvinnugreinin er talin upp í fyrsta hluta viðauka A skal hún hafa verið stunduð:

1. ef um er að ræða atvinnugreinar í skrá I:

   a) í sex ár samfellt sem sjálfstæður atvinnurekandi eða sem stjórnandi fyrirtækis; eða

   b) í þrjú ár samfellt sem sjálfstæður atvinnurekandi eða stjórnandi fyrirtækis ef rétthafi getur sýnt fram á að hann hafi áður fengið að minnsta kosti þriggja ára þjálfun í viðkomandi atvinnugrein og að henni lokinni fengið viðurkennt prófskírteini eða staðfestingu frá þar til bærri sérfræði- eða atvinnugreinastofnun um að þjálfunin uppfylli skilyrðin sem hún setur; eða

   c) í þrjú ár samfellt sem sjálfstæður atvinnurekandi ef rétthafinn getur sýnt fram á að hann hafi unnið sem launamaður í viðkomandi atvinnugrein í að minnsta kosti fimm ár; eða

   d) í fimm ár samfellt í stjórnunarstöðu, þar af að minnsta kosti í þrjú ár við sérfræðistörf þar sem viðkomandi bar ábyrgð á einni eða fleiri deildum fyrirtækisins, að því tilskildu að rétthafinn geti sýnt fram á að hann hafi áður fengið að minnsta kosti þriggja ára þjálfun í viðkomandi atvinnugrein og að henni lokinni fengið hana staðfesta með innlendu viðurkenndu prófskírteini eða staðfestingu frá þar til bærri sérfræði- eða atvinnugreinastofnun um að þjálfunin uppfylli skilyrðin sem hún setur.

([1]) Stjtíð. EB 2, 15.1.1962, bls. 32/62.
([2]) Stjtíð. EB 2, 15.1.1962, bls. 36/62.

Í þeim tilvikum sem getið er í a- og c- lið skulu, á þeim degi sem sótt er um samkvæmt 8. gr., ekki hafa liðið meira en tíu ár frá því að unnið var í viðkomandi atvinnugrein;

2. ef um er að ræða atvinnugreinar í skrá II:

   a) í sex ár samfellt sem sjálfstæður atvinnurekandi eða sem stjórnandi fyrirtækis; eða

   b) — í þrjú ár samfellt sem sjálfstæður atvinnurekandi eða forstöðumaður fyrirtækis ef rétthafi getur sýnt fram á að hann hafi áður fengið að minnsta kosti þriggja ára þjálfun í viðkomandi atvinnugrein og að henni lokinni fengið hana staðfesta með innlendu viðurkenndu prófskírteini eða staðfestingu frá þar til bærri sérfræði- eða atvinnugreinastofnun um að þjálfunin uppfylli skilyrðin sem hún setur; eða

   — í fjögur ár samfellt sem sjálfstæður atvinnurekandi eða stjórnandi fyrirtækis ef rétthafi getur sýnt fram á að hann hafi áður fengið að minnsta kosti tveggja ára þjálfun í viðkomandi atvinnugrein og að henni lokinni fengið hana staðfesta með innlendu viðurkenndu prófskírteini eða staðfestingu frá þar til bærri sérfræði- eða atvinnugreinastofnun um að þjálfunin uppfylli skilyrðin sem hún setur; eða

   c) í þrjú ár samfellt sem sjálfstæður atvinnurekandi eða sem forstöðumaður fyrirtækis ef rétthafinn getur sýnt fram á að hann hafi unnið sem launamaður í viðkomandi atvinnugrein í að minnsta kosti fimm ár; eða

   d) — í fimm ár samfellt sem launþegi ef rétthafi getur sýnt fram á að hann hafi áður fengið að minnsta kosti þriggja ára þjálfun í viðkomandi atvinnugrein og að henni lokinni fengið hana staðfesta með innlendu viðurkenndu prófskírteini eða staðfestingu frá þar til bærri sérfræði- eða atvinnugreinastofnun um að þjálfunin uppfylli skilyrðin sem hún setur; eða

   — í sex ár samfellt sem launþegi ef rétthafi getur sýnt fram á að hann hafi áður fengið að minnsta kosti tveggja ára þjálfun í viðkomandi atvinnugrein og að henni lokinni fengið hana staðfesta með innlendu viðurkenndu prófskírteini eða staðfestingu frá þar til bærri sérfræði- eða atvinnugreinastofnun um að þjálfunin uppfylli skilyrðin sem hún setur.

   Í þeim tilvikum sem getið er í a- og c- lið skulu, á þeim degi sem sótt er um samkvæmt 8. gr., ekki hafa liðið meira en tíu ár frá því að unnið var við viðkomandi atvinnugrein;

3. ef um er að ræða atvinnugreinar í skrá III:

   a) í sex ár samfellt sem sjálfstæður atvinnurekandi eða sem stjórnandi fyrirtækis; eða

   b) í þrjú ár samfellt sem sjálfstæður atvinnurekandi eða stjórnandi fyrirtækis ef rétthafi getur sýnt fram á að hann hafi áður fengið að minnsta kosti þriggja ára þjálfun í viðkomandi atvinnugrein og að henni lokinni fengið hana staðfesta með innlendu viðurkenndu prófskírteini eða staðfestingu frá þar til bærri sérfræði- eða atvinnugreinastofnun um að þjálfunin uppfylli skilyrðin sem hún setur; eða

   c) í þrjú ár samfellt sem sjálfstæður atvinnurekandi ef rétthafi getur sýnt fram á að hann hafi unnið sem launamaður í viðkomandi atvinnugrein í að minnsta kosti fimm ár.

   Í þeim tilvikum sem getið er í a- og c- lið skulu, á þeim degi sem sótt er um samkvæmt 8. gr., ekki hafa liðið meira en tíu ár frá því að unnið var í viðkomandi atvinnugrein;

4. ef um er að ræða atvinnugreinar í skrá IV:

   a) í fimm ár samfellt sem sjálfstæður atvinnurekandi eða sem stjórnandi fyrirtækis; eða

   b) í tvö ár samfellt sem sjálfstæður atvinnurekandi eða stjórnandi fyrirtækis ef rétthafi getur sýnt fram á að hann hafi áður fengið að minnsta kosti þriggja ára þjálfun í viðkomandi atvinnugrein og að henni lokinni fengið hana staðfesta með innlendu viðurkenndu prófskírteini eða staðfestingu frá þar til bærri sérfræði- eða atvinnugreinastofnun um að þjálfunin uppfylli skilyrðin sem hún setur; eða

   c) í þrjú ár samfellt sem sjálfstæður atvinnurekandi eða stjórnandi fyrirtækis ef rétthafi getur sýnt fram á að hann hafi áður fengið að minnsta kosti tveggja ára þjálfun í viðkomandi atvinnugrein og að henni lokinni fengið hana staðfesta með innlendu viðurkenndu prófskírteini eða staðfestingu frá þar til bærri sérfræði- eða atvinnugreinastofnun um að þjálfunin uppfylli skilyrðin sem hún setur; eða

   d) í tvö ár samfellt sem sjálfstæður atvinnurekandi eða sem stjórnandi fyrirtækis ef rétthafi getur sýnt fram á að hann hafi unnið sem launamaður í viðkomandi atvinnugrein í að minnsta kosti þrjú ár; eða

   e) í þrjú ár samfellt sem launþegi ef rétthafi getur sýnt fram á að hann hafi áður fengið að minnsta kosti tveggja ára þjálfun í viðkomandi atvinnugrein og að henni lokinni fengið hana staðfesta með innlendu viðurkenndu prófskírteini eða staðfestingu frá þar til bærri sérfræði- eða atvinnugreinastofnun um að þjálfunin uppfylli skilyrðin sem hún setur;

5. ef um er að ræða atvinnugreinar í skrá V(a) og (b):

   a) í þrjú ár sem sjálfstæður atvinnurekandi eða sem stjórnandi fyrirtækis að því tilskildu að á þeim degi sem sótt er um samkvæmt 8. gr., hafi ekki liðið meira en tvö ár frá því að unnið var í viðkomandi atvinnugrein;

   b) Í þrjú ár sem sjálfstæður atvinnurekandi eða sem stjórnandi fyrirtækis að því tilskildu að á þeim degi sem sótt er um samkvæmt 8. gr., hafi ekki liðið meira en tvö ár frá því að unnið var í viðkomandi atvinnugrein nema aðildarríki leyfi eigin ríkisborgurum að taka lengra hlé frá starfi í viðkomandi atvinnugrein; eða

6. ef um er að ræða atvinnugreinar í skrá VI:

   a) í þrjú ár samfellt sem sjálfstæður atvinnurekandi eða sem stjórnandi fyrirtækis; eða

   b) í tvö ár samfellt sem sjálfstæður atvinnurekandi eða stjórnandi fyrirtækis ef rétthafi getur sýnt fram á að hann hafi áður fengið þjálfun í viðkomandi atvinnugrein og að henni lokinni fengið hana staðfesta með innlendu viðurkenndu prófskírteini eða staðfestingu frá þar til bærri sérfræði- eða atvinnugreinastofnun um að þjálfunin uppfylli skilyrðin sem hún setur; eða

c) í tvö ár samfellt sem sjálfstæður atvinnurekandi eða sem stjórnandi fyrirtækis ef rétthafinn getur sýnt fram á að hann hafi unnið sem launamaður í viðkomandi atvinnugrein í að minnsta kosti þrjú ár; eða

d) í þrjú ár samfellt sem launamaður ef rétthafi getur sýnt fram á að hann hafi áður fengið þjálfun í viðkomandi atvinnugrein og að henni lokinni fengið hana staðfesta með innlendu viðurkenndu prófskírteini eða staðfestingu frá þar til bærri sérfræði- eða atvinnugreinastofnun um að þjálfunin uppfylli skilyrðin sem hún setur.

Í þeim tilvikum sem getið er í a- og c- lið skulu, á þeim degi sem sótt er um samkvæmt 8. gr., ekki hafa liðið meira en tíu ár frá því að unnið var við viðkomandi atvinnugrein.

5. gr.

Ef rétthafi er handhafi viðurkennds prófskírteinis, sem gefið er út í aðildarríki og er til staðfestingar á þekkingu og hæfni í atvinnugrein sem samsvarar að minnsta kosti tveggja eða þriggja ára starfsþjálfun, eftir því sem við á, getur gistiríki neðhöndlað prófskírteinið á sama hátt og prófskírteini til staðfestingar á starfsþjálfun af þeirri lengd sem krafist er samkvæmt b- og d-lið 1. mgr., b- og d-lið 2. mgr., b-lið 3. mgr. og b-, c- og e-lið 4. mgr. 4. gr.

6. gr.

Ef þjálfun rétthafans hefur varað í að minnsta kosti tvö ár og minna en þrjú ár skal kröfum 4. gr. teljast fullnægt ef starfsreynsla sem sjálfstæður atvinnurekandi eða stjórnandi fyrirtækis samkvæmt b- og d-lið 1. mgr, fyrsta undirlið b-liðar 2. mgr., b-lið 3. mgr. og b-lið 4. mgr. 4. gr. er framlengd í sama hlutfalli þannig að hún nái yfir mismuninn á lengd þjálfunarinnar.

7. gr.

Einstaklingur telst hafa starfað sem stjórnandi fyrirtækis í skilningi 4. gr. ef hann hefur starfað í fyrirtæki innan viðkomandi atvinnugreinar:

a) sem stjórnandi fyrirtækis eða útibús fyrirtækis; eða

b) sem aðstoðarmaður eiganda eða stjórnanda fyrirtækis þegar stöðunni fylgir ábyrgð sem er jafngild ábyrgð eigandans eða stjórnandans sem hann er staðgengill fyrir, eða

c) í stjórnunarstöðu sem felur í sér skyldustörf af viðskipta- eða sérfræðilegum toga og ábyrgð á einni eða fleiri deildum fyrirtækisins.

8. gr.

Sönnun þess að skilyrðunum sem mælt er fyrir um í 4. gr. sé fullnægt skal vera vottorð um eðli og lengd starfseminnar gefið út af lögbæru yfirvaldi eða stofnun í heimaríkinu eða því aðildarríki sem rétthafinn kemur frá og sem rétthafanum ber að framvísa til stuðnings umsókn sinni um leyfi til að stunda viðkomandi atvinnugrein eða –greinar í gistiríkinu.

IV. HLUTI

Viðurkenning á annars konar starfsmenntun og hæfi sem aflað hefur verið í öðru aðildarríki

9. gr.

1. Ef gistiríki gerir þá kröfu til eigin ríkisborgara, sem sækjast eftir að hefja einhverja þá starfsemi sem um getur í 2. mgr. 1. gr., að þeir leggi fram vottorð um óflekkað mannorð og sönnun þess að þeir séu ekki og hafi ekki áður verið lýstir gjaldþrota, eða sönnun um annað hvort, skal það, þegar um ríkisborgara annarra aðildarríkja er að ræða, samþykkja framvísun sakavottorðs sem nægilega sönnun eða að öðrum kosti framvísun jafngilds vottorðs, sem gefið er út af lögbæru yfirvaldi á sviði laga eða stjórnsýslu í heimaríkinu eða því aðildarríki sem rétthafinn kemur frá, sem sýnir að þessum kröfum er fullnægt.

2. Ef gistiríki setur fram tilteknar kröfur til eigin ríkisborgara, sem sækjast eftir að hefja einhverja þá starfsemi sem um getur í 2. mgr. 1. gr., um óflekkað mannorð og að þeir leggi fram sönnun þess að þeir séu ekki og hafi ekki áður verið lýstir gjaldþrota og hafi ekki áður sætt faglegum eða stjórnsýslulegum refsiaðgerðum (t.d. verið sviptir rétti til að gegna tilteknum embættum, leyfi til að gegna ákveðnu starfi eða vera félagi í tilteknum fagfélögum) og ekki fæst sönnun þess með skjalinu sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, skal það, þegar um ríkisborgara annarra aðildarríkja er að ræða, samþykkja sem nægilega sönnun vottorð gefið út af lögbæru yfirvaldi á sviði laga eða stjórnsýslu í heimaríkinu eða því aðildarríki sem rétthafinn kemur frá, sem staðfestir að þessum kröfum sé fullnægt. Í slíku vottorði skal fjallað um þá þætti sem gistiríkið telur skipta máli.

3. Ef heimaríkið eða aðildarríkið sem rétthafinn kemur frá gefur ekki út skjölin sem um getur í 1. og 2. mgr. getur eiðsvarin yfirlýsing komið í stað þeirra eða, í þeim aðildarríkjum þar sem engin ákvæði eru um slíka eiðsvarna yfirlýsingu, með drengskaparheiti sem viðkomandi gefur í viðurvist lögbærs yfirvalds eða þar sem það á við, lögbókanda í því aðildarríki. Viðkomandi yfirvald eða lögbókandi skal gefa út skírteini þar sem vottaður er áreiðanleiki eiðsvörnu yfirlýsingarinnar eða drengskaparheitisins. Yfirlýsingu um að viðkomandi hafi ekki áður verið lýstur gjaldþrota má einnig gefa hjá til þess bærri sérfræði- eða atvinnugreinastofnun í því aðildarríki.

4. Ef gistiríki krefst vottorðs sem sýnir fjárhagsstöðu skal það telja vottorð sem gefin eru út af bönkum í heimaríki eða aðildarríkinu sem rétthafinn kemur frá jafngild þeim sem gefin eru út á yfirráðasvæði þess.

5. Ef gistiríki gerir þá kröfu til eigin ríkisborgara sem sækjast eftir að hefja einhverja þá starfsemi sem um getur í 2. mgr. 1. gr., að þeir leggi fram sönnun þess að þeir séu tryggðir fyrir þeirri fjárhagslegu áhættu sem fylgir ábyrgð á atvinnustarfseminni skal gistiríkið samþykkja vottorð gefin út af vátryggingafélögum annarra aðildarríkja sem jafngild þeim sem gefin eru út á yfirráðasvæði þess. Slík vottorð skulu gefa yfirlýsingu um að vátryggjandinn hafi farið að þeim lögum og reglugerðum sem í gildi eru í gistiríkinu að því er varðar skilmála og umfang vátryggingarinnar.

6. skjölin sem um getur í 1., 2., 3. og 5 mgr.skulu þegar þeim er framvísað ekki vera meira en þriggja mánaða gömul.

V. HLUTI

Ákvæði um málsmeðferð

10. gr.

1. Aðildarríkin skulu, innan þeirra tímamarka sem mælt er fyrir um í 14. gr., tilnefna þau yfirvöld og stofnanir sem bera ábyrgð á að gefa út vottorðin sem um getur í 8. gr. og 1., 2 og 3. mgr. 9. gr. og skulu þegar í stað koma þeim upplýsingum á framfæri við önnur aðildarríki og framkvæmdastjórnina.

2. Aðildarríkin geta tilnefnt aðila sem hefur umsjón með samræmingu á starfsemi þeirra yfirvalda og stofnana sem um getur í 1. mgr. í samræmingarhópinn sem komið var á laggirnar samkvæmt 2. mgr. 9. gr. tilskipunar 89/48/EBE. Starf samræmingarhópsins skal einnig vera eftirfarandi:

— að auðvelda framkvæmd þessarar tilskipunar,

— að safna saman öllum upplýsingum sem gagnlegar eru vegna beitingar tilskipunarinnar í aðildarríkjunum og einkum að safna og bera saman upplýsingar um mismunandi starfsmenntun og hæfi á þeim sviðum atvinnulífsins sem falla undir gildissvið þessarar tilskipunar.

VI. HLUTI

Lokaákvæði

11. gr.

1. Tilskipanirnar sem taldar eru upp í viðauka B falla hér með úr gildi.

2. Litið skal á tilvísanir í niðurfelldar tilskipanir sem tilvísanir í þessa tilskipun.

12. gr.

Frá og með 1. janúar 2001 skulu aðildarríkin, á tveggja ára fresti, senda framkvæmdastjórninni skýrslu um framkvæmd fyrirkomulagsins sem er tekið upp.

Auk almennrar umfjöllunar um málið skal skýrslan einnig veita tölfræðilegt yfirlit yfir ákvarðanir sem teknar hafa verið og lýsa þeim vanda sem upp kann að koma við beitingu tilskipunarinnar.

13. gr.

Eigi síðar en fimm árum eftir þann dag sem um getur í 14. gr. skal framkvæmdastjórnin tilkynna Evrópuþinginu og ráðinu um hver staðan er á framkvæmd þessarar tilskipunar í aðildarríkjunum, einkum 5. gr.

Að öllum nauðsynlegum skýrslutökum loknum, einkum af aðilum sem annast samræmingu, skal framkvæmdastjórnin leggja fram niðurstöður sínar um hugsanlegar breytingar á núgildandi fyrirkomulagi. Ef nauðsyn krefur skal framkvæmdastjórnin einnig leggja fram tillögur sínar um endurbætur á gildandi fyrirkomulagi er stuðli að því að auka frelsi til flutninga og efla staðfesturétt og rétt til að veita þjónustu.

14. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 31. júlí 2001. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

15. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

16. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 7. júní 1999.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
J. M. GIL-ROBLES	E. BULMAHN
forseti.	*forseti.*

VIÐAUKI A

FYRSTI HLUTI

Atvinnugreinar tengdar flokkun á starfsreynslu

Skrá I

Yfirflokkar sem falla undir tilskipun 64/427/EBE, eins og henni var breytt með tilskipun 69/77/EBE, og tilskipunum 68/366/EBE, 75/368/EBE og 75/369/EBE

1

Tilskipun 64/427/EBE

(Tilskipun um afnám hafta: 64/429/EBE)

NICE-flokkunarkerfið (samsvarar ISIC- yfirflokkum 23-40)

yfirflokkur 23	Framleiðsla textílefna	
	232	Framleiðsla og vinnsla textílefna í vélum fyrir ull
	233	Framleiðsla og vinnsla textílefna í vélum fyrir bómull
	234	Framleiðsla og vinnsla textílefna í vélum fyrir silki
	235	Framleiðsla og vinnsla textílefna í vélum fyrir hör og hamp
	236	Annar textílefnaiðnaður (júta, harðtrefjar o.s.frv.) kaðlar
	237	Framleiðsla prjónavöru og heklaðrar vöru
	238	Frágangur textílefna
	239	Annar spunaefnaiðnaður
yfirflokkur 24	Framleiðsla skófatnaðar, fatnaðar og sængurfatnaðar	
	241	Vélframleiðsla á skófatnaði (nema úr gúmmíi og tré)
	242	Handunninn skófatnaður og viðgerðir á honum
	243	Framleiðsla fatnaðar (nema felda)
	244	Framleiðsla á dýnum og sængurfatnaði
	245	Skinna og -feldaiðnaður
yfirflokkur 25	Framleiðsla úr viði og korki (nema húsgagnaframleiðsla)	
	251	Sögun og iðnvinnsla viðar
	252	Framleiðsla hálfunnins viðarvarnings
	253	Raðframleiðsla byggingaíhluta úr viði, að meðtalinni gólfklæðningu
	254	Framleiðsla tréíláta
	255	Framleiðsla annars viðarvarnings (nema húsgagna)
	259	Framleiðsla úr hálmi, korki, tágum, tágafléttum og spanskreyr; burstagerð
yfirflokkur 26	260	Framleiðsla húsgagna úr viði
yfirflokkur 27	Framleiðsla pappírs og pappírsvöru	
	271	Framleiðsla pappírsdeigs, pappírs og pappa
	272	Vinnsla pappírs og pappa, og framleiðsla vara úr pappírsdeigi
yfirflokkur 28	280	Prentun, útgáfa og skyldur iðnaður
yfirflokkur 29	Leðuriðnaður	
	291	Sútunarstöðvar og verksmiður sem fullvinna leður
	292	Leðurvöruframleiðsla

úr yfirflokki 30	Gúmmí og plastvöruframleiðsla, tilbúnir þræðir og sterkjuvörur	
	301	Gúmmí- og asbestvinnsla
	302	Vinnsla plastefna
	303	Framleiðsla tilbúinna þráða
úr yfirflokki 31	Efnaiðnaður	
	311	Framleiðsla undirstöðuefna til efnaiðnaðar og frekari vinnsla slíkra efna
	312	Sérhæfð framleiðsla á efnavörum einkum til notkunar í iðnaði og landbúnaði (þar með talin framleiðsla á feiti og olíu úr jurta- og dýraríkinu fyrir iðnað sem heyrir undir ISIC-flokk 312)
	313	Sérhæfð framleiðsla efnavöru einkum til heimilis og skrifstofunota (að undanskilinni framleiðslu lyfja og lyfjavara (úr ISIC-flokki 319))
yfirflokkur 32	320 Jarðolíuiðnaður	
yfirflokkur 33	Framleiðsla vöru úr jarðefnum sem ekki eru málmar	
	331	Framleiðsla byggingarvara úr leir
	332	Framleiðsla á gleri og glervörum
	333	Framleiðsla á leirkerum og vörum úr eldföstu efni
	334	Framleiðsla á sementi, kalki og gifsefni
	335	Framleiðsla byggingarefna úr steypu, sementi og gifsefni
	339	Vinna við steinhögg og framleiðsla á öðrum vörum úr jarðefnum sem ekki eru málmar
yfirflokkur 34	Framleiðsla og frumvinnsla járns og stáls	
	341	Járn og stáliðnaður (samkvæmt skilgreiningu í stofnsáttmála Kola- og stálbandalags Evrópu (KSE), þar með talin koxvinnsla sem er rekin í tengslum við stáliðnaðarfyrirtæki)
	342	Framleiðsla á stálrörum
	343	Vírdráttur, kalddráttur, kaldvölsun flatjárns og flatstáls, kaldmótun
	344	Framleiðsla og frumvinnsla málma sem ekki innihalda járn
	345	Málmsteypur sem vinna bæði með járn og málma sem ekki innihalda járn
yfirflokkur 35	Framleiðsla málmvara (að undanskildum vélbúnaði og samgöngutækjum)	
	351	Málmsmíði, kaldvölsun og kaldmótun
	352	Annað vinnslustig og yfirborðsmeðferð
	353	Málmhlutir
	354	Ketilsmíði, framleiðsla kera til iðnaðar
	355	Framleiðsla áhalda og tækja og fullunninna hluta úr málmi (nema raffanga)
	359	Hliðargreinar véltæknistarfsemi
yfirflokkur 36	Framleiðsla véla sem ekki eru rafknúnar	
	361	Framleiðsla landbúnaðarvéla og dráttarvéla
	362	Framleiðsla skrifstofuvéla
	363	Framleiðsla véla til málmvinnslu og annarra vélaverkfæra og festinga og tenginga á þau og önnur vélknúin verkfæri
	364	Framleiðsla textílvéla og fylgihluta þeirra, framleiðsla saumavéla
	365	Framleiðsla véla og búnaðar fyrir matvæla- og drykkjarvöruiðnað og fyrir efnaiðnað og skyldan iðnað
	366	Framleiðsla tækja og búnaðar fyrir námur, járn- og stálverksmiðjur og fyrir byggingariðnað, framleiðsla lyftitækja og færibanda
	367	Framleiðsla sendibúnaðar
	368	Framleiðsla vélbúnaðar til annars tiltekins iðnaðar
	369	Framleiðsla annarra órafknúinna véla og búnaðar

yfirflokkur 37		Raftækniiðnaður
	371	Framleiðsla rafmagnsvíra og kapla
	372	Framleiðsla hreyfla, rafala, spennubreyta, rofa og annars búnaðar til raforkuframleiðslu
	373	Framleiðsla raffanga til atvinnunota
	374	Framleiðsla fjarskiptabúnaðar, mæla, annarra mælitækja og rafmagnslækningatækja
	375	Framleiðsla rafeindabúnaðar, útvarps- og sjónvarpsviðtækja, hljómflutningstækja
	376	Framleiðsla raftækja til heimilisnota
	377	Framleiðsla lampa og ljósabúnaðar
	378	Framleiðsla rafhlaðna og rafgeyma
	379	Viðgerðir, samsetning og sérhæfð uppsetning raffanga
úr yfirflokki 38		Framleiðsla samgöngutækja
	383	Framleiðsla vélknúinna ökutækja og hluta þeirra
	384	Viðgerðir á vélknúnum ökutækjum, bifhjólum og reiðhjólum
	385	Framleiðsla bifhjóla, reiðhjóla og hluta þeirra
	389	Framleiðsla samgöngutækja sem eru ekki flokkuð annars staðar
yfirflokkur 39		Ýmiss konar framleiðsluiðnaður
	391	Framleiðsla nákvæmra mælitækja, mæli- og stjórntækja
	392	Framleiðsla á lækninga- og skurðlækningatækjum og hjálpartækjum (að undanskildum sjúkraskófatnaði)
	393	Framleiðsla ljósmynda- og sjóntækja
	394	Framleiðsla og viðgerðir á úrum og klukkum
	395	Skartgripagerð- og góðmálmasmíði
	396	Framleiðsla og viðgerðir hljóðfæra
	397	Framleiðsla leikja, leikfanga, íþróttatækja og íþróttavarnings
	399	Annar framleiðsluiðnaður
yfirflokkur 40		Byggingar
	400	Byggingar (ósérhæfðar); niðurrif
	401	Húsbyggingar (húsnæði eða annað)
	402	Mannvirkjagerð; vega- og brúargerð, lagning járnbrauta o.fl.
	403	Lagnir
	404	Skreytingar og frágangur

2

Tilskipun 68/366/EBE

(Tilskipun um afnám hafta 68/365/EBE)

NICE-flokkunarkerfið

yfirflokkur	20 A	200 Framleiðsluiðnaður með dýra- og jurtafeiti og olíur
	20 B	Matvælaframleiðsluiðnaður (að undanskildum drykkjarvöruiðnaði)
	201	Slátrun, vinnsla og geymsla kjöts
	202	Mjólkur- og mjólkurvöruiðnaður
	203	Niðurlagning og geymsla ávaxta og grænmetis
	204	Niðurlagning og geymsla fisks og annarra sjávarafurða
	205	Framleiðsla kornmylluafurða
	206	Framleiðsla á bökuðum vörum, að meðtöldum kruðum og kexi
	207	Sykuriðnaður
	208	Framleiðsla á kakói, súkkulaði og sælgæti
	209	Framleiðsla á ýmsum matvælum

yfirflokkur 21	Drykkjarvöruiðnaður	
	211	Framleiðsla etanóls með gerjun, framleiðsla gers og vínanda
	212	Víngerð
	213	Öl- og bjórgerð
	214	Framleiðsla gosdrykkja og annarra kolsýrðra drykkja
úr 30	Framleiðsla á gúmmívörum, plastefnum, gerviþráðum og sterkjuafurðum	
	304	Framleiðsla á sterkjuafurðum

3

Tilskipun 75/368/EBE (stafsemi sem talin er upp í 1. mgr. 5. gr.)

ISIC- flokkunarkerfið

úr 04	Fiskveiðar	
	043	Fiskveiðar í ám og vötnum
úr 38	Framleiðsla samgöngutækja	
	381	Skipasmíðar og viðgerðir
	382	Framleiðsla járnbrautartækja
	386	Framleiðsla loftfara (að meðtöldum geimtækjum)
úr 71	Starfsemi tengd flutningum og starfsemi önnur en flutningar, sem fellur undir eftirfarandi flokka:	
	úr 711	Þjónusta við svefn- og veitingavagna; viðhald járnbrautatækja í viðhaldsskýlum; hreinsun vagna
	úr 712	Viðhald tækja fyrir farþegaflutninga innanbæjar, í úthverfum og milli bæja og borga
	úr 713	Viðhald tækja fyrir annan farþegaflutning á landi (svo sem bifreiða, langferðabíla og leigubifreiða)
	úr 714	Rekstur og viðhald mannvirkja sem tengd eru samgöngum á landi (t.d. vega, jarðgangna, tollbrúa, birgðageymslna, bílastæða, strætisvagna- og sporvagnastöðva)
	úr 716	Starfsemi tengd samgöngum á skipgengum vatnaleiðum (t.d. rekstur og viðhald vatnaleiða, hafna og annarra mannvirkja sem tengd eru samgöngum á skipgengum vatnaleiðum; dráttar- og lóðsþjónusta í höfnum, lagning bauja, ferming og afferming skipa og önnur skyld starfsemi svo sem björgun skipa, dráttur og rekstur húsbáta)
73	Boðmiðlun: póstþjónusta og fjarskipti	
úr 85	Þjónustugreinar	
	854	Þvottahús og þvottaþjónusta, þurrhreinsun og litun
	úr 856	Ljósmyndastofur: ljósmyndun og auglýsingaljósmyndun að frátöldum blaðaljósmyndurum
	úr 859	Þjónustugreinar sem ekki eru skilgreindar annars staðar (einungis viðhald og þrif á húseignum eða vistarverum)

4

Tilskipun 75/369/EBE 6. gr.: þegar starfsemin telst til iðnaðar eða handverks)

ISIC-flokkunarkerfið

Eftirtalin farandstarfsemi:

a) kaup og sala á vörum

— af kaupmönnum á faraldsfæti, götusölum eða farandsölum (úr ISIC-flokki 612)

— á yfirbyggðum mörkuðum þó ekki föstum starfsstöðvum og á útimörkuðum

b) starfsemi sem fellur undir þegar samþykktar bráðabirgðaráðstafanir þar sem er sérstaklega undanskilið eða ekki minnst á starfrækslu slíkrar farandstarfsemi.

Skrá II

Tilskipun 82/470/EBE (3. mgr. 6. gr.)

Flokkar 718 og 720 í ISIC-flokkunarkerfinu

Starfsemin nær einkum og sér í lagi til:

— skipulagningar og sölu, beint eða gegn þóknun, á einum þætti eða fleirum (flutningi, fæði, gistingu, skoðunarferðum o.s.frv.) vegna ferðar eða dvalar, óháð því um hvers konar ferð er að ræða (undirliður a í B-lið 2. gr.).

Skrá III

Tilskipun 82/489/EBE

úr 855 Hárgreiðslustofur, að frátalinni þjónustu fótaaðgerðafræðinga og verknámsskóla fyrir snyrtifræðinga og hárgreiðslufólk

Skrá IV

Tilskipun 82/470/EBE (1. mgr. 6. gr.)

Flokkar 718 og 720 í ISIC-flokkunarkerfinu:

Starfsemin nær einkum og sér í lagi til:

— þeirra sem starfa sem milliliðir verktaka á mismunandi sviðum flutninga og þeirra sem afgreiða eða senda vörur og standa fyrir svipaðri starfsemi:

aa) með því að ganga frá samningum við verktaka á sviði flutninga fyrir hönd umbjóðenda

bb) með því að velja flutningsaðferð, fyrirtæki og þá leið sem er hagstæðust fyrir umbjóðandann

cc) með því að sjá um framkvæmdaatriði er varða flutninginn (t.d. pökkun vegna flutningsins). með því að sjá um ýmsa aðra þætti er tengjast flutningnum (tryggir t.d. ísbirgðir fyrir kælivagna);

dd) með því að ganga frá formsatriðum er tengjast flutningnum, gera til dæmis uppkast að fylgibréfi; dreifa vörusendingum;

ee) með því að samhæfa hin ýmsu stig flutningsins, með því að tryggja flutning, endursendingar, umfermingu og aðrar aðgerðir á endastöð;

ff) með því að sjá bæði um farm- og flutningstæki og flutningsleið fyrir þá aðila sem afgreiða eða taka á móti vörum;

— mat á flutningskostnaði og yfirferð á sundurliðuðum reikningum

— ráðstafanir sem gera verður til bráðabirgða eða frambúðar í nafni og fyrir hönd skipseiganda eða fyrirtækis sem sér um flutning á sjó (við hafnaryfirvöld, skipaverslanir o.s.frv.)

(Starfsemin sem talin er upp í a-, b- og d- undirliðum A-liðar 2. gr.).

Skrá V

Tilskipanir (64/222/EBE) and (70/523/EBE)

a

Sjá a-lið 5. mgr. 4. gr. þessarar tilskipunar

Tilskipun 64/222/EBE

(Tilskipun um afnám hafta 64/224/EBE)

1. atvinnustarfsemi milliliðar, sem hefur umboð og fyrirmæli frá einum eða fleiri einstaklingum til að semja eða annast viðskipti í þeirra nafni og fyrir þeirra hönd;

2. atvinnustarfsemi milliliðar, sem án þess að hafa um það varanleg fyrirmæli, kemur á sambandi einstaklinga sem óska eftir beinum samningum sín á milli, kemur viðskiptum þeirra í kring eða aðstoðar við að leiða slík viðskipti til lykta.

3. atvinnustarfsemi milliliðar sem kemur inn í viðskipti í eigin nafni en fyrir annarra hönd
4. atvinnustarfsemi milliliðar sem fæst við heildsöluverslun á uppboðum fyrir annarra hönd
5. atvinnustarfsemi milliliða sem afla pantana með því að ganga í hús
6. þjónustustarfsemi sem tengist atvinnustarfsemi milliliðar sem starfar hjá einu eða fleiri verslunar-, iðnaðar- eða litlum handverksfyrirtækjum.

b

Sjá b-lið 5. mgr. 4. gr. þessarar tilskipunar

Tilskipun 70/523/EBE

Starfsemi sjálfstætt starfandi einstaklinga sem veita þjónustu á sviði heildsölu og umboðsverslunar með kol (úr flokki 6112, ISIC-flokkunarkerfið)

Skrá VI

Tilskipanir 68/364/EBE, 68/368/EBE, 75/368/EBE, 75/369/EBE, 82/470/EBE

1

Tilskipun 68/364/EBE

(Tilskipun um afnám hafta 68/363/EBE)

ISIC úr flokki 612 Smásöluverslun

Starfsemi sem er undanskilin:

012	Leiga á tækjum til landbúnaðar
640	Leiga á fasteignum
713	Leiga á bifreiðum, vögnum og hestum
718	Leiga á lestar- og flutningsvögnum
839	Leiga á tækjabúnaði til verslunarfyrirtækja
841	Miðabókanir og myndaleiga fyrir kvikmyndahús
842	Miðabókanir og leiga á búnaði fyrir leikhús
843	Báta- og hjólaleiga, leiga á sjálfsalaleiktækjum og -spilavélum
853	Leiga á herbergjum með húsgögnum
854	Leiga á hreinu líni
859	Fataleiga

2

Tilskipun 68/368/EBE

(Tilskipun um afnám hafta 68/367/EBE)

ISIC-flokkunarkerfið

ISIC úr yfirflokki 85:

1. Veitingahús, kaffihús, ölstofur og aðrir veitingastaðir (ISIC-flokkur 852)
2. Hótel, gistiheimili, tjaldstæði og aðrir gististaðir (ISIC-flokkur 853)

3

Tilskipun 75/368/EBE (7. gr.)

Öll starfsemi sem talin er upp í viðaukanum við tilskipun 75/368/EBE, að frátalinni þeirri sem um getur í 5. gr. þeirrar tilskipunar (Skrá I, nr. 3 í þessum viðauka).

ISIC-flokkunarkerfið

úr 62 Bankar og aðrar fjármálastofnanir

úr 620 Einkaleyfisstofur og löggildingarstofur

úr 71 Flutningar

úr 713 Farþegaflutningar á vegum, að frátöldum flutningi með bifreiðum

úr 719 Flutningur fljótandi kolvatnsefnis og annarra fljótandi efna eftir leiðslum

úr 82 Félagsleg þjónusta

827 Bókasöfn, söfn, lysti- og dýragarðar

úr 84 Leikja- og skemmtiþjónusta

843 Leikja- og skemmtiþjónusta ótalin annars staðar:

— starfsemi tengd íþróttum (íþróttasvæði, skipulagning íþróttamannvirkja o.s.frv.) þó ekki starfsemi íþróttaleiðbeinenda

— leikir (hesthús og tamningasvæði fyrir veðhlaupahesta, leikjasvæði, veðhlaupabrautir, o.s.frv.)

— önnur afþreyingarstarfsemi (fjölleikahús, skemmtigarðar og aðrar skemmtanir)

úr 85 Þjónustugreinar

úr 851 Heimilishjálp

úr 855 Snyrtistofur og handsnyrtiþjónusta, að frátalinni þjónustu fótsnyrta og skólum snyrtifræðinga og hárgreiðslufólks

úr 859 Þjónustugreinar sem ekki eru skilgreindar annars staðar nema íþrótta- og sjúkranuddarar og fjallaleiðsögumenn, sem skiptast í eftirfarandi flokka

— sótthreinsun og meindýraeyðing

— fataleiga og geymsluaðstaða

— hjúskaparmiðlun og önnur skyld þjónusta

— stjörnuspeki, spádómar og þess háttar

— skolp og sorphirða og önnur skyld starfsemi

— útfararþjónusta og viðhald kirkjugarða

— boðberar og túlkandi leiðsögumenn

4

Tilskipun 75/369/EBE (5. gr.)

Eftirtalin farandstarfsemi:

a) kaup og sala á vöru

— sem stunduð er af kaupmönnum á faraldsfæti, götusölum eða farandsölum (úr ISIC-flokki 612)

— á yfirbyggðum mörkuðum nema þegar um fastar starfsstöðvar er að ræða og á útimörkuðum

b) starfsemi sem gildandi bráðabirgðaráðstafanir ná yfir þegar ljóst er að starfsemi sem flokkast undir farandviðskipti er undanskilin.

5

Tilskipun 82/470/EBE (2. mgr. 6. gr.)

(Starfsemi sem talin er upp í c- og e-lið A-hluta, b-lið B-hluta, C- og D-hluta 2. gr.)

Starfsemin nær einkum og sér í lagi til:

— leigu á járnbrautarvögnum til farþega- eða vöruflutninga;

— starfs millilliða í sölu, kaupum eða leigu skipa;

— skipulagningar, samningagerðar og frágangs samninga vegna flutninga þeirra sem flytjast á brott;

— móttöku fyrir hönd þess, sem leggur vöruna inn, á öllum hlutum og vörum sem lagðar eru inn í vöruskemmur, pakkhús, húsgagnalager, í kæligeymslur, vörugeymslur (síló) o.s.frv., hvort sem tollskoða þarf vöruna eða ekki;

— útvegunar á kvittun fyrir móttöku til handa þeim aðila sem leggur vöruna inn;

— útvegunar hólfa, fóðurs og sölusvæða vegna skammtímavistunar búpenings sem bíður sölu eða flutnings til eða frá markaði;

— skoðunar eða mats á tæknibúnaði vélknúinna ökutækja;

— mælingar, vigtunar og mats á vörum.

ANNAR HLUTI

Starfsemi, önnur en sú sem fellur undir I. hluta

1

Tilskipanir 63/261/EBE, 63/262/EBE, 65/1/EBE, 67/530/EBE, 67/531/EBE, 67/532/EBE, 68/192/EBE, 68/415/EBE og 71/18/EBE

ISIC- flokkunarkerfið

úr yfirflokki 01 Landbúnaður

Einkum:

a) jarðyrkja, að meðtalinni akuryrkju og vínyrkju; ræktun ávaxta, hnetna, fræja, grænmetis, blóma, bæði úti við og undir gleri;

b) búfjárrækt, alifuglarækt, kanínurækt, loðdýrarækt eða önnur kvikfjárrækt, býflugnarækt; framleiðsla á kjöti, mjólk, ull, húðum, skinnum og loðfeldum, eggjum, hunangi;

c) þjónusta í landbúnaði, húsdýrahaldi og garðyrkju gegn greiðslu eða samkvæmt samningi.

2

Tilskipun 63/607/EBE

(Kvikmyndir)

3

Tilskipun 64/223/EBE

ISIC-flokkunarkerfið

úr flokki 611 Starfsemi sjálfstætt starfandi einstaklinga sem stunda heildverslun (að undanskilinni heildverslun með lyf og lyfjavörur, eiturefni og lífandi smitefni og kol)

4

Tilskipun 64/428/EBE

NICE-flokkunarkerfið

	Flokkur	
yfirflokkur 11	Námuvinnsla og framleiðsla fasts eldsneytis	
	111	Námuvinnsla og framleiðsla kola
	112	Námuvinnsla og framleiðsla brúnkola
yfirflokkur 12	Nám málmjarðefnis	
	121	Námuvinnsla járngrýtis
	122	Námuvinnsla járnlausra málmjarðefna og skyld starfsemi
yfirflokkur úr 13	úr 130	Vinnsla jarðolíu og jarðgass (nema leit og borun)
yfirflokkur 14	140	Vinnsla byggingarefna og eldtrausts leirs
yfirflokkur 19	190	Vinnsla annarra steinefna og mós

5

Tilskipun 65/264/EBE

(kvikmyndaiðnaður)

6

Tilskipun 66/162/EBE

ISIC-flokkunarkerfið

deild 5	Raforka, gas, gufuafl, vatn og skolp og sorphirða

7

Tilskipun 67/43/EBE

ISIC-flokkunarkerfið

úr flokki 640	Fasteignaviðskipti (að undanskildum 6401)
flokkur 839	Viðskiptaþjónusta sem ekki er flokkuð annars staðar (að undanskilinni blaðamennsku, störfum tollvarða, ráðgjöf á sviði viðskipta, fjármála, verslunar, tölfræði og atvinnu- og ráðningarmála, innheimta)

8

Tilskipun 67/654/EBE

ISIC-flokkunarkerfið

yfirflokkur 02	Skógrækt og skógarhögg	
	021	Skógrækt
	022	Skógarhögg

9

Tilskipanir 68/369/EBE and 70/451/EBE

ISIC-flokkunarkerfið

úr flokki 841	Framleiðsla, dreifing og sýning kvikmynda

10

Tilskipun 69/82/EBE

ISIC-flokkunarkerfið

úr yfirflokki 13	
úr 130	Rannsóknir (leit og borun) á jarðolíu og jarðgasi

11

Tilskipun 70/522/EBE

ISIC-flokkunarkerfið

úr flokki 6112	Kol

VIÐAUKI B

NIÐURFELLDAR TILSKIPANIR

FYRSTI HLUTI: TILSKIPANIR UM AFNÁM HAFTA

63/261/EBE:	Tilskipun ráðsins frá 2. apríl 1963 sem setur ítarleg ákvæði um hvernig koma skuli á staðfesturétti í landbúnaði á yfirráðasvæði aðildarríkis að því er varðar ríkisborgara annarra landa bandalagsins sem starfað hafa sem launþegar í landbúnaði í því aðildarríki í tvö ár samfellt
63/262/EBE:	Tilskipun ráðsins frá 2. apríl 1963 sem setur ítarleg ákvæði um hvernig koma skuli á staðfesturétti á bújörðum sem verið hafa í eyði eða órækt lengur en tvö ár
63/607/EBE:	Tilskipun ráðsins frá 15. október 1963 um framkvæmd á ákvæðum hinnar almennu áætlunar um afnám hafta á rétti til að veita þjónustu að því er varðar kvikmyndaiðnaðinn
64/223/EBE:	Tilskipun ráðsins frá 25. febrúar 1964 um hvernig koma skuli á staðfesturétti og rétti til að veita þjónustu vegna starfsemi á sviði heildsölu
64/224/EBE:	Tilskipun ráðsins frá 25. febrúar 1964 um hvernig koma skuli á staðfesturétti og rétti til að veita þjónustu vegna starfsemi millilliða á sviði verslunar, iðnaðar og handverks
64/428/EBE:	Tilskipun ráðsins frá 7. júlí 1964 um hvernig koma skuli á staðfesturétti og rétti sjálfstætt starfandi einstaklinga til að veita þjónustu á sviði námuvinnslu og grjótnáms (ISIC yfirflokkar 11 - 19)
64/429/EBE:	Tilskipun ráðsins frá 7. júlí 1964 um hvernig koma skuli á staðfesturétti og rétti sjálfstætt starfandi einstaklinga til að veita þjónustu á sviði framleiðslu- og vinnsluiðnaðar er heyrir undir ISIC yfirflokka 23 - 40 (iðnaður og handverk)
65/1/EBE:	Tilskipun ráðsins frá 14. desember 1964 sem setur ítarleg ákvæði um hvernig koma skuli á rétti til að veita þjónustu í landbúnaði og garðyrkju
65/264/EBE:	Önnur tilskipun ráðsins frá 13. maí 1965 um framkvæmd á ákvæðum hinnar almennu áætlunar um afnám hafta á staðfesturétti og rétti til að veita þjónustu á sviði kvikmyndaiðnaðar
66/162/EBE:	Tilskipun ráðsins frá 28. febrúar 1966 um hvernig koma skuli á staðfesturétti og rétti sjálfstætt starfandi einstaklinga til að veita þjónustu að því er varðar rafmagn, gas, vatn og skolp og sorphirðu (ISIC deild 5)
67/43/EBE:	Tilskipun ráðsins frá 12. janúar 1967 um hvernig koma skuli á staðfesturétti og rétti til að veita þjónustu að því er varðar starfsemi sjálfstætt starfandi einstaklinga innan: 1. „fasteignaviðskipta`` (nema 6401) (ISIC úr flokki 640) 2. „viðskiptaþjónustu sem ekki er flokkuð annars staðar`` (ISIC-flokkur 839)
67/530/EBE:	Tilskipun ráðsins frá 25. júlí 1967 um rétt bænda sem eru ríkisborgarar annars aðildarríkis en þeir hafa staðfestu í til þess að flytjast af einni jörð á aðra
67/531/EBE:	Tilskipun ráðsins frá 25. júlí 1967 um beitingu laga aðildarríkja að því er varðar leigu á jörðum til bænda sem eru ríkisborgarar annarra aðildarríkja
67/532/EBE:	Tilskipun ráðsins frá 25. júlí 1967 um rétt bænda til aðildar að samvinnufélögum þegar þeir eru ríkisborgarar annars aðildarríkis en þeir hafa staðfestu í

67/654/EBE: Tilskipun ráðsins frá 24. október 1967 sem setur ítarleg ákvæði um hvernig koma skuli á staðfesturétti og rétti til að veita þjónustu að því er varðar starfsemi sjálfstætt starfandi einstaklinga í skógrækt og skógarhöggi

68/192/EBE: Tilskipun ráðsins frá 5. apríl 1968 um rétt bænda sem eru ríkisborgarar annars aðildarríkis en þeir hafa staðfestu í til ýmiss konar lána

68/363/EBE: Tilskipun ráðsins frá 15. október 1968 um hvernig koma skuli á staðfesturétti og rétti sjálfstætt starfandi einstaklinga til að veita þjónustu á sviði smásöluverslunar (ISIC úr flokki 612)

68/365/EBE: Tilskipun ráðsins frá 15. október 1968 um hvernig koma skuli á staðfesturétti og rétti sjálfstætt starfandi einstaklinga til að veita þjónustu á sviði matvæla- og drykkjarvöruframleiðslu (ISIC yfirflokkar 20 og 21)

68/367/EBE: Tilskipun ráðsins frá 15. október 1968 um hvernig koma skuli á staðfesturétti og rétti sjálfstætt starfandi einstaklinga til að veita þjónustu vegna starfsemi innan þjónustugeirans (ISIC úr yfirflokki 85);. 1. Veitingahús, kaffihús, ölstofur og aðrir veitingastaðir (ISIC-flokkur 852); 2. Hótel, gistiheimili, tjaldstæði og aðrir gististaðir (ISIC-flokkur 853)

68/369/EBE: Tilskipun ráðsins frá 15. október 1968 um hvernig koma skuli á staðfesturétti sjálfstætt starfandi einstaklinga að því er varðar starfsemi á sviði kvikmyndadreifingar

68/415/EBE: Tilskipun ráðsins frá 20. desember 1968 um rétt bænda sem eru ríkisborgarar annars aðildarríkis en þeir hafa staðfestu í til ýmiss konar aðstoðar

69/82/EBE: Tilskipun ráðsins frá 13. mars 1969 um hvernig koma skuli á staðfesturétti og rétti sjálfstætt starfandi einstaklinga til að veita þjónustu að því er varðar rannsóknir (leit og borun) á jarðolíu og jarðgasi (úr ISIC yfirflokki 13)

70/451/EBE: Tilskipun ráðsins frá 29. september 1970 um hvernig koma skuli á staðfesturétti og rétti til að veita þjónustu að því er varðar starfsemi sjálfstætt starfandi einstaklinga á sviði kvikmyndaframleiðslu

70/522/EBE: Tilskipun ráðsins frá 30. nóvember 1970 um hvernig koma skuli á staðfesturétti og rétti sjálfstætt starfandi einstaklinga til að veita þjónustu á sviði heildsölu og umboðsverslunar með kol (ISIC úr flokki 6112)

71/18/EBE: Tilskipun ráðsins frá 16. desember 1970 sem setur ítarleg ákvæði um hvernig koma skuli á staðfesturétti sjálfstætt starfandi einstaklinga sem veita þjónustu í landbúnaði og garðyrkju

ANNAR HLUTI: TILSKIPANIR ÞAR SEM KVEÐIÐ ER Á UM BRÁÐABIRGÐARÁÐSTAFANIR

64/222/EBE: Tilskipun ráðsins frá 25. febrúar 1964 sem hefur að geyma ítarleg ákvæði um bráðabirgðaráðstafanir vegna starfsemi á sviði heildsölu og millilliða í verslun, iðnaði og handverki

64/427/EBE: Tilskipun ráðsins frá 7. júlí 1964 sem hefur að geyma ítarleg ákvæði um bráðabirgðaráðstafanir vegna starfsemi sjálfstætt starfandi einstaklinga á sviði framleiðslu- og vinnsluiðnaðar sem fellur undir ISIC yfirflokka 23 - 40 (Iðnaður og handverk), eins og henni var breytt með tilskipun ráðsins 69/77/EBE frá 4. mars 1969

68/364/EBE: Tilskipun ráðsins frá 15. október 1968 sem hefur að geyma ítarleg ákvæði um bráðabirgðaráðstafanir vegna starfsemi sjálfstætt starfandi einstaklinga á sviði smásöluverslunar (ISIC úr flokki 612)

68/366/EBE: Tilskipun ráðsins frá 15. október 1968 sem hefur að geyma ítarleg ákvæði um bráðabirgðaráðstafanir vegna starfsemi sjálfstætt starfandi einstaklinga á sviði matvæla- og drykkjarvöruframleiðslu (ISIC yfirflokkar 20 og 21)

68/368/EBE: Tilskipun ráðsins frá 15. október 1968 sem hefur að geyma ítarleg ákvæði um bráðabirgðaráðstafanir vegna starfsemi sjálfstætt starfandi einstaklinga í þjónustugeiranum (úr ISIC yfirflokki 85); 1. Veitingahús, kaffihús, ölstofur og aðrir veitingastaðir (ISIC-flokkur 852) 2. Hótel, gistiheimili, tjaldstæði og aðrir gististaðir (ISIC-flokkur 853)

70/523/EBE: Tilskipun ráðsins frá 30. nóvember 1970 sem hefur að geyma ítarleg ákvæði um bráðabirgðaráðstafanir vegna starfsemi sjálfstætt starfandi einstaklinga á sviði heildsölu og umboðsverslunar með kol (ISIC úr flokki 6112)

75/368/EBE: Tilskipun ráðsins frá 16. júní 1975 um ráðstafanir til að auðvelda að staðfesturéttar og réttar til að veita þjónustu sé neytt að því er varðar ýmsa starfsemi (úr ISIC deildum 1 til 85) og einkum bráðabirgðaráðstafanir með tilliti til þessarar starfsemi

75/369/EBE: Tilskipun ráðsins frá 16. júní 1975 um ráðstafanir til að auðvelda að staðfesturéttar og réttar til að veita þjónustu sé neytt á sviði farandsölu og einkum bráðabirgðaráðstafanir er varða starfsemi af þessu tagi

82/470/EBE: Tilskipun ráðsins frá 29. júní 1982 um ráðstafanir til að auðvelda að staðfesturéttar og réttar til að veita þjónustu sé neytt hvað varðar starfsemi sjálfstætt starfandi einstaklinga í ákveðnum greinum sem tengjast flutningum og ferðaskrifstofum (ISIC-flokkur 718) og geymslu og vöruskemmum (ISIC-flokkur 720)

82/489/EBE: Tilskipun ráðsins frá 19. júlí 1982 um ráðstafanir til að auðvelda að staðfesturéttar og réttar til að veita þjónustu sé neytt í hárið

STJÓRNARTÍÐINDI B 65 – 2001

21. júní 2001 1255 Nr. 496

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Kópavogi.

Breyting á deiliskipulagi Salahverfis (Hlynsalir 1-3 og 5-7 og Lómasalir 6-8, 10-12 og 14-16).

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 1. mars 2001 samþykkt tillögu að breyttu deiliskipulagi fjölbýlishúsa við Hlynsali 1-3 og 5-7 og Lómasali 6-8, 10-12 og 14-16. Í breytingunni felst að byggingarreitir húsanna færist til sem nemur 0,5-2 metrum. Breytingin var grenndarkynnt. Athugasemdir bárust og var tillögunni breytt til að koma til móts við þær.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Vatnsendi. Elliðahvammur. Deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Kópavogs þann 8. maí 2001 samþykkt tillögu að deiliskipulagi Elliðahvamms í Vatnsenda. Í deiliskipulaginu er gerð grein fyrir byggingarreit fyrir landbúnaðarbyggingu, gróðurskála, bílgeymslu og smáhýsi í tengslum við ferðaþjónustu ásamt tjaldstæði og bílastæðum. Athugasemdir bárust. Tillagan var samþykkt óbreytt. Deiliskipulag Elliðahvamms er hluti deiliskipulags svæðis í Vatnsenda, á *„Milli vatns og vegar"*.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Vatnsendi. „Milli vatns og vegar". Deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Kópavogs þann 8. maí 2001 samþykkt tillögu að deiliskipulagi svæðisins „Milli vatns og vegar". Í deiliskipulaginu er m.a. fyrirhuguð íbúðarbyggð með 27 nýjar íbúðarlóðir með húsum á 1-2 hæðum og bílgeymslum sem geta staðið sér. Gert er ráð fyrir að sumarbústaðir á svæðinu verði fjarlægðir þegar íbúðarhús verða byggð að undanskildum bústöðum nr. 7 og 10a við Vatnsendablett sem fá takmarkaðan stöðurétt og nr. 19 og 42 með heilsársbúsetu. Akstursaðkoma almennings að svæðinu verður á tveim stöðum. Hesthús og gerði má byggja á íbúðarlóðum sem eru 1400 m^2 eða stærri skv. áður samþykktum skilmálum frá júlí 1992 og ákvörðun bæjaryfirvalda. Landbúnaður er áfram fyrirhugaður í Vatnsenda og Elliðahvammi auk ferðaþjónustu. Athygli er vakin á því að deiliskipulag *Elliðahvamms* er hluti þessa deiliskipulags þ.e. svæðisins „Milli vatns og vegar". Ennfremur mun deiliskipulag fyrir Vatnsendablett 241 A, samþykkt í bæjarráði 2. desember 1999, falla úr gildi við gildistöku þessa

nýja deiliskipulags sem og svæði á deiliskipulagsuppdráttum sem samþykktir voru í bæjarstjórn 29. október 1992 og 10. maí 1994 þar sem svæði skarast. Á það við Vatnsendabletti 22, 23, 27 og 343.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogskirkjugarður. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 22. mars 2001 samþykkt tillögu að breyttu deiliskipulagi Kópavogskirkjugarðs. Breytingin varðar innra skipulag garðsins.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 21. júní 2001.

Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri.

Nr. 497 27. júní 2001

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 340/2001 um eftirlit með fóðri.

1. gr.

5. liður um merkingar í D-hluta 2. viðauka, II. kafla, orðast svo:

Umbúðir próteinfóðurs sem ætlað er fyrir loðdýr og gæludýr skulu vera greinilega merktar með a.m.k. 9 punkta letri, með eftirfarandi áletrun: „Þetta fóður inniheldur dýraafurðir – óheimilt er að gefa það dýrum sem gefa af sér afurðir til manneldis“ eða „Gæludýrafóður sem inniheldur dýraafurðir er óheimilt að gefa dýrum sem gefa af sér afurðir til manneldis“. Þegar gæludýrafóður er selt í einingum sem eru 1000 grömm að þyngd eða minni, er heimilt að setja þessar upplýsingar á skilti/auglýsingaspjöld á hillubrúnir á sölustað, með a.m.k. 10 punkta letri undir eða fyrir ofan viðkomandi vöru, þó þannig að ekki leiki vafi á við hvaða fóður sé átt. Auk þess skulu umbúðir alls fóðurs sem inniheldur dýraprótein vera greinilega merktar með nákvæmri efna- og innihaldslýsingu í samræmi við 15. gr. I. kafla, sbr. nánari ákvæði í 7., 8., 9. og 10. viðauka, II. kafla, þar sem fram kemur að í fóðrinu séu dýraafurðir.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í lögum nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 27. júní 2001.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir

STJÓRNARTÍÐINDI B 66 – 2001

19. júní 2001 1257 Nr. 498

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 483/1994, um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi.

1. gr.

Á eftir orðunum „starfsmanna sinna“ í 1. málsl. 9. mgr. 3. gr. kemur: , sem og eigin iðgjald þeirra sem standa fyrir rekstri eða sjálfstæðri starfsemi,.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. reglugerðarinnar:

a. Orðin „sbr. og 9. gr. reglugerðarinnar“ í 1. málsl. 2. mgr. falla brott.
b. Orðin „og 9. gr. reglugerðarinnar“ í 2. málsl. 2. mgr. falla brott.
c. 3. mgr. fellur brott.

3. gr.

9. gr. reglugerðarinnar orðast svo: Fyrningarhlutföll mannvirkja fara eftir 38. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

4. gr.

Í stað orðsins „Viðskiptavild“ í c. lið 11. gr. kemur: Aflahlutdeild í sjávarútvegi.

5. gr.

Í stað orðsins „fyrir“ í 1. mgr. 15. gr. kemur: yfir.

6. gr.

Í stað orðsins „fimm“ í 1. málsl. 19. gr. kemur: átta.

7. gr.

Reglugerð þessi sem er sett samkvæmt heimild í 119. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 19. júní 2001.

F. h. r.
Baldur Guðlaugsson.

Ragnheiður Snorradóttir.

Gutenberg

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 10/1992, um persónuafslátt og sjómannaafslátt.

1. gr.

2. málsl. 2. gr. reglugerðarinnar fellur brott.

2. gr.

Í stað orðanna „reglugerðar nr. 183/1990, um skilagreinar“ í 3. mgr. 5. gr. kemur: reglugerðar nr. 753/1997, um mánaðarleg skil á staðgreiðslu og tryggingargjaldi.

3. gr.

8. gr. orðast svo:

Heimilt er að millifæra ónýttan persónuafslátt til maka þegar um hjón eða samskattað sambúðarfólk er að ræða eins og hér segir:

a. Á staðgreiðsluárinu 2001 er heimilt að millifæra 90% ónýtts persónuafsláttar.
b. Á staðgreiðsluárinu 2002 er heimilt að millifæra 95% ónýtts persónuafsláttar.
c. Frá og með staðgreiðsluárinu 2003 er heimilt að millifæra ónýttan persónuafslátt að fullu.

Skilyrði þess að persónuafsláttur í staðgreiðslu sé millifærður skv. 1. málsgrein er að launagreiðandi hafi einnig skattkort makans í fórum sínum.

4. gr.

Í stað tilvísunarinnar „19. gr. laga nr. 49/1987“ í 10. gr. reglugerðarinnar kemur: með síðari breytingum.

5. gr.

Reglugerð þessi sem er sett samkvæmt heimild í 3. mgr. 11. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum og 68. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 19. júní 2001.

F. h. r.
Baldur Guðlaugsson.

Ragnheiður Snorradóttir.

Nr. 500 19. júní 2001

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 591/1987, um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu með síðari breytingum.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Greiðslur utan staðgreiðslu.

2. gr.

Eftirtaldar greiðslur falla ekki undir staðgreiðslu:

1. Ökutækjastyrkir sem greiddir eru samkvæmt sundurliðuðum gögnum, sbr. 3. gr. reglugerðar þessarar.

2. Dagpeningar, ferðapeningar og hliðstæður ferða- og dvalarkostnaður sem greiddur er í samræmi við 6. gr. reglugerðar þessarar.
3. Útfararstyrkir frá verkalýðsfélögum.
4. Einkennisfatnaður sem launagreiðandi lætur launamanni í té.
5. Vinningar í happdrætti, veðmáli og keppni.
6. Risnufé sem greitt er launamanni samkvæmt reikningi frá þriðja aðila sem endurgreiðsla á risnukostnaði launamanns í þágu launagreiðanda. Séu framangreind skilyrði eigi uppfyllt skal reikna staðgreiðslu af greiddu risnufé.
7. Ýmsar launagreiðslur sem eigi tengjast atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi launagreiðanda. Sem dæmi um slíkar greiðslur í einkaþágu greiðanda má nefna greiðslur fyrir hús- og heimilishjálp og svipuð persónubundin störf sem ekki fara fram úr 130.000 kr. samtals á ári. Sama gildir um svipaðar greiðslur óskattskyldra aðila, t.d. húsfélaga, sem ekki fara fram úr 260.000 kr. samtals á ári.
8. Endurgjald sem maður skal reikna sér vegna starfs við sjálfstæða starfsemi sína ef starfsemin er svo óveruleg að reiknuð laun manns vegna slíkrar starfsemi verði eigi hærri, miðað við heilt ár, en 215.000 kr.
9. Reiknuð laun barna, sbr. 2. mgr. 1. tölul. A-liðs 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.
10. Greiðslur höfundarlauna til Íslendinga búsettra hérlendis er fram fara samkvæmt lögum nr. 73/1972, sbr. 5. gr. laga nr. 45/1987 með síðari breytingum, er ekki fari fram úr 260.000 kr. á ári.
11. Greiðslur til fatlaðra vegna félagslegrar hæfingar og endurhæfingar samkv. lögum um málefni fatlaðra.
12. Styrkir til fræðimanna, listamanna og vísindamanna sem veittir eru úr ríkissjóði, opinberum sjóðum, eða af opinberum stofnunum.
13. Verðlaun sem veitt eru í viðurkenningarskyni.
14. Starfsmenntunar- og vísindasjóðsstyrkir stéttarfélaga og annarra félagasamtaka til rannsókna, þróunarstarfa, endurmenntunar og sambærilegra verkefna.
15. Launatekjur barna hjá sama launagreiðanda að hámarki fjárhæð skv. 2. mgr. 67. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í 8. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum öðlast þegar gildi og kemur fyrst til framkvæmda við ákvörðun staðgreiðslu vegna launatímabilsins frá 1. júlí 2001.

Fjármálaráðuneytinu, 19. júní 2001.

F. h. r.
Baldur Guðlaugsson.

Ragnheiður Snorradóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafveitu Reyðarfjarðar.

Samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Rafveitu Reyðarfjarðar, er öðlist gildi 1. júlí 2001.

Gjaldskrá Rafveitu Reyðarfjarðar, nr. 58 frá 29. janúar 1998, með áorðnum breytingum, breytist þannig:

Allir gjaldskrárliðir hækka um 4,9%.

Iðnaðarráðuneytinu, 27. júní 2001.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þorgeir Örlygsson.

Nr. 502 27. júní 2001

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá RARIK í Hveragerði.

Samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá RARIK í Hveragerði, til að öðlast gildi 1. júlí 2001.

Gjaldskrá RARIK í Hveragerði, nr. 481 3. júlí 2000, breytist þannig:

Allir gjaldskrárliðir hækka um 4,9%.

Iðnaðarráðuneytinu, 27. júní 2001.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þorgeir Örlygsson.

Nr. 503 27. júní 2001

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Skagafjarðar.

Samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, með síðari breytingum, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Skagafjarðar er taki gildi 1. júlí 2001.

Gjaldskrá Hitaveitu Skagafjarðar, nr. 187 14. mars 2000, breytist þannig:

Allir gjaldskrárliðir hækka um 4,9%.

Iðnaðarráðuneytinu, 27. júní 2001.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þorgeir Örlygsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins (RARIK).

Samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins er taki gildi 1. júlí 2001.

Gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, nr. 482 3. júlí 2000, með áorðnum breytingum, breytist þannig:

I. SMÁSALA

Allir gjaldskrárliðir hækka um 4,9%.

II. HEILDSALA TIL ALMENNINGSVEITNA

Allir gjaldskrárliðir hækka um 4,9%.

Iðnaðarráðuneytinu, 27. júní 2001.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þorgeir Örlygsson.

27. júní 2001 Nr. 505

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafveitu Sauðárkróks.

Samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Rafveitu Sauðárkróks er öðlist gildi 1. júlí 2001.

Gjaldskrá Rafveitu Sauðárkróks, nr. 416 18. júní 1999, með áorðnum breytingum, breytist þannig:

Allir gjaldskrárliðir hækka um 4,9%.

Iðnaðarráðuneytinu, 27. júní 2001.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þorgeir Örlygsson.

27. júní 2001 Nr. 506

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Orkuveitu Reykjavíkur.

Samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 og lögum um Hitaveitu Reykjavíkur nr. 38 12. febrúar 1940 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Orkuveitu Reykjavíkur, sem tekur gildi 1. júlí 2001.

Gjaldskrá Orkuveitu Reykjavíkur, nr. 156 19. febrúar 2001, breytist þannig:

Allir gjaldskrárliðir hækka um 4,9%.

Iðnaðarráðuneytinu, 27. júní 2001.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þorgeir Örlygsson.

AUGLÝSING

um gjaldskrá Orkubús Vestfjarða hf. fyrir hitaveitur.

1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 40 30. maí 2001 skal gjaldskrá nr. 685 25. september 2000 fyrir Orkubú Vestfjarða sf. gilda fyrir Orkubú Vestfjarða hf. þar til hlutafélaginu hefur verið sett ný gjaldskrá.

2. gr.

Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða hf. fyrir hitaveitur, nr. 685 25. september 2000, breytist þannig:

Allir gjaldskrárliðir hækka um 4,9%.

3. gr.

Framangreind gjaldskrá Orkubús Vestfjarða hf. staðfestist hér með og öðlast gildi 1. júlí 2001.

Iðnaðarráðuneytinu, 28. júní 2001.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þorgeir Örlygsson.

Nr. 508 28. júní 2001

AUGLÝSING

um gjaldskrá Orkubús Vestfjarða hf. fyrir raforku.

1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 40 30. maí 2001 skal gjaldskrá nr. 683 25. september 2000 fyrir Orkubú Vestfjarða sf. gilda fyrir Orkubú Vestfjarða hf. þar til hlutafélaginu hefur verið sett ný gjaldskrá.

2. gr.

Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða hf. fyrir raforku, nr. 683 25. september 2000, breytist þannig:

Allir gjaldskrárliðir hækka um 4,9%.

3. gr.

Framangreind gjaldskrá Orkubús Vestfjarða hf. staðfestist hér með og öðlast gildi 1. júlí 2001.

Iðnaðarráðuneytinu, 28. júní 2001.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þorgeir Örlygsson.

REGLUGERÐ

um (5.) breytingu á reglugerð nr. 68/1996 um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr.:

a. Í a-lið 1. töluliðar 1. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „1.400“ fjárhæðin „1.800“ og í stað fjárhæðarinnar „5.000“ komi fjárhæðin „6.000“.
b. Í b-lið 1. töluliðar 1. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „500“ fjárhæðin „600“ og í stað fjárhæðarinnar „5.000“ komi fjárhæðin „6.000“.
c. Í a-lið 3. töluliðar 1. mgr. komi í stað orðanna „1.000 kr.“ orðin „1.500 kr. og til viðbótar 40% af umsömdu eða ákveðnu heildarverði við komuna sem umfram er þó að hámarki kr. 6.000“.
d. Í b-lið 3. töluliðar 1. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „300“ orðin „500 og til viðbótar 1/3 af 40% af umsömdu eða ákveðnu heildarverði við komuna sem umfram er þó að hámarki kr. 6.000“.
e. Í 2. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „5.000“ fjárhæðin „6000“.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr.:

a. Í 1. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „12.000“ fjárhæðin „18.000“.
b. Í 3. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „3.000“ fjárhæðin „4.500“.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr.:

a. Í a-lið 5. töluliðar 2. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „500“ fjárhæðin „600“ og í stað fjárhæðarinnar „5.000“ komi fjárhæðin „6.000“.
b. Í b-lið 5. töluliðar 2. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „300“ fjárhæðin „400“ og í stað fjárhæðarinnar „5.000“ komi fjárhæðin „6.000“.
c. Í a-lið 7. töluliðar 2. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „400“ orðin „500 og til viðbótar 1/3 af 40% af umsömdu eða ákveðnu heildarverði við komuna sem umfram er þó að hámarki kr. 6.000“.
d. Í b-lið 7. töluliðar 2. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „100“ orðin „1/9 af gjaldi skv. a-lið 3. töluliðar 6. gr. þó að lágmarki kr. 200 og að hámarki kr. 6.000“.
e. Í 3. mgr. komi í stað fjárhæðarinnar „5.000“ fjárhæðin „6.000“.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 36. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, og 20. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. júlí 2001.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2001 skulu greiðslur sjúkratryggðra skv. 1. mgr. 8. gr. og lífeyrisþega skv. 3. mgr. 8. gr. vegna heilbrigðisþjónustu teljast til öflunar afsláttarskírteinis skv. 8. gr. í réttu hlutfalli af þeim fjárhæðum sem giltu fyrir það tímabil (12.000 kr. og 3.000 kr.). Á sama hátt skulu greiðslur sjúkratryggðra skv. 1. mgr. 8. gr. og lífeyrisþega skv. 3. mgr. 8. gr. vegna heilbrigðisþjónustu á tímabilinu 1. júlí til 31. desember 2001 teljast til öflunar

afsláttarskírteinis í réttu hlutfalli af þeim fjárhæðum sem gilda fyrir það tímabil (18.000 kr. og 4.500 kr.). Þegar samanlagt hlutfall skv. 1. og 2. ml. nær 100% veitir það rétt til afsláttarskírteinis skv. 8. gr., sbr. 9. gr., sem gildir til ársloka 2001.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 28. júní 2001.

Jón Kristjánsson.

Ragnheiður Haraldsdóttir.

Nr. 510 28. júní 2001

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 115 frá 13. febrúar 2001 um viðskipti bindiskyldra lánastofnana við Seðlabanka Íslands.

1. gr.

Eftirfarandi viðauki kemur í stað fyrri viðauka:

VIÐAUKI
við reglur um viðskipti bindiskyldra lánastofnana við Seðlabanka Íslands.

Bankastjórn Seðlabanka Íslands hefur ákveðið með vísan til reglna um viðskipti bindiskyldra lánastofnana við Seðlabanka Íslands, nú nr. 115 frá 13. febrúar 2001, að eftirfarandi verðbréfaflokkar séu hæfir til endurhverfra verðbréfaviðskipta og sem trygging vegna daglána til viðkomandi lánastofnana:

RIKS 02 0401
RIKS 03 0210
RIKS 04 0410
RIKS 05 0410
RIKS 10 0115
RIKS 15 1001
Innstæðubréf SÍ
Ríkisvíxlar
Ríkisbréf
IBH 16 0115
IBH 18 0415
IBH 20 0115
IBH 21 0115
IBH 22 1215
IBH 26 0315
IBH 36 0115
IBH 37 1215
IBH 41 0315
IBN 20 0101
IBN 38 0101
LAND 97 1
LAND 98 1
STOL 98 1A

2. gr.

Reglur þessar, sem settar eru á grundvelli 6. og 7. gr. laga nr. 36/2001, taka gildi 1. júlí 2001. Jafnframt fellur úr gildi eldri viðauki við reglur nr. 115 frá 13. febrúar 2001.

Reykjavík, 28. júní 2001.

Seðlabanki Íslands,

Birgir Ísl. Gunnarsson. **Eiríkur Guðnason.**

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Fyrir þau tímabil sem tilgreind eru í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III B og IV B við tollalög númer 55/1987 með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

	Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollur	Magntollur
Úr tollnúmeri:			kg	%	kr./kg
0701.9000	Kartöflur, bökunar, 65 mm og stærri	01.07.-30.09.01	ótilgr.	15	30
Tollnúmer:					
0703.9001	Blaðlaukur	01.07.-02.09.01	ótilgr.	30	0
0703.9001	Blaðlaukur	03.09.-09.09.01	ótilgr.	15	114
0703.9001	Blaðlaukur	10.09.-16.09.01	ótilgr.	22,5	170
0704.1000	Blómkál	01.07.-08.07.01	ótilgr.	30	0
0704.1000	Blómkál	09.07.-15.07.01	ótilgr.	15	88
0704.1000	Blómkál	16.07.-22.07.01	ótilgr.	22,5	132
0704.9001	Hvítkál	01.07.-22.07.01	ótilgr.	30	0
0704.9001	Hvítkál	23.07.-29.07.01	ótilgr.	15	40
0704.9002	Rauðkál	01.07.-30.09.01	ótilgr.	30	0
0704.9004	Spergilkál	01.07.-15.07.01	ótilgr.	30	0
0704.9004	Spergilkál	16.07.-22.07.01	ótilgr.	15	141
0704.9004	Spergilkál	23.07.-29.07.01	ótilgr.	22,5	212
0706.1000	Gulrætur og næpur	01.07.-29.07.01	ótilgr.	30	0
0706.1000	Gulrætur og næpur	30.07.-05.08.01	ótilgr.	15	68
0706.1000	Gulrætur og næpur	06.08.-30.09.01	ótilgr.	22,5	102
0706.9001	Gulrófur	01.07.-30.09.01	ótilgr.	30	0
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	01.07.-29.07.01	ótilgr.	30	0
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	30.07.-05.08.01	ótilgr.	7,5	69
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	06.08.-12.08.01	ótilgr.	15	138
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	13.08.-30.09.01	ótilgr.	22,5	207
0709.5100	Sveppir	01.07.-30.09.01	ótilgr.	7,5	100
0709.6003	Græn paprika	01.07.-30.09.01	ótilgr.	15	199
0709.6004	Önnur paprika	01.07.-30.09.01	ótilgr.	15	199

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu, skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir til 1. október 2001.

Landbúnaðarráðuneytinu, 28. júní 2001.

F. h. r.
Guðmundur B. Helgason.
Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 67 – 2001

29. júní 2001 1267 Nr. 512

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafveitu Akureyrar.

Samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Rafveitu Akureyrar er öðlist gildi 1. júlí 2001.

Gjaldskrá Rafveitu Akureyrar, nr. 87 frá 1. janúar 1997, með áorðnum breytingum, breytist þannig:

Allir gjaldskrárliðir hækka um 4,9% nema taxti C1, rofin daghitun, sem hækkar um 10%.

Iðnaðarráðuneytinu, 29. júní 2001.

Guðjón Axel Guðjónsson.

Katrín Jóhannsdóttir.

21. júní 2001 Nr. 513

REGLUGERÐ

um viðmiðunarfjárhæðir vegna opinberra innkaupa á Evrópska efnahagssvæðinu og samkvæmt samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) um opinber innkaup.

1. gr.

Viðmiðunarfjárhæðir vegna skyldu til útboðs á Evrópska efnahagssvæðinu samkvæmt 1. mgr. 56. gr. laga nr. 94/2001 um opinber innkaup skulu vera sem hér segir:

	IKR
Opinberir aðilar að frátöldum sveitarfélögum, stofnunum þeirra, öðrum opinberum aðilum á þeirra vegum eða samtökum sem þessir aðilar kunna að hafa með sér:	
- Vörukaup	11.024.597
- Þjónusta	15.827.204
- Verkframkvæmdir	396.680.000
Sveitarfélög, stofnanir þeirra, aðrir opinberir aðilar á þeirra vegum og samtök sem þessir aðilar kunna að hafa með sér:	

Gutenberg

	IKR
- Vörukaup	15.827.204
- Þjónusta	15.827.204
- Verkframkvæmdir	396.680.000

Viðmiðunarfjárhæð vegna kynningarauglýsingar á Evrópska efnahagssvæðinu vegna áætlaðra kaupa á einu ári er 59.352.015 IKR.

2. gr.

Viðmiðunarfjárhæðir 1. gr. gilda einnig um útboðsskyldu vegna innkaupa samkvæmt samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) um opinber innkaup sem Ísland er aðili að.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 2. mgr. 8. gr. og 56. gr. laga nr. 94/2001 um opinber innkaup og tekur þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 21. júní 2001.

F. h. r.
Baldur Guðlaugsson.

Guðmundur Ólason.

STJÓRNARTÍÐINDI B 68 – 2001

2. júlí 2001 1269 Nr. 514

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 363, 10. maí 2001, um rækjuveiðar á Breiðafirði.

1. gr.

Í stað: „30. júní“ í 1. gr. reglugerðarinnar komi: 20. júlí.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 2. júlí 2001.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Kolbeinn Árnason.

Stjórnartíðindi B 68, nr. 514. Útgáfudagur 3. júlí 2001.

Gutenberg

STJÓRNARTÍÐINDI B 69 – 2001

Nr. 515 1270 3. júlí 2001

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Vatnsleysustrandarhrepps 1994 - 2014.

Samkvæmt 1. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 3. júlí 2001 staðfest breytingu á aðalskipulagi Vatnsleysustrandarhrepps 1994 - 2014 frá 16. nóvember 1994.

Breytingin felst í því að á opnu óbyggðu svæði norðaustan Vogabrautar verður gert ráð fyrir tæplega 13 ha iðnaðarsvæði. Íbúðasvæði norðaustan Vogabrautar og næst fyrirhuguðu iðnaðarsvæði fellur út og verður opið óbyggt svæði auk þess sem lega reiðstígs umhverfis byggðina í Vogum breytist. Jafnframt verður komið á vegtengingu milli hins nýja iðnaðarsvæðis og Iðndals, iðnaðarsvæðis vestan Vogabrautar.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki hreppsnefndar Vatnsleysustrandarhrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 3. júlí 2001.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Stjórnartíðindi B 69, nr. 515. Útgáfudagur 4. júlí 2001.

Gutenberg

Endurprentað blað.

STJÓRNARTÍÐINDI B 70 – 2001

20. júní 2001 1271 Nr. 516

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996 - 2016, gatnamót Vesturlandsvegar og Reynisvatnsvegar-Víkurvegar.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 20. júní 2001 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996 - 2016 frá 18. ágúst 1997.

Breytingin felst í því að gatnamót Vesturlandsvegar, Reynisvatnsvegar og Víkurvegar færist um 120 metra til norðausturs. Breytingin leiðir af sér nokkra hliðrun á legu umræddra gatna auk breytinga á afmörkun helgunarsvæðis gatnamótanna og aðliggjandi stofnana- og útivistarsvæðis. Tengistígur færist einnig samhliða færslu á Víkurvegi.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs Reykjavíkur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 20. júní 2001.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

20. júní 2001 Nr. 517

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016, Bryggjuhverfi.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 20. júní 2001 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016 frá 18. ágúst 1997.

Landnotkunarbreytingin felst í því að austasta hluta athafnasvæðis í Bryggjuhverfi er breytt í íbúðasvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs Reykjavíkurborgar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu 20. júní 2001.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 1992 - 2012, Mosfellsdalur.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 20. júní 2001 staðfest breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 1992 - 2012 frá 6. maí 1994.

Breytingin felst í því að landbúnaðarsvæði í Mosfellsdal sunnan Þingvallavegar verður blandað svæði íbúða og landbúnaðar.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Mosfellsbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 20. júní 2001.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Nr. 519 20. júní 2001

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 1997-2017.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 20. júní 2001 staðfest breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 1997-2017 frá 19. október 1998.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Stofnanareitur fyrir Grunnskólann í Borgarnesi er stækkaður.
- Stofnanareitur í Bjargslandi fyrir nýjan leikskóla er færður m.t.t. nýs rammaskipulags í Bjargslandi.
- Lögun á verslunar og þjónustureit suðaustan við gatnamót Snæfellsvegar (Ólafsvíkurvegar) og þjóðvegar 1 er breytt til að gera lóð byggingarhæfari.
- Athafnasvæði og almennu útivistarsvæði norðan megin við Sólbakka sem sýnt er köflótt á núverandi aðalskipulagi er breytt að hluta til í iðnaðarsvæði og að hluta til í athafnasvæði.
- Reiðleið frá hestahverfi við Vindás sem sýnd er meðfram þjóðvegi 1 til suðurs er breytt þannig að hún færist frá Þjóðvegi til vesturs.
- Litir hafa verið samræmdir litatöflu skipulagsreglugerðar frá 1998.

Við staðfestingu aðalskipulagsbreytingarinnar fellur úr gildi staðfestur uppdráttur aðalskipulags Borgarbyggðar 1997-2017 frá 19. október 1998. Upprunaleg greinargerð staðfest 19. október 1998 gildir áfram.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Borgarbyggðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 20. júní 2001.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015, Vatnsnesvegur og Sólvallagata, Reykjanesbæ.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 20. júní 2001 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015 frá 28. mars 1996.

Breytingin varðar hornlóð Vatnsnesvegar og Sólvallagötu, Vatnsnesveg 29, þar sem landnotkun breytist úr verslunar- og þjónustusvæði í íbúðasvæði og nýtingarhlutfall lóðarinnar hækkar í allt að 1,5 en á reit 11 sem lóðin er á, var hún 0,35.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Reykjanesbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 20. júní 2001.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á svæðisskipulagi miðhálendis Íslands 2015, Búðarhálsvirkjun og Búðarhálslína 1.

Samkvæmt 7. mgr. 13. gr. a. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur ráðherra þann 20. júní 2001 staðfest breytingu á svæðisskipulagi miðhálendis Íslands 2015.

Breytingin felst í eftirtöldum atriðum:

- Stöðvarhús Búðarhálsvirkjunar færist til vesturs að Sultartangalóni og að því liggja aðrennslisgöng frá Sporðöldulóni.
- Tungnaá verður brúuð við Hald og þaðan lagður vegur í fjallvegaflokki að fyrirhuguðu stöðvarhúsi. Frá honum verður lagður vegur að fyrirhuguðu stíflustæði Sporöldulóns.
- Ný 220 kV háspennulína, Búðarhálslína 1, liggur yfir Búðarháls að tengivirki Sultartangastöðvar vestan Þjórsár. Línan verður samsíða fyrirhuguðum vegi að stöðvarhúsi og síðan Hrauneyjarfosslínu 1 að tengivirki Sultartangastöðvar.
- Sporðöldulón verður um 7 ferkílómetrar að flatarmáli eða um 1 ferkílómetra stærra en áætlað var.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki samvinnunefndar miðhálendisins. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 20. júní 2001.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 694/1994, um framsetningu ársreikninga í samandregnu formi.

1. gr.

Í stað orðsins „félagaskrá“ í 1. gr. reglugerðarinnar kemur: ársreikningaskrá.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. reglugerðarinnar:

a. Í stað orðsins „félagaskrár“ í 1. mgr. kemur: ársreikningaskrár.
b. Í stað orðsins „félagaskrá“ í 1. mgr. kemur: ársreikningaskrá.
c. Í stað orðsins „félagaskrár“ í 2. mgr. kemur: ársreikningaskrár.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt heimild í 89. gr. laga nr. 144/1994, um ársreikninga, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 22. júní 2001.

F. h. r.
Baldur Guðlaugsson.

Elva Ósk S. Wiium.

Nr. 523 22. júní 2001

REGLUGERÐ

um ársreikningaskrá, skil og birtingu ársreikninga.

Aðsetur.

1. gr.

Ársreikningaskrá hefur aðsetur hjá embætti ríkisskattstjóra. Hlutverk ársreikningaskrár er að annast móttöku, geymslu og birtingu ársreikninga skilaskyldra félaga, úrtakskannanir og athuganir á þeim.

Skilaskyldir aðilar.

2. gr.

Félögum sem tilgreind eru í 1. og 2. gr. laga nr. 144/1994, ber að skila til ársreikningaskrár gögnum samkvæmt reglugerð þessari til birtingar.

Skilaskyldan hvílir á stjórn og framkvæmdastjóra. Hjá félögum sem ekki hafa formlega stjórn hvílir skilaskyldan á öllum félagsaðilum sameiginlega.

Birtingarskyld gögn.

3. gr.

Ársreikning eða eftir atvikum samstæðureikning ásamt skýrslu stjórnar, áritun endurskoðenda eða skoðunarmanna og upplýsingar um hvenær ársreikningurinn var samþykktur skal senda ársreikningaskrá.

Ef samþykkt á ráðstöfun hagnaðar eða jöfnun taps kemur ekki fram á ársreikningnum eða skýrslu stjórnar skal til viðbótar gögnum skv. 1. mgr. senda staðfest endurrit úr gerðabók aðalfundarins þar sem greint er frá ráðstöfun hagnaðar eða jöfnun taps.

4. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. er félagi, sem tvö ár í röð fer ekki fram úr tvennum af eftirfarandi stærðarmörkum á reikningsskiladegi, heimilt að senda ársreikningaskrá samandregna útgáfu af rekstrarreikningi, efnahagsreikningi og skýringum sbr. reglugerð nr. 694/1996, um framsetningu ársreikninga í samandregnu formi:

1. eignir nema 230 milljónum króna;
2. rekstrartekjur nema 460 milljónum króna;
3. fjöldi ársverka á reikningsári nemur a.m.k. 50.

Heimild þessi nær þó hvorki til félaga sem hafa hlutabréf sín eða skuldabréf skráð á opinberu verðbréfaþingi né til félaga sem leggja ekki hömlur á viðskipti með eignarhluti sína.

5. gr.

Þegar sérstakar samkeppnisaðstæður mæla með því geta félög sem fara tvö reikningsár í röð á reikningsskiladegi ekki fram úr tvennum af eftirfarandi stærðarmörkum, og að fengnu samþykki ársreikningaskrár, lagt fram til birtingar samandreginn rekstrarreikning sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 694/1996:

1. eignir nema 575 milljónum króna;
2. rekstrartekjur nema 1.150 milljónum króna;
3. fjöldi ársverka á reikningsári er a.m.k. 250.

6. gr.

Ársreikninga dótturfélaga, sem haldið er utan samstæðureiknings samkvæmt 3. mgr. 5. gr. laga nr. 144/1994, skal senda ársreikningaskrá með ársreikningi eða samstæðureikningi móðurfélags.

Form birtingar og fyrirvarar.

7. gr.

Ef félag birtir ársreikning sinn eða samstæðureikning í heild skal hann vera í sama formi og hann var samþykktur á aðalfundi og með áritun endurskoðenda eða skoðunarmanna. Vekja skal athygli á hvers konar fyrirvara endurskoðenda eða fyrirsvarsmanna og tilgreina ástæður þeirra.

Nú er ársreikningur eða samstæðureikningur ekki birtur í heild, sbr. 4. og 5. gr., skal þá koma fram með ótvíræðum hætti að hann sé samandreginn. Áritun endurskoðenda eða skoðunarmanna þarf ekki að fylgja með samandreginni útgáfu en koma skal fram ef áritun var með fyrirvara og hvers efnis hann er.

Heimilt er að birta ársreikning á tölvutæku formi. Skal þá fylgja með yfirlýsing frá endurskoðanda eða skoðunarmanni um að skjalið sé í samræmi við frumrit ársreiknings og skýrslu stjórnar.

Skilafrestur.

8. gr.

Félagi sem skylt er að gera ársreikninga eða samstæðureikning samkvæmt lögum nr. 144/1994, skal eigi síðar en mánuði eftir samþykkt ársreiknings, þó eigi síðar en átta mánuðum eftir lok reikningsárs, senda ársreikningaskrá gögn samkvæmt 3. gr.

Félag, sem hefur hlutabréf sín eða skuldabréf skráð á opinberu verðbréfaþingi, skal senda ársreikning sinn þegar í stað eftir samþykkt þeirra og eigi síðar en sex mánuðum eftir lok reikningsárs.

Ársreikningaskrá skal birta reglulega með rafrænum og aðgengilegum hætti lista yfir félög sem skilað hafa ársreikningi samkvæmt þessari reglugerð.

Aðgangur að gögnum.

9. gr.

Veita skal aðgang að þeim gögnum sem skilað er samkvæmt reglugerð þessari. Heimilt er að afhenda ljósrit af gögnum þessum gegn gjaldi, sbr. lög nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

Skoðun gagna.

10. gr.

Ársreikningaskrá skal gera úrtakskannanir og athuganir á ársreikningum, samstæðureikningum og skýrslum stjórna í því skyni að sannreyna að þessi gögn séu í samræmi við ákvæði laga nr. 144/1994. Heimilt er að krefjast þeirra upplýsinga hjá hverju félagi sem nauðsynlegar eru í þessu sambandi.

Hafi ársreikningur verið tekinn til skoðunar samkvæmt þessari grein skal það koma fram í gögnum ásamt athugasemdum og niðurstöðum ársreikningaskrár.

Erlend félög og sameignar- og samlagsfélög.

11. gr.

Útibú erlendra félaga, erlend dótturfélög og sameignar- og samlagsfélög sem skráð eru hér á landi skulu með sama hætti senda ársreikningaskrá ársreikninga sína eða eftir atvikum samstæðureikninga eftir þeim reglum sem tilgreindar eru í 73. - 76. gr. laga nr. 144/1994.

Skil ársreiknings.

12. gr.

Á forsíðu ársreiknings skal koma fram skráð nafn félagsins, kennitala þess og póstfang ásamt áritun um það hvenær aðalfundur samþykkti reikninginn.

Viðurlög og málsmeðferð.

13. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum sbr. 82. gr. laga nr. 144/1994. Ef ekki er sinnt ákvæðum reglugerðar þessarar skal ársreikningaskrá senda skattrannsóknarstjóra ríkisins málið til meðferðar skv. 3. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 373/2001, um framkvæmd skatteftirlits og skattrannsókna, sbr. 88. gr. laga nr. 144/1994, um ársreikninga, með síðari breytingum.

Gildistaka.

14. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 89. laga nr. 144/1994, um ársreikninga, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 801/1998, um ársreikningaskrá, skil og birtingu ársreikninga og reglugerð nr. 243/2000, um breyting á fyrrnefndri reglugerð.

Fjármálaráðuneytinu, 22. júní 2001.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Elva Ósk S. Wiium.

REGLUGERÐ

um efni og hluti úr plasti sem er ætlað að snerta matvæli.

I. KAFLI
Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir fyrir fullunnin efni og hluti sem eru eingöngu úr plasti og er ætlað að snerta matvæli. Þá gildir reglugerðin einnig um efni og hluti sem eru lagskipt þannig að þau lög sem ekki eru eingöngu úr plasti eru lím eða annars konar bindiefni.

2. gr.

Plast er efni úr lífrænum stórsameindum, sem fengist hafa með fjölliðun og/eða öðrum svipuðum aðferðum á sameindum með lægri sameindarþunga eða með því að breyta náttúrulegum stórsameindum. Silíkon og aðrar áþekkar stórsameindir teljast einnig til plasts.

Eftirfarandi efni teljast ekki til plasts:

a) lakkaðar eða ólakkaðar filmur úr sellulósa;
b) teygjanleg efni sem og tilbúið eða náttúrulegt gúmmí;
c) pappír eða pappi, einnig pappír sem búið er að breyta með viðbættu plasti;
d) jónaskiptaresín;
e) húðunarefni úr parafínvaxi, tilbúnu, örkristölluðu eða plastblöndum af því.

Hermir er efni eða efnablanda, notað til að líkja eftir áhrifum matvæla á plast.

II. KAFLI
Almenn ákvæði.

3. gr.

Heildarflæði úr efnum og hlutum skal ekki fara yfir 10 mg/dm^2 af yfirborði þeirra.

Heildarflæði skal þó ekki fara yfir 60 mg/kg af matvælum þegar um er að ræða:

a) hluti sem eru ílát eða líkja má við ílát, eða má fylla, og taka ekki minna en 500 ml og ekki meira en 10 l;
b) hluti sem hægt er að fylla og þar sem ógerlegt er að meta yfirborðsflötinn sem snertir matvælin;
c) hettur, tappa, þéttingar og annað því líkt.

4. gr.

Á öðrum stigum dreifingar en í smásölu, skal skriflegt vottorð fylgja efnum og hlutum, sem er ætlað að snerta matvæli, um að þau uppfylli þær kröfur sem til þeirra eru gerðar.

Undanskilin þessu ákvæði eru efni og hlutir sem augljóslega eru ætluð undir matvæli.

III. KAFLI
Efnanotkun.

5. gr.

Aðeins er heimilt að nota þau efni sem skráð eru í viðauka 1 til að framleiða plast og skulu þau aðeins notuð þannig að plastið, fullunnið, uppfylli þær kröfur sem til þess eru gerðar, svo sem hvað varðar mögulegt flæði efna í matvæli og leyfilegt magn ákveðinna efna.

Í viðauka 5 er að finna skrá yfir aukefni sem heimilt er að nota við framleiðslu plastefna og -hluta, svo og takmarkanir á notkun þeirra.

Af þeim vörum sem fengnar eru með gerjun gerla má eingöngu nota þær sem eru tilgreindar í viðauka 1B þannig að þær komist í snertingu við matvæli.

Í viðauka 7B er mælt fyrir um forskriftir sem varða sum efnanna sem koma fyrir í lista A í viðauka 1 og viðauka 5.

Merkingar þeirra talna sem eru gefnar í sviga í dálkinum „Takmarkanir og/eða forskriftir“ er skýrð í viðauka 8.

Heimilt er að breyta lista A í viðauka 1, ýmist með því að færa efni af lista B á lista A eða með því að bæta nýjum efnum á listann. Slíkar breytingar skulu vera í samræmi við 10. gr. reglugerðar um efni og hluti sem er ætlað að snerta matvæli.

6. gr.

Efnin sem eru á listunum í viðauka 1 eru einliður og önnur upphafsefni til að framleiða plast.

Þessi efni eru:

a) efni sem fjölliðast eða hvarfast á annan hátt og mynda stórsameindir;
b) náttúrulegar eða tilbúnar stórsameindir sem má breyta;
c) efni til að breyta stórsameindum.

7. gr.

Á listunum í viðauka 1 er tilgreint hvaða efni er leyfilegt að nota við framleiðslu á plasti en ekki er kveðið á um hvaða efni eru leyfileg í fullunnu plasti. Það geta því verið til staðar, í fullunnu plasti, efni sem ekki eru á listunum. Þessi efni geta verið blöndur af leyfilegum efnum, fáliður, náttúrulegar og tilbúnar stórsameindir eða blöndur af þeim, svo framarlega sem þau efni sem þarf til að mynda þau séu á listunum. Einnig skulu efni og hlutir sem úr þeim eru unnin uppfylla ákvæði 3. gr. reglugerðar um efni og hluti sem er ætlað að snerta matvæli.

Ef ekki verður hjá því komist að einhver óhreinindi úr hvarfefnum séu í plasti skulu þau þó ekki vera í meira magni en eðlilegt getur talist miðað við að notuð séu efni af viðurkenndum hreinleika.

8. gr.

Viðauki 1 gildir ekki fyrir þau efni sem eru einungis notuð til að framleiða prentsvertu, epoxýresín, silíkon, gerjunarafurðir og húðunarefni sem unnin eru úr kvoðukenndum efnum eða fjölliðum í vökvafasa, sem duft eða til íblöndunar, eins og t.d. lakk, lakkmálning og málning.

9. gr.

Mörk fyrir flæði einstakra efna í viðauka 1 eru sett í mg/kg af matvælum. Miðað skal við yfirborðsflöt plastsins og flæðið gefið upp í mg/dm^2, þegar um er að ræða:
hluti sem eru ílát, eða sambærileg ílátum, eða sem hægt er að fylla og rúma minna en 500 ml eða meira en 10 l;
blöð, filmur eða aðra hluti, sem ekki er hægt að fylla, eða ófært er að meta sambandið á milli stærðar yfirborðs og magns matvæla sem það snertir.

Til þess að umbreyta mörkum sem miðuð eru við magn matvæla (mg/kg) í mörk sem miðuð eru við stærð yfirborðs (mg/dm^2) skal deila í hin fyrrnefndu með tölunni 6.

IV. KAFLI
Flæðiprófanir.

10. gr.

Þar til skilgreindar verða sérstakar aðferðir til að framkvæma flæðiprófanir á plasti skal notast við hefðbundnar flæðiprófanir með hermum. Í viðauka 2A eru skilgreindir þeir hermar sem nota skal við mælingar á flæði efna úr plasti í matvæli.

Ef flæðipróf með hermi D í viðauka 2A eru óhentug vegna tæknilegra erfiðleika við greiningu skal framkvæma mælingar eins og sagt er til um í viðauka 2B. Í stað flæðiprófana með hermi D er einnig heimilt að nota önnur flæðipróf, sem fram koma í viðauka 2C, ef skilyrðum þar um er fullnægt.

Í framangreindum flæðiprófum er leyfilegt að:
framkvæma aðeins þær mælingar, sem í hverju tilfelli fyrir sig, teljast til verstu aðstæðna samkvæmt vísindalegum gögnum;
sleppa mælingum þegar sönnun liggur fyrir því að flæði fer ekki yfir leyfileg mörk við fyrirsjáanlegar notkunaraðstæður plastsins.

11. gr.

Fyrir plast sem er ætlað að snerta margs konar matvæli gildir að framkvæma skal flæðiprófanir með hermum A, B, C og D, sbr. viðauka 2A og nota nýtt plast fyrir hvern hermi. Í stað hefðbundins hermis D er leyfilegt að nota aðra fituherma, sbr. viðauka 2A. Ef flæði mælist yfir mörkum í öðrum fituhermum er skylda að staðfesta niðurstöður með hermi D (ólífuolíu). Ef það er ekki tæknilega mögulegt telst plastið ónothæft.

Plast sem einungis er ætlað fyrir ákveðna gerð matvæla skal prófa með eftirfarandi hætti. Fyrir liði a) og c) skal velja hermi samkvæmt viðauka 3 og fyrir lið b) skal velja hermi samkvæmt viðauka 6. Ef matvælin eða matvælaflokkinn er ekki að finna í viðauka 3 skal nota viðauka 6.

Þegar plast er notað fyrir þekkt matvæli skulu upplýsingar fylgja með varðandi notkun sbr. viðauka 2A.

Plastinu skulu fylgja upplýsingar fyrir hvaða matvæli eða matvælaflokka eigi að nota það, sbr. viðauka 3. Á smásölustigi skulu upplýsingarnar gefa til kynna á einfaldan hátt fyrir hvaða matvæli eða matvælaflokka nota má plastið. Á öðrum sölustigum skal koma fram tilvísunarnúmer eða lýsing á matvælum samkvæmt viðauka 3.

12. gr.

Mæling á flæði efna úr plastefnum og plasthlutum í matvæli skal gerð undir ströngustu notkunarskilyrðum (tími og hitastig) sem gera má ráð fyrir. Við mælingar á mögulegu flæði efna úr plasti í hermi, skal fylgja grundvallarreglum um flæðiprófanir sem gefnar eru upp í viðauka 4A.

13. gr.

Ef heildarflæði efna mælist undir flæðimörkum fyrir einstök efni sem í plastinu eru, er ekki skylt að mæla flæði þessara efna sérstaklega, enda telst þá plastið uppfylla þær kröfur sem til þess eru gerðar varðandi flæði.

14. gr.

Við flæðiprófun er plastsýnið ýmist efnið eða hluturinn sjálfur eða hluti af efninu eða hlutnum. Einnig má búa til sérstakt sýni af plastinu fyrir flæðiprófunina. Sýnið og hermirinn skulu snertast þannig að einungis sá hluti plastsins, sem er ætlað að snerta matvæli við eðlilega notkun, snerti herminn. Þetta á sérstaklega við um lagskipt efni og hluti, tappa, þéttingar og annað slíkt.

15. gr.

Þegar flæði er ekki mælt á hlutnum eða efninu sjálfu, heldur á sérstöku sýni úr sama efni, skal leiðrétta fyrir þeim mun sem er á stærð flatarins sem snertir matvæli við eðlilega notkun og þess flatar sem snertir herminn, eða matvælin, við flæðiprófun. Til að leiðrétta fyrir þessum mun skal setja inn í eftirfarandi jöfnu:

$M = (m * a^2 / a^1 * q) 1000$
þar sem:
M = flæði í mg/kg;
m = magn efnis í mg sem sýnið gefur frá sér;
a^1 = yfirborð sýnisins í dm^2 sem snertir matvæli við mælingu;
a^2 =yfirborð efnisins eða hlutarins í dm^2 sem snertir matvæli við fyrirsjáanleg notkunarskilyrði;
q = magn matvælanna í grömmum sem eru í snertingu við efnið eða hlutinn við fyrirsjáanleg notkunarskilyrði.

V. KAFLI
Málsmeðferð, viðurlög og gildistaka.

16. gr.
Málsmeðferð og viðurlög.

Heilbrigðisnefndir hafa hver á sínu svæði, eftirlit með því að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins.

Þeir sem framleiða eða flytja inn efni og hluti úr plasti sem ætlað er að snerta matvæli, skulu tilkynna það til Hollustuverndar ríkisins. Stofnunin getur gert kröfu um að lögð verði fram gögn til staðfestingar á því að efni og hlutir uppfylli ákvæði þessarar reglugerðar.

Með brot gegn reglugerð þessari skal farið samkvæmt 30. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli sbr. VIII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

17. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli með síðari breytingum og ákvæðum laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum.

Reglugerðin er sett með hliðsjón af XII. kafla, II. viðauka EES-samningsins. (Tilskipanir 95/3/EB um breytingu á tilskipun 90/128/EBE um plastefni og hluti sem ætlað er að komist í snertingu við matvæli. Einnig var höfð hliðsjón af tilskipun 96/11/EB um breytingu á 90/128/EBE og tilskipun 1999/91/EB og 97/48/EB um breytingu á tilskipun 82/711/EBE).

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu og um leið fellur úr gildi reglugerð nr. 531/1993 um efni og hluti úr plasti sem ætlað er að snerta matvæli ásamt síðari breytingum.

Umhverfisráðuneytinu, 25. júní 2001.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

VIÐAUKI 1A

Listar yfir leyfilegar einliður og önnur grunnefni við framleiðslu á plastefnum og -hlutum.

Skýringar með viðaukum:

1. dálkur: Tilvísunarnúmer fyrir efni sem notuð eru í umbúðir innan EB (PM/Ref. No)
2. dálkur: Skráningarnúmer efnisins hjá Chemical Abstract Service[1)] (CAS No.)
3. dálkur: Efnaheiti[2)]
4. dálkur: Takmarkanir og/eða forskriftir. Þær kunna að vera:
   tiltekin flæðimörk (TFM);
   leyfilegt hámarksmagn efnisins í fullunnu efninu eða hlutnum (HM);
   leyfilegt hámarksmagn efnisins í fullunnu efninu eða hlutnum gefið upp í mg fyrir hverja 6 dm^2 yfirborðs sem kemst í snertingu við matvæli (HMY);
   aðrar takmarkanir sem sérstaklega er kveðið á um;
   hvers kyns forskriftir sem varða efnið eða fjölliðuna.

Ýmsar skammstafanir sem koma fyrir í 4. dálki listans:

FM: Flæðimörk fyrir efnið í matvælum eða hermi nema annað sé tilgreint.
FM(T): Flæðimörk fyrir efnið í matvælum eða hermi sem heild af þeim efnum sem eru gefin upp.
GM: Greiningarmörk aðferðar.
FE: Fullunnið efni eða hlutur.
HM: Leyfilegt hámarksmagn efnaleifa í plastefninu eða -hlutnum.
HM(T): Leyfilegt hámarksmagn efnaleifa í plastefninu eða -hlutnum sem heild af því sem gefið er upp.
NCO: Ísósýanat.

Listi A

Leyfilegar einliður og önnur grunnefni.

PM/tilvísunar-númer (1)	CAS-númer (2)	Efnaheiti (3)	Takmarkanir og/eða forskriftir (4)
10030	000514-10-3	Abíetínsýra	
10060	000075-07-0	Asetaldehýð	TFM(T) = 6 mg/kg (2)
10090	000064-19-7	Ediksýra	
10120	000108-05-4	Ediksýra, vinýlester	FM = 12 mg/kg
10150	000108-24-7	Asetanhýdríð	
10210	000074-86-2	Asetýlen	
10660	015214-89-8	Akrýlamíðómetýlpropansúlfónsýrur	TFM = 0,05 mg/kg
10690	000079-10-7	Akrýlsýra	
10750	002495-35-4	Akrýlsýra, bensýlester	

[1)] Í þeim tilvikum sem ósamræmi er á milli skráningarnúmers hjá CAS og efnafræðilegs heitis skal efnaheiti gilda. Ef ósamræmi er á milli þess CAS númers sem birt er í EINECS (European Inventory of Existing Commercial Chemical Substances) og CAS skránni skal númerið í CAS skránni gilda.

[2)] Efnaheiti sýra, fenóla og alkóhóla standa einnig fyrir sölt áls, ammóníaks, kalks, járns, kalíums, magnesíums, natríums og sínks af þeim. Þegar efnaheiti á listunum falla einnig undir almennara heiti gilda þau skilyrði sem sett eru fyrir sértækara heitið.

PM/tilvísunar-númer (1)	CAS-númer (2)	Efnaheiti (3)	Takmarkanir og/eða forskriftir (4)
10780	000141-32-2	Akrýlsýra, n-bútýlester	
10810	002998-08-5	Akrýlsýra, sec-bútýlester	
10840	001663-39-4	Akrýlsýra, tert-bútýlester	
11000	050976-02-8	Akrýlsýra, dísýklópentadíenýlester	HMY = 0,05 mg/6 dm²
11245	002156-97-0	Akrýlsýra, dódesýl ester	TFM = 0,05 mg/kg (1)
11470	000140-88-5	Akrýlsýra, etýlester	
	000818-61-1	Akrýl, hýdroxýetýlester	Sjá „akrýlsýra, mónóester með etýlenglýkól“
11590	00106-63-8	Akrýlsýra, ísóbútýlester	
11680	000689-12-3	Akrýlsýra, ísóprópýlester	
11710	000096-33-3	Akrýlsýra, metýlester	
11830	000818-61-1	Akrýlsýra, mónóester með etýlenglýkóli	
11890	002499-59-4	Akrýlsýra, n-oktýlester	
11980	000925-60-0	Akrýlsýra, própýlester	
12100	000107-13-1	Akrýlónítríl	FM = greiningarmörk (GM= 0,020 mg/kg, þar með talin vikmörk)
12130	000124-04-9	Adipínsýra	
12265	004074-90-2	Adipínsýra, dívínýl ester	HM = 5 mg/kg í FE. Aðeins til nota í sameinliðum
12280	002035-75-8	Adipínanhýdríð	
12310	000124-04-9	Albúmín	
12340	000124-04-9	Albúmín, hleypt með formaldehýði	
63040	000138-22-7	Mjólkursýra, bútýlester	
63280	000143-07-7	Lárínsýra	
63760	008002-43-5	Lesitín	
63840	000123-76-2	Levúlínsýra	
63920	000557-59-5	Lignóserínsýra	
64015	000060-33-3	Línólsýra	
64150	028290-79-1	Línólensýra	
64500	-	Lýsín, sölt	
64640	001309-42-8	Magnesíumhýdroxíð	
64720	001309-48-4	Magnesíumoxíð	
65020	006915-15-7	Eplasýra	
65040	000141-82-2	Malónsýra	
65520	000087-78-5	Mannitól	
66200	037206-01-2	Metýlkarboxýmetýlsellulósi	
66240	009004-67-5	Metýlsellulósi	

PM/tilvísunar-númer	CAS-númer	Heiti	Takmarkanir og/eða tilgreiningar
66560	004066-02-8	2,2´metýlenbis(4-metýl-6-sýkló-hexýlfenól)	TFM(T) = 3 mg/kg (6)
66580	000077-62-3	2,2´metýlenbis[4-metýl-6-(1-metýlsýkló-hexýl)fenól]	TFM(T) = 3 mg/kg (6)
66640	009004-59-5	Metýletýlsellulósi	
66695	-	Metýlhýdroxýmetýlsellulósi	
66700	009004-65-3	Metýlhýdroxýprópýlsellulósi	
66755	002682-20-4	2-metýl-4-ísópíasólín-3-on	TFM = ÓG (GM = 0,02 mg/kg, þar með talin greiningar-vikmörk)
67120	012001-26-2	Flögusilíkat (mica)	
67170	-	Blanda af (80 – 100% w/w) 5,7-dí-tert-bútýl-3-(3,4-dímetýlfenýl)-2(3H)-bensófúranón og (0 til 20% w/w)5,7-dí-tert-bútýl-3-(2,3-dí-metýlfenýl)-2(3H)-bensófúranon	TFM = 5 mg/kg
67180	-	Blanda af (50% w/w) ftalsýra, n-dekýl n-oktýl ester, (25% w/w) ftalsýra dí-n-dekýl ester, (25% w/w) ftalsýra dí-n-dekýl ester, og (25% w/w) ftalsýra dí-n-oktýl ester	TFM = 5 mg/kg (1)
67200	001317-33-5	Mólýbdendísúlfíð	
67840	-	Montansýrur og/eða esterar þeirra með etýlenglýkóli og/eða með 1,3 bútandíól og/eða með glýseróli	
67850	008002-53-7	Montanvax	
67891	000544-63-8	Mýristínsýra	
68040	003333-62-8	7-[2H-Naftó-(1,2-D)tríasól-2-ýl]-3-fenýlkúmarín	
68125	037244-96-5	Nefelínsýenít	
68145	080410-33-9	2,2´,2´´-nítríló[tríetýl tris(3,3´,5,5´-tetra-tert-bútýl-1,1´-bí-fenýl-2,2´-díýl)fosfít]	TFM = 5 mg/kg (summa fosfíts og fosfats)
68960	000301-02-0	Olíusýruamíð	
69040	000112-80-1	Olíusýra	
69760	000143-28-2	Óleýlalkóhól	
70000	070331-94-1	2,2'-Oxamídóbis[etýl-3-(3,5-dí-tert-bútýl-4-hýdroxýfenýl)-própíónat]	
70240	012198-93-5	Ósókerít	
70400	000057-10-3	Palmitínsýra	
71020	000373-49-9	Palmitólsýra	
71440	009000-69-5	Pektín	
71600	000115-77-5	Pentaerýtrítól	
71635	025151-96-6	Pentaerýtrítól díóleat	TFM = 5 mg/kg. Ekki til nota í fjölliðum sem komast í snertingu við matvæli, enda er í tilskipun 85/572/EBE mælt fyrir um matvælalíki D fyrir þau matvæli.
71680	006683-19-8	Pentaerýtrítól tetrakis[3-(3,5-dí-tert-bútýl-4-hýdroxýfenýl)-própíónat]	
71720	000109-66-0	Pentan	
72640	007664-38-2	Fosfórsýra	

PM/tilvísunar-númer	CAS-númer	Heiti	Takmarkanir og/eða tilgreiningar
73720	000115-96-8	Fosfórsýra, tríklóróetýl ester	TFM = ÓG (GM = 0,02 mg/kg, þar með talin greiningarvikmörk)
74010	145650-60-8	Fosfórsýra, bis(2,4,-dí-tert-bútýl-6-metýlfenýl) etýl ester	TFM = 5 mg/kg (summa fosfíts og fosfats)
74240	031570-04-4	Fosfórsýrlingur, tris(2,4-dí-tert-bútýfenýl) ester	
74480	000088-99-3	o-Ftalsýra	
76320	000085-44-9	Ftalanhýdríð	
76721	009016-00-6 063148-62-9	Pólýdímetýlsíloxan (mólþungi > 6800)	Í samræmi við forskriftir sem er mælt fyrir um í viðauka 7
76865	-	Pólýesterar af 1,2-própandíól og/eða 1,3- og 1,4-bútandíóli og/eða pólýpropýlenglýkóli með adipínsýru, einnig með ediksýru eða fitusýrum (C10-C18) eða n-oktanól og/eða n-dekanóli í endastöðu	TFM = 30 mg/kg
76960	025322-68-3	Pólýetýlenglýkól	
77600	061788-85-0	Pólýetýlenglýkól ester af hertri laxerolíu	
77702	-	Pólýetýlenglýkól ester af alifatískum mónókarboxílsýrum (C_6-C_{22}) og ammóníum og natríum súlföt þeirra	
77895	068439-49-6	Pólýetýlenglýkól (EO = 2-6) mónóalkýl(C16-C18) eter	TFM = 0,05 mg/kg
79040	009005-64-5	Pólýetýlenglýkól-sorbítan-mónólárat	
79120	009005-65-6	Pólýetýlenglýkól-sorbítan-mónóóleat	
79200	009005-66-7	Pólýetýlenglýkól-sorbítan-mónópalmítat	
79280	009005-67-8	Pólýetýlenglýkól-sorbítan-mónóstearat	
79360	009005-70-3	Pólýetýlenglýkól-sorbítan-tríóleat	
79440	009005-71-4	Pólýetýlenglýkól-sorbítan-tristearat	
80240	029894-35-7	Pólýglýserólrísínóleat	
80640	-	Pólýoxýalkýl(C2-C4)dímetýpólýsíloxan	
80720	008017-16-1	Pólýfosfórsýrur	
80800	025322-69-4	Pólýpropýlenglýkól	
81515	087189-25-1	Pólý(sink glýserólat)	
81520	007758-02-3	Kalíumbrómíð	
81600	001310-58-3	Kalíumhýdroxíð	
81760	-	Duft, flögur og trefjar úr látúni, bronsi, kopar, ryðfríu stáli, tini og málmblöndum kopars, tins og járns.	TFM(T) = 30 mg/kg (7) (gefið upp sem kopar); TFM = 48 mg/kg (gefið upp sem járn)
81840	000057-55-6	1,2-Própandíól	
81882	000067-63-0	2-Própanól	
82000	000079-09-4	Própíónsýra	
82080	009005-37-2	1,2-Própýlenglýkólalgínat	
82240	022788-19-8	1,2-Própýlenglýkóldílárat	
82400	000105-62-4	1,2-Própýlenglýkóldíóleat	
82560	033587-20-1	1,2-Própýlenglýkóldípalmítat	
82720	006182-11-2	1,2-Própýlenglýkóldístearat	
82800	027194-74-7	1,2-Própýlenglýkólmónólárat	

PM/tilvísunar-númer	CAS-númer	Heiti	Takmarkanir og/eða tilgreiningar
82960	001330-80-9	1,2-Própýlenglýkólmónóóleat	
83120	029013-28-3	1,2-Própýlenglýkólmónópalmítat	
83300	001323-39-3	1,2-Própýlenglýkólmónóstearat	
83320	-	Própýlhýdroxýetýlsellulósi	
83325	-	Própýlhýdroxýmetýlsellulósi	
83330	-	Própýlhýdroxýpróýlsellulósi	
83440	002466-09-3	Pýrófosfórsýra	
83455	013445-56-2	Pýrófosfórsýrlingur	
83460	012269-78-2	Pýrófyllít	
83470	014808-60-7	Kvarts	
83610	073138-82-6	Resínsýrur og rósínsýrur	
83840	008050-09-7	Rósín	
84000	008050-31-5	Rósín, ester með glýseróli	
84080	008050-26-8	Rósín, ester með pentaerýtrítóli	
84210	065997-06-0	Rósín, vetnað	
84240	065997-13-9	Rósín, vetnað, ester með glýseróli	
84320	008050-15-5	Rósín, vetnað, ester með metanóli	
84400	064365-17-9	Rósín, vetnað, ester með pentaerýtrítóli	
84560	009006-04-6	Gúmmí, náttúrulegt	
84640	000069-72-7	Salisýlsýra	
85360	000109-43-3	Sebasik sýra, díbútýl ester	
85600	-	Silíköt, náttúruleg	
85610	-	Silíköt, náttúruleg, silýleruð (nema asbest)	
85840	053320-86-8	Kísilsýra, litíum magnesíum natríum salt	TFM (T) = 0,6 mg/kg (8) (gefið upp sem litíum)
85980	-	Kísilsýra, sölt	
86000	-	Kísilsýra, silýleruð	
86160	000409-21-2	Kísilkarbíð	
86240	007631-86-9	Kísildíoxíð	
86285	-	Silíkon díoxíð, silýleruð	
86560	007647-15-6	Natríumbrómíð	
86720	001310-73-2	Natríumhýdroxíð	
87200	000110-44-1	Sorbínsýra	
87280	029116-98-1	Sorbítandíóleat	
87520	062568-11-0	Sorbítanmónóbehenat	
87600	001338-39-2	Sorbítanmónólárat	
87680	001338-43-8	Sorbítanmónóóleat	
87760	026266-57-9	Sorbítanmónópalmítat	
87840	001338-41-6	Sorbítanmónóstearat	
87920	061752-68-9	Sorbítantetrastearat	
88080	026266-58-0	Sorbítantríóleat	
88160	054140-20-4	Sorbítantrípalmítat	
88240	026658-19-5	Sorbítantristearat	
88320	000050-70-4	Sorbitól	
88600	026836-47-5	Sorbitólmónóstearat	
88640	008013-07-8	Sojaolía, epoxuð	Í samræmi við forskriftir sem er mælt fyrir um í viðauka 7
88800	009005-25-8	Sterkja, neysluhæf	
88880	068412-29-3	Sterkja, vatnrofin	
88960	000124-26-5	Sterínamíð	

PM/tilvísunar-númer	CAS-númer	Heiti	Takmarkanir og/eða tilgreiningar
89040	000057-11-4	Sterínsýra	
89200	007617-31-4	Stearic sýra, koparsalt	TFM (T) = 30 mg/kg (7) (gefið upp sem kopar)
89440	-	Sterínsýra, esterar með etýlenglýkól	TFM(T) = 30 mg/kg (3)
90720	058446-52-9	Steróýlbensóýlmetan	
90800	005793-94-2	Steróýl-2-laktýlsýra, kalsíumsalt	
90960	000110-15-6	Rafsýra	
91200	000126-13-6	Súkrósaasetat-ísóbútýrat	
91360	000126-14-7	Súkrósaoktaasetat	
91840	007704-34-9	Brennisteinn	
91920	007664-93-9	Brennisteinssýra	
92030	010124-44-4	Súlfúrsýra, koparsalt	TFM(T) = 30 mg/kg (7) (gefið upp sem kopar)
92080	014807-96-9	Talk	
92160	000087-69-4	Vínsýra	
92195		Tárín, sölt	
92205	057569-40-1	Tereftalsýra, díester með 2,2'-metýlenbis(4-metýl-6-tert-bútýlfenól)	
92350	000112-60-7	Tetraetýlenglýkól	
92640	000102-60-3	N,N,N',N'-Tetrakis(2-hýdroxýprópýl)etýlendíamín	
92700	078301-43-6	2,2,4,4-tetrametýl-20-(2,3-epoxýprópýl)-7-oxa-3,20-díasadíspíró[5.1.11.2]-heneikósan-21-on, fjöllliða	TFM = 5mg/kg
92930	120218-34-0	Þíódíetanólbis(5-metoxýkarbónýl-2,6-dímetýl-1,4-díhýdrópýridín-3-karboxýlat)	TFM = 6 mg/kg
93440	013463-67-7	Títandíoxíð	
93520	000059-02-9 010191-41-0	alfa-Tókóferól	
93680	009000-65-1	Tragantgúmmí	
94320	000112-27-6	Tríetýlenglýkól	
94960	000077-99-6	1,1,1-trímetýlólprópan	TFM = 6 mg/kg
95200	001709-70-2	1,3,5-Trímetýl-2,4,6-tris(3,5-dí-tert-bútýl-4-hýdroxýbensýl)bensen	
95725	110638-71-6	Vermikúlít, myndefni með sítrónusýru, litíum salt	TFM (T) = 0,6 mg/kg (8) (gefið upp sem litíum)
95855	007732-18-5	Vatn	Í samræmi við tilskipun 98/83/EB
95859	-	Vax, hreinsað, unnið úr jarðolíu eða kolvatnsefnum unnum úr fóðurjurtum.	Í samræmi við forskriftir sem er mælt fyrir um í viðauka 7
95883	-	Hvítar parafínríkar olíur unnar úr hráefnum sem eru fengin úr kolvatnsefnum úr jarðolíu	Í samræmi við forskriftir sem er mælt fyrir um í viðauka 7
95905	013983-17-0	Wollastónít	
95920		Viðarmjöl og -trefjar, óunnið	
95935	011138-66-2	Xantangúmmí	
96190	020427-58-1	Sinkhýdroxíð	
96240	001314-13-2	Sinkoxíð	
96320	001314-98-3	Sinksúlfíð	

VIÐAUKI 6

Hermar sem velja skal fyrir flæðiprófanir á plasti, sem einungis er ætlað fyrir ákveðin tiltekin matvæli.

Matvæli sem plast á að snerta	**Hermir**
Aðeins vatnskennd matvæli	A
Aðeins súr matvæli	B
Aðeins áfeng matvæli	C
Aðeins feit matvæli	D
Öll vatnskennd og súr matvæli	B
Öll áfeng og vatnskennd matvæli	C
Öll áfeng og súr matvæli	C og B
Öll feit og vatnskennd matvæli	D og A
Öll feit og súr matvæli	D og B
Öll feit, áfeng og vatnskennd matvæli	D og C
Öll feit, áfeng og súr matvæli	D, C og B

VIÐAUKI 7 A

Almennar forskriftir.

(ákvarðaðar síðar)

VIÐAUKI 7 B

Aðrar forskriftir.

PM/tilvísunar-númer (1)	**Aðrar forskriftir**
18888	3-HÝDROXÝBÚTANSÝRA-3-HÝDROXÝPENTANSÝRA, FJÖLLIÐA *Skilgreining* Þessar fjölliður eru framleiddar með stýrðri gerjun með *Alcaligenes eutrophus* og kolefnisgjafinn er blanda af glúkósa og própansýru. Lífveran sem er notuð er ekki erfðabreytt, heldur er hún komin af einni frumu af villigerð *Alcaligenes eutrophus,* stofni H16 NCIMB 10442. Frumstofn lífverunnar er geymdur frostþurrkaður í ampúlum. Unnið er með stofna sem fengnir eru frá frumstofninum, geymdir í fljótandi köfnunarefni og notaðir til að sá í gerjunartankinn. Sýni úr gerjunartanki eru rannsökuð daglega bæði með smásjá og leitað er eftir breytingum á lögun kólonía á mismunandi ætum og við mismunandi hitastig. Fjölliðurnar eru einangraðar úr hitameðhöndluðum gerlum með stýrðri sundrun á öðrum frumuhlutum, þvotti og þurrkun. Þessar fjölliður eru venjulega á formi samsettra korna, mótuðum úr bráðnu efni, sem innihalda aukefni á borð við kyrni (nucleating agents), mýkingarefni, fylliefni, varðveisluefni og fastlitarefni sem öll samræmast almennum og einstökum forskriftum.

PM/tilvísunar-númer (1)	Aðrar forskriftir
	- Efnaheiti: Pólý(3-D-hýdroxýbútanat-co-3-D-hýdroxýbútanat)
	- CAS-númer: 80181-31-3
	- Byggingarformúla CH3 CH3 O CH2 O (-O-CH-CH2-C)m-(O-CH-CH2-C-)n þar sem n/(m + n) er stærra en 0 og minna eða jafnt 0,25
	- Meðalmólþungi: Ekki undir 150 000 daltonum (mælt með gagnsvökvaskiljun (gel permeation chromatography))
	- Innihald: Ekki undir 98% pólý(3-D-hýdroxýbútanóat-co-3-D-hýdroxý-pentanóat) greint eftir vatnsrof sem blanda af 3-D-hýdroxý-bútansýru og 3-D-hýdroxýpentansýru
	Lýsing: Hvítt eða beinhvítt duft að lokinni aðgreiningu frá öðrum efnum
	Eiginleikar
	- Sanngreiningarprófanir:
	- Leysni: Leysanleg í klóruðum kolvatnsefnum á borð við klóróform og díklórmetan, en nánast óleysanleg í etanóli, alifatískum alkönum og vatni.
	- Flæði: Flæði krótonsýru má ekki vera meira en 0,05 mg/kg matvæla
	- Hreinleiki: Fyrir kyrningu skal fjölliðuduftið í hráefninu innihalda : - Köfnunarefni: Ekki meira en 2500 mg/kg af plasti - Sink: Ekki meira en 100 mg/kg af plasti - Kopar: Ekki meira en 5 mg/kg af plasti - Blý: Ekki meira en 2 mg/kg af plasti - Arsen: Ekki meira en 1 mg/kg af plasti - Króm: Ekki meira en 1 mg/kg af plasti
23547	PÓLÝDÍMETÝLSÍLOXAN (mólþungi>6800) Seigja að lágmarki 100 x 10^{-6} m²/s (=100 sentístók) við 25°C
25385	TRÍALLÝLAMÍN 40 mg/kg af hlaupi að hámarksmagninu 1,5 grömm af hlaupi fyrir hvert kg matvæla. Aðeins til nota í hlaupi sem er ekki ætlað að komast í beina snertingu við matvæli.
38320	4-(2-BENSOXASÓLÝL)-4´-(5-METÝL-2-BENSOXASÓLÝL)STILBEN Ekki meira en 0,05% w/w (magn efnis sem er notað/magn í efnablöndunni)
76721	PÓLÝDÍMETÝLSÍLOXAN (mólþungi >6800) Seigja að lágmarki 100 x 10^{-6} m²/s (= 100 sentístók) við 25°C
88640	SOJAOLÍA, EPOXUÐ Oxíran <8%, joðtala < 6
95859	VAX, HREINSAÐ, UNNIÐ ÚR JARÐOLÍU EÐA HRÁEFNUM SEM ERU TILBÚIN KOLVATNSEFNI Varan skal hafa eftirfarandi forskrift :

PM/tilvísunar-númer (1)	Aðrar forskriftir
	Innihalda kolvatnsefni úr jarðolíu, sem hafa lægri kolefnistölu en 25: ekki meira en 5% (w/w) Seigja ekki minni en 11 x 10^{-6} m^2/s (= 11 sentístók) við 100°C. Meðalmólþungi ekki minni en 500
95883	HVÍTAR, PARAFÍNRÍKAR OLÍUR UNNAR ÚR HRÁEFNUM SEM ERU FENGIN ÚR KOLVATNSEFNUM ÚR JARÐOLÍU Varan skal hafa eftirfarandi forskrift : Innihald kolvatnsefna úr jarðolíu, sem hafa lægri kolefnistölu en 25: ekki meira en 5% (w/w) Seigja ekki minni en 8,5 x 10^{-6} m^2/s (= 8,5 sentístók) við 100°C. Meðalmólþungi ekki minni en 480

VIÐAUKI 8
Merkingar talna sem eru gefnar í sviga í dálkinum „Takmarkanir og/eða tilgreiningar“ í viðaukum 1 og 5.

1) Viðvörun: hætta er á að farið sé yfir TFM þegar um er að ræða matvælalíki fyrir fituríkmatvæli.
2) TFM(T) í þessu sérstaka tilviki merkir að summan af flæði eftirfarandi efna, sem eru tilgreind með PM/tilvísunarnúmerum 10060 og 23920, má ekki vera umfram takmörkunina.
3) TFM(T) í þessu sérstaka tilviki merkir að summan af flæði eftirfarandi efna, sem eru tilgreind með PM/tilvísunarnúmerum 15760, 16990, 47680, 53650 og 89440, má ekki vera umfram takmörkunina.
4) TFM(T) í þessu sérstaka tilviki merkir að summan af flæði eftirfarandi efna, sem eru tilgreind með PM/tilvísunarnúmerum 19540 og 19960, má ekki vera umfram takmörkunina.
5) TFM(T) í þessu sérstaka tilviki merkir að summan af flæði eftirfarandi efna, sem eru tilgreind með PM/tilvísunarnúmerum 14200 og 14230, má ekki vera umfram takmörkunina.
6) TFM(T) í þessu sérstaka tilviki merkir að summan af flæði eftirfarandi efna, sem eru tilgreind með PM/tilvísunarnúmerum 66560 og 66580, má ekki vera umfram takmörkunina.
7) TFM(T) í þessu sérstaka tilviki merkir að summan af flæði eftirfarandi efna, sem eru tilgreind með PM/tilvísunarnúmerum 30080, 42320, 45195, 45200, 53610, 81760, 89200 og 92030, má ekki vera umfram takmörkunina.
8) TFM(T) í þessu sérstaka tilviki merkir að summan af flæði eftirfarandi efna, sem eru tilgreind með PM/tilvísunarnúmerum 85840 og 95725, má ekki vera umfram takmörkunina.
9) TFM(T) í þessu sérstaka tilviki merkir að takmörkunin má ekki vera minni en summan af flæði eftirfarandi efna:
   a) Badge (= 2,2-bis/4-hýdroxýfenýl)própan bis(2,3-epoxýpropýl) eter:
   b) Badge. H_2O.
   c) Badge. HCl.
   d) Badge. 2HCl.
   e) Badge. H_2O.HCl

Hins vegar skulu TFM(T) fyrir vatnsrík matvælalíki einnig ná yfir Badge. $2H_2O$ (c) nema viðkomandi efni eða hlutur sé þannig merktur að fram komi að það/hann skuli eingöngu notast þar sem snerting verður við matvæli, þar með taldar drykkjarvörur, þar sem staðfest hefur verið að summa flæðis þessara fimm framangreindu efna, a), b), c), d), e) og f), geti ekki orðið meiri en 1 mg/kg.

10) Viðvörun: hætta er á að flæði efnisins rýri skynmatseinkenni matvælanna, sem þau komast í snertingu við, og því er einnig hætta á að fullunnin varan samræmist ekki öðrum undirlið 2. gr. tilskipunar 89/109/EBE.

28. júní 2001 Nr. 525

AUGLÝSING

frá ríkisskattstjóra nr. 9/2001 um breytingar á auglýsingu ríkisskattstjóra nr. 2/2001 um skattmat vegna staðgreiðslu 2001.

Eftirfarandi breytingar á skattmati vegna staðgreiðslu gilda frá 1. júlí 2001.

1. Á kafla 2.1 í auglýsingunni, Frádráttur kostnaðar á móti ökutækjastyrk, verða þessar breytingar:
   a) stað fjárhæðanna: kr. 45,00, kr. 51,75 og kr. 63,25 komi fjárhæðirnar: kr. 52,00; 59,80 (sérstakt gjald) og 75,40 (torfærugjald).

Auglýsing þessi er sett samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, og 116. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Gildir hún við staðgreiðslu frá og með 1. júlí 2001.

Reykjavík, 28. júní 2001.

Ingvar J. Rögnvaldsson vararíkisskattstjóri.

22. júní 2001 Nr. 526

REGLUGERÐ

um bann við aðgerðum á hundum og köttum sem framkvæmdar eru án læknisfræðilegra ástæðna.

1. gr.

Eftirtaldar aðgerðir á hundum og köttum sem ekki eru gerðar í læknisfræðilegum tilgangi heldur til að breyta útliti þeirra eða eiginleikum eru bannaðar:

a. Eyrnastífing hunda.
b. Skottstýfing hunda.
c. Brottnám raddbanda hunda og katta.
d. Brottnám á klóm katta.
e. Brottnám á sporum hunda.
f. Tannúrdráttur hjá hvolpum og kettlingum.

2. gr.

Reynist nauðsynlegt að gera aðgerðir á skotti hunds, í læknisfræðilegum tilgangi, skal aðeins fjarlægja þann hluta skottsins sem nauðsynlegt er til að bati náist.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 3. mgr. 13. gr. laga nr. 15/1994, um dýravernd, öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 22. júní 2001.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Sigrún Ágústsdóttir.

Nr. 527 29. júní 2001

AUGLÝSING

sveitarstjórnar um samþykkt deiliskipulag við Vogabraut í Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Vatnsleysustrandarhrepps þann 13. júní 2001 samþykkt deiliskipulag á nýju iðnaðarsvæði við Vogabraut í Vogum.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Vogum, 29. júní 2001.

F.h. sveitarstjórnar,

Jóhanna Reynisdóttir sveitarstjóri.

Nr. 528 22. júní 2001

GJALDSKRÁ

fyrir eftirlit með köfunarbúnaði og aðra þjónustu varðandi köfunarmál.

1. gr.

Gjöld fyrir skráningu og skoðun köfunarbúnaðar.

Eigandi köfunarbúnaðar, sem ætlaður er til að nota við köfun í atvinnuskyni, greiðir eftirtalin gjöld fyrir skráningu og skoðun hans:

Grunngjald skráðs köfunarbúnaðar (Skráningarskyldur köfunarbúnaður er lunga, heilgríma, hjálmur og loftþjappa).	6.700 kr.
Fyrir greiningu lofts (þrjú rör)	4.300 kr.
Fyrir Dragerrör til loftgreiningar	1.400 kr.

2. gr.

Gjöld vegna próftöku til köfunarréttinda.

Vegna próftöku til köfunarréttinda greiðast eftirtalin gjöld:

Fyrir próf til A-réttinda	23.000 kr.
Fyrir próf til B-réttinda	23.000 kr.
Fyrir próf til C-réttinda (froskköfun)	11.500 kr.
Fyrir önnur próf	7.500 kr.
Fyrir endurtökupróf	7.500 kr.

Próftaki skal greiða kostnað vegna próftöku eða hluta hennar sem fram fer utan stofnunarinnar og lækka próftökugjöld skv. 1. mgr. til samræmis við þann kostnað.

3. gr.

Gjöld vegna atvinnuskírteina kafara.

Vegna atvinnuskírteina kafara greiðast eftirtalin gjöld:

Fyrir útgáfu atvinnuskírteina kafara	5.200 kr.
Fyrir endurnýjun atvinnuskírteinis kafara	2.000 kr.

4. gr.

Gjöld fyrir annað eftirlit og þjónustu.

Fyrir annað eftirlit og þjónustu, er köfunarmál varða, skal greiða þóknun samkvæmt reikningi.

5. gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 31/1996 um köfun, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá um eftirlit með köfunarbúnaði og aðra þjónustu varðandi köfunarmál nr. 143/1997.

Samgönguráðuneytinu, 22. júní 2001.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

22. júní 2001 Nr. 529

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um pappírslaust peningahappdrætti Happdrættis Háskóla Íslands nr. 455 15. nóvember 1993.

1. gr.

1. gr. orðist svo:

Happdrætti Háskóla Íslands rekur sérstakt peningahappdrætti undir heitunum Gullnáman og Gullregn.

2. gr.

4. gr. orðist svo:

Stjórnendur happdrættisins ákveða hvar happdrættisvélunum verður komið fyrir.

Á hverjum stað þar sem happdrættisvélar eru í notkun skal vera umsjónarmaður sem þátttakendur geta snúið sér til.

3. gr.

7. gr. orðist svo:

Á hverri happdrættisvél skal vera vinningaskrá sem með greinilegum hætti sýnir hverjir vinningar eru. Vinningar eru tvenns konar, fastar fjárhæðir og lukkupottar.

Vinningar skulu skilgreindir með samstæðum merkja, bókstafa, tölustafa og spila.

Lukkupottur er einn, Gullpottur. Fjárhæð hans skal háð þátttöku í happdrættinu og fara stöðugt hækkandi þar til einhver þátttakenda vinnur þá fjárhæð sem hverju sinni hefur safnast þar fyrir.

Í upphafi skal setja 500.000 kr. í Gullpottinn. Þegar fjárhæð Gullpotts hefur unnist og potturinn tæmst skal setja 500.000 kr. í pottinn á ný vegna frekari þátttöku.

4. gr.

10. gr. orðist svo:

Vinningshafar skulu að jafnaði fá vinninga sína greidda úr happdrættisvélinni á sjálfvirkan hátt. Þegar ekki eru nægilega margir peningar í vél til að borga út vinning skal vinningshafi snúa sér til umsjónarmanns vélarinnar sem greiðir vinningshafa það sem upp á vantar.

Þátttakandi sem vinnur lukkupott eða vinningsfjárhæð sem er 50.000 kr. eða hærri skal fá í hendur skriflega staðfestingu þess efnis frá umsjónarmanni. Aðalskrifstofa happdrættisins greiðir síðan vinningshafa vinninginn gegn framvísun staðfestingarinnar.

Allar happdrættisvélarnar skulu búnar sérstöku ljósi sem auðveldar vinningshafa að ná sambandi við umsjónarmann vélar.

5. gr.

11. gr. orðist svo:

Aðgangur að happdrættisvélunum skal takmarkaður við þá sem eru 18 ára og eldri.

Umsjónarmaður happdrættisvélanna á hverjum stað skal halda uppi fullnægjandi eftirliti með aldri þátttakenda.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um happdrætti Háskóla Íslands, nr. 13 13. apríl 1973 sbr. lög nr. 23 5. maí 1986 og lög nr. 77 19. maí 1994, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 22. júní 2001.

Sólveig Pétursdóttir.

Ólafur W. Stefánsson.

Nr. 530 26. júní 2001

AUGLÝSING

um útgáfu skrár um viðurkenndar prófgráður frá menntastofnunum landbúnaðarins og inntak þeirra.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 13. gr. laga nr. 57/1999 um búnaðarfræðslu hefur landbúnaðarráðherra að fengnum tillögum búfræðsluráðs gefið út skrá um viðurkenndar prófgráður á framhalds- og háskólastigi frá menntastofnunum landbúnaðarins og inntak þeirra, sem birtist sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 26. júní 2001.

Guðni Ágústsson.

Sigríður Norðmann.

Fylgiskjal.

Skrá
um viðurkenndar prófgráður á framhalds- og háskólastigi frá menntastofnunum landbúnaðarins og inntak þeirra.

LANDBÚNAÐARHÁSKÓLINN Á HVANNEYRI

Starfsmenntun.

Búfræðingur. 2 ár til 79 eininga.
Lýsing: Sérhæft undirbúningsnám og starfsnám í búnaðarfræðum.

Nám til fyrstu háskólagráðu.

B.S. próf í búvísindum. 3 ár til 90 eininga.
Lýsing: Almennt grunnnám í búvísindum með nokkra sérhæfingu í búfræði, landnýtingu, umhverfisskipulagi.

Cand. agric. kandidatspróf í búfræði. 4 ár til 120 eininga.
Lýsing: Fagmenntun í búfræði með 30 eininga sérnám og rannsóknaþjálfun að loknu 90 eininga námi í búvísindum.

Cand. agric. kandidatspróf í landnýtingu. 4 ár til 120 eininga.
Lýsing: Fagmenntun í landnýtingu með 30 eininga sérnám og rannsóknaþjálfun að loknu 90 eininga námi í búvísindum.

Cand. agric. kandidatspróf í umhverfisskipulagi. 4 ár til 120 eininga.
Lýsing: Fagmenntun í umhverfisskipulagi með 30 eininga sérnám og rannsóknaþjálfun að loknu 90 eininga námi í búvísindum.

HÓLASKÓLI

Starfsmenntun.

Hestafræðingur og leiðbeinandi. 9 mánuðir til 45 eininga.
Lýsing: Almennt undirbúningsnám og starfsnám í hrossarækt og reiðmennsku.

Sérhæfð fagmenntun.

Tamningamaður. Diploma í búnaðarfræðum. 9 mánuðir til 30 eininga.
Lýsing: Sérhæft undirbúningsnám og starfsnám í tamningum og þjálfun hrossa.

Reiðkennari og þjálfari. Diploma í búnaðarfræðum. 5 mánuðir til 15 eininga.
Lýsing: Sérhæft undirbúningsnám og starfsnám í keppnisþjálfun hrossa og reiðkennslu.

Fiskeldisfræðingur. Diploma í fiskeldisfræðum. 1 ár til 45 eininga.
Lýsing: Sérhæft undirbúningsnám og starfsnám í fiskeldi.

Diploma í ferðamálafræðum dreifbýlis. 1 ár til 45 eininga.
Lýsing: Sérhæft undirbúningsnám og starfsnám í ferðamálafræðum dreifbýlis.

GARÐYRKJUSKÓLI RÍKISINS

Starfsmenntun.

Garðyrkjufræðingur af blómaskreytingabraut. 2 ár til 86 eininga.
Lýsing: Sérhæft starfsnám í blómaskreytingum og meðhöndlun afskorinna blóma og pottaplantna.

Garðyrkjufræðingur af garðplöntubraut. 3 ár til 132 eininga.
Lýsing: Sérhæft starfsnám í uppeldi, ræktun og fjölgun garð- og skógarplantna.

Garðyrkjufræðingur af skrúðgarðyrkjubraut. 3 ár til 132 eininga.
Lýsing: Lögfest iðngrein í byggingu garða og viðhaldi þeirra.

Garðyrkjufræðingur af skógræktarbraut. 3 ár til 132 eininga.
Lýsing: Sérhæft starfsnám á sviði skógræktar.

Garðyrkjufræðingur af umhverfisbraut. 3 ár til 132 eininga.
Lýsing: Sérhæft starfsnám á sviði umhverfistækni, einkum í framleiðslu og nýtingu moltu.

Garðyrkjufræðingur af ylræktarbraut. 3 ár til 132 eininga.
Lýsing: Sérhæft starfsnám í uppeldi, ræktun og fjölgun grænmetis, afskorinna blóma og pottaplantna.

Sérhæfð fagmenntun.

Garðyrkjutæknifræðingur. Diploma í garðyrkjuframleiðslutækni. 9 mánuðir til 30 eininga.
Lýsing: Sérhæft undirbúningsnám og starfsnám í garðyrkjuframleiðslutækni.

Nr. 531 26. júní 2001

REGLUGERÐ

um nám til skipstjórnarréttinda á skipi sem er 30 brúttótonn eða minna.

1. gr.

Sjómannaskólar sbr. 2. mgr. annast menntun og þjálfun áhafna íslenskra skipa. Starfsgreinaráð um sjávarútvegsgreinar og siglingar gerir tillögur til menntamálaráðherra um námskrár sjómannaskóla að fenginni umsögn Siglingastofnunar Íslands. Menntamálaráðuneytið setur námskrá sjómannaskóla er uppfylli kröfur alþjóðasamninga og Siglingastofnun Íslands hefur eftirlit með að nám í sjómannaskóla uppfylli kröfur alþjóðasamninga.

Sá sem staðist hefur próf og kröfur sem gerðar eru í námi á sjávarútvegsbraut framhaldsskóla, í viðurkenndum einkaskóla eða á námskeiði sem fer eftir aðalnámskrá framhaldsskóla telst hafa lokið námi til réttinda sem skipstjóri í innanlandssiglingum á skipi sem er 30 brúttótonn eða minna skv. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 112/1984 um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum.

2. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar prófdómara til fimm ára í senn að höfðu samráði við Stýrimannaskólann í Reykjavík og starfsgreinaráð í sjávarútvegs- og siglingagreinum. Skulu prófdómarar hafa lokið a.m.k. námi 2. stigs í skipstjórnarfræðum sbr. lög nr. 112/1984 um atvinnuréttindi íslenskra skipstjórnarmanna með síðari breytingum. Menntamálaráðuneytið heldur skrá yfir skipaða prófdómara.

Prófdómarar hafa yfirumsjón með framkvæmd prófa og hafa eftirlit með því að próf séu í samræmi við námskrá og aðrar reglur er menntamálaráðuneytið setur. Prófdómurum ber að tryggja svo sem kostur er samræmt námsmat. Enginn getur verið prófdómari eða kennari/námskeiðshaldari á sama námskeiði.

Til þess að fylgja eftir ákvæðum 2. mgr. skulu prófdómarar að ákvörðun Siglingastofnunar Íslands kallaðir saman til funda svo oft sem þurfa þykir.

Ef um er að ræða nám á sjávarútvegsbraut framhaldsskóla sem starfar samkvæmt ákvæðum framhaldsskólalaga nr. 80/1996 fer um námsmat samkvæmt almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla.

3. gr.

Þeir sem standa fyrir námskeiðum og kennslu til réttinda á námskeiðum skv. 1. gr. skulu hafa lokið námi 2. stigs í skipstjórnarfræðum. Þeim er skylt að tilkynna einum af skipuðum prófdómurum um fyrirhugað námskeiðshald áður en það hefst og sækja um skriflega staðfestingu prófdómara á því að undirbúningur og tilhögun námsins sé í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru. Í umsókn skulu m.a. veittar upplýsingar um tilhögun kennslunnar, námsgreinar (áfanga), tímafjölda í hverri námsgrein, aðstöðu, og kennara. Heimilt er prófdómara að krefjast þess að hluta náms og prófi á skipstjórnarnámskeiði verði lokið í húsnæði eða í aðstöðu um borð í skipum sem hann ákveður.

4. gr.

Þegar nemendur hafa lokið námi skv. 1. gr. gangast þeir undir próf sem haldin eru undir yfirumsjón prófdómara. Þeir sem standast próf skulu fá vottorð undirritað af viðkomandi skólastjóra (námskeiðshaldara) og prófdómara. Óheimilt er að undirrita skírteini nema að fengnum upplýsingum skv. 3. gr.

5. gr.

Prófdómurum er skylt að senda menntamálaráðuneyti afrit af vottorðum skv. 4. gr. og skýrslu um útskrifaða nemendur, undirbúning og framkvæmd prófa. Menntamálaráðuneytið felur Sjómannaskóla íslands að halda heildarskrá um útskrifaða nemendur og skal slík skrá yfir útskrifaða nemendur hvers árs send samgönguráðuneyti og Siglingastofnun Íslands.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 7. gr. laga nr. 112/1984 um atvinnuréttindi íslenskra skipstjórnarmanna með síðari breytingum og öðlast gildi 1. ágúst 2001.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fyrir 1. september 2001 skulu þeir, er við gildistöku reglugerðar þessarar hafa skipun prófdómara í siglingafræðum og sjóvinnugreinum er veita réttindi til skipstjórnar í innanlandssiglingum á skipi 30 brúttótonn eða minna, sækja um endurnýjun prófdómararéttinda sinna og fellur skipunin niður að öðrum kosti.

Þeim, sem fyrir gildistöku reglugerðar þessarar, hafa starfað undanfarin sex ár eða lengur, sem kennarar á námskeiðum í siglingafræðum og sjóvinnugreinum er veita réttindi til skipstjórnar í innanlandssiglingum á skipi 30 brúttótonn eða minna, skal, þrátt fyrir ákvæði 3.gr., heimilt að stunda áfram kennslustörf.

Menntamálaráðuneytinu, 26. júní 2001.

Björn Bjarnason.

Þórunn J. Hafstein.

REGLUGERÐ

um notkun staðla um merkjasendingar fyrir sjónvarp.

1. gr.

Gildissvið og skilgreiningar.

Reglugerð þessi kveður á um staðla fyrir breiðskjár- og háskerpusjónvarp og sjónvarpssendingar sem eru að öllu leyti stafrænar.

Breiðskjárþjónusta sjónvarps: Þjónusta þar sem dagskrárliðir eru framleiddir og klipptir svo að myndina megi sýna á breiðskjá. Stærðarhlutfallið 16:9 er viðmiðun fyrir breiðskjársjónvarp.

D2-MAC sendingakerfi: Sjónvarpssendingakerfi með sérstakri myndkóðun og tímaskiptri fléttun hliðrænna myndupplýsingaþátta ásamt fléttun hljóðs og gagna saman með mynd með pakkaaðferðum. Möguleiki er að senda fleiri en eina hljóðrás með myndinni.

HD-MAC sendingakerfi: Sendingakerfi fyrir háskerpusjónvarp með sérstakri myndkóðun og tímaskiptri fléttun hliðrænna myndupplýsingaþátta ásamt fléttun hljóðs og gagna með pakkaaðferðum.

PAL: Staðall fyrir hliðrænt litasjónvarp sem gefinn er út af Alþjóðafjarskiptasambandinu.

SECAM: Staðall fyrir hliðrænt litasjónvarp sem gefinn er út af Alþjóðafjarskiptasambandinu.

Útsendingarkerfi: Kerfi sem samanstendur af eftirfarandi þáttum: myndun sjónvarpsmerkja (frumkóðun hljóðmerkja, frumkóðun myndmerkja, fléttun merkja) og aðlögun að sendimiðli (rásakóðun, mótun og, ef við á, orkutvístrun).

2. gr.

Staðlar fyrir sjónvarpssendingar.

Í sjónvarpsþjónustu fyrir almenning hvort sem það er um kapalkerfi, gervitungl eða sendistöðvar á jörðu skal:

a. þegar sendingar eru fyrir breiðskjái og með 625 línum og ekki að fullu stafrænar nota 16:9 D2-MAC sendingarkerfið eða 16:9 kerfi sem er að öllu leyti samrýmanlegt við PAL eða SECAM staðlana,

b. ef um háskerpumyndir er að ræða en ekki að fullu stafrænar nota HD-MAC sendingakerfið,

c. ef sendingar eru að fullu stafrænar nota sendingakerfi sem hefur verið staðlað af viðurkenndri evrópskri staðlastofnun,

Alstafræn sendinet fyrir dreifingu sjónvarpsþjónustu sem stendur almenningi til boða verða að geta dreift breiðskjárþjónustu.

3. gr.

Sjónvarpsmerki í kapalkerfum.

Sjónvarpsþjónusta fyrir 16:9 breiðskjái sem fellur undir ákvæði 2. gr. sem tekið er á móti og dreift á ný í kapalkerfum skal dreifa sem 16:9 breiðskjármerki hið minnsta.

4. gr.

Staðlaðar tengingar.

Sjónvarpstæki með innbyggðum skjá, sem er markaðssett með sölu eða leigu í huga, og er með skjá sem er stærri en 42 cm, mælt á ská horna á milli, skal búið a.m.k. einu tengi fyrir opinn skilflöt, samkvæmt stöðlum viðurkenndrar evrópskrar staðlastofnunar, þannig að ekki sé erfiðleikum bundið að tengja jaðarbúnað, einkum viðbótarafbrenglara og stafræn viðtæki.

5. gr.

Stafrænar sjónvarpssendingar til almennings.

Að því er varðar skilyrtan aðgang að stafrænum sjónvarpssendingum til almennings gilda eftirfarandi ákvæði, óháð sendingaraðferðum:

a) Allur neytendabúnaður, sem er seldur, leigður út eða á annan hátt hafður á boðstólum og er notaður til að afbrengla stafræn sjónvarpsmerki, skal vera þannig að hann geti:

- afbrenglað merki er byggjast á sameiginlegu evrópsku brenglunar algrími sem er í vörslu viðurkenndrar evrópskrar staðlastofnunar,
- birt á skjánum myndir sem eru sendar óbrenglaðar, að því tilskildu að leigutaki virði leigusamninginn ef um leigðan búnað er að ræða.

b) Skilyrt aðgangskerfi skulu tæknilega þannig búin að hægt sé að stjórna, á hagkvæman hátt hvað kostnað varðar skilyrtum aðgangi við upphafsstöð kapalkerfisins, þannig svo að kapalsjónvarpsrekendur geti staðbundið eða á heilum svæðum, haft fulla stjórn á þjónustu sem veitt er á skilyrtum aðgangskerfum af þessu tagi.

c) Póst- og fjarskiptastofnun skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að rekstraraðilar skilyrtrar aðgangsþjónustu, sem búa til og markaðssetja aðgang að stafrænum sjónvarpssendingum, án tillits til þess hvaða sendingaraðferðir eru notaðar:

- bjóði öllum útvarpsstöðvum án mismununar og með sanngjörnum skilyrðum tækniþjónustu sem gerir áhorfendum, sem til þess er veitt heimild með afbrenglunarbúnaði á forræði rekstraraðila skilyrtrar aðgangsþjónustu mögulegt að taka á móti stafrænum sendingum sjónvarpsstöðvar, einkum ef þeir hafa umtalsverða markaðshlutdeild,
- færi sérstakt reikningsbókhald yfir starfsemi þeirra sem rekstraraðilar skilyrts aðgangs.

Sjónvarpsstöðvarnar skulu birta gjaldskrá fyrir áskrifendur þar sem tekið skal fram hvort búnaður sem tengist sjónvarpstækinu er afhentur eða ekki. Stafræn sjónvarpsþjónusta fellur einungis undir þessi ákvæði ef umrædd þjónusta er í samræmi við gildandi löggjöf á Evrópska efnahagssvæðinu.

d) Þegar rétthafar hugverka- og einkaréttinda á skilyrtum aðgangskerfum og búnaði veita framleiðendum neytendabúnaðar framleiðsluleyfi, skulu þeir sjá til þess að það sé gert án mismununar og á jafnræðisgrundvelli. Að teknu tilliti til tæknilegra og viðskiptalegra þátta er rétthöfum óheimilt að setja skilyrði fyrir veitingu leyfa sem banna, hindra eða hvetja gegn því að búnaðurinn sé útbúin með:

- stöðluðum skilfleti sem gefur möguleika á tengingum við ýmis önnur aðgangskerfi, eða,
- möguleikum á aðgangi sem felast í öðru aðgangskerfi svo framarlega sem móttakandi slíks leyfis uppfyllir viðeigandi og réttmæt skilyrði sem tryggja að því er hann varðar öryggi viðskipta rekstraraðila hins skilyrta aðgangsbúnaðar.

Sjónvarpstæki með innbyggðan stafrænan afbrenglara verða að vera þannig útbúin að unnt sé að setja í þau að minnsta kosti einn staðlaðan tengil sem gerir kleift að tengja aðgangsbúnað og aðrar einingar stafrænna sjónvarpskerfa við stafræna afbrenglarann.

6. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 36. og 59. gr. laga um fjarskipti nr. 107/1999 og með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og Ráðsins 95/47/EB frá 24. október 1995 um notkun staðla um merkjasendingar fyrir sjónvarp, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 747/1999 um notkun staðla um merkjasendingar fyrir sjónvarp.

Samgönguráðuneytinu, 11. júní 2001.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Nr. 533 28. júní 2001

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.

Á eftir IV. kafla kemur nýr kafli V. kafli **Verndun neysluvatns**. Númer kafla og greina sem eftir koma breytast til samræmis við það.

1. gr.

12. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Verndun neysluvatns.

12. gr.

12.1 Sveitarstjórnir og heilbrigðisnefndir skulu grípa til sérstakra ráðstafana til að koma í veg fyrir að gæði vatns sem tekið er til neyslu og vatns sem kann að verða tekið síðar sem neysluvatn geti hrakað eða spillst. Þessar ráðstafanir felast m.a. í ákvörðun um verndarsvæði og setningu heilbrigðissamþykkta, sbr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, þar sem gerðar eru takmarkanir viðvíkjandi umferð, landnýtingu og meðferð og geymslu hættulegra efna innan verndarsvæðanna.

2. gr.

13. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Flokkun verndarsvæða.

13. gr.

13.1 Umhverfis hvert vatnsból skal ákvarða verndarsvæði sem skiptist í brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði. Við skilgreiningu vatnsverndarflokkana skal taka mið af vatnafræðilegum, jarðfræðilegum og landfræðilegum aðstæðum á vatnasviði vatnsbólsins, mikilvægi þess og mengunarhættu.

I. flokkur. Brunnsvæði.

Brunnsvæði er næsta nágrenni vatnsbólsins. Það skal vera algjörlega friðað fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim, sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar. Heilbrigðisnefnd getur, þar sem þörf krefur, krafist þess að svæðið skuli girt mannheldri girðingu, sem sé minnst 5 metra frá vatnsbóli.

II. flokkur. Grannsvæði.

Utan við brunnsvæðið skal ákvarða grannsvæði vatnsbólsins og við ákvörðun stærðar þess og lögunar skal taka tillit til jarðvegsþekju svæðisins og grunnvatnsstrauma sem stefna að vatnsbólinu. Á þessu svæði skal banna notkun á hættulegum efnum og birgðageymslu slíkra efna. Hér er m.a. átt við olíu, bensín og skyld efni, salt, eiturefni til útrýmingar á skordýrum eða gróðri og önnur efni sem mengað geta grunnvatn, auk efna sem sérstaklega eru tilgreind í reglugerð um neysluvatn. Ekki skal leyfa nýjar byggingar, sumarbústaði eða þess háttar á svæðinu. Vegalagnir, áburðarnotkun og önnur starfsemi innan svæðisins skal vera undir ströngu eftirliti.

III. flokkur. Fjarsvæði.

Fjarsvæði er á vatnasvæði vatnsbólsins en liggur utan þess lands sem telst til I. og II. flokks verndarsvæðanna. Þar sem vitað er um sprungur eða misgengi á þessu svæði, skal fyllstu varúðar gætt í meðferð efna, sem talin eru upp í II. flokki. Stærri geymslur fyrir slík efni eru bannaðar á svæðinu. Heilbrigðisnefnd getur gefið út frekari fyrirmæli varðandi umferð á þessu svæði, svo og um byggingu sumarhúsa og annarra mannvirkja.

3. gr.

14. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Ráðstafanir vegna verndarsvæða.

14. gr.

14.1 Ráðstafanir á verndarsvæðum til verndar vatnsgæðum skulu ávallt miðast við strängustu skilyrði sem gilda til viðhalds náttúrulegu ástandi vatns, sbr. 8.-11. gr., sbr. einnig reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi, reglugerð um varnir gegn mengun grunnvatns, reglugerð um fráveitur og skólp og reglugerð um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri, ásamt síðari breytingum. Sama á við um meðferð úrgangs.

14.2 Heilbrigðisnefnd er enn fremur heimilt að banna framkvæmdir, geymslu efna og úrgangs, geymslu og notkun tækja og búnaðar auk þess olíu-, efna- og úrgangsflutninga innan verndarsvæða vatnsbóla þar sem hætta er á að slíkt geti spillt vatninu. Verði ekki hjá slíkum flutningum komist skulu þeir fara fram á þeim tíma sólarhrings þegar umferð er minnst og þá með samþykki eftirlitsaðila. Í slíkum tilvikum skal liggja fyrir björgunaráætlun við mengunaróhöppum.

4. gr.

15. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Staðsetning og frágangur vatnsbóla.

15. gr.

15.1 Vatnsból skulu vera í öruggri fjarlægð frá mannvirkjum eða hvers konar starfsemi sem ætla má að geti spillt vatninu. Þess skal gætt að slík mannvirki eða starfsemi séu þannig staðsett að grunnvatnsborð halli ætíð frá vatnsbóli. Sama gildir um straumstefnu yfirborðsvatns, sem skal renna frá vatnsbóli.

15.2 Vatnsból skulu yfirbyggð, afgirt og þannig frá þeim gengið að yfirborðsvatn og önnur óhreinindi berist ekki í þau. Gripahús, þar með talin loðdýrabú, alifuglabú, svínabú og áburðargeymslur, mega aldrei standa nær vatnsbóli en 100 metra og ætíð svo að land halli frá vatnsbóli og að ekki sé hætta á mengun grunnvatns. Heimilt er að banna eða takmarka umferð húsdýra á verndarsvæðum vatnsbóla og krefjast gripheldra girðinga ef nauðsyn krefur.

5. gr.

16. gr. orðist svo:

Eftirlit með verndarsvæðum fyrir neysluvatn.

16. gr.

16.1 Um eftirlit með gæðum vatns í vatnsbólum og verndarsvæðum þeirra fer skv. reglugerð um neysluvatn. Heilbrigðisnefnd skal halda skrá yfir allar mælingar og fylgjast með þróun á ástandi vatnsgæða í tíma. Tryggja skal að a.m.k. hluti efnagreininga sé fullnægjandi að gæðum til að meta breytingar á styrk efna í tíma. Heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með verndarsvæðum vatnsbóla og að farið sé að ráðstöfunum til verndar á vatnsgæðum. Niðurstöðu eftirlits með vatnsverndarsvæðum skal skrá á eftirlitsskýrslu.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og samkvæmt 9. gr. laga nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar og öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisráðuneytinu, 28. júní 2001.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Nr. 534 26. júní 2001

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð fyrir talnagetraunir Íslenskrar getspár, nr. 892 10. desember 1999.

1. gr.

3. gr. liður 3.1 orðist svo:

3.1. Íslensk getspá gefur út og dreifir leikspjöldum til þátttöku í talnagetraununum. Leikspjöld má einnig nálgast með rafrænum hætti í gegnum tölvu, síma eða gagnvirkt sjónvarp. Á hverju leikspjaldi Lottó 5/38 eru 10 leikir (raðir), sem merktir eru bókstöfunum A, B, C, D, E, F, G, H, I og J, og er hver leikur með tölunum 1-38. Getur hver þátttakandi tekið þátt í einum til tíu leikjum á hverju leikspjaldi. Á leikspjöldum fyrir Lottó 5/38 er sérstakur reitur sem þátttakendur merkja í ef þeir vilja taka þátt í Jóker. Þátttakendur geta valið 5 tölur úr tölunum 0-9 til að mynda Jókertölur sínar.
Á hverju leikspjaldi Víkingalottós eru 10 leikir (raðir), sem merktir eru bókstöfunum A, B, C, D, E, F, G, H, I og J, og er hver leikur með tölunum 1-48. Getur hver þátttakandi tekið þátt í einum til 10 leikjum á hverju leikspjaldi. Á leikspjöldum fyrir Víkingalottó er sérstakur reitur sem þátttakendur merkja í ef þeir vilja taka þátt í Jóker. Þátttakendur geta valið 5 tölur úr tölunum 0 - 9 til að mynda Jókertölur sínar.
Á sölustöðum skulu vera leiðbeiningar um þátttöku í viðkomandi talnagetraun. Þar skal og vera hvatning til þátttakenda að rita nafn sitt á þátttökukvittun í öryggisskyni.

2. gr.

3. gr. liður 3.2. orðist svo:

3.2 Leikir í talnagetraununum Lottó 5/38 og Víkingalottó fara að jafnaði fram einu sinni í viku samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar Íslenskrar getspár en í Jóker samtímis útdrætti í Lottó 5/38 og Víkingalottói.

3. gr.

3. gr. liður 3.10, sbr. reglugerð nr. 126 6. febrúar 2001, orðist svo:

3.10 Verð fyrir hvern leik (röð) í Lottó 5/38 er kr. 75, Jóker kr. 100 og í Víkingalottói kr. 35. Aðeins er unnt að gerast þátttakandi hjá söluaðilum Íslenskrar getspár eða með rafrænum hætti, sbr. lið 3.1.

4. gr.

a) 5. gr. liður 5.1.1 nefnist 5.1.
b) 5. gr. liður 5.1.2 nefnist 5.1.1 og orðist svo:

5.1.1 Samtímis útdrætti í Lottó 5/38 fer fram útdráttur í Jóker tengdum þeirri talnagetraun. Útdráttur fer þannig fram að fimm hjól, hvert með tölunum 0-9, eru sett í gang og við stöðvun hjólanna koma fram hinar fimm útdregnu tölur. Tölurnar, í þeirri röð sem þær birtast, mynda Jókertölurnar. Verði bilun í einu eða fleirum af hinum fimm hjólum með tölunum 0-9, skal dregið úr einum eða allt að fimm, eftir því sem við á, þar til gerðum spjaldastokkum þar sem spjöldin eru merkt tölunum 0-9. Áður en slíkur útdráttur fer fram skal gengið úr skugga um að í spjaldastokkunum séu spjöldin merkt tölunum 0-9.

5. gr.

Við 5. gr. lið 5.2. bætist nýr liður 5.2.1 er orðist svo:

5.2.1 Útdráttur í Jóker sem tengdur er Víkingalottói fer fram á miðvikudögum, með Jóker útdráttarvél sem varðveitt er í innsigluðum kassa, með eftirfarandi hætti:
Fimmtán mínútum eftir lokun sölukerfis ræsir starfsmaður Íslenskrar getspár útdrátt í vélinni. Útdrátturinn fer fram með sama hætti og lýst er í lið 5.1.1 og að viðstöddum eftirlitsmanni skv. lið 10.1. Útdrátturinn er tekinn upp á myndbandsspólu og honum síðan bætt aftan við útdrátt í Víkingalottói þegar hann berst um gervihnött. Víkingalottó- og Jókertölurnar eru síðan birtar samdægurs í ljósvakamiðlum.

6. gr.

5. gr. liður 5.5.1 orðist svo:

5.5.1 **Lottó 5/38:**

a) 56% skiptast jafnt á milli þeirra sem hafa allar 5 aðaltölur réttar. Með vísan til 5. gr., lokamálsliðar 5.6, er heimilt, ef 56% af heildarvinningsfjárhæð nær ekki 3 milljónum króna, bæta við fyrsta vinningsflokk fjárhæð, sem þarf til að vinningsfjárhæðin fari yfir 3 milljónir króna. Viðbót þessi skal hlaupa á 50.000 krónum.
b) 5% skiptast jafnt á milli þeirra sem hafa 4 aðaltölur réttar og auk þess rétta bónustölu. Með vísan til liðar 5.6., 3. mgr., er heimilt, ef 5 % af heildarvinningsfjárhæð nær ekki 300.000 krónum, að bæta við þennan vinningsflokk fjárhæð sem þarf til að vinningsfjárhæðin fari yfir 300.000 krónur. Viðbót þessi skal hlaupa á 10.000 krónum.
c) 8 % skiptast jafnt á milli þeirra sem hafa 4 aðaltölur réttar.
d) 19 % skiptast jafnt á milli þeirra sem hafa 3 aðaltölur réttar.
e) 12 % skiptast jafnt á milli þeirra sem hafa 2 aðaltölur réttar og auk þess rétta bónustölu

7. gr.

5. gr. liður 5.5.3, sbr. reglugerð nr. 126 6. febrúar 2001, orðist svo:

5.5.3 **Víkingalottó:**

a) Fyrsti vinningur er sameiginlegur hjá þátttökuaðilum sbr. 2. gr. Greiðir hvert talnagetraunafyrirtæki 0,035 Evrur af andvirði hvers selds leiks til þessa vinnings. Verðmæti hans í íslenskum krónum ákvarðast af kaupgengi Evru á útdráttardegi og skiptist jafnt á milli þeirra sem hafa allar 6 tölurnar réttar.
b) Til annarra vinninga renna 40% af heildarsölu hverrar leikviku hér á landi að frádreginni greiðslu Íslenskrar getspár til fyrsta vinnings sbr. a) lið og skiptast í vinningsflokka í eftirgreindum hlutföllum:

1. 40% skiptast jafnt á milli þeirra sem hafa 5 aðaltölur réttar og auk þess rétta eina af tveimur bónustölum.
2. 18% skiptast jafnt á milli þeirra sem hafa 5 aðaltölur réttar.
3. 31% skiptast jafnt á milli þeirra sem hafa 4 aðaltölur réttar.
4. 11% skiptast jafnt á milli þeirra sem hafa 3 aðaltölur réttar og auk þess rétta eina af tveimur bónustölum.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um talnagetraunir nr. 26 2. maí 1986, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 26. júní 2001.

Sólveig Pétursdóttir.

Ólafur W. Stefánsson.

Nr. 535 22. júní 2001

REGLUGERÐ

um köfun.

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Gildissvið.

Ákvæði reglugerðar þessarar og viðauka hennar gilda um allar athafnir sem gerðar eru við köfun í atvinnuskyni, sem fram fara í ám eða vötnum, við strendur landsins eða frá íslenskum skipum hér við land.

2. gr.

Skilgreiningar.

Þegar eftirfarandi orð og orðasambönd eru notuð í reglugerð þessari, hafa þau merkingu þá sem hér segir:

Afþrýstibið: Sá tími sem kafari þarf að bíða á leiðinni upp á yfirborð til að losa sig við uppsafnaðar lofttegundir úr vefjum líkamans. Þessi tími er fundinn í viðeigandi töflum eftir botntíma og dýpi köfunarinnar.

Atvinnuköfun: Allar þær athafnir sem falla undir og eru liður í atvinnustarfsemi kafara eða annarra aðila. Einnig telst það vera atvinnuköfun ef athöfnin er liður í skipulagðri þjónustustarfsemi til verndar almannahagsmunum.

Áhugaköfun: Allar þær athafnir sem teljast til köfunar en falla ekki undir atvinnuköfun.

Botntími: Sá tími sem líður frá því er kafari fer undir yfirborð þar til hann hefur uppstigningu.

Kafari: Sá sem er réttmætur handhafi atvinnuskírteinis kafara.

Köfun: Allar athafnir manna sem fara fram undir yfirborði vatns eða sjávar þar sem líkaminn er undir meiri þrýstingi en sem nemur 50 hektópaskölum (50 mbar) yfir loftþrýstingi á yfirborði jarðar og notast er við tæki sem eru hluti af viðurkenndum köfunarbúnaði.

Köfunarbók: Dagbók kafara.

Köfunarbúnaður: Allur búnaður sem notaður er við köfun.

Köfunarformaður: Sá sem hefur með höndum verkstjórn við köfun og ber skyldur sem slíkur.

Köfunarverktaki: Vinnuveitandi kafara eða sjálfstæður atvinnurekandi. Sá sem ábyrgð ber á framkvæmd köfunar.

Verkkaupi: Hver sá sem kaupir vinnu við köfun.

Öryggiskafari: Kafari í viðeigandi köfunarbúnaði á meðan köfun stendur og reiðubúinn er til tafarlausrar köfunar á það dýpi sem viðkomandi köfun er á.

3. gr.

Framkvæmd.

Siglingastofnun Íslands hefur umsjón og eftirlit með framkvæmd laga um köfun svo og ákvæða reglugerðar þessarar í samráði við samgönguráðuneytið.

Siglingastofnun Íslands er heimilt hvenær sem er að skoða köfunarbúnað og framkvæmd köfunaraðgerða með hliðsjón af öryggi þeirra enda sé þess gætt að tefja ekki atvinnu að óþörfu.

4. gr.

Útgáfa leiðbeininga.

Siglingastofnun Íslands getur gefið út leiðbeiningar með nánari fyrirmælum um öryggi kafara, köfun og kafarastörf sem og um nám í köfun og endurmenntun kafara.

5. gr.

Menntunarkröfur.

Sá sem vill stunda atvinnuköfun skal hafa lokið prófi í atvinnuköfun með fullnægjandi árangri frá aðila viðurkenndum af Siglingastofnun Íslands.

6. gr.

Rannsóknir slysa og óhappa.

Slys eða óhöpp sem verða við köfun skal tilkynna þegar í stað til lögreglu í því umdæmi þar sem slys eða óhapp átti sér stað og til rannsóknarnefndar sjóslysa. Lögreglan annast rannsókn á orsökum þeirra ásamt rannsóknarnefnd sjóslysa.

Varðveita skal ummerki sem gætu verið gagnleg við að upplýsa orsakir óhapps eða slyss. Við rannsóknina skal kalla til sérfróða aðila eftir því sem þurfa þykir.

II. KAFLI
Köfunarbúnaður.

7. gr.

Viðurkenning búnaðar.

Allur köfunarbúnaður skal hljóta viðurkenningu Siglingastofnunar Íslands um að búnaðurinn eða hlutar hans uppfylli gildandi tæknikröfur áður en hann er seldur á almennum markaði, framleiddur til sölu eða tekinn í notkun. Liggi fyrir vottorð frá viðurkenndri prófunarstofu um að búnaðurinn sé í samræmi við staðla og reglur telst staðfesting frá Siglingastofnun fullnægjandi.

Eigandi köfunarbúnaðar ber ábyrgð á því að sækja um viðurkenningu fyrir búnaðinn og að honum verði haldið vel við.

Auk þeirra ákvæða sem sett eru um búnað í reglugerð þessari gilda ákvæði íslenskra reglna um gerð persónuhlífa, um þrýstihylki, um þrýstibúnað og kröfur íslenskra staðla um köfunarbúnað. Við prófun, vottun, framleiðslu, eftirlit og merkingu persónuhlífa skal fylgja tilskipun ráðsins nr. 89/686/EBE frá 21. desember 1989 um samræmingu laga aðildarríkjanna um persónuhlífar.

Með öllum köfunarbúnaði skulu fylgja leiðbeiningar um rétta meðhöndlun, eftirlit og viðhald á búnaðinum.

8. gr.

Þjónustuaðilar köfunarbúnaðar.

Þeir aðilar, einstaklingar, fyrirtæki eða stofnanir er annast skoðun, viðhald og viðgerðir á köfunarbúnaði skulu hafa hlotið viðurkenningu Siglingastofnunar Íslands sem staðfestir hver réttindi og skyldur þeirra eru.

Um áfyllingu öndunarlofts á lofthylki gilda ákvæði íslenskra reglna um áfyllingarstöðvar fyrir gashylki.

9. gr.

Viðhaldskerfi og eftirlitsbók.

Eftirlit og viðhald köfunarverktaka á köfunarbúnaði skal vera gert eftir viðhaldskerfi þar sem tiltekið er hvernig og hvenær skuli prófa búnaðinn og íhluti hans samkvæmt viðeigandi stöðlum.

Eftirlitsbók skal fylgja hverjum samstæðum köfunarbúnaði. Í hana skal rita allt sem máli skiptir um viðhald, eftirlit og skoðanir. Hver sá, sem færir í bókina skal staðfesta færslu sína með undirskrift sinni ásamt dagsetningu.

III. KAFLI
Atvinnuköfunarskírteini.

10. gr.

Almenn ákvæði.

Hver sem vill stunda atvinnuköfun skal fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

a) vera fullra 20 ára,
b) standast með fullnægjandi hætti heilbrigðiskröfur,
c) uppfylla menntunar- og hæfniskröfur,
d) hafa gilt atvinnuköfunarskírteini útgefið af Siglingastofnun Íslands.

11. gr.

Útgáfa skírteina.

Siglingastofnun Íslands gefur út atvinnuköfunarskírteini samkvæmt reglugerð þessari.

Umsókn um atvinnuskírteini kafara skal senda til Siglingastofnunar Íslands. Í umsókn skal greina frá nafni umsækjanda, heimili og kennitölu. Umsókn skal fylgja:

a) Prófskírteini frá aðila sem kennir atvinnuköfun og sem hlotið hefur viðurkenningu Siglingastofnunar Íslands til kennslunnar.
b) Heilbrigðisvottorð frá lækni sem hefur sérþekkingu á líkamsástandi kafara er sýni að uppfylltar séu heilbrigðiskröfur samkvæmt reglugerð þessari.
c) Staðfesting samkvæmt köfunarbók um verklega þjálfun frá köfunarskóla eða öðrum viðurkenndum aðila eins og nánar greinir í námsskrá.
d) Tvær nýlegar ljósmyndir af umsækjanda.

12. gr.

Flokkar og gildistími skírteina.

Atvinnuköfunarskírteini flokkast með eftirfarandi hætti:

a) A-skírteini, sem heimilar mettunarköfun á ótakmarkað dýpi.
b) B-skírteini, sem heimilar köfun með allan búnað niður á 50 metra dýpi.
c) C-skírteini, sem heimilar froskköfun („SCUBA“) niður á 30 metra dýpi án afþrýstibiðar.

d) D-skírteini, sem veitir réttindi til kennslu áhugaköfunar.
e) E-skírteini, sem ætlað er fyrir nema í atvinnuköfun.

Atvinnuköfunarskírteini gildir til fimm ára í senn og eftir þann tíma getur viðkomandi sótt um að Siglingastofnun Íslands gefi út nýtt skírteini.

13. gr.
Varðveisla.

Siglingastofnun Íslands skal halda skrá um handhafa atvinnuköfunarskírteina.

Handhafa skírteinis eru óheimil önnur störf við köfun en þau sem skírteinið greinir.

Handhafi skírteinis skal jafnan hafa það í sinni vörslu þegar hann er að störfum og sýna það hlutaðeigandi yfirvöldum þegar þess er krafist.

IV. KAFLI
Kennsla í köfun.

14. gr.
Námsskrá og prófanefnd.

Siglingastofnun Íslands semur eða samþykkir námsskrá samkvæmt tilmælum í II. viðauka fyrir þá sem hyggja á nám í köfun. Kröfur um innihald námsskrár skal endurskoða með hliðsjón af reynslu og tækniþróun við köfun.

Öll próf í atvinnuköfun hérlendis og athuganir á hæfni þeirra sem lokið hafa prófi í atvinnuköfun erlendis skulu fara fram undir umsjón þriggja manna prófanefndar sem samgönguráðherra skipar. Siglingastofnun Íslands tilnefnir formann, stjórn Kafarafélags Íslands einn meðstjórnanda en sá þriðji er skipaður án tilnefningar af samgönguráðuneyti.

Sá sem fær leyfi til kennslu í áhugaköfun skal hafa lokið prófum frá viðurkenndum aðila.

Prófanefnd er heimilt að fylgjast með kennslu í köfun og sjá til þess að framfylgt sé fyrirmælum kennsluáætlunar og námsskrár.

15. gr.
Umsjón kennslunnar.

Viðurkenning Siglingastofnunar Íslands á kennslu í köfun er háð því að lögð sé fram kennsluáætlun og skrá yfir kennslubúnað sem stofnunin samþykkir að fenginni umsögn prófanefndar og að tilnefndir séu tveir kafarar með sömu eða hærri réttindi en kennt er til og kenna munu á umræddu námskeiði eða skóla. Annar þeirra skal hafa a.m.k. 200 klukkustunda botntíma, tveggja ára starfsreynslu sem atvinnukafari, náð 25 ára aldri og vera handhafi atvinnukafaraskírteinis A, B eða C.

Þeir aðilar sem stunda kennslu í köfun skulu halda skrá yfir nemendur og vera með gilda slysa- og veikindatryggingu fyrir sérhvern nemanda vegna hugsanlegra óhappa sem gætu komið upp í köfunarþjálfuninni.

Breyting á kennsluáætlun eða námstilhögun, kennslubúnaði eða öðru sem námið varðar er háð samþykki Siglingastofnunar Íslands að fenginni umsögn prófanefndar.

16. gr.
Nám erlendis.

Siglingastofnun Íslands skal viðurkenna nám á EES-svæðinu í atvinnuköfun sem hlotið hefur formlega viðurkenningu annars aðildarríkis enda uppfylli slíkt nám tilmæli European Diving Technology Committee (EDTC) varðandi nám í atvinnuköfun.

Nám í atvinnuköfun utan EES-svæðisins skal uppfylla ákvæði námsskrár samkvæmt mati Siglingastofnunar Íslands.

V. KAFLI
Heilbrigði og læknisskoðun.

17. gr.
Almenn ákvæði.

Læknisskoðun kafara skal gerð samkvæmt fyrirmælum sem Siglingastofnun Íslands setur í samráði við Landlæknisembættið og skal hún framkvæmd af lækni viðurkenndum af Landlæknisembættinu. Niðurstöður skoðunarinnar skal skrá á eyðublöð sem Siglingastofnun Íslands gefur út.

Atvinnukafarar og nemar í köfun skulu vera í góðu andlegu og líkamlegu ástandi og vera hæfir til köfunarstarfa.

Læknir sendir stofnuninni skriflega tilkynningu um að læknisskoðun sé lokið ásamt niðurstöðum hennar og staðfestir auk þess í köfunarbók kafarans hvort heilsufar kafarans fullnægi þeim kröfum sem til hans eru gerðar.

Standist kafari ekki læknisskoðun, falla réttindi hans til atvinnuköfunar niður. Standist kafarinn læknisskoðun getur hann sótt um endurnýjun atvinnuköfunarskírteinis.

Veiti kafari rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um heilbrigði sitt getur það varðað sviptingu eða neitun um veitingu atvinnuköfunarskírteinis.

Gildistími læknisskoðunar gagnvart veittum atvinnuskírteinum er 12 mánuðir ef ekki kemur til ástæða sem því breytir.

Ágreiningi um læknisskoðun skal vísa til landlæknis.

VI. KAFLI
Köfunarverktaki.

18. gr.
Almenn ákvæði.

Verkkaupa er óheimilt að ráða aðra til köfunarstarfa en köfunarverktaka.

Í sérhverri köfun skal vera köfunarverktaki sem;

a) ræður kafara einn eða fleiri til starfa í köfunaraðgerð; eða
b) kafar sjálfur í köfunaraðgerð; eða
c) sá maður sem verkkaupi tilnefnir skriflega sem köfunarverktaka, áður en köfun hefst.

Uppfylli fleiri menn en einn skilyrði köfunarverktaka skulu þeir menn í sameiningu tilnefna annan hvorn þeirra eða einhvern sem köfunarverktaka áður en köfunaraðgerð hefst.

Köfunarverktaki skal tilnefna skriflega köfunarformann einn eða fleiri. Honum er óheimilt að ráða til köfunarstarfa hérlendis aðra en handhafa gildra atvinnuköfunarskírteina.

Köfunarverktaki skal tryggja að köfunaráætlun sé gerð fyrir sérhverja köfunaraðgerð og að allir þátttakendur þekki og vinni eftir köfunaráætluninni.

19. gr.
Skyldur köfunarverktaka.

Köfunarverktaki skal tryggja, eins og framast er unnt, að köfunaraðgerð sé skipulögð og framkvæmd þannig að heilsu og öryggi allra sem þátt taka í aðgerðinni sé ekki hætta búin.

Köfunarverktaki skal sjá til þess að á köfunarstað sé nauðsynlegur fjöldi hæfra starfsmanna og allur sá búnaður sem þarf til að tryggja öryggi við köfunaraðgerðina og vegna hugsanlegra neyðartilfella sem upp gætu komið við köfunarstörfin.

Köfunarverktaki skal gera ráðstafanir til að framkvæmd eftirlits, prófanir og viðhald á köfunar- og neyðarbúnaði sé fullnægjandi og í samræmi við reglur og staðla. Hann skal jafnframt ganga úr skugga um að eftirlitsbækur fyrir köfunarbúnað séu færðar samkvæmt kröfum þar um.

Köfunarverktaki skal ganga úr skugga um að bókuð sé í köfunarbók skýrsla um sérhverja köfunaraðgerð.

Köfunarverktaka er skylt að stöðva köfunaraðgerð ef köfunarformaður eða kafari telja að aðstæður á köfunarstað ógni öryggi og heilsu kafaranna.

VII. KAFLI
Öryggi og skyldur við köfun.

20. gr.
Köfunarformaður.

Köfunarformaður stýrir öllum þeim sem starfa í köfunaraðgerð og einnig öllu því sem lýtur að köfuninni.

Köfunarformaður sér til þess að unnið sé eftir köfunaráætlun og að öryggisreglur séu haldnar. Hann skal færa í köfunarbók, samkvæmt tilmælum í I. viðauka, skýrslu um hverja þá köfunaraðgerð sem hann stýrir.

Köfunarformanni er óheimilt að kafa sjálfum í köfunaraðgerð nema:

a) hann sé að stjórna eða kenna áhugaköfun; og
b) hann geti kafað án þess að það tefli heilsu og öryggi annarra þátttakenda í hættu; og
c) köfunaráætlunin heimili þá köfun.

Enginn maður skal tilnefndur sem köfunarformaður eða starfa sem slíkur nema:

a) hann sé hæfur til að stjórna slíkri aðgerð á fullnægjandi hátt; og
b) hafi a.m.k. fimm ára reynslu sem atvinnukafari og/eða 200 kafanir; og
c) sé handhafi gilds atvinnuskírteinis kafara. Siglingastofnun Íslands er þó heimilt að gera skriflega undantekningu frá þessu skilyrði, enda hafi viðkomandi gengist undir læknisskoðun og staðist hana.

21. gr.
Skyldur kafara og annarra sem þátt taka í köfunaraðgerð.

Enginn skal kafa í köfunaraðgerð, nema:

a) hafa gilt atvinnukafaraskírteini fyrir viðkomandi köfunaraðgerð; og
b) standast heilbrigðiskröfur; og
c) vera meðvitaður um að ákvarðanir og aðgerðir sem hann tekur meðan á köfun stendur geta haft eða hafa í raun áhrif á hans eigið öryggi sem og öryggi starfsfélaga hans; og
d) til staðar sé köfunarverktaki í þeirri aðgerð.

Sérhver kafari skal:

a) fullvissa sig um að hans eigin köfunarbúnaður sé í lagi áður en köfun hefst; og
b) fara eftir fyrirmælum köfunarformanns eða köfunaráætlunar; og
c) færa köfunarbók samkvæmt tilmælum í I. viðauka um sérhverja köfun; og
d) varðveita köfunarbækur sínar í minnst fimm ár eftir að síðast var skrifað í þær.

22. gr.
Köfunaráætlun.

Köfunarverktaki skal áður en köfunaraðgerð hefst sjá til þess að gerð sé sérstök köfunaráætlun fyrir viðkomandi verk og að nauðsynlegar uppfærslur séu gerðar á áætluninni eftir því sem verkinu miðar áfram.

Köfunaráætlunin skal grundvallast á áhættumati vegna heilsu og öryggis sérhvers starfsmanns sem tekur þátt í köfunarstarfinu. Nánar er getið um innihald köfunaráætlunar í V. viðauka reglugerðarinnar.

23. gr.
Handbók.

Köfunarverktaki skal hafa til staðar á köfunarstað nauðsynlegar leiðbeiningar vegna köfunarstarfsins, t.d. í handbók, og skal hún vera aðgengileg öllum sem að verkinu vinna. Handbókin skal innihalda upplýsingar um stjórnskipulag starfseminnar, ábyrgð og skyldur starfsmanna, verklagsreglur fyrir köfunarstörfin, gátlista vegna öryggisráðstafana og viðhalds á búnaði, neyðarráðstafanir, gildandi lög og reglur um köfun, kröfur vegna umhverfismála, staðla, köfunartöflur og aðrar mikilvægar upplýsingar sem nota þarf við köfunarstarfið.

24. gr.
Neyðarráðstafanir.

Köfunarverktaki skal hafa áætlun um hvernig bregðast skal við slysum og öðrum hugsanlegum neyðaratvikum. Neyðaráætlun skal innihalda lýsingar á aðgerðum og verkefnum hvers starfsmanns og tiltekinn skal sá búnaður sem nota þarf þegar hættuástand verður. Neyðaráætlunin skal kynnt öllum sem að köfunarstörfunum koma og skal sérhverjum manni gerð grein fyrir skyldum sínum samkvæmt áætluninni. Köfunarverktaki skal sjá til þess að haldnar séu reglulegar æfingar samkvæmt fyrirmælum neyðaráætlunarinnar.

Áður en köfun hefst skal köfunarverktaki og/eða köfunarformaður gera ráðstafanir til að tryggja að leiðbeiningar læknis um meðhöndlun kafara fáist á köfunarstað og að kafari komist tafarlaust undir læknishendur ef óhapp verður. Gera skal áætlun um flutning kafara í afþrýstiklefa á tilskildum tíma.

Köfunarverktaki skal tryggja að starfsmenn á köfunarstað hafi tilskilda þekkingu á að beita fyrstu hjálp vegna þeirra slysa eða óhappa sem gætu komið upp við kafarastörfin. Nauðsynlegur skyndihjálparbúnaður skal vera til staðar og aðgengilegur á köfunarstað.

VIII. KAFLI
Viðurlög, gildistaka o.fl.

25. gr.
Sérstakar ástæður.

Samgönguráðuneytið getur veitt skriflega heimild til að víkja frá reglugerð þessari þegar sérstökum ástæðum er til að dreifa.

26. gr.
Viðurlög.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt 8. gr. laga um köfun nr. 31/1996.

27. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 31/1996 um köfun, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 88/1989 um kafarastörf.

Samgönguráðuneytinu, 22. júní 2001.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

I. VIÐAUKI
Köfunarbækur.

1. Köfunarbók/skýrsla köfunarformanns.

1.1 Köfunarformanni er skylt að færa í köfunarbók/bækur, skýrslu um skipulag, stjórnun og framkvæmd sérhverrar köfunar. Köfunarverktaki skal staðfesta skýrslu með undirskrift sinni og skal köfunarbók varðveitt í a.m.k. 5 ár eftir síðustu færslu í hana.

1.2 Í köfunarbók er fært eins og við á hverju sinni:
a) Nafn og heimilisfang köfunarverktaka.
b) Nafn köfunarformanns.
c) Nafn og verkefni kafara og annarra sem unnu við verkið.
d) Köfunarstaður og dagsetning.
e) Veður, sjólag, straumar og skyggni.
f) Tilgangur köfunaraðgerðar - Verkefni sem unnið var við.
g) Köfunar- og neyðaráætlun sem notuð var.
h) Öryggisráðstafanir sem voru gerðar.
i) Verklagsreglur sem voru notaðar.
j) Afþrýstitöflur sem voru notaðar.
k) Öndunartæki og öndunarloft sem hver kafari notaði.
l) Dýpi og köfunartími hvers kafara.
m) Köfunartími, botntími og uppstigstími.
n) Tími sem köfunarkúpa er notuð og tímasetning opnunar- og lokunarlúgu.
o) Slys, óhöpp, veikindi og bilanir sem komu upp við köfunaraðgerðina.
p) Aðrar athugasemdir vegna öryggis og heilsu starfsmanna.
q) Undirskrift köfunarformanns og köfunarverktaka.

2. Köfunarbók kafara.

2.1 Köfunarverktaki skal sjá til þess að kafari færi í köfunarbók eftir hverja köfun og skal köfunarverktaki síðan staðfesta færslu með undirskrift sinni. Í köfunarbók skal vera nafn og kennitala kafarans, ljósmynd af kafaranum og dagsetning síðustu læknisskoðunar. Köfunarbók skal varðveitt í a.m.k. 5 ár eftir síðustu færslu í hana.

2.2 Í köfunarbók er fært eins og við á hverju sinni:
a) Nafn og heimilisfang köfunarverktaka.
b) Nafn köfunarformanns.
c) Köfunarstaður og dagsetning.
d) Veður, sjólag, straumar og skyggni.
e) Verkefni sem unnið var við og verkfæri sem notuð voru.
f) Hvaða öryggisráðstafanir voru gerðar.
g) Öndunartæki og öndunarloft sem notuð voru.
h) Við endurtekna köfun skal færa köfnunarefnisleif frá fyrri köfun.
i) Dýpi sem kafað var á.
j) Köfunartími, botntími og uppstigstími.
k) Tími í köfunarkúpu/-bjöllu.
l) Hvaða afþrýstitöflur voru notaðar.
m) Einkenni um köfunarveiki, óþægindi eða meiðsli hjá kafara og meðhöndlun sem hann fékk vegna þeirra.
n) Aðrar athugasemdir vegna öryggis og heilsu kafara.
o) Undirskrift kafara.

II. VIÐAUKI
Nám í atvinnuköfun.

1. Námsskrá.

1.1 Samkvæmt 14. gr. reglugerðarinnar ber Siglingastofnun Íslands að semja eða samþykkja námsskrá fyrir þá sem hyggja á nám í atvinnuköfun. Námsskrá þessa skal endurskoða með hliðsjón af reynslu og tækniþróun við atvinnuköfun.

1.2 Við mat á námsskránni tekur Siglingastofnun Íslands tillit til þeirra krafna sem gerðar eru af öðrum aðildarríkjum EES-svæðisins. Námið skal einnig uppfylla tilmæli European Diving Technology Committee (EDTC).

1.3. Í námsskrá skal leggja áherslu á eftirfarandi námsefni:

a) Köfunareðlisfræði.
b) Líffærafræði.
c) Notkun köfunarbúnaðar og tækja.
d) Sjómennsku.
e) Fjarskipti og merkjamál við köfun.
f) Neðansjávarvinnu.
g) Neðansjávarhættur.
h) Afþrýstings- og meðferðartöflur.
i) Stjórn afþrýstiklefa.
j) Forvarnir í heilsu-, öryggis- og umhverfismálum.
k) Sjúkdóma og skyndihjálp.
l) Lög og reglugerðir um köfun og sem varða köfun.

2. Mat á námsárangri.

2.1 Samkvæmt 14. gr. reglugerðarinnar skulu öll próf í atvinnuköfun hérlendis og athuganir á hæfni þeirra sem lokið hafa prófi í atvinnuköfun erlendis fara fram undir umsjón prófanefndar.

2.2 Við matið styðst prófanefnd við eftirfarandi viðmiðanir:

a) Til að standast kröfur um námsframvindu skal nemandi hljóta a.m.k. 80 stig í meðaleinkunn (miðað við hæst 100 stig).
b) Prófanefnd er heimilt að krefjast þess að einkunn sé á bilinu 60 til 100 stig eftir mikilvægi námsgreinar.
c) Í munnlegum prófum skal einungis gefin einkunnin staðið eða fallið.
d) Ef nemandi hefur ekki staðist próf er honum heimilt að endurtaka prófið tvisvar sinnum. Í fyrra skiptið að einum mánuði liðnum eða síðar að mati prófanefndar og í sseinna skiptið síðar en mánuði eftir fyrra endurtekningarpróf.

III. VIÐAUKI
Læknisskoðun.

1. Viðmiðanir vegna gildistíma læknisskoðunar.

1.1 Læknisskoðun heldur gildi sínu gagnvart veitingu og endurnýjun atvinnuskírteina í 60 daga frá því að læknisskoðun var gerð nema augljósar ástæður hafi komið í ljós á þessu tímabili sem fella læknisskoðunina úr gildi að mati Siglingastofnunar Íslands. Verði ágreiningur um slíkt mat má vísa því til úrskurðar landlæknis.

1.2 Gildistími læknisskoðunar gagnvart veittum atvinnuskírteinum er 12 mánuðir ef ekki kemur til ástæða sem því breytir.

1.3 Hafi handhafi atvinnuskírteinis kafara verið frá vinnu samkvæmt eftirfarandi skal hann leggja fram skriflegt vottorð frá viðurkenndum lækni um að hann hafi náð heilsu til að geta hafið störf að nýju:
a) vegna veikinda eða slysa í meira en 20 daga,
b) lagður inn á sjúkrastofnun,
c) þungun.

1.4 Ekki má líða lengri tími en 3 mánuðir frá því læknisskoðun fór fram þar til byrjandi í atvinnuköfun hefur nám.

1.5 Rísi ágreiningur um niðurstöður læknisskoðunar milli læknis og skjólstæðings hans skal málinu vísað til landlæknis til úrskurðar.

2. Viðurkenning á lækni sem skoðar kafara.

2.1 Við ákvörðun á kröfum til sérþekkingar læknis sem viðurkenndur er af Siglingastofnun Íslands til heilbrigðisskoðunar kafara og útgáfu vottorða um líkamlegt og andlegt ástand kafara er haft samráð við landlæknisembættið. Tekið er mið af kröfum sem stjórnvöld í nágrannalöndum gera til menntunar og þjálfunar slíkra lækna og til hliðsjónar eru einnig höfð tilmæli European Diving Technology Committee (EDTC) og European Committee for Hyperbaric Medicine (ECHM).

2.2 Viðurkenning læknis til heilbrigðisskoðunar kafara gildir í 3 ár.

3. Fyrirmæli um læknisskoðun.

3.1 Fyrirmæli til læknis um læknisskoðun kafara eru sett af Siglingastofnun Íslands í samráði við landlæknisembættið. Við gerð fyrirmæla eru hafðar til hliðsjónar tillögur EDTC um kröfur til hreysti kafara.

3.2 Læknisskoðun á að fela í sér skoðun á líkamlegu og andlegu ástandi kafarans ásamt mati á hæfni hans til að geta unnið við kafarastörf. Við skoðunina þarf einkum að meta hreysti kafarans með tilliti til:
a) Hjarta- og æðakerfis.
b) Öndunarfæra, lungna, háls og nefs.
c) Taugakerfis.
d) Meltingar- og þvagfæra.
e) Sýkinga.
f) Heyrnar.
g) Sjónar.
h) Tanna.
i) Geðheilsu.
j) Úthalds við erfiðisvinnu.

IV. VIÐAUKI
Vinnutími og mönnun við kafarastörf.

1. Vinnutími kafara.

1.1 Vinnu- og hvíldartími kafara og annarra starfsmanna sem vinna við köfunaraðgerð skal vera skipulagður með tilliti til öryggis- og heilsusjónarmiða og skal hann vera tiltekinn fyrir hvern og einn sem að köfunarstarfinu kemur í köfunaráætlun.

1.2 Kafari skal fá daglega a.m.k. samfelldan 12 klukkustunda hvíldartíma á hverju 24 klukkustunda tímabili og skal skipuleggja vinnutíma þannig að hvíldartíminn sé á sama tíma sólarhringsins.

1.3 Við kafarastörf skal auk þess vera samfelldur lágmarkshvíldartími í 24 klukkustundir á hverju sjö daga tímabili.
1.4 Óheimilt er að krefjast þess að kafari vinni meira en 48 klukkustundir á sjö daga tímabili.
1.5 Við mettunarköfun skal samanlagður vinnutími kafara í sjó ekki vera lengri en 4 klukkustundir á sólarhring. Ef kafað er dýpra en 180 metra skal vinnutíminn í sjó ekki vera lengri en 3 klukkustundir.

2. Mönnun við kafarastörf.

2.1 Nauðsynlegur fjöldi kafara og aðstoðarmanna við hverja köfunaraðgerð skal tiltekinn í köfunaráætlun. Fjöldi þeirra fer eftir hvaða köfunaraðferð er notuð, umfangi verksins og mati á aðstæðum við köfunarstað með tilliti til öryggis kafaranna, köfunartíma, dýpi, afþrýstiaðgerðum og öryggisviðbúnaði.
2.2 Til viðmiðunar er lágmarksfjöldi kafara við köfunaraðgerðir:
a) Þrír kafarar þegar kafað er með sjálfbirgisbúnaði við mjög góðar aðstæður í tærum sjó og dýpi er ekki meira en 10 metrar, þ.e. köfunarformaður, kafari og öryggiskafari.
b) Fjórir kafarar við köfun með sjálfbirgisbúnaði eða aðfluttu lofti niður á 30 metra dýpi og öryggiskafari er búinn sjálfbirgisbúnaði, þ.e. köfunarformaður, kafari, öryggiskafari og aðstoðarmaður kafara.
c) Fimm kafarar við köfun með aðfluttu lofti niður að 50 metra dýpi, þ.e. köfunarformaður, kafari, öryggiskafari, aðstoðarmaður kafara og aðstoðarmaður öryggiskafara.
2.3 Við köfun með aðfluttu lofti skal vera einn aðstoðarmaður á hvern kafara sem er að störfum.
2.4 Auk kafara að störfum skulu vera starfsmenn til að sjá um viðbótarbúnað, vindur og til aðstoðar við neyðaraðgerðir.
2.5 Við mettunarköfun skulu vera sérstakir stjórnendur þrýstiklefa til að fylgjast með köfurum.
2.6 Fjöldi kafara og starfsmanna við umfangsmiklar köfunaraðgerðir og þegar köfunarbjalla er notuð skal vera samþykktur af Siglingastofnun Íslands.

V. VIÐAUKI
Köfunaráætlun og verklagsreglur.

1. Köfunaráætlun.

1.1 Köfunaráætlun skal gerð fyrir sérhverja köfunaraðgerð og skal hún innihalda nauðsynlegar upplýsingar og fyrirmæli fyrir alla sem taka þátt í köfunarstarfinu um:
a) umfang og framkvæmd viðkomandi verks; og
b) einstök verk við köfunaraðgerðina; og
c) köfunarbúnaðinn sem notaður er; og
d) varúðarráðstafanir vegna sérstakrar hættu á köfunarstað; og
e) verklagsreglur sem vísað er í; og
f) staðla og töflur sem notuð eru; og
g) neyðarráðstafanir; og
h) fáanlega utanaðkomandi neyðarþjónustu.

2. Verklagsreglur.

2.1 Við hverja köfun skal unnið samkvæmt verklagsreglum sem köfunarverktaki hefur útbúið með hliðsjón af umfangi starfseminnar og kröfum viðeigandi staðla og reglna. Köfun-

arverktaki skal fá samþykki Siglingastofnunar Íslands fyrir verklagsreglunum og skulu þær innihalda ákvæði um eftir því sem við á:

a) Ábyrgð, skyldur og starfslýsing fyrir:
   a. köfunarformann,
   b. öryggiskafara,
   c. aðstoðarmann/línuvörð,
   d. aðra starfsmenn.
b) Öryggisráðstafanir á köfunarstað.
   a. aðstæður á köfunarstað metnar,
   b. athugun á heilsu og ástandi kafara,
   c. skipun í einstök verk eftir hæfni starfsmanna,
   d. köfunaráætlun kynnt,
   e. ráðstafanir vegna aðstæðna á köfunarstað,
   f. sérstakar hættur á köfunarstað kynntar,
   g. ráðstafanir til að ná kafara fyrirvaralaust úr sjó,
   h. ráðstafanir vegna afþrýstiaðgerða,
   i. neyðaráætlun kynnt,
   j. köfunarbúnaður yfirfarinn,
   k. hjálparbúnaður og tæki yfirfarin.
c) Framkvæmd köfunar við mismunandi aðstæður, s.s.:
   a. köfun í náttmyrkri,
   b. köfun undir ís,
   c. köfun við lokaðar eða þröngar aðstæður,
   d. köfun í höfnum,
   e. köfun við flök,
   f. köfun við skip í rúmsjó,
   g. köfun vegna sprenginga neðansjávar,
   h. köfunarstörf við rafsuðu neðansjávar.
d) Neyðarráðstafanir.
   a. Neyðaráætlun.
   b. Nærtæk neyðarhjálp:
      i. síma- eða fjarskiptasamband við lækni og sjúkrahús,
      ii. flutningur kafara í afþrýstiklefa,
      iii. sjúkraflutningur.
   c. Sjúkrakassi og skyndihjálparbúnaður á köfunarstað.
   d. Handbækur og leiðbeiningar um skyndihjálp.
   e. Þjálfun og æfingar starfsmanna samkvæmt neyðaráætlun.
e) Búnaður við köfunarstörf, staðlar, eftirlit, prófanir, viðhald og notkun.
   a. Kröfur til sjálfbirgisbúnaðar (SCUBA).
   b. Kröfur til búnaðar sem notar aðflutt loft.
   c. Kröfur til annars köfunarbúnaðar.
   d. Flotjöfnunar- /björgunarvesti.
   e. Fjarskiptatæki.
   f. Þrýstiklefi.
   g. Annar búnaður.

2.2 Siglingastofnun Íslands gefur út nánari skilgreiningar á innihaldi verklagsreglna ef þörf krefur.

VI. VIÐAUKI
Fyrirbyggjandi aðgerðir á köfunarstað.

1. Almennt.

1.1 Kafarastörf skulu unnin á ábyrgan og öruggan hátt eftir verklagi því sem tiltekið er í köfunaráætluninni.

1.2 Köfunarverktaki skal tryggja að allir sem að köfunarstarfinu koma hafi góða þekkingu á verklagsreglum og hafi þjálfun í viðbrögðum vegna neyðaratvika samkvæmt neyðaráætlun.

2. Köfunarformaður.

2.1 Áður en köfun hefst skal köfunarformaður skoða og meta aðstæður á köfunarstað, spár og útlit um veður, sjólag, strauma og skyggni. Ef metið er að öryggi við köfunina sé ótryggt skal skilyrðislaust stöðva köfunaraðgerðir. Varast skal sérstaklega leyndar hættur, sterka strauma, útsog og aðfall sjávar.

2.2 Köfunarformaður skal athuga hvernig líðan kafara og líkamlegt ástand þeirra er áður en verkum er úthlutað.

2.3 Köfunarformaður skal gera öllum, sem að köfuninni starfa, grein fyrir skyldum sínum og hvetja til góðrar samvinnu. Hann kannar hugsanlega áhættu og gerir viðeigandi varúðarráðstafanir í samráði við kafara og aðstoðarmann.

2.4 Köfunarformaður skal ganga úr skugga um áður en köfun hefst að köfunarbúnaður og hjálpartæki séu í lagi.

2.5 Köfunarformaður skal athuga gæði öndunarlofts kafara og ganga úr skugga um að loftmagn og flutningsgeta kerfisins séu nægjanleg.

2.6 Áður en köfun hefst skal tryggja að unnt sé í neyð að ná kafara fyrirvaralaust úr vatninu með öryggiskafara í viðeigandi viðbragðsstöðu, notkun líflína og að lyftibúnaður sé á köfunarstað.

2.7 Köfunarformaður skal geta stjórnað afþrýstiaðgerðum ofansjávar og ef nauðsyn krefur meðhöndlun á slösuðum kafara eftir viðeigandi leiðarvísum og ráðleggingum læknis. Köfunarformaður skal ávallt meðhöndla veika eða slasaða kafara í samráði við lækni.

3. Öryggiskafari.

3.1 Áður en köfun hefst skal skipa sérstaka öryggiskafara sem uppfylla skilyrði um hæfni og réttindi kafara fyrir viðkomandi köfunarstarf.

3.2 Öryggiskafari skal ávallt vera reiðubúinn til tafarlausrar köfunar á það dýpi sem viðkomandi köfunarstarf er unnið á.

3.3 Ef notaður er búnaður fyrir aðflutt loft skal allur búnaður öryggiskafarans vera óháður búnaði kafarans.

3.4 Ef kafað er dýpra en á 20 metra dýpi með aðfluttu lofti skal öryggiskafarinn vera með samskonar búnað og kafarinn.

4. Aðstoðarmaður kafara.

4.1 Aðstoðarmaður kafara við köfun með aðfluttu lofti dýpra en 10 metra getur sá einn orðið sem fengið hefur atvinnuskírteini kafara eða er nemi í köfun.

4.2 Þar sem samskipti eru milli kafara og aðstoðarmanna ofansjávar skal hver kafari hafa sinn aðstoðarkafara.

4.3 Til að tryggja öryggi kafara skal aðstoðarmaður kafarans ekki sinna öðrum verkum meðan köfun fer fram.

4.4 Aðstoðarmaður kafara skal hafa sömu eða jafngilda fræðilega þekkingu og kafarinn sem hann aðstoðar.

5. Merking köfunarstaðar.

5.1 Merkja skal köfunarstað vegna hugsanlegrar umferðar með alþjóðamerkjafána A (alfa) úr stinnu efni. Þar sem kafað er frá skipi gildir 27. regla alþjóðasiglingareglna nr. 7/1975 sem fjallar um ljós og dagmerki.

6. Köfun við skip.

6.1 Aðstoðarbátar sem notaðir eru reglulega við köfunarstörf skulu hafa hlífðarbúnað um drifskrúfur.

6.2 Ekki má gangsetja drifskrúfur meðan kafað er, nema kafarinn sé því samþykkur og þannig um líflínu eða loftslöngu búið, að þær geti ekki flækst í drifskrúfunum.

6.3 Þar sem kafað er við skip verður að stöðva aðalvél þess og sé það gert á rúmsjó skal hafa inni öxulbremsu eða hliðstæðan viðbúnað. Verði því ekki komið við að stöðva aðalvélina, verður að binda viðkomandi stjórntæki og setja sérstakan vörð við, til þess að tryggja að vélin verði ekki tengd af vangá. Færa skal í leiðarbók eða dagbók að svo hafi verið gert.

7. Notkun vélbúnaðar.

7.1 Þar sem unnið er með krana eða aðrar vinnuvélar skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir, til þess að draga úr slysahættu kafarans. Stjórn aðgerða ofansjávar skal vera í höndum köfunarformanns.

7.2 Véldrifin áhöld, sem notuð eru við köfun, skulu vera búin þannig gangrofa, að sé honum sleppt þá stöðvist þau samstundis. Tryggt skal að aðstoðarmaður kafarans geti auðveldlega rofið orkustreymi til allra áhalda sem kafarinn notar.

VII. VIÐAUKI
Varúðarráðstafanir gegn köfunarveiki.

1. Aðgengi að afþrýstiklefa.

1.1 Við alla köfun sem fram fer á minna en 10 metra dýpi skal ávallt gera ráðstafanir til að tryggja öruggan og hraðan flutning kafara í afþrýstiklefa.

1.2 Við köfun á dýpi sem er yfir 10 metrum og að 30 metrum, og þar sem afþrýstingur er enginn eða minna en 20 mínútur skal flutningur til afþrýstiklefa vera tryggður innan tveggja klukkustunda.

1.3 Við köfun á dýpi sem er yfir 10 metrum og að 30 metrum, og þar sem afþrýstingur er meira en 20 mínútur skal vera afþrýstiklefi á staðnum.

1.4 Við köfun á dýpi sem er 30 metrar eða meira og köfun við borpalla og tengd mannvirki skal vera afþrýstiklefi á staðnum.

1.5 Afþrýstiklefi skal vera á köfunarstað þar sem afþrýstingsköfun er áætluð.

1.6 Afþrýstiklefinn skal rúma þann fjölda kafara sem kafa við verkefnið og skal stærð og gerð hans vera miðuð við umfang og eðli köfunarstarfa sem unnin eru.

2. Afþrýstibið í sjó.

2.1 Merki fyrir afþrýstibið kafara skulu vera á sérstaklega merktri línu. Afþrýstibiðin skal ekki fara fram eftir aflestri á dýptarmæli. Afþrýstingur skal fara fram eftir viðurkenndum afþrýstitöflum.

3. Takmörk á notkun köfunarbúnaðar.

3.1 Sjálfbirgisbúnað (SCUBA) skal ekki nota við afþrýstingsköfun og skal dýpi og botntími kafara takmarkast við það. Slík köfun skal ávallt takmarkast við dýpi minna en 30 metra.

3.2 Köfun með aðfluttu lofti skal takmarkast við dýpi sem er minna en 50 metrar.

3.3 Séu kafarastörf unnin á meira dýpi en 50 metrum skal notuð viðurkennd köfunarbjalla.

4. Annað.

4.1 Afþrýstitöflur skulu vera til taks á köfunarstað.

4.2 Gæta skal þess að hæfilegur tími líði ávallt milli þess að kafari stundi djúpsjávarköfun og fari í mikla hæð t.d. ferðist með flugvél.

VIII. VIÐAUKI
Köfunarbúnaður.

1. Almennt.

1.1 Allur köfunarbúnaður skal vera hannaður, framleiddur, prófaður og notaður í samræmi við kröfur gildandi reglna og viðurkenndra staðla. Með köfunarbúnaði skal fylgja vottorð frá viðurkenndri prófunarstofu um að búnaðurinn sé í samræmi við staðla og reglur.

1.2 Köfunarverktaki ber ábyrgð á að allur köfunarbúnaður og annar búnaður sem notaður er við köfunarstörf sé með tilskilin vottorð og að viðhald búnaðar sé ávallt fullnægjandi með tilliti til öryggissjónarmiða. Allt viðhald og viðgerðir á köfunarbúnaði skal skráð í eftirlitsbækur.

1.3 Köfunarformanni og köfurum er skylt að fullvissa sig um að búnaður þeirra sé í lagi áður en köfun hefst.

2. Öndunarbúnaður.

2.1 Köfunarlunga verður að geta fært minnst 130 lítra af lofti á mínútu til kafara á hverju því dýpi sem lungað er ætlað til notkunar á þó svo að flöskuþrýstingur sé aðeins 20 loftþyngdir.

2.2 Jafn loftræstur köfunarbúnaður verður að geta fært kafaranum minnst 140 lítra af lofti á mínútu með þeim þrýstingi sem svarar til dýpisins.

2.3 Búnaður fyrir aðflutt loft skal vera tvöfaldur, hafa aðalloftlind og varaloftlind. Auk þess skal kafari hafa neyðarloftsbúnað sem nægir til a.m.k. 10 mínútna dvalar í dýpinu og uppstigs að yfirborði. Varaloftlind skal vera tengd og tilbúin til notkunar áður en köfun hefst. Lágmarks loftnotkun kafara er áætluð minnst 40 lítrar/mín með þeim þrýstingi sem svarar til mesta dýpis sem ráðgert er að kafa niður á.

2.4 Heimilt er að tveir kafarar séu tengdir við sama stjórnborð og hafi sameiginlega loftlind.

2.5 Enginn hluti öndunarbúnaðar má vera úr þannig efnum að þau vegna áhrifa lofts, sjávar, eða útöndunar geti myndað efnasambönd sem gætu skaðað kafarann.

3. Lofthylki.

3.1 Öll lofthylki fyrir öndunarloft skulu fullnægja öryggisákvæðum og reglum um meðferð, eftirlit, prófanir og merkingar á slíkum hylkjum.

3.2 Jöfnunarhylki fyrir öndunarloft skulu hafa einstefnuloka á loftinntakinu. Lokinn tengist beint í hylkið. Sömuleiðis og á sama hátt skal vera loki á öllum úttökum. Ekki má tengja saman þjöppur eða lofthylki fyrir öndunarloft nema hvorttveggja sé viðurkennt til þeirra nota og í sama tilgangi.

3.3 Séu loftverkfæri tengd við öndunarlofthylki eða loftþjöppu þá verður loftrýmd hylkisins eða þjöppunnar ávallt að nægja til þess að anna hámarksloftþörf kafara og verkfæris samtímis.

4. Loftþjöppur og öndunarloft.

4.1 Loftþjappa, sem notuð er til hleðslu á öndunarlofti, skal vera búin síum og skiljum er hreinsa brott úr öndunarloftinu raka, olíu og önnur óhreinindi í föstu, fljótandi- eða loftkenndu formi þannig að hreinleiki loftsins uppfylli skilyrði þessarar greinar. Þjappa skal

einnig vera búin kælibúnaði til að draga úr myndun hættulegra efnasambanda vegna hita. Allar rafdrifnar lágþrýstiloftþjöppur skulu vera búnar afslætti á þjöppu en ekki drifmótor.

4.2 Sogrör véldrifinnar loftþjöppu skal vera þannig að engar líkur séu á því, að hún geti dregið til sín útblástursloft aflvélar eða aðrar skaðlegar lofttegundir.

4.3 Öndunarloft, sem ætlað er til köfunar má ekki innihalda meira af skaðlegum efnum, en svara til eftirtalinna rúmmálshlutfalla, mælt við eina loftþyngd:

CO_2 koltvíildi	300 hím
CO kolildi	10 hím
$NO+NO_2$ Köfnunarefnisildi	0,5 hím
Olía og rykagnir	2 mg/m^3
Vatn	50 mg/m^3 við 200 bör
	35 mg/m^3 við 300 bör

hím = hluti í milljón.

4.4 Taka skal reglulega sýni af öndunarlofti frá loftþjöppu eða a.m.k. á 6 mánaða fresti og mæla magn efna í öndunarloftinu.

4.5 Áfylling á loftflöskur skal eingöngu gerð af starfsmanni sem er 18 ára eða eldri, hefur fengið nauðsynlega fræðslu um loftflöskur/þrýstihylki og verið leiðbeint um hættur sem geta fylgt starfinu.


4.6 Áður en fyllt er á loftflösku skal athuga dagsetningu prófunarmerkingar og skoða vandlega ástand loftflösku og loftloka.

5. Tilfærsla lofts.

5.1 Til að hindra þrýstifall í hjálmbúningi og heilgrímu skal vera einstefnuloki á loftinntaki hjálmsins og grímunnar.

6. Flutningur öndunarlofts, stýritæki, pípur og slöngur.

6.1 Mótstaða í öndunarbúnaði má aldrei fara yfir eftirfarandi hámark, mælt í sentimetrum vatnssúlu (sm VS).



6.2 Innra þvermál í pípum, tengjum, og slöngum, sem flytja öndunarloft til kafara, skal vera nægilegt til að flytja það loftmagn sem tilgreint er í grein 6.1. Þó aldrei minna en 10 mm.
6.3 Pípur og pípuvirki til flutnings og dreifingar á öndunarlofti skulu vera trygg með góðum festingum og nauðsynlegum þenslubeygjum.
6.4 Flansar og skrúfuð tengi skulu vera á pípum og slöngum fyrir öndunarloft. Aðrar tengingar eru því aðeins leyfðar að þær séu jafntraustar.
6.5 Slöngur til flutnings á öndunarlofti frá búnaði, sem ekki er borinn af kafaranum, skulu vera hæfilega sveigjanlegar og þannig styrktar að ekkert hindri streymi um þær.
6.6 Allur uppsettur búnaður til deilingar á öndunarlofti ásamt stýri- og mælabúnaði sömuleiðis allar slöngur sem við hann eru notaðar skal þrýstireyna í heild.
6.7 Minnsti vinnuþrýstingur á slöngum fyrir öndunarloft er 10 kg/cm^2 en má aldrei fara yfir 25% af sprengiþoli. Slöngur, tengi, mæla og stýritæki skal þolreyna í 30 mínútur með 1,5 sinnum hámarksvinnuþrýstingi.
6.8 Slöngur fyrir öndunarloft undir þrýstingi skulu búnar tvöföldum festingum við tengi og skulu þau sérstaklega gerð til slíkra samsetninga. Tengi við hjálm, grímu og loftbirgðir skulu þannig búin að þau verði ekki fyrir togátaki. Allar slöngur og tengi skulu þola minnst 200 kg tog.
6.9 Þjónustulokar til stjórnunar á hjálmi eða heilgrímu, verða að vera af öruggri gerð og auðveldir í notkun. Gerð þjónustuloka og lokunarbúnaðar á opnanlegum framglugga skal vera þannig að röng stýring geti ekki valdið óhöppum.

7. Nauðsynlegir fylgihlutir köfunarbúnaðar.

7.1 Búnaður, sem borinn er af kafara, verður að vera tryggilega festur og vel fyrir komið. Söðull, ólar og annað þess háttar verða að halda styrk og lögun við hin ýmsu skilyrði og vera auðstillanleg. Kafarinn verður að geta losað sig við allan búnað á auðveldan hátt.
7.2 Kafari skal búinn björgunarvesti sem er stýrt með sérstökum loftbirgðum. Heimilt er að tengja björgunarvestið öndunarloftbirgðum til flotjöfnunar.
7.3 Kafara, sem notar aðflutt loft, er heimilt að kafa án björgunarvestis.
7.4 Búnaður, sem notar aðflutt loft, skal hafa líflínu. Hún skal vera úr traustu efni og fúavarin. Minnsta þvermál líflínu má vera 8 mm og slitþol ekki minna en 4000 Nm. Símakapall, sem uppfyllir framangreind ákvæði um slitþol, má koma í stað líflínu.
7.5 Símtæki skulu vera þannig búin að samband frá kafaranum rofni aðeins meðan talað er til kafarans og tengist síðan sjálfvirkt.
7.6 Öllum köfunarbúnaði verða að fylgja nauðsynlegar leiðbeiningar um samsetningu, notkun, hreinsun, eftirlit, geymslu og viðhald. Einnig skulu fylgja varahlutir og áhöld samkvæmt ábendingu.

8. Neyðarbúnaður.

8.1 Á hverjum köfunarstað skulu vera afþrýstitöflur og hentugur sjúkrakassi.
8.2 Þrýstiklefar sem notaðir eru til þrýstijöfnunar og flutninga á köfurum skulu vera af viðurkenndri gerð og uppfylla kröfur viðeigandi alþjóðlegra og evrópskra staðla.

9. Köfunarbúnaður köfunarfars/-skips.

9.1 Um köfunarbúnað fars/skips sem notað er til köfunarstarfa á rúmsjó gilda, auk annarra ákvæða reglugerðar þessarar, lágmarkskröfur þær sem settar eru fram af IMO um slíkan búnað í „Code of Safety for Diving Systems, 1995“.

REGLUGERÐ
um neysluvatn.

I. KAFLI
Gildissvið, markmið og skilgreiningar.

1. gr.
Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um neysluvatn þ.m.t. átappað vatn sem sérreglur gilda ekki um.

Ákvæði reglugerðarinnar gilda ekki um vatn úr náttúrulegum ölkeldum með köldu, kolsýru- og steinefnaríku vatni og um vatn sem notað er til lækninga og er viðurkennt sem slíkt. Reglugerð þessi gildir ekki um hitaveituvatn.

2. gr.
Markmið.

Markmið þessarar reglugerðar er að vernda heilsu manna með því að tryggja að neysluvatn sé heilnæmt og hreint.

3. gr.
Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari er:

1. **Brunnsvæði** sá hluti vatnsverndarsvæðis sem er í næsta nágrenni vatnsbólsins.
2. **Dreifikerfi** lagnakerfi sem dreifir vatninu til notenda að vatnsinntaki húss.
3. **Grunnvatn** vatn í gegnmettuðum jarðlögum undir yfirborði jarðar.
4. **Lindarvatn** vatn sem berst sjálfrennandi upp á yfirborð jarðar.
5. **Matvælafyrirtæki** hvert það fyrirtæki og hver sá aðili sem annast framleiðslu og dreifingu matvæla.
6. **Neysluvatn** vatn í upphaflegu ástandi eða eftir meðhöndlun, án tillits til uppruna þess og hvort sem það kemur úr dreifikerfi, tönkum, flöskum eða öðrum ílátum og ætlað er til neyslu, eða matargerðar. Einnig allt vatn sem notað er í matvælafyrirtækjum, nema unnt sé að sýna fram á að gæði þess vatns sem notað er hafi ekki áhrif á heilnæmi framleiðslunnar.
7. **Neysluvatnskerfi húss** lagnir og tilheyrandi búnaður milli vatnsinntaks húss og krana.
8. **Vatnsból** náttúruleg uppspretta eða mannvirki, þar sem vatn er tekið.
9. **Vatnsveita** fyrirtæki og mannvirki þess sem veitir vatni frá vatnsbóli til vatnsinntaksloka notenda.
10. **Vatnsverndun** ákvörðun um varðveislu vatnsgæða og viðhald þeirra svo og aðgerðir sem hindra spillingu vatns.
11. **Vatnsverndarsvæði** afmarkað svæði á vatnasviði vatnsbóla þar sem vatnsvernd hefur verið komið á.
12. **Yfirborðsvatn** vatn af yfirborði jarðar, sem nota má til neyslu ef það uppfyllir ákveðnar gæðakröfur.

II. KAFLI
Leyfisveitingar og kröfur.

4. gr.
Starfsleyfi.

Afla skal starfsleyfis heilbrigðisnefndar áður en eftirlitsskyld vatnsból eða vatnsveitur, sbr. 12. gr., og tilheyrandi búnaður er tekinn í notkun og við eigendaskipti, samanber ákvæði reglugerðar um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla. Skal

það gert að undangenginni ákvörðun um vatnsvernd í samræmi við reglugerð um varnir gegn mengun vatns og rannsókn á gæðum vatnsins í samræmi við ákvæði 13. greinar þessarar reglugerðar. Kostnaður við rannsóknir greiðist af þeim sem sækir um starfsleyfi. Samráð skal haft við heilbrigðisnefnd um breytingar á eldri vatnsbólum eða vatnsveitum, eða ef breytingar verða á starfsemi þeirra, sem gætu haft áhrif á gæði neysluvatnsins.

Leyfi heilbrigðisnefndar þarf fyrir íblöndun efna sem ætluð eru til meðhöndlunar á neysluvatni. Einnig þarf leyfi heilbrigðisnefndar fyrir aðferðir sem notaðar eru við meðhöndlun á neysluvatni.

5. gr.

Heilbrigði starfsfólks.

Enginn sem ætla má að haldinn sé sjúkdómi, sem borist getur með vatni, má gegna störfum við vatnsveitu ef það er talið geta valdið sýkingarhættu. Ef ástæða er til að ætla að um slíka sýkingarhættu geti verið að ræða skal viðkomandi starfsmaður gangast undir læknisrannsókn á kostnað vatnsveitunnar.

6. gr.

Kröfur til neysluvatns.

Vatnsveitur og aðrir sem dreifa neysluvatni skulu sjá til þess að neysluvatn uppfylli kröfur í viðauka I við reglugerð þessa. Neysluvatn skal vera laust við örverur, sníkjudýr og efni í því magni sem getur haft áhrif á heilsu manna. Fyrir þá efnisþætti, sem ekki er fjallað um í viðauka I, skal stuðst við leiðbeiningar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) um gæði neysluvatns.

Neysluvatn skal jafnframt uppfylla ákvæði reglugerðar um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla og annarra sértækari reglna sem til þess ná.

Þegar nýta á yfirborðsvatn til neyslu skal það uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í reglugerð þessari og leiðbeiningum Hollustuverndar ríkisins um gæði yfirborðsvatns.

Átappað lindarvatn skal uppfylla þau skilyrði um örverufræðilega þætti, merkingar umbúða og búnað sem notaður er, sem tilgreind eru í reglugerð um ölkelduvatn.

7. gr.

Neysluvatn til átöppunar.

Neysluvatn, sem ætlað er til sölu í neytendaumbúðum, skal leitt í leiðslu frá vatnsbóli til átöppunarhúsnæðis eða tekið til átöppunar úr veitukerfi. Ef átappað vatn er merkt sem lindarvatn, skal það leitt í sérleiðslu frá uppsprettustað til átöppunarhúsnæðis.

8. gr.

Undanþágur.

Hollustuvernd ríkisins er heimilt að veita undanþágu frá hámarksgildum að því tilskildu að heilsu manna stafi ekki hætta af og að því tilskildu að ekki sé hægt með neinu öðru eðlilegu móti að dreifa neysluvatni á viðkomandi svæði. Slíkri undanþágu skulu fylgja eftirfarandi upplýsingar um:

a) ástæður fyrir undanþágunni;
b) viðkomandi rannsóknarþætti, fyrri niðurstöður úr eftirliti og leyfilegt hámarksgildi;
c) landsvæði, vatnsmagn, íbúa og matvælafyrirtæki sem verða fyrir áhrifum;
d) eftirlitsáætlun;
e) samantekt úr áætlun um nauðsynlegar aðgerðir til úrbóta;
f) gildistíma undanþágunnar.

Undanþága skal gilda í eins skamman tíma og unnt er og aldrei lengur en í þrjú ár.

Áður en undanþága er veitt skal Hollustuvernd ríkisins auglýsa fyrirhugaða undanþágu með tryggilegum hætti þar sem íbúum viðkomandi svæðis er gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við stofnunina innan tilskilins frests.

Hollustuvernd ríkisins skal veita íbúum viðkomandi landsvæðis tafarlaust upplýsingar um veitta undanþágu og skilyrði fyrir henni og ráðgjöf.

Telji Hollustuvernd ríkisins að frávik frá hámarksgildi sé óverulegt og hægt sé að ráða bót á vandanum innan 30 daga þarf ekki að beita ákvæðum liða a-f. Í slíkum tilvikum skal heilbrigðisnefnd setja leyfilegt hámarksgildi og tilgreina frest til úrbóta. Ekki er heimilt að beita undanþágu samkvæmt þessari grein ef frávik frá hámarksgildi hefur verið viðvarandi hjá sömu vatnsveitu í meira en 30 daga á undanfarandi 12 mánuðum.

Grein þessi gildir ekki um átappað vatn.

III. KAFLI
Vatnsvernd.

9. gr.
Varnir gegn mengun vatnsbóla.

Umhverfis hvert vatnsból skal heilbrigðisnefnd ákvarða vatnsverndarsvæði sem skiptist í brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði, sbr. reglugerð um varnir gegn mengun vatns. Brunnsvæði skal vera algjörlega friðað fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar. Heilbrigðisnefnd skal, þar sem þörf krefur, krefjast þess að svæðið skuli girt gripa- og mannheldri girðingu, sem sé minnst 5 metra frá vatnsbóli.

Vatnsveitur skulu gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir að vatnsból spillist. Sama gildir um aðra staði s.s. ár eða læki þar sem vatn er tekið til neyslu. Skylt er að tilkynna heilbrigðisnefnd tafarlaust ef vitað er um mengun á vatni í vatnsbólum eða dreifikerfi.

Um varnir gegn mengun vatnsbóla gildir að öðru leyti ákvæði reglugerðar um varnir gegn mengun vatns.

10. gr.
Efnisval og viðhald.

Leiðslur, dælur, geymar og annað sem notað er við vatnsveitu skal þannig gert og viðhaldið að neysluvatn spillist ekki. Eftirlitsaðila er heimilt að banna notkun slíks búnaðar ef ætla má að notkun hans geti valdið heilsutjóni.

11. gr.
Vernd ónýttra vatnsbóla.

Heilbrigðisnefnd og vatnsveitum er heimilt að gera tillögur til viðkomandi sveitarstjórnar að reglum til verndar ónýttum vatnsbólum.

Slíkar reglur skal setja sem heilbrigðissamþykktir, sbr. ákvæði 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

IV. KAFLI
Eftirlit og rannsóknir.

12. gr.
Eftirlit.

Heilbrigðisnefndir, undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, fara með eftirlit með ákvæðum þessarar reglugerðar, sbr. reglugerð um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla.

Heilbrigðisnefndum er heimilt með sérstökum samningum að fela tiltekna þætti eftirlitsins lögbundnum eftirlitsaðilum með matvælum og faggiltum skoðunaraðilum í samræmi við 24. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Ábyrgð á eftirlitinu og framkvæmd þvingunarúrræða hvílir eftir sem áður á viðkomandi heilbrigðisnefnd.

Heilbrigðisnefndir hafa ekki reglubundið eftirlit eða framkvæma heildarúttekt hjá vatnsveitum sem þjóna færri en 50 manns eða 20 heimilum/sumarbústöðum, nema þær þjóni matvælafyrirtækjum. Þá skal hafa reglubundið eftirlit með þeim í samræmi við töflur 4 og 5 í viðauka I a.m.k. einu sinni á ári. Einnig skal fara fram heildarúttekt a.m.k. einu sinni á ári ef vatnsnotkun fer yfir 100 m^3 á dag miðað við ársmeðaltal.

Eftirlit skal haft með ástandi neysluvatns, þ.m.t. vatnsbólum og brunnsvæði þeirra, vatnsveitum, hreinsi- og dælustöðvum, dreifikerfum og öðru sem áhrif kann að hafa á neysluvatn. Eftirlit með yfirborðsvatni sem nota á í framleiðslu á neysluvatni skal vera í samræmi við leiðbeiningar Hollustuverndar ríkisins um gæði yfirborðsvatns, mæliaðferðir, tíðni sýnatöku og greiningar á yfirborðsvatni. Eftirlit skal felast í:

a) reglubundnu eftirliti með rannsóknaþáttum sem tilgreindir eru í töflu 4 í viðauka I og samkvæmt lágmarkstíðni sem tilgreind er í töflu 6 í viðauka I eða töflu 6 ef um átappað vatn er að ræða. Hollustuvernd ríkisins getur heimilað allt að 50% frávik frá lágmarkstíðni greininga sem tilgreind eru í töflu 6 fyrir mismunandi rannsóknaþætti í töflu 4 ef:
   1. mæligildi úr sýnum sem tekin eru a.m.k. í 2 ár í röð eru stöðug og verulega lægri en hámarksgildin og
   2. ekkert hefur komið í ljós sem bendir til að spilli gæðum neysluvatnsins

og

b) heildarúttekt á rannsóknaþáttum sem tilgreindir eru í töflum 1, 2, 3 í viðauka I og samkvæmt lágmarkstíðni sem tilgreind er í töflum 6 og 7 í viðauka I nema vatnsveita geti sýnt fram á með niðurstöðum mælinga yfir a.m.k. þriggja ára tímabil eða með öðrum gögnum að ólíklegt sé að tiltekinn rannsóknaþáttur mælist yfir hámarksgildi.

Eftirlitsaðili getur gert kröfur um allar ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til að tryggja að neysluvatn uppfylli skilyrði sem tilgreind eru í viðauka I.

13. gr.

Sýnataka.

Taka skal sýni á þann hátt að þau endurspegli ástand vatns á mismunandi árstímum og skal heilbrigðisnefnd ákveða sýnatökustaði í samráði við vatnsveitur.

Um sýnatöku og meðferð vatnssýna skal fara eftir leiðbeiningum Hollustuverndar ríkisins um töku vatnssýna. Tíðni sýnatöku og greiningaraðferðir fer eftir ákvæðum viðauka I og II og tíðni reglubundins eftirlits og heildarúttektar í matvælafyrirtækjum skal ákvarðast af vatnsnotkun í samræmi við leiðbeiningar Hollustuverndar ríkisins um eftirlit með neysluvatni í matvælafyrirtækjum. Heilbrigðisnefnd skal meta þörf á aukinni sýnatöku ef vatn á litlum vatnsveitusvæðum er notað á sjúkrastofnunum, í skólum eða annarri starfsemi svo og ef vatnsgæði eru óstöðug.

Ef aðrar greiningaraðferðir eru notaðar skal leita samþykkis Hollustuverndar ríkisins. Rannsóknir sýna skulu gerðar á faggiltum rannsóknarstofum með faggiltum rannsóknaraðferðum.

Til þess að meta hvort neysluvatn stenst kröfur samkvæmt viðauka I skulu sýni til rannsókna tekin á eftirfarandi hátt:

a) vegna vatns úr dreifikerfi skal taka sýni úr vatnsbólum og þar úr dreifikerfinu sem það er tiltækt notendum;
b) vegna átappaðs vatns til dreifingar skal taka sýni þar sem vatnið fer í flöskur eða önnur ílát;

c) vegna vatns sem notað er í matvælafyrirtæki skal taka sýni þar sem vatnið er tekið til notkunar inn í húsið;
d) vegna vatns úr tankbílum, tankvögnum eða tankskipum skal taka sýni þar sem vatnið er tekið úr tanknum.

Taka skal sýni og framkvæma mælingar ef rökstuddur grunur er um mengun neysluvatns vegna efna eða örvera sem ekki koma fram í viðauka I en geta valdið tjóni á heilsu fólks. Áður en nýtt vatnsból er tekið í notkun skal fara fram heildarúttekt samkvæmt viðauka I.

Í sérstökum tilvikum og þegar alvarlegt ástand getur skapast er Hollustuvernd ríkisins heimilt án fyrirvara að setja tímabundið strangari ákvæði en þau sem birt eru í viðaukum við reglugerð þessa og leiðbeiningum um yfirborðsvatn.

14. gr.

Viðbrögð við menguðu neysluvatni.

Ef niðurstöður greininga vegna sýnatöku eftirlitsaðila, vegna heildarúttektar eða vegna reglubundins eftirlits, sbr. viðauka I, fara yfir hámarksgildi skal heilbrigðisnefnd þegar rannsaka þau tilvik í því skyni að greina orsök þeirra og meta hvort líkur eru á að heilsu manna stafi hætta af.

Ef niðurstöður greininga vegna sýnatöku dreifingaraðila fara yfir hámarksgildi skal hann tilkynna það til heilbrigðisnefndar án tafar.

Rannsóknaþættir í viðauka I eru flokkaðir í flokka A, B og C eftir því til hvaða aðgerða ber að grípa ef gildi mælist hærra en hámarksgildi viðkomandi þátta. Mælist gildi yfir hámarksgildi fyrir framangreinda flokka skal gripið til eftirfarandi aðgerða:

Flokkur A:

Gripið skal til nauðsynlegra aðgerða til úrbóta til að endurheimta vatnsgæðin. Heilbrigðisnefnd skal í samráði við Hollustuvernd ríkisins banna dreifingu eða notkun neysluvatnsins, nema eftir nauðsynlegar aðgerðir til verndar heilsu manna. Heilbrigðisnefnd skal tafarlaust veita neytendum upplýsingar og ráðgjöf.

Flokkur B:

Gripið skal til nauðsynlegra aðgerða til úrbóta til að endurheimta vatnsgæðin. Skulu aðgerðir ráðast af því hve mikið greining er yfir hámarksgildi og þeirri hættu sem heilsu manna er búin. Taki heilbrigðisnefnd í samráði við Hollustuvernd ríkisins þá ákvörðun að banna dreifingu neysluvatnsins eða takmarka notkun skal það gert með hliðsjón af þeirri hættu sem það kann að skapa. Í slíkum tilvikum skulu neytendum tafarlaust veittar upplýsingar og nauðsynleg ráðgjöf.

Flokkur C:

Heilbrigðisnefnd skal í samráði við Hollustuvernd ríkisins meta hvort heilsu manna er hætta búin. Heilbrigðisnefnd ber að grípa til aðgerða til að endurheimta vatnsgæðin. Neytendum skal tilkynnt um aðgerðir nema um óverulegt frávik sé að ræða.

Heilbrigðisnefnd skal tilkynna viðkomandi héraðslækni eða sóttvarnalækni jafnskjótt og hún hefur orðið vör við hugsanlega smithættu, sbr. ákvæði 11. gr. sóttvarnalaga nr. 19/1997.

15. gr.

Ábyrgð húseigenda og aðgerðir.

Ef niðurstaða greiningar vatnssýnis skv. a-lið 13. gr., er yfir hámarksgildi og rekja má orsakir þess til neysluvatnskerfis húss er það á ábyrgð húseigenda að grípa til nauðsynlegra aðgerða.

Ef um er að ræða byggingar eða fyrirtæki sem veita vatni til almennings, s.s. í skólum, heilbrigðisstofnunum eða matvælafyrirtækjum, ber heilbrigðisnefnd að gera kröfu um úrbætur og leiðbeina húseigendum um mögulegar aðgerðir sem þeir geta gripið til eftir því sem við á.

Heilbrigðisnefnd skal sjá til þess að hlutaðeigandi neytendur fái upplýsingar um ástand vatnsins og aðgerðir sem þeir geta gripið til.

16. gr.
Skýrslugerð.

Heilbrigðisnefndir skulu árlega skila skýrslu til Hollustuverndar ríkisins um niðurstöður úr sýnatökum á neysluvatni. Hollustuvernd ríkisins skal taka saman og birta skýrslu árlega um ástand neysluvatns í þeim tilgangi að koma upplýsingum á framfæri við neytendur.

V. KAFLI
Viðurlög og gildistaka.

17. gr.

Til að knýja á um framkvæmd ráðstafana samkvæmt reglugerð þessari getur heilbrigðisnefnd beitt þvingunarúrræðum samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og lögum nr. 93/1995 um matvæli.

18. gr.
Viðurlög.

Með brot gegn reglugerð þessari skal farið samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og lögum nr. 93/1995 um matvæli, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

19. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og lögum nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum. Einnig var höfð hliðsjón af ákvæðum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, sem vísað er til í XX. viðauka II. kafla (tilskipun 98/83/EB). Einnig með þeim breytingum og viðbótum sem leiða af XX. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Þá er reglugerðin sett að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, sbr. ákvæði 3. mgr. 9. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 319/1995 um neysluvatn, með síðari breytingum. Reglugerðin skal endurskoðuð eigi síðar en í júní 2006.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Gæði neysluvatns skulu uppfylla ákvæði þessarar reglugerðar fyrir 5. desember 2003.
2. Fyrsta skýrslan sem Hollustuvernd ríkisins skal taka saman samkvæmt 16. gr. skal birta árið 2004.

Umhverfisráðuneytinu, 28. júní 2001.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

VIÐAUKI I

Rannsóknaþættir, hámarksgildi og fyrirkomulag greininga.

Með reglubundnu eftirliti skal reglubundið afla upplýsinga um ástand neysluvatns með tilliti til efna-, eðlis- og örverufræðilegra þátta til þess að meta hvort neysluvatnið stenst þau hámarksgildi sem sett eru. Einnig skal afla upplýsinga um hversu skilvirk meðhöndlun drykkjarvatns er (einkum sótthreinsun) þar sem henni er beitt.

Heildarúttekt felst í að kanna hvort neysluvatn stenst öll hámarksgildi skv. reglugerð þessari.

Rannsóknaþættir eru flokkaðir í A, B og C flokka eftir því til hvaða aðgerða ber að grípa ef gildi mælast hærri en hámarksgildi viðkomandi þátta, sbr. ákvæði 14. gr.

Tafla 1. Heildarúttekt - Örverufræðilegir þættir.

RANNSÓKNAÞÁTTUR	HÁMARKSGILDI	FLOKKUN	ATHUGASEMDIR
Heildargerlafjöldi við 22°C	100/ml	C	
Kólígerlar	0/100 ml	C	
Escherichia coli (E. Coli)	0/100 ml	A	
Saurkokkar	0/100 ml	A	
Clostridium perfringens (þ.m.t. gró)	0/100 ml	C	Aðeins fyrir yfirborðsvatns eða ef hætta er á mengun vatnsbóls frá yfirborðsvatni. Ef gildi mælast yfir hámarksgildi skal mæla sjúkdómsvaldandi örverur, s.s. Cryptosporidium

Eftirfarandi á við átappað vatn:

RANNSÓKNAÞÁTTUR	HÁMARKSGILDI	FLOKKUN	ATHUGASEMDIR
Heildargerlafjöldi 22°C	100/ml	A	
Heildargerlafjöldi 37°C	20/ml	A	
Kólígerlar	0/250 ml	A	
Escherichia coli (E. Coli)	0/250 ml	A	
Saurkokkar	0/250 ml	A	
Pseudomonas aeruginosa	0/250 ml	A	
Clostridium perfringens (þ.m.t. gró)	0/100 ml	A	Aðeins fyrir yfirborðsvatns eða ef hætta er á mengun vatnsbóls frá yfirborðsvatni. Ef gildi mælast yfir hámarksgildi skal mæla sjúkdómsvaldandi örverur, s.s. Cryptosporidium

Tafla 2. Heildarúttekt - Efna- og eðlisfræðilegir þættir.

RANNSÓKNAÞÁTTUR	HÁMARKSGILDI	FLOKKUR	ATHUGASEMDIR
1,2-díklóretan	3,0 µg/l	B	
Akrýlamíð	0,10 µg/l	B	Hámarksgildið vísar til styrks einliðuleifa í vatninu, reiknað út frá forskrift fyrir hámarkslosun frá samsvarandi fjölliðu í snertingu við vatn
Ál	200 µg/l	C	
Ammoníum	0,50 mg/l	C	
Antímon	5,0 µg/l	B	
Aromatísk fjölhringa kolvatnsefni (PAH)	0,10 µg/l	B	Hámarksgildið á við summu af styrk eftirfarandi efnasambanda: benzo(b)flúoranten, benzo(k)flúoranten benzo(ghi)perylen,indeno(1,2,3-cd)pyren
Arsen	10 µg/l	B	
Bensen	1,0 µg/l	B	
Benso(a)pyren	0,010 µg/l	B	
Blý	10 µg/l	B	Gildið skal vera lýsandi fyrir neysluvatn
Bór	1,0 mg/l	B	
Bragð		C	Fullnægjandi fyrir neytendur og engin óeðlileg breyting
Brómat	10 µg/l	B	
Epiklórhýdrin	0,10 µg/l	B	Hámarksgildið vísar til styrks einliðuleifa í vatninu, reiknað út frá forskrift fyrir hámarkslosun frá samsvarandi fjölliðu í snertingu við vatn
Flúoríð	1,5 mg/l	B	
Heildarmagn lífræns kolefnis (TOC)	Engin óeðlileg breyting	C	Þarf aðeins að mæla ef vatnsnotkun er meira en 10.000 m^3/dag
Járn	200 µg/l	C	
Kadmíum	5,0 µg/l	B	
Klóríð	250 mg/l	C	Vatnið má ekki vera tærandi
Kopar	2,0 mg/l	B	Gildið skal vera lýsandi fyrir neysluvatn
Króm	50 µg/l	B	
Kvikasilfur	1,0 µg/l	B	
Leiðni	2500 µS cm^{-1} við 20°C	C	Vatnið má ekki vera tærandi
Litur		C	Fullnægjandi fyrir neytendur og engin óeðlileg breyting
Lykt		C	Fullnægjandi fyrir neytendur og engin óeðlileg breyting
Mangan	50 µg/l	C	
Natríum	200 mg/l	C	
Nikkel	20 µg/l	B	Gildið skal vera lýsandi fyrir

RANNSÓKNAÞÁTTUR	HÁMARKSGILDI	FLOKKUR	ATHUGASEMDIR
			neysluvatn
Nítrat	50 mg/l	B	Uppfylla þarf skilyrði um að [nítrat]/50 + [nítrít]/3 ≤ 1, þar sem hornklofarnir merkja styrkinn í mg/l fyrir nítrat (NO_3) og nítrít (NO_2) og að gildið fyrir nítrít fari ekki yfir 0,10 mg/l í vatni frá vatnsveitu
Nítrít	0,50 mg/l	B	Uppfylla þarf skilyrði um að [nítrat]/50 + [nítrít]/3 ≤ 1, þar sem hornklofarnir merkja styrkinn í mg/l fyrir nítrat (NO_3) og nítrít (NO_2) og að gildið fyrir nítrít fari ekki yfir 0,10 mg/l í vatni frá vatnsveitu
Oxunarhæfni	5,0 mg/l O_2	C	Þarf ekki að mæla ef heildarmagn lífræns kolefnis (TOC) er mælt
Selen	10 µg/l	B	
Súlfat	250 mg/l	C	Vatnið má ekki vera tærandi
Sýaníð	50 µg/l	B	
Sýrustig	≥ 6,5 og ≤ 9,5 pH eining	C	Vatnið má ekki vera tærandi. Fyrir kolsýrulaust átappað vatn má lágmarksgildið fara niður í pH 4,5
Tetraklóreten og tríklóreten	10 µg/l	B	Summa styrks efnasambandanna
Tríhalómetan	100 µg/l	B	Summa styrks eftirfarandi efnasambanda: klóróform, brómóform, díbrómóklórmetan, brómódíklórmetan
Varnarefni	0,10 µg/l	B	Hámarksgildið á við hvert einstakt varnarefni[1]. En hámarksgildi fyrir aldrín, díeldrín, heptaklór og heptaklórepoxíð er 0,030 µg/l fyrir hvert efni
Varnarefni - heildarmagn	0,50 µg/l	B	Merkir samtölu allra einstakra varnarefna sem finnast og eru magngreind við eftirlit
Vínilklóríð	0,50 µg/l	B	Hámarksgildið vísar til styrks einliðuleifa í vatninu, reiknað út frá forskrift fyrir hámarkslosun frá samsvarandi fjölliðu í snertingu við vatn
Grugg	Fullnægjandi fyrir neytendur og engin óeðlileg breyting	C	Stefna skal að hámarksgildi ekki hærra en 1,0 NTU (nephelometric turbidity units) í vatni sem hefur verið yfirborðsmeðhöndlað

1. Varnarefni eru: lífrænt skordýraeitur, lífrænn illgresiseyðir, lífrænn sveppaeyðir, lífrænn þráðormaeyðir, lífrænn mauraeyðir, lífrænn þörungaeyðir, lífrænn nagdýraeyðir, lífrænn slímeyðir, skyldar vörur (svo sem vaxtarstýriefni) og umbrots-, niðurbrots- og hvarfefni þeirra. Aðeins þarf að mæla þau varnarefni sem líkur eru á að séu til staðar í vatninu á hverjum stað.

Tafla 3. Geislavirkni.

GEISLAVIRKNI	HÁMARKSGILDI	ATHUGASEMDIR
Þrívetni	100 Bq/l	Mælingatíðni verður ákvörðuð síðar.
Heildarbendiskammtur	0,10 mSv/ár	Mælingatíðni, mæliaðferðir, og mikilvægustu mælingastaðir verða ákvarðaðir síðar nema fyrir þrívetni, kalíum-40, radon og sindurafurðir radons.

Tafla 4. Reglubundið eftirlit – Örverufræðilegir þættir.

RANNSÓKNAÞÁTTUR	HÁMARKSGILDI	FLOKKUN	ATHUGASEMDIR
Heildargerlafjöldi við 22°C	Engin óeðlileg breyting	C	
Kólígerlar	0/100 ml	C	
Escherichia coli (E. Coli)	0/100 ml	A	
Clostridium perfringens (þ.m.t. gró)	0/100 ml	C	Aðeins fyrir yfirborðsvatns eða ef hætta er á mengun vatnsbóls frá yfirborðsvatni. Ef gildi mælast yfir hámarksgildi skal mæla sjúkdómsvaldandi örverur, s.s. Cryptosporidium

Eftirfarandi á við átappað vatn:

RANNSÓKNAÞÁTTUR	HÁMARKSGILDI	FLOKKUN	ATHUGASEMDIR
Heildargerlafjöldi 22°C	100/ ml	A	
Heildargerlafjöldi 37°C	20/ml	A	
Kólígerlar	0/250 ml	A	
Escherichia coli (E. Coli)	0/250 ml	A	
Pseudomonas aeruginosa	0/250 ml	A	
Clostridium perfringens (þ.m.t. gró)	0/100 ml	A	Aðeins fyrir yfirborðsvatns eða ef hætta er á mengun vatnsbóls frá yfirborðsvatni. Ef gildi mælast yfir hámarksgildi skal mæla sjúkdómsvaldandi örverur, s.s. Cryptosporidium

Tafla 5. Reglubundið eftirlit – Efna- og eðlisfræðilegir þættir.

RANNSÓKNAÞÁTTUR	HÁMARKSGILDI	FLOKKUN	ATHUGASEMDIR
Ál	200µg/l	C	Á einungis við þegar ál er notað við að mynda kekki
Ammoníum	0,50 mg/l	C	
Járn	200 µg/l	C	Á einungis við þegar járn er notað við meðhöndlun á vatni
Nítrít	0,50 mg/l	B	Á einungis við ef klóramín er notað til sótthreinsunar
Sýrustig (pH)	≥ 6,5 og ≤ 9,5	C	Kolsýrulaust átappað vatn má hafa pH niður í 4.5
Litur	Fullnægjandi fyrir neytendur og engin óeðlileg breyting	C	

RANNSÓKNAÞÁTTUR	HÁMARKSGILDI	FLOKKUN	ATHUGASEMDIR
Leiðni	2500 µS cm^{-1} við 20°C	C	Vatnið skal ekki vera tærandi
Lykt	Fullnægjandi fyrir neytendur og engin óeðlileg breyting	C	
Bragð	Fullnægjandi fyrir neytendur og engin óeðlileg breyting	C	
Grugg	Fullnægjandi fyrir neytendur og engin óeðlileg breyting	C	

Tafla 6. Lágmarkstíðni greininga.

ÍBÚAFJÖLDI Á VEITUSVÆÐI *(1)*	REGLUBUNDIÐ EFTIRLIT FJÖLDI SÝNA Á ÁRI *(2), (3) OG (4)*	HEILDARÚTTEKT FJÖLDI SÝNA Á ÁRI *(2), (4) OG (5)*
Færri en 150	1/2 (6)	Ákvörðun heilbrigðisnefndar í samráði við Hollustuvernd ríkisins
151 – 500	1	Ákvörðun heilbrigðisnefndar í samráði við Hollustuvernd ríkisins
501 – 1 000	4	1
1 001 – 5 000	4	1
5 001 – 10 000	7	1
10 001 – 15 000	10	1
15 001 – 20 000	13	2
20 001 – 25 000	16	2
25 001 – 30 000	19	3
30 001 – 35 000	22	3
35 001 – 40 000	25	3
40 001 – 45 000	28	3
45 001 – 50 000	31	3
>50 000	34 + 3 fyrir hverja viðbótar 5000 íbúa á veitusvæði	3 + 1 fyrir hverja viðbótar 50.000 íbúa á veitusvæði

1. Veitusvæði er landfræðilega afmarkað svæði þar sem neysluvatn kemur úr einu eða fleiri vatnsbólum og þar sem líta má svo á að gæði vatnsins séu hér um bil einsleit.
2. Ef um er að ræða ósamfellda skammtímavatnsveitu úr tankbílum, tankvögnum eða tankskipum skal ákveða sýnafjölda/tíðni sérstaklega.
3. Hollustuvernd ríkisins getur heimilað allt að 50% frávik frá lágmarkstíðni greininga sem tilgreind eru í töflu 5 fyrir mismunandi rannsóknaþætti í töflu 4 ef:
   a. mæligildi úr sýnum sem tekin eru a.m.k. í 2 ár í röð eru stöðug og verulega lægri en hámarksgildin;
   b. ekkert hefur komið í ljós sem líkur benda til að spilli gæðum neysluvatnsins.
4. Sýnatöku skal eftir því sem unnt er dreifa jafnt með tilliti til tíma og staðsetningar.
5. Mæla þarf alla þætti heildarúttektar samkvæmt töflu 1, 2 og 3 nema að vatnsveita geti sýnt fram á með niðurstöðum mælinga eða á annan hátt að ólíklegt sé að tiltekinn rannsóknaþáttur mælist yfir hámarksgildi.
6. ½ þýðir annað hvert ár, 1/3 þriðja hvert ár, ¼ fjórða hvert ár.

Tafla 7. Lágmarkstíðni sýnatöku og greininga á neysluvatni sem dreift er á flöskum eða í öðrum ílátum.

Rúmmál neysluvatns sem er framleitt á dag til sölu í flöskum eða öðrum ílátum[1] m^3	Reglubundið eftirlit Fjöldi sýna á ári	Heildarúttekt Fjöldi sýna á ári
< 10	1	1
> 10 ≤ 60	12	1
> 60	1 fyrir hverja byrjaða 5 m^3/dag	1 fyrir hverja byrjaða 100 m^3/dag

1. Rúmmál er reiknað sem meðaltal miðað við eitt almanaksár.

VIÐAUKI II
Greiningaraðferðir.

Fyrir þær rannsóknaraðferðir sem ekki eru faggiltar skulu rannsóknastofur sem rannsaka sýni hafa gæðaeftirlitskerfi sem er sannprófað af óháðum aðila sem viðurkenndur er af Hollustuvernd ríkisins í þessu skyni.

1. Fyrir eftirfarandi rannsóknaþætti skal aðeins nota tilgreindar greiningaraðferðir.

Eftirfarandi meginreglur um aðferðir fyrir örverufræðilega rannsóknaþætti eru annaðhvort gefnar upp sem tilvísun þegar CEN/ISO aðferð er tilgreind eða til leiðbeiningar uns frekari alþjóðlegar CEN/ISO aðferðir kunna að verða samþykktar. Heimilt er að nota aðrar aðferðir, að því tilskildu að unnt sé að sýna fram á að niðurstöðurnar sem fást, séu að minnsta kosti jafnáreiðanlegar og þær sem fást með tilgreindu aðferðunum.

Kólígerlar and *Escherichia coli (E. coli)*	ISO 9308-1
Saurkokkar	ISO 7899-2
Pseudomonas aeruginosa	prEN ISO 12780
Heildarfjöldi gerla við 22°C	prEN ISO 6222
Heildarfjöldi gerla við 37°C	prEN ISO 6222

Clostridium perfringens (gró meðtalin)

Himnusíun ásamt loftfirðri ræktun himnunnar á m-CP agar[1)] við 44 ± 1°C í 21 ± 3 klst. Taldir eru ógegnsæir gulir gerlaklasar sem verða bleikir eða rauðir eftir að ammonium hýdroxíð gufur hafa leikið um þá í 20-30 sekúndur.

1)
Samsetning m-CP agars er:
Grunnæti:

Tryptósi (Tryptose)	30 g
Gerkjarni (Yeast extract)	20 g
Súkrósi	5 g
L-systeín hýdróklóríð	1 g
$MgSO_4$-$7H_2O$	0,1 g
Brómókresól purpurarautt	40 mg
Agar	15 g
Vatn	1000 ml

Efni grunnætisins eru leyst upp, pH stillt á 7,6 og sett í gufusæfi við 121°C í 15 mínútur. Ætinu er leyft að kólna og síðan er sett í það:

D-sýklóserín	400 mg
Pólýmyxín-B súlfat	25 mg
Indoxýl-(-D-glúkósíð	60 mg
Sem skal leyst upp í 8 ml af sæfðu vatni áður en því er bætt í	
Síuð sæfð 0,5% fenolftalin dífosfat lausn	20 ml
Síuð sæfð 4,5% $FeCl_3, 6H_2O$	2 ml

2. Rannsóknaþættir sem gæðakröfur eru tilgreindar fyrir.

Gerðar eru þær kröfur til greiningaraðferða, sem notaðar eru til að mæla eftirfarandi rannsóknaþætti, að unnt sé að minnsta kosti að mæla styrk sem er jafnhár hámarksgildi með tilgreindri samkvæmni (trueness), nákvæmni (precision) og greiningarmörkum. Niðurstöðurnar skulu settar fram með a.m.k. sama fjölda aukastafa og hámarksgildið í viðauka I án tillits til næmi greiningaraðferðarinnar sem notuð er.

Gerðar eru þær kröfur til greiningaraðferðar, sem notuð er til að mæla styrk vetnisjóna, að unnt sé að minnsta kosti að mæla styrk sem er jafnhár hámarksgildi með samkvæmni upp á 0,2 pH einingar og nákvæmni upp á 0,2 pH einingar.

Tafla 8. Rannsóknaþættir sem gæðakröfur eru tilgreindar fyrir.

RANNSÓKNA-ÞÆTTIR	SAMKVÆMNI SEM HLUTFALL AF MÆLIGILDI [1], [3]	NÁKVÆMNI SEM HLUTFALL AF MÆLIGILDI [2], [3]	GREININGAR-MÖRK SEM HLUTFALL AF MÆLIGILDI [4]
1,2-díklóretan	25	25	10
Akrýlamíð			
Ál[5]	10	10	10
Ammonium	10	10	10
Antímon	25	25	25
Aromatísk fjölhringa kolvatnsefni	25	25	25
Arsen	10	10	10
Bensen	25	25	25
Bensó(a)pýren	25	25	25
Blý	10	10	10
Bór	10	10	10
Brómat	25	25	25
Epiklórhýdrin[5]			
Flúoríð	10	10	10
Járn	10	10	10
Kadmíum	10	10	10
Klóríð	10	10	10
Kopar	10	10	10
Króm	10	10	10
Kvikasilfur	20	10	20
Leiðni	10	10	10
Mangan	10	10	10
Natríum	10	10	10
Nikkel	10	10	10
Nítrat	10	10	10
Nítrít	10	10	10

RANNSÓKNA-ÞÆTTIR	SAMKVÆMNI SEM HLUTFALL AF MÆLIGILDI [1), (3)]	NÁKVÆMNI SEM HLUTFALL AF MÆLIGILDI [2), (3)]	GREININGAR-MÖRK SEM HLUTFALL AF MÆLIGILDI [4)]
Oxunarhæfni	25	25	10
Selen	10	10	10
Súlfat	10	10	10
Sýaníð	10	10	10
Tetraklóreten	25	25	10
Tríhalómetan – Alls	25	25	10
Tríklóreten	25	25	10
Varnarefni	25	25	25
Vinyl klóríð			

1. Samkvæmni er sú kerfisbundna skekkja sem er munur á meðaltali margra endurtekinna mælinga og raunverulegu mæligildi.
2. Nákvæmni er sú slembiskekkja sem er gefin upp sem staðalfrávik (innan lotu og milli lotna) í dreifingu niðurstaðna í kringum meðaltal. Viðunandi nákvæmni er tvisvar sinnum hlutfallslegt staðalfrávik.
3. Þessi hugtök eru nánar skilgreind í ISO 5725.
4. Greiningarmörk eru annaðhvort:
   – þrisvar sinnum hlutfallslegt staðalfrávik innan lotu fyrir sýni með lágan styrk viðkomandi mæligildis

   eða
   – fimm sinnum hlutfallslegt staðalfrávik innan lotu fyrir núllsýni.
5. Sannprófað með vörulýsingu.

3. Mæligildi sem engar greiningaraðferðir hafa verið tilgreindar fyrir.

Litur
Lykt
Bragð
Heildarmagn lífræns kolefnis (TOC)
Grugg[1)]

1) Fyrir eftirlit með gruggi í meðhöndluðu yfirborðsvatni eru gerðar þær gæðakröfur að með greiningaraðferðinni, sem notuð er, sé að minnsta kosti unnt að mæla styrk sem er jafnhár hámarksgildi með tilgreindri samkvæmni upp á 25%, nákvæmni upp á 25% og greinimörkum upp á 25%.

Nr. 537 29. júní 2001

GJALDSKRÁ

fyrir Búnaðarsamband A-Húnavatnssýslu.

1. gr.

Sæðingargjöld fyrir kýr, íslenskt sæði:	kr.
a. Gjald af hverri sæddri kú þegar um innleggjanda er að ræða	2.500
b. Gjald af hverri sæddri kú þegar ekki er um innleggjanda að ræða	4.500
Sæðingargjöld fyrir kýr, holdasæði:	
a. Gjald af hverri sæddri kú þegar um innleggjanda er að ræða	3.000
b. Gjald af hverri sæddri kú þegar ekki er um innleggjanda að ræða	5.000

2. gr.

Gjald fyrir leigu á sónartæki:	kr.
a. Leiga á sónartæki fyrir hryssu	450
b. Leiga á sónartæki fyrir óskýrslufærða kind	2.000
c. Leiga á sónartæki fyrir skýrslufærða kind kr.	1.500
Gjald fyrir ómskoðun á kindum umfram 10 verður	50

3. gr.

Virðisaukaskattur reiknast aukalega á gjöld skv. 1. og 2. gr.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 3. gr. búnaðarlaga nr. 70/1998 og að fenginni umsögn Bændasamtaka Íslands og tekur þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá nr. 523/2000 fyrir Búnaðarsamband A-Húnavatnssýslu.

Landbúnaðarráðuneytinu, 29. júní 2001.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

27. júní 2001 Nr. 538

GJALDSKRÁ

fyrir nautgripasæðingar á svæði BúnaðarsamtakaVesturlands.

1. gr.

	kr.
Heimsóknargjald:	600
Gjald fyrir sæðingu hjá skýrsluhöldurum:	1.080
Gjald fyrir sæðingu hjá þeim sem ekki eru í skýrsluhaldi:	1.560
Gjald fyrir sæðingu hjá þeim sem ekki eru með mjólkurframleiðslu:	4.200
Gjald fyrir sæði úr holdanautum:	1.200

Heimsóknargjald verður innheimt við hverja heimsókn sæðingamanns, óháð fjölda sæðinga og á það einnig við hjá þeim sem ekki eru með mjólkurframleiðslu og þegar notað er holdnautasæði.

Innheimt er gjald af mjólkurframleiðendum 1,7% af afurðastöðvaverði mjólkur eins og það er á hverjum tíma.

2. gr.

Virðisaukaskattur reiknast aukalega á hverja gjaldtöku skv. 1. gr.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 3. gr. búnaðarlaga nr. 70/1998 og að fenginni umsögn Bændasamtaka Íslands og tekur þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá fyrir nautgripasæðingar á svæði Búnaðarsamtaka Vesturlands, nr. 568/1999.

Landbúnaðarráðuneytinu, 27. júní 2001.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir Búnaðarsamband Eyjafjarðar.

1. gr.

Gjald fyrir kúasæðingar er 1,7% af afurðastöðvaverði mjólkur og auk þess er:

	kr.
gjald á sædda kú í skýrsluhaldi:	800
gjald á sædda kú utan skýrsluhalds:	1.600
gjald á sædda kú þar sem ekki er mjólkurframleiðsla:	3.800
viðbótargjald á holdnautasæðingu:	700

2. gr.

Sérhæfð þjónusta:

ómsjármælingar og stigun á sauðfé og skoðun á sláturhæfni nautgripa, tímagjald pr. mann:	1.500
ýmiss konar útseld vinna eða sérhæfð þjónusta við einstaklinga, s.s. áætlanagerðir, matsgerðir, umsóknir, vottorð, mælingar og fleiri verkefni sem falla undir lögin, tímagjald pr. mann:	2.500

3. gr.

Virðisaukaskattur reiknast aukalega á hverja gjaldtöku skv. 1. og 2. gr.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 3. gr. búnaðarlaga nr. 70/1998 og að fenginni umsögn Bændasamtaka Íslands og tekur þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 27. júní 2001.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

Nr. 540 2. júlí 2001

REGLUGERÐ

um tímabundna endurgreiðslu 2/3 hluta virðisaukaskatts vegna kaupa eða leigu hópferðabifreiða.

Gildissvið.

1. gr.

Eftir ákvæðum reglugerðar þessarar geta þeir sem leyfi hafa til fólksflutninga í atvinnuskyni samkvæmt lögum nr. 13/1999 um skipulag á fólksflutningum með hópferðabifreiðum fengið endurgreidda 2/3 hluta þess virðisaukaskatts sem greiddur var/er vegna kaupa eða leigu hópferðabifreiða 1. september 2000 til 31. desember 2003.

Skilyrði fyrir endurgreiðslu.

2. gr.

Endurgreiðsluheimild skv. 1. gr. er bundin við hópferðabifreiðir, sem nýskráðar eru á tímabilinu 1. september 2000 til 31. desember 2003 og búnar eru aflvélum samkvæmt EURO2 staðli ESB, eða sambærilegum aflvélum. Með hópferðabifreið er átt við ökutæki sem aðallega er ætlað til fólksflutninga og skráð er fyrir 18 menn eða fleiri að meðtöldum ökumanni. Heimildin tekur ekki til almenningsvagna.

Endurgreiðslubeiðni.

3. gr.

Sækja skal um endurgreiðslu til tollstjórans í Reykjavík á sérstökum eyðublöðum í því formi sem tollstjórinn í Reykjavík ákveður.

Með umsókn skulu fylgja gögn sem sýni fram á að krafa 2. gr. reglugerðar þessarar um aflvél samkvæmt EURO2 staðli ESB, eða sambærilega aflvél, sé uppfyllt.

Með umsókn skal fylgja frumrit sölureiknings eða greiðsluskjal frá tollyfirvöldum þar sem virðisaukaskattur af kaupverði kemur sérstaklega fram. Þessi skjöl skal stimpla við endurgreiðslu og endursenda umsækjanda að lokinni afgreiðslu.

Þegar um leigu er að ræða skal afrit af leigusamningi fylgja með umsókn. Jafnframt skulu fylgja frumrit sölureikninga þar sem virðisaukaskattur af leigugjaldi kemur sérstaklega fram. Þessi skjöl skal stimpla við endurgreiðslu og endursenda umsækjanda að lokinni afgreiðslu.

Sölureikningar skulu uppfylla form- og efniskröfur skv. II. kafla reglugerðar nr. 50/1993, um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskattsskyldra aðila.

Afgreiðsla á umsóknum.

4. gr.

Tollstjórinn í Reykjavík afgreiðir beiðnir um endurgreiðslu samkvæmt reglugerð þessari. Hann skal rannsaka endurgreiðslubeiðni og getur í því sambandi krafið umsækjanda og viðsemjanda hans nánari skýringa á viðskiptunum.

Tollstjórinn í Reykjavík annast endurgreiðslu.

5. gr.

Röng skýrslugjöf eða framlagning rangra eða villandi gagna, svo og röng upplýsingagjöf látin í té í því skyni að fá endurgreiðslu á virðisaukaskatti samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, varðar við 40. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í lögum nr. 57/2001, um breyting á lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 2. júlí 2001.

F. h. r.
Baldur Guðlaugsson.

Ingvi Már Pálsson.

REGLUGERÐ

um endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna sölu hópferðabifreiða úr landi.

Gildissvið.

1. gr.

Eftir ákvæðum reglugerðar þessarar skal endurgreiða rekstraraðilum hópferðabifreiða, sem leyfi hafa samkvæmt lögum nr. 13/1999 um skipulag á fólksflutningum með hópferðabifreiðum, 19,68% af söluverði hópferðabifreiða sem þeir sannanlega selja úr landi, sbr. þó 2. mgr.

Endurgreiða skal rekstraraðilum hópferðabifreiða, sem nýskráðar eru á tímabilinu 1. september 2000 til 31. desember 2003 og notið hafa endurgreiðslu virðisaukaskatts skv. lögum nr. 57/2001, um breyting á lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988, 6,56% af söluverði hópferðabifreiða sem þeir sannanlega selja úr landi.

Endurgreiðslubeiðni.

2. gr.

Sækja skal um endurgreiðslu á sérstöku eyðublaði í því formi sem tollstjórinn í Reykjavík ákveður.

Afgreiðsla á umsóknum og skilyrði endurgreiðslu.

3. gr.

Tollstjórinn í Reykjavík afgreiðir beiðnir um endurgreiðslu samkvæmt reglugerð þessari og annast endurgreiðslu.

Skilyrði endurgreiðslu er að í beiðni um endurgreiðslu sé sýnt fram á með fullnægjandi hætti að mati tollstjóra að hópferðabifreiðin hafi verið seld úr landi.

Tollstjórinn í Reykjavík skal rannsaka endurgreiðslubeiðni og getur hann í því sambandi krafið umsækjanda nánari skýringa á viðskiptunum. Með beiðni um endurgreiðslu skal fylgja frumrit sölureiknings eða greiðsluskjal frá tollyfirvöldum þar sem fram kemur söluverð hópferðabifreiðar með áritaðri staðfestingu tollgæslunnar á því að hópferðabifreið samkvæmt reikningnum hafi verið seld úr landi.

4. gr.

Röng skýrslugjöf eða framlagning rangra eða villandi gagna, svo og röng upplýsingagjöf látin í té í því skyni að fá endurgreiðslu á virðisaukaskatti samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, varðar við 40. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 6. gr. laga nr. 105/2000, um breyting á lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 3. júlí 2001.

F. h. r.
Baldur Guðlaugsson.

Ingvi Már Pálsson.

REGLUR

um tímabundnar undanþágur frá akstri eigin leigubifreiðar.

I. KAFLI
Framkvæmd undanþágna.

1. gr.

Samgönguráðherra er heimilt, í samráði við umsjónarnefnd fólksbifreiða, að fela félögum leigubifreiðastjóra með starfssvæði í eftirfarandi fjórum umdæmum að veita leyfishöfum undanþágur frá akstri eigin leigubifreiðar, sbr. 2. mgr. 7. gr. laga um leigubifreiðar nr. 61/1995, með síðari breytingum.

Umdæmi I: Reykjavík, Kópavogur, Hafnarfjörður, Garðabær, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Bessastaðahreppur.
Umdæmi II: Reykjanesbær, Miðnes-, Gerða- og Vatnsleysustrandarhreppur.
Umdæmi III: Árborg.
Umdæmi IV: Akureyri.

Samgönguráðuneytið gefur út starfsleyfi skv. 1. mgr., að fenginni jákvæðri umsögn umsjónarnefndar enda mælir umsjónarnefnd fólksbifreiða með útgáfu starfsleyfis. Í umdæmi I er það skilyrði fyrir því að hljóta og halda starfsleyfi að bifreiðastjórafélag hafi minnst 10 félagsmenn, sem hafi atvinnuleyfi til aksturs leigubifreiða til mannflutninga. Bifreiðastjórafélag, sem hlotið hefur starfsleyfi, skal í einu og öllu fara eftir lögum og reglum um leigubifreiðar til mannflutninga og er ráðuneytinu heimilt, að fenginni tillögu umsjónarnefndar, sbr. 15. gr., að afturkalla starfsleyfi þess félags, sem út af því bregður. Bifreiðastjórafélag með starfsleyfi skal halda sérgreindum tekjum og gjöldum vegna starfsemi, sem fellur undir reglur þessar.

Bifreiðastjórafélag skal afgreiða undanþágubeiðni sinna félagsmanna og annarra leyfishafa í sama umdæmi, sem kjósa að skipta við félagið. Kjósi leyfishafi að skipta við annað félag en hann hefur áður gert varðandi undanþágubeiðni, ber honum áður en umsókn er tekin til afgreiðslu að upplýsa nýja félagið um allar undanþágur sem fyrra félagið hefur veitt honum á síðustu 12 mánuðum. Bifreiðastjórafélagi ber að verða við ósk annars félags að upplýsa um veittar undanþágur. Atvinnuleyfishafi sem stendur utan félags ber að gera viðkomandi umsjónarnefnd grein fyrir hvert hann hyggst sækja undanþágur.

Sætti bifreiðastjóri sig ekki við ákvörðun bifreiðastjórafélaganna er honum heimilt að áfrýja til umsjónarnefndar fólksbifreiða á viðkomandi svæði og er úrskurður hennar endanlegur á sviði stjórnsýslunnar.

2. gr.

Bifreiðastjórafélögin skulu fara eftir lögum og reglum um leigubifreiðar og reglum þessum og þar sem vafamál koma upp skal hafa hliðsjón af reglum sem gilda á vinnumarkaði og skulu bifreiðastjórafélögin afgreiða þau af sanngirni þannig að jafnræðis sé gætt á milli bifreiðastjóra.

Á svæðum þar sem fleiri en eitt félag bifreiðastjóra annast útgáfu undanþágna skal hlutaðeigandi umsjónarnefnd að höfðu samráði við hlutaðeigandi bifreiðastjórafélög setja reglur um útgáfu á aksturshemildum, svo að eftirlit bifreiðastjórafélaga, málsmeðferð, form, útlit og efni aksturshemilda verði samræmt eins og kostur er.

3. gr.

Bifreiðastjórafélögunum er aðeins heimilt að veita undanþágu til leyfishafa til að ráða til sín launþega sem uppfylla skilyrði 1., 2., 4. og 5. tölul. 3. gr. laga um leigubifreiðar.

II. KAFLI
Undanþágur vegna orlofs.

4. gr.

Leyfishafa er heimilt að gera út bifreið sína í 5 vikur í orlofi. Við hver 5 ár frá leyfisveitingu í samfelldu starfi bætist ein vika við útgerðarheimildina. Þó má orlofsútgerð aldrei vara lengur en 9 vikur á ári. Útgerð í orlofi er að lágmarki ein vika í hvert sinn nema þegar færri en 7 sólarhringar standa eftir af óteknu orlofi. Þá skulu þeir teknir út í einu lagi.

5. gr.

Orlofstímabil hefst 1. maí ár hvert og stendur til 30. apríl árið eftir. Ekki er hægt að færa orlof á milli tímabila.

III. KAFLI
Undanþágur vegna veikinda.

6. gr.

Heimilt er að veita leyfishafa undanþágu frá akstri í veikindum í þrjá mánuði á ári sanni hann það með læknisvottorði að hann sé óvinnufær.

Heimilt er að framlengja slíka heimild í allt að eitt ár skv. áliti trúnaðarlæknis þess bifreiðastjórafélags sem hefur með akstursheimild viðkomandi að gera.

Sé fyrrgreind heimild skv. 1. og 2. mgr. fullnýtt er heimilt að framlengja hana á gundvelli úrskurðar trúnaðarlæknis umsjónarnefndar, enda liggi fyrir óvinnufærni skv. örorkumati. Þá skal útgerð einnig háð eftirfarandi takmörkunum:

a. Viðkomandi skal ekki stunda aðra atvinnu á því tímabili sem útgerðin stendur, sjá þó 9. gr.
b. Viðkomandi skal ekki dvelja erlendis á því tímabili sem útgerðin stendur, nema til að leita sér lækninga samkvæmt úrskurði trúnaðarlæknis umsjónarnefndar.
c. Áfengismeðferð og vímuefnameðferð telst til veikinda í fyrsta skipti en ekki ef um ítrekaða meðferð er að ræða.

7. gr.

Veikinda- og útgerðarleyfi skulu vara í minnst einn sólarhring og hefjast kl. 08.00 eða kl. 20.00. Orlofsleyfi skulu hefjast kl. 08.00 eða kl. 20.00.

8. gr.

Í undantekningartilfellum er heimilt að veita leyfishafa heimild til að aka á móti launþega, óski hann þess vegna undangenginna alvarlegra veikinda.

Heimild skv. 1. mgr. má framkvæma með því að aka á móti launþega, þannig að frá sunnudegi til föstudags, ekur leyfishafi allt að sex tíma á dag. Þessi tími skal ákveðinn fyrirfram, t.d. kl. 06.00-12.00. Launþegi má aka 12 tíma á dag, t.d. kl. 12.00-24.00 mánudag til fimmtudags og frá kl. 20.00 til 08.00 helgar nætur (aðfararnætur laugar- og sunnudaga).

Þessi útgerð er þó aldrei heimiluð nema tvo mánuði á hverju almanaksári.

9. gr.

Þrátt fyrir 6. gr. má heimila leyfishafa að stunda takmarkaða atvinnu í stuttan tíma á meðan hann hefur leyfi til að gera út í veikindum, en þá skal sótt um það sérstaklega til umsjónarnefndar.

10. gr.

Sækja skal um heimild til útgerðar í veikindum á þar til gerðu eyðublaði hjá bifreiðastjórafélögunum með starfsleyfi skv. 1. gr.

Þar skal tilgreina:

- Dvalarstað umsækjanda á meðan á útgerð stendur;
- tegund útgerðar;
- nafn, kennitölu, stöð, stöðvarnúmer og síma umsækjanda;
- nafn heimilislæknis og sérfræðings.

Bifreiðastjórafélag með starfsleyfi skv. 1. gr. ásamt trúnaðarlækni skulu á hverjum tíma fylgjast með því að upplýsingar þær er koma fram á umsókn og læknisvottorði standist.

IV. KAFLI
Álagstímar.

11. gr.

Bifreiðastjórafélag með starfsleyfi skv. 1. gr. getur heimilað leyfishafa að gera út bifreið sína föstudags- og laugardagsnætur og skal þá viðkomandi umsjónarnefnd samræma þessa heimild ásamt tímamörkum.

12. gr.

Þegar leyfishafi nær 65 ára aldri eða er 65% öryrki er honum heimilt að gera út bifreið sína frá kl. 20.00 til kl. 08.00 helgarnætur. Má leyfishafi ekki aka á milli kl. 20.00 á föstudag og kl. 08.00 sunnudag þá helgi sem útgerðin stendur yfir.

V. KAFLI
Viðgerðir og endurnýjun á bifreið.

13. gr.

Leyfishöfum er heimilt að fá afnot bifreiðar annars leyfishafa í sama umdæmi skv. 1. gr. vegna endurnýjunar eða viðgerðar á bifreið sinni í allt að sex mánuði. Slíkt ber að tilkynna viðkomandi félagi.

VI. KAFLI
Ökuheimildir.

14. gr.

Í öllum tilfellum er leyfishafi ræður launþega til aksturs skal hann áður fá ökuheimild hjá bifreiðastjórafélagi með starfsleyfi skv. 1. gr. Ökuheimildir skulu gefnar út á númeruðum eyðublöðum í fjórriti, sem annaðhvort skulu vélrituð eða tölvuprentuð. Á heimildinni skal tilgreindur tími og takmarkanir heimildar auk nafna og kennitalna leyfishafa og launþega, númer bifreiðar, bifreiðastöð og stöðvarnúmer og tegund ökuheimildar.

Áður en ökuheimild tekur gildi skal leyfishafi sjá til þess að afrit af henni berist bifreiðastöð til upplýsingar fyrir hana og trúnaðarmenn. Launþegi sem ökuheimild tekur til skal hafa afrit ökuheimildar á áberandi stað í viðkomandi bifreið. Heimilt er þó að undanskilja skráningu kennitalna á það afrit. Leyfishafi varðveitir frumrit akursheimildar.

Bifreiðastjórafélag skal halda eftir afriti ökuheimildar ásamt upplýsingum sem ökuheimildir hafa að geyma og láta viðkomandi umsjónarnefnd þær í té ef hún óskar eftir.

Greiða skal 700 kr. gjald fyrir hverja útgefna ökuheimild enda sé gildistími hennar ekki lengri en 31 dagur. Fyrir hvert 31 dags gildistímabil til viðbótar skal greiða sama gjald.

VII. KAFLI
Eftirlit.

15. gr.

Bifreiðastjórafélög með starfsleyfi skv. 1. gr. hafa eftirlit með því að reglum þessum sé framfylgt. Skulu þau ráða sér trúnaðarmenn á öllum bifreiðastöðvum sér til fulltingis. Skulu leyfishafar og launþegar, sýna trúnaðarmönnum ökuheimildir sé þess óskað. Telji trúnaðarmaður að reglur þessar séu brotnar eða honum neitað um að sjá skilríki er honum skylt að tilkynna slíkt til þess bifreiðastjórafélags sem hann starfar fyrir. Þá skulu bifreiðastjórafélögin ráða trúnaðarlækni varðandi undanþágur vegna veikinda, sbr. 6. gr.

Bifreiðastjórafélagi með starfsleyfi skv. 1. gr. ber að senda viðkomandi umsjónarnefnd á þriggja mánaða fresti yfirlit yfir allar undanþágur veittar af félaginu á tímabilinu. Umsjónarnefnd getur þó óskað eftir slíku yfirliti oftar ásamt því að óska eftir sérstökum upplýsingum um afgreiðslur á málum einstakra leyfishafa. Telji umsjónarnefnd bifreiðastjórafélag brjóta gegn reglum þessum ber henni að tilkynna viðkomandi félagi um þá afstöðu með áskorun um að úr verði bætt. Verði ekki orðið við áskorun nefndarinnar ber henni að skila tillögu um aðgerðir til samgönguráðuneytisins, sbr. 2. mgr. 1. gr. Áður en slíkt er gert skal þó hlutaðeigandi félagi gefinn kostur á að koma sínum sjónarmiðum að fyrir nefndinni.

VIII. KAFLI
Viðurlög.

16. gr.

Bifreiðastjórafélagi með starfsleyfi skv. 1. gr. er skylt að tilkynna viðkomandi bifreiðastöð, ef bifreiðastjóri þar hefur brotið gegn þessum reglum og ber bifreiðastöð að stöðva afgreiðslu bifreiðarinnar. Verði bifreiðastöð ekki við tilmælum bifreiðastjórafélags skal bifreiðastjórafélag tilkynna það umsjónarnefnd. Telji umsjónarnefnd tilkynninguna á rökum reista ber henni að gera tillögu til viðkomandi sveitarfélags, sem starfsleyfið veitti, um aðgerðir.

17. gr.

Ef um ítrekuð brot er að ræða missir bifreiðastjóri rétt til að fá undanþágu og launþegi fær ekki ökuheimild í ákveðinn tíma eftir nánari reglum sem samgönguráðherra setur að fengnum tillögum umsjónarnefnda fólksbifreiða.

18. gr.

Reglur þessar, sem eru settar með stoð í lögum um leigubifreiðar nr. 61/1995, með síðari breytingum og reglugerð nr. 224/1995, öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 759/1999 um tímabundnar undanþágur frá akstri eigin bifreiðar með síðari breytingum.

Bráðabirgðaákvæði.

Núgildandi leyfi bifreiðastjórafélaganna til útgáfu akstursheimilda falla úr gildi þann 15. ágúst 2001. Umsókn um starfsleyfi samkvæmt 1. gr. skal berast samgönguráðuneytinu eigi síðar en 10. júlí 2001.

Samgönguráðuneytinu, 28. júní 2001.

Sturla Böðvarsson.

Kristín Helga Markúsdóttir.

REGLUGERÐ

um tímabundnar undanþágur frá 18 ára aldurstakmarki vegna sölu tóbaks, samkvæmt lögum um tóbaksvarnir nr. 74/1984, með síðari breytingum.

1. gr.

Heilbrigðisnefnd á viðkomandi eftirlitssvæði er heimilt að veita þeim sem fengið hefur leyfi til að selja tóbak í smásölu skv. 9. mgr. 8. gr. laga nr. 74/1984 um tóbaksvarnir, með síðari breytingum, tímabundnar undanþágur frá ákvæði um aldurstakmark, sbr. 7. mgr. 8. gr. sömu laga, enda liggi fyrir að mati nefndarinnar að ekki sé unnt að ráða einstakling til starfans sem orðinn er 18 ára.

Slíkar undanþágur skal einungis veita í undantekningartilvikum og aldrei lengur en til sex mánaða í senn. Óheimilt er að veita undanþágu vegna ungmenna yngri en 16 ára.

Umsóknum um undanþágur skulu fylgja upplýsingar um að umsækjandi hafi auglýst eftir starfsmönnum 18 ára eða eldri en engar umsóknir borist eða staðfesting vinnumiðlunar Vinnumálastofnunar á svæðinu um að atvinnuástand á svæðinu sé þannig að erfitt sé að fá starfsmenn 18 ára eða eldri til verslunarstarfa.

Að öðru leyti skal höfð hliðsjón af ákvæðum reglugerðar nr. 426/1999, um vinnu barna og unglinga, vegna vinnu ungmenna undir 18 ára aldri.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 7. mgr. 8. gr. laga nr. 74/1984, um tóbaksvarnir, með síðari breytingum og að höfðu samráði við umhverfisráðuneytið hvað varðar hlutverk heilbrigðisnefnda. Reglugerðin öðlast gildi 1. ágúst 2001.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 4. júlí 2001.

Jón Kristjánsson.

Sveinn Magnússon.

8. febrúar 2001 Nr. 544

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfis fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir:
Sorpu bs. á Álfsnesi, kt. 510588-1189.
Sorpu bs. á Gufunesi, kt. 510588-1189.

Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 31. ágúst 2007.

Hollustuvernd ríkisins, 8. febrúar 2001.

Davíð Egilson forstjóri.

Helgi Jensson forstöðumaður.

REGLUR

um farandsölu í Fjarðabyggð.

1. gr.

Öllum er heimilt að stunda farandsölu í Fjarðabyggð, enda fullnægi þeir skilyrðum laga nr. 28/1998 um verslunaratvinnu til að stunda slíka starfsemi og þeim skilyrðum sem sett eru í reglum þessum.

2. gr.

Aðili sem vill stunda farandsölu í Fjarðabyggð, skal tilkynna til sveitarfélagsins um komu sína með sannanlegum hætti með minnst 3ja vikna fyrirvara. Í tilkynningunni skal koma fram:

- Nafn, kennitala og VSK númer rekstraraðila.
- Hvaða vörur viðkomandi hyggst selja og hvar í sveitarfélaginu salan muni eiga sér stað.
- Hvenær aðili hyggst halda úti versluninni.

Með tilkynningunni skulu fylgja öll nauðsynleg gögn, þar á meðal staðfesting á skráningu rekstraraðila í firma- eða hlutafélagaskrá, eintak nafnspjalds skv. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 28/1998 og upplýsingar um fasta starfsstöð og prókúruhafa. Sveitarstjórn getur látið stöðva farandsölu, komi í ljós að upplýsingar um rekstraraðila standast ekki eða ranglega hefurverið greint frá því við tilkynningu, hvaða vörur selja á.

3. gr.

Haldin skal skrá yfir þá aðila sem tilkynnt hafa komu sína með farandsölu. Skráin skal vera opinber og liggja frammi á skrifstofu sveitarfélagsins.

Sveitarfélagi er heimilt að synja aðila um leyfi til að stunda farandsölu á ákveðnum almennt viðurkenndum hátíðisdögum, svo sem frídegi verslunarmanna og helstu hátíðisdögum þjóðkirkjunnar. Synjunin skal vera skrifleg og rökstudd.

4. gr.

Að öllu jöfnu skulu engar húseignir í eigu eða umsjá Fjarðabyggðar leigðar eða lánaðar undir starfsemi, er tengist farandsölu, nema með sérstöku samþykki bæjarráðs.

5. gr.

Reglur þessar taka gildi 1. ágúst 2001.

Fjarðabyggð, 2. júlí 2001.

Guðmundur Bjarnason bæjarstjóri.